

Erfitt að venjast athyglinni

JÖRUNDUR RAGNARSSON Á LANGAN LISTA YFIR  
AFREKIN Í LEIKLISTINNI ÞÓTT AÐEINS SÉ RÚMT ÁR  
SÍÐAN HANN ÚTSKRIFAÐIST.



12

ALLA SUNNUDAGA

**RE/MAX**  
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. janúar 2008 — 12. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## SUNNUDAGUR

### Mótmæla niðurrifi

Flytjendur á borð við múm, Benna Hemm Hemm og Bogomil Font spila á tónleikum gegn niðurrifi gamalla húsa í miðbænum

FÓLK 28



### Minnið oft eina heimildin

Miðstöð munnlegrar sögu fékk styrk frá Menningarsjóði Hlaðvarpans.

TÍMAMÓT 10



### Vill fulla Laugardalshöll

Alfreð Gíslason vonast eftir góðum stuðningi áhorfenda í dag.

ÍÞRÓTTIR 30


### Matur Hollusta

Fallegar myndir, uppskriftir og ráð um heilsurætti af ýmsum toga eru meðal efnis í sérblaði um mat.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



## VEÐRIÐ Í DAG



Hægviðri og harðnandi frost. Snjókoma eða el á austanverðu landinu en fremur bjart vestan til.

VEÐUR 4

OPIÐ FRÁ 13 TIL

78

Á SUNNUDÖGUM



Kringlan



**VIÐBYGGINGARNAR RIFNAR** Vegfarendur ráku upp stór augu í gær því svo virtist sem byrjað væri að rífa húsinn við Laugaveg 4 og 6. Þarna voru á ferðinni starfsmenn Minjaverndar sem unnu að því að fjarlægja viðbyggingar frá húsunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Unnið er við niðurrif á Laugavegi meðan beðið er eftir ákvörðun um friðun:

## Skyndifriðun líklega beitt

**SKIPULAGSMÁL** „Nefndin ætlar að hittast strax eftir helgi og mér þykir líklegt að í kjölfarið verði farið fram á skyndifriðun húsanna,“ segir Nikulás Úlfar Mátsson, formaður Húsafríðunarnefndar.

Húsafríðunarnefnd hefur farið fram á að húsinn við Laugaveg 4 og 6 verði friðuð en Kaupangur, eigandi lóðarinnar, hefur frest til 24. janúar til að senda nefndinni athugasemdir. Á meðan er unnið í húsunum og í gær voru þar verkamenn frá Minjavernd að störfum við að rífa viðbyggingar.

Samkvæmt samningi sem Reykjavíkurborg gerði við Kaupang hefur borgin tveggja vikna frest til að

fjarlægja húsinn af lóðinni. Húsinn ættu því að víkja áður en ráðherra berst erindi um friðun. „Deir hafa vissulega heimild til að rífa þessar viðbyggingar enda verða þær eflaust rifnar hvort sem ákveðið verður að friða húsinn eður ei. Okkur þykir hins vegar undarlegt að ekki sé beðið eftir því að beiðnin berist ráðherra,“ segir Nikulás. Hann segir það þó ekki skaða húsinn þótt viðbyggingarnar verði fjarlægðar.

Fyrr í mánuðinum ákvað húsafríðunarnefnd að beita ekki skyndifriðun. Nikulás segir að forsendur séu breyttar nú þar sem farið hafi verið fram á friðun. - þo

## Íslendingar drekka minnst Evrópuþjóða

Ávinningur af aðhaldi í áfengisneyslu hér á landi er afar mikill ef marka má rannsóknir. Kannanir benda til þess að hér séu heilbrigðis- og félagsleg vandamál tengd áfengisneyslu mun fátíðari en annars staðar á Vesturlöndum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Aðhald í áfengisneyslu Íslendinga, svo sem hátt verð og takmarkað aðgengi, hefur skilað þeim árangri að heildarneysla áfengra drykkja hér á landi er sú lægsta sem þekkist meðal vestrænna þjóða, jafnvel þótt veruleg aukning hafi orðið á seinustu árum. Þetta segir Bjarni Þjóðleifsson, meltingarlæknir Landspítalans. Í grein í síðasta hefti Læknablaðsins bendir Bjarni á hve ávinningur af lítilli drykkju þjóðarinnar sé mikill. Hér séu heilbrigðisvandamál tengd mikilli áfengisdrykkju fátíðari en annars staðar á Vesturlöndum. Sem dæmi er tíðni skorpulifrar þrisvar til sex sinnum minni á Íslandi en í nágrannalöndum þar sem áfengisneyslan er meiri.

„Mér finnst tilslökun á áfengis-sölu stofna þessum ágæta árangri

í voða,“ segir Bjarni, um frumvarp sem gerir ráð fyrir að afnema einokunarsölu ríkisins á áfengi og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur lýst stuðningi sínum við.

Það vekur athygli að þótt drykkja hafi aukist um 110 prósent hér á landi frá árinu 1980 til 2005, eða úr þremur lítrum í 6,4, hefur tíðni skorpulifrar lækkað um fjórðung. Meginskýringuna á því telur Bjarni vera öfluga greiningu og meðferð á áfengissýki sem veitt er hjá SÁÁ, Geddeild Landspítalans og AA-samtökunum. Og þrátt fyrir þessa auknu heildarneyslu áfengra drykkja er neysla Íslendinga samt sú lægsta í Evrópu.

Enn fremur breyttust drykkju-siðir Íslendinga þegar bjórbanninu var aflétt árið 1989 þannig að

hlutdeild sterkra drykkja í heildarneyslu dróst mjög saman, eða úr 77 prósentum í um 20 prósent. Minna áfengir drykkir eins og bjór og léttvín eru ekki eins skaðlegir lifrinni og þeir sterku.

Bjarni segir jafnframt að áfengistengdum vandamálum hafi ekki fjölgað, þrátt fyrir að neyslan hafi aukist verulega eftir að bjórinn var leyfður og vísar í athaganir Hildigunnar Ólafsdóttur afbrotafræðings.

Könnun hennar sýndi að tíðni áfengistengdra vandamála svo sem ofbeldisbrota, ölvunaraksturs og slysa dróst saman á árunum 1990 til 2003 þótt áfengisdrykkjan hefði aukist um nær helming á þessum tíma frá því sem áður var.

Það er því sýnt að áfengisstefna Íslendinga hefur verið árangursrík að mati Bjarna. - kdk

Breti með öðruvísi áhugamál:

## 88 ára afi í ballettsýningu

**LONDON, AP** Bretinn John Lowe, sem er 88 ára og á ellefu barnabörn, heyr frumraun sína í dag í ballettsýningunni „The Stone Flower“ eftir Rússann Sergei Prokofiev í bænum Ely á Englandi.

Lowe byrjaði að læra dans fyrir níu árum, þegar hann var 79 ára, eftir að dóttir hans gerðist atvinnudansari. „Það er ekkert kvenlegt við þetta. Maður verður að vera í ótrúlega góðu formi til að geta dansað,“ sagði Lowe, sem æfir daglega. „Þetta er yndisleg tilfinning. Mig langaði alltaf til að læra að dansa og það er aldrei of seint að byrja.“ - fb

Teitur Jónasson:

## Tilnefndur til danskra ljósmyndaverðlauna

**FÓLK** Teitur Jónasson, ljósmyndari á danska dagblaðinu Nyhedsavisen, er í hópi sautján ljósmyndara sem tilnefndir eru til dönsku blaðaljósmýndaraverðlaunanna.

Alls sendu um 140 ljósmyndarar inn bestu myndir sínar frá síðasta ári.

Verðlaunin verða afhent 7. mars næstkomandi.

„Ég verð að víðurkenna að ég veit minnst um þetta sjálfur. Ég sendi bara inn myndir af því að allir hinir gerðu það,“ segir Teitur sem sendi 25 myndir inn í keppnina. Margar þeirra eru frá götuóeirðum sem geisðu í Kaupmannahöfn á síðasta ári, meðal annars vegna niðurrifs Ungdómshússins. Auk þess sendi Teitur inn myndir frá heimsmeistaramótinu í klettadýfingum sem haldið var í Mexíkó.

- hdm/ sjá síðu 38



TEITUR JÓNASSON



**ÚTSALAN**  
ER Í FULLUM GANGI





SPURNING DAGSINS



Alfred, helgar tilgangurinn meðalið?

„Ég hugsa að lyfin haldi okkur frá meðalmennskunni.“

Allir leikmenn íslenska landsliðið í handknattleik eru komnir á lyfjakúr í kjölfar inflúensu sem kom upp innan hópsins. Alfred Gíslason er þjálfari liðsins.



**HRAÐAHINDRUN** Leitað er nýrra lausna til að draga úr hraða á götum Kópavogs. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Álag á strætisvagna: Myndavélar og mælar leysi af hraðahindranir

**UMFERÐARMÁL** Kanna á möguleika þess að hraðamyndavélar og hraðamælar geti komið í stað hraðahindrana á þeim stöðum í Kópavogi þar sem hindranirnar eru flestar á leiðum strætisvagna. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hefur Strætó óskað eftir samvinnu við bæjaryfirvöld í Kópavogi vegna þess að hraðahindranir séu svo margar á sumum leiðum að vagnstjórar fari allt að fimm hundruð sinnum á hverri vakt yfir hraðahindrun. Það bæði raski áætluinni og skemmi vagnana.

Hraðakstur á Grindavíkurvegi: Keyrði út af á glænýjum bíl

**LÖGREGLUMÁL** Mikil mildi þykir að engin skyldi slasast þegar ökumaður ók bíl sínum út af Grindavíkurvegi rétt fyrir miðnætti á föstudagskvöldið. Bíllinn, sem er hvítur af gerðinni Porche 911 GT3RS er aðeins nokkurra daga gamall en talinn gjörónýtur. Er verðmæti bílsins áætlað tæpar 25 milljónir króna. Hraðakstur er talin orsök slyssins en bifreiðin fór við útafaksturinn í gegnum girðingu og stöðvaðist langt úti í hrauni. Ökumaðurinn var einn í bílnum og reyndist ómeiddur. - ovd

AIR FRANCE\_KLM

frábær verð um veröldina - bókaðu í dag!



Kairó frá ISK 68.900

Dubai frá ISK 85.400

Bankok frá ISK 101.500

Manila frá ISK 110.700

The Reliable Airline

KLM

Royal Dutch Airlines

Verð eru flug fram og til baka frá Reykjavík (4 flug á viku) og fela í sér þjónustugjald, skatta og flugvallargjöld. Einn smellur á [www.klmiceland.is](http://www.klmiceland.is) fyrir besta miðaverðið, bókun á netinu, upplýsingar um flug, flugpunkta og þar fram eftir götunum. Rafræn miðakaup gera ferðalagði þitt auðveldara.

klmiceland.is

2

FRÉTTABLAÐIÐ

13. janúar 2008 SUNNUDAGUR

Leitarmenn á Kili gefa ekki upp hvernig þeir telja dýrgripi hafa komist í jörðu:

# Óvissa með leit að gral í sumar

**FORNLEIFAR** Óvíst er hvort hópurinn sem telur að dýrgripir frá musterisriddum kunni að vera í leynihvelfingu á Kili haldi leit sinn áfram á sumri komanda. Þórarinn Þórarinnsson arkitekt segir að þótt leyfi hafi fengist til að grafa lítinn skurð fyrir jarðsjártæki í Stórholtskrök þýði það ekki að hópurinn fari þangað upp eftir í þeim tilgangi næsta sumar. Eftir sé að lesa úr mælingu frá síðasta sumri og menn þurfi að ráða ráðum sínum. „Vísindamenn okkar hafa fundið mjög miklar truflanir í jarðveginum sem eru af ýmsum ástæðum,“ segir Þórarinn og játar því að rannsóknirnar fram að þessu gefi tilefni til að halda áfram. „En við erum að vinna eftir tilgátu og fullyrðum ekki neitt.

**BLAÐIÐ 2. JAN** Fjallað var um málið í Kompás fyrir jól. Fróðleikur tengdur málinu er á vefsvæði þáttarins á [visir.is](http://visir.is).

Kannski er bara nákvæmlega ekki neitt þarna.“ Að því er Þórarinn segir telur hópurinn vísbendingar í listaverkum frá miðöldum gefa vísbendingar um að svokallaðir musterisriddarar hafi komið fyrir ýmsum dýrgripum, meðal annars skjölum, fyrir neðanjarðar í Stórholtskrök. Hann vill ekki svara því hvernig meðlimir hópsins telji að hlutunum hafi verið komið ofan í jörðina. „Maður veit ekkert hvers konar kverúlantar eru þarna úti þannig að maður vill ekki segja of mikið,“ segir Þórarinn. „Það er mikið af sögum sem gera ekki greinar-mun á veruleika og ímyndun. Spennusög-ur eru í sjálfu sér bara bull og vitleysa sem fólk étur upp.“ - gar

# Íslendingur slær í gegn með fjárfestingaleik

Vefleikur sem byggir á bandaríska hlutabréfamarkaðnum hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum. Þrír MBA-nemar við Harvard-háskóla, þar af einn Íslendingur, eru höfundar leiksins. Verðmætar upplýsingar safnast saman.

**VIÐSKIPTI** „Þetta hefur farið vel af stað,“ segir Georg Lúðvíksson, einn fjögurra stofnefnda vefsíðunnar [www.theupdown.com](http://www.theupdown.com) sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Georg, sem er hálfnaður með annað ár í MBA-námi við Harvard-háskóla, stofnaði vefsíðuna ásamt tveimur skólafélögum sínum. Einn þeirra gerði hlé á námi sínu og sinnir alfarið verkefnum tengdum síðunni. Vefsíðan er fyrir áhugafólk um hlutabréfaviðskipti og gefst fólki kostur á að kynna sér veruleika hlutabréfamarkaðarins í Bandaríkjunum í áhættulausu umhverfi. Það skráir sig til leiks og byrjar að kaupa og selja hlutabréf með eina milljón dollara í upphafsé. „Markmiðið með vefnum er að skapa umhverfi fyrir fólk sem hefur áhuga á viðskiptum og vill fylgjast með því sem fólk hefur í huga þegar það fer út í fjárfestingar. Og einnig að skapa vettvang til upplýsingaöflunar,“ segir Georg. Fjölmiðlar í Bandaríkjunum, meðal annars Wall Street Journal, Boston Herald og sjónvarpsstöðin CNBC, hafa sýnt uppgangi vefsíðunnar töluverðan áhuga. Á vefsíðunni gefst þátttakendum í leiknum kostur á að skrifa greiningar um fyrirtæki, það er hvort, og hvers vegna, verðmæti tiltekens fyrirtækis ætti að aukast eða minnka á næstunni. Margir þátttakenda eru verðbréfamiðlarar, háskólanemar eða aðrir sem tengjast viðskiptalífínu. „Þetta gefur vefnum mikið vægi og gerir umhverfi þátttakenda raunverulegt,“ segir Georg. Ólíkt sambærilegum hlutabréfaleikjum á vefnum gefst þátttakendum kostur á að vinna sér inn raunverulega peninga ef þeim tekst að skila betri ávöxtun en markaðurinn (S&P 500 vísitalan). Fjárfestar hafa sýnt vefnum og upplýsingum sem safnast á honum áhuga en einn bakhjarla hans, ásamt stofnendunum, er svissneski fjárfestirinn Joachim Schoss. Þá hafa ýmis félög sýnt því áhuga að fá aðgang að upplýsingunum sem þátttakendur leggja til með spilun. „Eftir því sem fram líða stundir þá munum við nýta upplýsingarnar til fjárfestingar. Það felast í því verðmæti að sjá hvernig markaðurinn hagar sér og hvernig fjárfestar ávaxta fé sitt á hlutabréfamörkuðum, í sífbreytilegu umhverfi. Fjárfestingasjóðir eru

**THEUPDOWN.COM** Líflegt hlutabréfaumhverfi gefur þátttakendum í leiknum góða innsýn í bandarískan hlutabréfmarkað.

MENNIRNIR AÐ BAKI THEUPDOWN.COM

Stofnendur vefsíðunnar eru auk Georgs þeir Michael Reich og Phuc Truong. Reich er með BA-próf í viðskiptafræði frá háskólanum í Reutlingen í Þýskalandi en Truong hefur BA-próf í viðskiptafræði frá Harvard-háskóla. Georg er tölvuverkfræðingur frá Háskóla Íslands og starfaði síðast sem sölustjóri hjá Músum og mönnum. Fjórir starfsmenn vinna í fullu starfi við vefinn þessa stundina en fjórir til fimm í hlutastarfi.



GEORG LÚÐVÍKSSON

þegar byrjaðir að sýna síðunni áhuga. Nú er það okkar að halda rétt á spöðunum.“ [magnush@frettabladid.is](mailto:magnush@frettabladid.is)

Árásin á fjóra lögreglumenn:

# Yfirheyrslum ekki enn lokið

**LÖGREGLUMÁL** Yfirheyrslum yfir fimmmeningunum sem réuðust á fjóra lögreglumenn við störf sín á Laugavegi aðfaranótt föstudagsins er ekki lokið. Þeim lýkur á mánudag og verður málið þá sent til ákærvaldsins sem tekur ákvörðun um hvort mennirnir verða ákærðir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur einn árásarmannanna í tvígang verið kærður fyrir líkamsárás á lögreglumenn. Ekki er búið að dæma í þeim málum. Lögreglumennirnir sem ráðist var á eru á batavegi en ekki er vitað hvort þeir hafi orðið fyrir varanlegum skaða - ovd

Egill sendi ráðherra bréf: Vill rök fyrir skipun Guðna

**ORKUSTOFNUN** Egill Benedikt Hreinsson, einn umsækjenda um starf orkumála-stjóra, hefur sent Össuri Skarphéð-inssyni iðnaðar-ráðherra bréf þar sem hann óskar eftir sundurliðuðum rökstuðningi fyrir skipun Guðna A. Jóhannessonar í embættið. Í bréfi Egils til Össurar kemur fram að ekki verði séð af opinberum gögnum að Guðni hafi sérþekkingu á helstu meginsviðum orkustofnunar. Egill óskar þess að ráðherra rökstyðji ráðninguna með því að telja upp „líð fyrir líð, tiltekin verkefni úr ferli Guðna og úr faglegum ritalista hans, sem falla undir lykilsvið Orkustofnunar“. Ekki náðist í Össur við vinnslu fréttarinnar. - þo

EGILL B. HREINSSON

Annað ránið í ellefu-ellefu:

# Vopnað rán á Grensásvegi

**LÖGREGLUMÁL** Maður, vopnaður hnífi og með lambhúshettu, rændi verslun 11-11 við Grensásveg rétt fyrir klukkan tíu á föstudagskvöldið. Er það í annað sinn á hálfum mánuði sem verslunin er rænd á þennan hátt en fyrra ránið var framið að kvöldi 29. desember. Ræninginn hafði einhverja fjárhæð upp úr krafsinu en tvo starfsmenn verslunarinnar sakaði ekki. Málið er í rannsókn lögreglu. „Við erum búin, og erum að gera enn frekari ráðstafanir,“ sagði Sævar B. Einarsson, rekstarstjóri 11-11, aðspurður hvort einhverjar breytingar hefðu verið gerðar á öryggismálum eftir fyrra ránið. - ovd

Ingibjörg Sólrún ræddi kjaramál og opinberar ráðningar á flokksstjórnarfundi:

# Umræðan ekki fullproskuð

**STJÓRNMÁL** Leiðir til að bæta kjör hinna lægst launuðu og umdeildar ráðningar í opinber embætti voru meðal þeirra málefna sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, vék að í setningarræðu sinni á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar í gær. Ingibjörg Sólrún fullyrti að þótt ríkisstjórnin hefði hafnað tillögum ASÍ í skattamálum væri fullur vilji til þess að liðka fyrir gerð kjarasamninga. „Ég er þeirrar skoðunar að við þurfum að halda áfram að ræða málin og skoða hvaða leiðir eru færar til að bæta kjör fólks. Umræðan um kjaramálin er ekki fullproskuð. Ég tek undir það að það þarf að hækka lægstu launin en við þurfum að sjá til þess að launahækkanir og skattalækkanir skili sér í auknum kaupmætti til þeirra sem hafa lægstu tekurnar,“ sagði Ingibjörg í samtali við Fréttablaðið í gær. Í ræðu sinni sagði Ingibjörg Sólrún að það hefði verið óheppilegt hjá settum dómismálaráðherra að fara gegn mati dómnefndar þegar ráðið var í embætti héraðsdómara. „Hver ráðherra ber ábyrgð

**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Ráðherrann lýsti yfir fullum vilja til að skoða allar hugmyndir verkalýðshreyfingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

á sínum athöfnum og ég efast ekki um að settur dómismálaráðherra hafi haft sannfæringu fyrir að hann væri að gera rétt. Það er hins vegar mín almenna skoðun að það sé óheppilegt að víkja frá niðurstöðum matsnefndar,“ segir Ingibjörg.



# HUGSAÐU HRATT

Hlaupárið byrjar á spennandi sértíloðum

RAV4 Avensis Corolla Yaris Auris



## Toyota - bestu bílakaupin strax

Hlaupárið hjá Toyota byrjar á spennandi sértíloðum í takmarkaðan tíma.  
Langar þig í nýjan Yaris, Auris, Corolla, Avensis eða RAV4?  
Hugsaðu hratt, komdu til næsta söluaðila Toyota núna og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð sem þú getur ekki hafnað.

Fyrstir koma, fyrstir fara - á nýrri Toyota



TODAY TOMORROW  **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070








Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjaneshæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjaneshæ  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070



GENGIÐ 11.01.2008			
GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	62,73	63,03
	Sterlingspund	122,69	123,29
	Evra	92,65	93,17
	Dönsk króna	12,441	12,513
	Norsk króna	11,85	11,92
	Sænsk króna	9,861	9,919
	Japanskt jen	0,5755	0,5789
SDR		99,26	99,86
GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR			
		121,933	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

## Umsjónarmaður í Hveragerði: Fer launalaus í fótsnyrtinámið

**SVEITARSTJÓRNIR** Umsjónarmaður dagvistunar hjá Hveragerðisbæ fær ekki umbedið þriggja mánaða leyfi á launum til að nema fótaaðgerðafræði. Málið vakti deilur á síðasta fundi bæjarráðs.

Umsjónarmaðurinn vildi fá þriggja mánaða leyfi á launum og níu mánaða leyfi án launa en meirihluti bæjarráðs féllst aðeins á að veita launalaust leyfi til tólf mánaða. „Þjónusta fótaaðgerðafræðings er ekki hluti af lögbundinni þjónustu bæjarins og getur ekki um slíkt í starfslýsingu umsjónarmanns dagvistunar,“ sagði meirihlutinn gegn mótmælum minnihlutans sem taldi meirihlutann áður hafa samþykkt sambærileg erindi.

## Mosfellsbær og Elliðaárdalur: Tvær nýjar slökkvistöðvar

**SLÖKKVILIÐ** Tvær slökkvistöðvar verða byggðar á höfuðborgarsvæðinu á næstu tveimur árum. Líklegst er að þær verði annars vegar reistar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ og hins vegar við Stekkjarbakka í Elliðaárdal. Taka á stöðvarnar í notkun á næsta ári, en þá verður slökkvistöðinni við Tunguháls lokað. Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri segir að með þessari breytingu sé hægt að bæta útkallstímann til Mosfellsbæjar, og stöð í Stekkjarbakka nái að dekkja höfuðborgarsvæðið vel ásamt stöðinni í Skógarhlíð.



- sps

Bláfjöll opna í fyrsta sinn á þessu ári:

# Skemmtilegur dagur þrátt fyrir bilun í lyftu

**ÚTIVIST** „Þetta hefur verið skemmtilegur dagur hjá langflestum,“ segir Magnús Árnason, framkvæmdastjóri á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, sem var opnað í gær í fyrsta sinn síðan um miðjan desember.

„Reyndar var það dálítið slæmt að það bilaði varamótorinn í aðal-lyftunni, sem er alveg týpískt. Þær þurfa bara meiri keyrslur, þessar aðal-lyftur því það verður að halda þeim í góðu formi. Svo gerist þetta á opnunardaginn en ég held að flestir hafi verið ánægð-

ir,“ segir hann. „Fólk talaði um að færið hefði verið mjög gott. Það hefði reyndar mátt fara fleira fólk niður suðurgilið, þá hefðu verið styttri raðir við drottninguna.“

Að sögn Magnúsar er opnunin á þessum tíma sambærileg við það sem verið hefur undanfarin ár. „Fyrir utan það að við fengum skemmtilega helgi í desember, sem var góð viðbót. Við höfum ekki fengið gott skíðafæri fyrir jól í mörg ár.“ Bláfjöll verða aftur opin í dag ef veður leyfir.

- fb



Á SNJÓBRETTUM Þessir hressu krakkar biðu spenntir eftir því að geta rennt sér á snjóbrettum sínum niður brekkur Bláfjalla.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Á SKÍÐUM SKEMMTI ÉG MÉR Þessi unga snót fékk góða hjálp þegar hún renndi sér á skíðunum í Bláfjöllum. Virtist hún engu að síður skemmta sér vel

# Neita að vinna eftir nýju bakvaktakerfi

Mikill hiti er í rannsóknarlögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu vegna hugmynda um nýtt bakvaktakerfi. Hópur þeirra hefur neitað að vinna eftir því. Með þessum breytingum hyggst embætti lögreglustjóra spara ellefu milljónir.

**LÖGREGLUMÁL** Hópur rannsóknarlögreglumanna sem starfar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu hefur neitað að vinna eftir nýju bakvaktafyrirkomulagi sem þeim hefur verið kynnt. Mikill hiti var í mönnum á fundi þar sem málið var rætt í fyrradag, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðs-ins.

Þær breytingar á fyrirkomulagi bakvakta sem kynntar voru 28. desember síðastliðinn eru liður í sparnaði sem lagður er á rannsóknardeildirnar. Með því á að spara ellefu milljónir króna. Um 99,5 prósent af rekstrarkostnaði deildanna eru launakostnaður. Sparnaðurinn er liður í því að halda embættinu innan ramma fjárlaga.

Enn stendur yfir frestur sem rannsóknarlögreglumenn hafa til að koma athugasemdum og tillögum á framfæri um nýja kerfið, sem á að taka gildi um miðjan febrúar.

Rannsóknarlögreglumenn sem Fréttablaðið ræddi við segja að það sé verið að lengja vinnutímann á kostnað samveru með fjölskyldunni og nú komi það niður á fleiri mönnum en áður þar sem fjölgað hafi verið á vöktunum. Þeir bæta því við að með nýja fyrirkomulaginu sé að auki verið að borga þeim minna og krefja þá um meiri vinnu. Því sé „gríðarleg óánægja“ hjá rannsóknarlögreglumönnum með þessa „einhliða ákvörðun yfirstjórnarinnar“.

„Ég held að það sé alveg ljóst að verði þessum breytingum komið á þá mun einhver hluti þessara manna yfirgefa starf sitt,“ segir Steinar Adolfs-son, framkvæmdastjóri Landssambands lögreglumanna. Þangað hafa rannsóknarlögreglumenn leitað með sitt mál og hefur sambandið óskað eftir fundi með Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra.

„Tillögur að breyttu fyrirkomulagi hafa verið kynntar og það hefur verið óskað eftir viðbrögðum, athugasemdum og tillögum frá rannsóknarlögreglumönnum,“ segir lögreglustjóri. „Ýmsar hugmyndir hafa komið frá mörgum þeirra sem verða allar skoðaðar og reynt að vinna þetta í eins góðri sátt við starfsmenn og mögulegt er.“

jss@frettabladid.is



LÖGREGLAN Viðvera rannsóknarlögreglumanna á lögreglustöðvum verður stytta um helgar komist nýtt bakvaktakerfi óbreytt á.



KENÍA Boðað hefur verið til þriggja daga fjöldamótmæla á tuttugu stöðum í Keníu.

## Stjórnarandstaðan ósátt: Fjöldamótmæli boðuð í Keníu

**KENÍA, AP** Stjórnarandstöðuflokkurinn í Keníu, Appelsínugula lýðræðishreyfingin, hefur boðað til þriggja daga fjöldamótmæla á yfir tuttugu stöðum víða um land. Verkfallið hefst næstkomandi miðvikudag til að mótmæla umdeildri endurkosningu Mawi Kibaki í forsetaembættið 27. desember.

„Keníumenn eiga rétt á friðsömum mótmælum gegn þessum blygðunarlausu brotum á grundvallarréttindum þeirra,“ sagði Anyang Nyong'o, framkvæmdastjóri hreyfingarinnar. Hvatti hann enn fremur til þess að efnahagslegum refsiaðgerðum yrði beitt gegn stjórnvöldum því það væri „óábyrgt fyrir hvern sem er að treysta þessum stjórnvöldum fyrir einum eyri“. Lögreglustjórinn, Mohamed Hussein Ali, sagði að mótmælin yrðu ekki leyfð.

- sdg

## ÍSAFJÖRÐUR

### Afpakkar boð á Hornstrandir

Umhverfisnefnd Ísafjarðar hefur afþakkað boð Tryggva Guðmundssonar um að senda með honum fulltrúa í Hornbjarg á Hornströndum næsta vor þegar eggjatið hefst. Tryggvi vildi sýna fram á réttmæti fullyrðinga sinna um umhverfisslys vegna refa.

# Risaútsala

10.-19. janúar




25-60%  
afsláttur af öllum  
Devold-vörum



- fullt hús evintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • [www.ellingsen.is](http://www.ellingsen.is)  
Tryggvabraut 1-3, Akureyri • Sími 460 3630  
Opíð mánud.-föstud. 10-18, laugard. 10-16 og sunnud. 12-16




Elin Björk Jónasdóttir  
veðurfræðingur

**Áfram rólegt.** Frost, eljagangur austan til og hægur vindur er veðrið í stuttu máli. Hæð yfir Grænlandi skýlir okkur að mestu frá lægðabrautinni, vindur breytist lítið, en áttin gengur úr austan í norðan og svo til baka. Á vestanverðu landinu má búast við frekar björtu veðri í dag. Lægðabrautin liggur nú fyrir sunnan land, og stefna flestar lægðimar þessa dagana á Skandinavíu eða Bretlandseyjar.

**BORGIN Í DAG:**  
Frost 1-4 stig, hægviðri og frekar bjart.

## VEÐURSPÁ

um hádegi »




um hádegi »

Kaupmannahöfn	6°C rigning	London	10°C rigning	Eindhoven	7°C rigning
Billund	4°C rigning	Paris	10°C skúrir	Basel	1°C slydduél
Oslo	1°C slydda	Frankfurt	6°C skýjað	Alicante	16° bjart
Stokkhólmur	5°C rigning	Friedrichshafen	5°C skúrir	Róm	11°C rigning
Gautaborg	3°C skýjað	Berlin	6°C skúrir	Las Palmas	20°C bjart


\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

» á morgun



Hæg austlæg átt

» þriðjudagur



Breytileg átt, víðast hvar 5-8 m/s





# SPRON býður þér í Höllina

Sunnudaginn 20. janúar fer frjálsíþróttamótið **Reykjavík International 2008** fram í Laugardalshöllinni. Þar mun flest af efnilegasta frjálsíþróttafólki Íslands etja kappi við erlenda keppendur.

**SPRON** styrkir íslenskt afreksfólk í íþróttum og býður landsmönnum boðsmiða í Höllina.

Fáðu  
boðsmiða  
á **spron.is\***

\*Gildir á meðan birgðir endast

 **spron**

**SPRON** styrkir afreksfólk í íþróttum



KJÖRKASSINN



Viltu að kvótakerfið verði endurskoðað?

JÁ

91%

NEI

9%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Telur þú að stjórnvöld þurfi að breyta vinnulagi við skipan dómara?

Segðu skoðun þína á vísir.is



Þingmenn Vinstri grænna ítreka kröfu um heildarendurskoðun á stjórn fiskveiða:

# Markmið laganna ekki náðst

**SJÁVARÚTVEGUR** Þingmenn Vinstri grænna ítreka kröfu um heildarendurskoðun á stjórn fiskveiða og fagna niðurstöðu Mannréttindanefndar SP um að „grunnforsendur sem íslenska kvótakerfið byggir á standist ekki.“

VG segir í ályktun, að ekki þurfi að fara mörgum orðum um að markmið núverandi laga um stjórn fiskveiða hafi ekki náðst og reyndar hafi lögin aldrei verið fjær markmiðum sínum en einmitt nú.

Atli Gíslason, þingmaður VG, segir að markmið nágildandi laga um stjórn fiskveiða hafi verið að vernda fiskistofnana og stuðla að



ATLI GÍSLASON

hagkvæmri nýtingu þeirra. Lögin hafi átt að treysta atvinnu og efla byggð í landinu. Þingmenn VG lögðu í fyrra fram frumvarp til laga þess efnis að þegar í stað yrði hafin heildarendurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða og að ný heildarlög tækju gildi 1. september 2010. „Þar er um algjöra umpólun að ræða á kerfinu“, segir Atli. Hann segir að kvótakerfið hafi leitt til óeðlilegs eignarhalds.

- shá



**Í HÖFN** Vinstrihreyfingin hefur hvatt til þess aðvistvænar veiðar verði stundaðar í meiri mæli. Það kemur skýrt fram í frumvarpi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Kristinn H. Gunnarsson:

# Kvótakerfið fær rauða spjaldið

**SJÁVARÚTVEGUR** Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, segir á heimasíðu sinni að Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hafði komist að þeirri niðurstöðu „að sjálf kvótaúthlutunin, grundvöllur kerfisins, fæli í sér mismunun sem gengi gegn 26. grein mannréttindasáttmálans og færi gegn ákvæði 1. greinar laganna um stjórn fiskveiða um þjóðareign á nytjastofnunum.“

Hann telur að álit nefndarinnar muni hafa áhrif fyrir íslenskum dómstólum. Kristinn segir SP hafa „gengið í lið með íslensku þjóðinni“ og séu „búnar að gefa kvótakerfinu rauða spjaldið“.

- shá

# Óraunhæf hugmynd að bylta kvótakerfinu

Sjávarútvegsráðherra telur að bylting kvótakerfisins hefði mikla röskun í för með sér og telur hugmyndina óraunhæfa. Hagfræðingur telur að slík aðgerð yrði „efnahagslegt sjálfsmorð“. Lagalega eru mörg ljón í veginum.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Við sáum hvað niðurskurður í einni fisktegund olli miklum óróleika í samfélaginu og það má spyrja sig hvaða viðbrögð það veki ef bylting kvótakerfisins væri boðuð“, segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. Einar telur að bylting kvótakerfisins sé óraunhæf hugmynd sem hefði mikla röskun í för með sér. Sérfræðingar í lög- og hagfræði taka undir sjónarmið ráðherra.

Mannréttindanefnd SP hefur úrskurðað að íslenskum stjórnvöldum beri að endurskoða kvótakerfið og greiða tveimur sjómönnum bætur fyrir að hafa ekki fengið úthlutað kvóta.

Einar segir að vissulega sé hægt að gjörbylta kvótakerfinu. „En það hefði fullkomna röskun í för með sér. Allar atvinnugreinar þurfa á stöðugleika að halda og hugmyndir um að gjörbylta rekstrarumhverfi undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar eru óraunhæfar. Það dettur engum í hug að bollaleggja kollsteypur í rekstrarumhverfi annarra atvinnugreina og það er undarlegt að þetta sé alltaf rætt í tengslum við sjávarútveginn.“

Helgi Áss Grétarsson, sérfræðingur við lagadeild Háskóla Íslands, segir marga lagalega tálma í veginum ef bylta á kvótakerfinu. „Kerfið hefur byggt á þeirri forsendu að heildarafla er skipt á milli aðila og kvóti sé framseilanlegur. Það þýðir að þeir sem hafa keypt sig inn í greinina eða hafa átt viðskipti með kvóta á grundvelli þessa lagaskipulags eiga eignarrétt.“ Helgi segir að meginþorri kvótans hafi skipt um hendur og ríkið yrði að leggja í gríðarlegan kostnað ef kaupa ætti þær til baka. „Fara verður varlega í að skerða réttindi þessara aðila og það gengur ekki held ég. Það eru hins vegar skiptar skoðanir á



LÖNDUN Nær allar aflaheimildir sem var úthlutað í upphafi hafa skipt um hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



RAGNAR ÁRNASON



EINAR K. GUÐFINNSSON



HELGI ÁSS GRÉTARSSON

því hversu mikla vernd þessi réttindi njóta.“

Ragnar Árnason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir kvótakerfið að sínu mati vera forsendu mikillar hagkvæmni í íslenskum sjávarútvegi. „Ef við afnemunum kvótakerfið munum við tapa tugum milljarða á hverju ári en einnig yrðu margföldunaráhrif í gegnum allt hagkerfið.“ Ragnar segir að sérfræð-

ingar fjármálafyrirtækja telji að ein forsendan fyrir vexti fjármálakerfisins og útrás íslenskra fyrirtækja sé auðurinn sem felst í kvótanum. „Ef sá auður verður skertur verður samsvarandi samdráttur í fjármálageiranum og hagkerfinu öllu. Þeir sem vilja afnema kerfið eða kollsteypa því hljóta að vera í efnahagslegum sjálfsmorðshugleiðingum.“

svavar@frettabladid.is

Fyrirvarar Dana við samstarfi innan Evrópusambandsins:

# Helmingur Dana vill evruna

**DANMÖRK** Danska stjórnin hefur boðað að hún vilji láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um afnám fyrirvara þeirra við vissum þáttum samstarfsins innan Evrópusambandsins, sem Danir hafa haft frá því árið 1993.

Samkvæmt nýrri Gallup-könnun styður nú fullur helmingur Dana aðild að myntbandalagi ESB. Önnur nýleg skoðanakönnun sýnir þó að af þeim þremur ESB-fyrirvörum Dana sem enn eru í gildi sé afstaðan til evrunnar einna neikvæðust.

Í könnun sem Catinét Research gerði fyrir Ritzau segjast 42,5 pró-

sent myndu hafna evru-aðild en 43,5 prósent styðja hana. Í Gallupkönnuninni segjast 50 prósent vilja evru en 42 prósent ekki.

Þegar spurt er í Catinét-könnuninni hvernig fólk myndi kjósa um alla fyrirvarana í einu segjast 40,4 prósent myndu hafna afnámi þeirra en 37,8 prósent samþykkja. Í Gallupkönnuninni segjast 60 prósent vilja að kosið verði um hverja undanþágu fyrir sig.

Í báðum könnunum segist afgerandi meirihluti myndu samþykkja afnám fyrirvara við þátttöku Dana í sameiginlegri öryggis- og varnarmálastefnu ESB. - aa



FOGH TIL ESB-FORSETA? Franski Evrópumálaráðherrann segir Anders Fogh Rasmussen - hér ásamt Per Stig Möller utanríkisráðherra - vera gott efni í væntanlegt nýtt embætti forseta leiðtoga ESB. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GÓÐAN DAGINN!


35.695 Íslendingar áttu verulega góðan dag þegar þeir fengu vinning í Happdrætti Háskólans á síðasta ári. Góðu dagarnir í ár verða síst færri.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.



HAPPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS  
vænlegast til vinnings





STILLUM HITANN  
HÓFLEGA

80

70

# Hitamál

## – sem snertir okkur öll

Í apríl á síðasta ári hleypti Orkuveita Reykjavíkur, í samstarfi við Sjóvá Forvarnarhúsið, Landspítala - háskólasjúkrahús og byggingafulltrúann í Reykjavík, af stökkunum áttakinu *Stillum hitann hóflega*. Markmiðið með áttakinu var að fækka brunaslysum af völdum heits neysluvatns en Íslendingar eiga trúlega heimsmet í fjölda slíkra slysa.

Átakið hefur nú þegar skilað töluverðum árangri. Stærsti sigurinn felst í því að nánast allt húsnæði sem tekið er í notkun er nú með varmaskiptabúnað sem lækkar hitastig neysluvatns. Þá hafa lagnaefnissalar náð góðum árangri í að þróa lausnir sem henta fyrir eldra húsnæði. Þetta, ásamt markvissri fræðslu til almennings, hefur skilað því að brunaslysum hefur fækkað umtalsvert að mati Landspítala Háskólasjúkrahúss.

Sjóvá Forvarnarhús mun annast vefinn [www.stillumhitann.is](http://www.stillumhitann.is), þar sem m.a. má finna ýmsan fróðleik og upplýsingar um forvarnir og Fræðslusetrið lðan mun halda utan um námskeiðshald fyrir fagaðila.

### Nokkur lykilatriði

Sýndu ávallt fyllstu  
aðgát þegar heitt vatn  
er annars vegar

Láttu renna úr  
krananum smá stund  
til að ná réttu hitastigi

Kannaðu hitastig  
vatnsins áður  
en þú ferð út í það

Tryggðu stöðugt  
eftirlit með búnaði  
og reglulegt viðhald

Leitaðu aðstoðar  
fagmanna við val  
á lausnum

Gerðu ráðstafanir  
strax í dag!

Ef slys verður, kældu  
strax og ráðfærðu þig  
við lækni

40

37

Átakið var unnið af Orkuveitu Reykjavíkur í samvinnu við Landspítala - háskólasjúkrahús og Sjóvá Forvarnarhúsið.



SJÓVÁ  
FORVARNAHÚSIÐ

[www.stillumhitann.is](http://www.stillumhitann.is)



Áhrif Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs:

# Meiri en hollt er

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Það er misskilningur að valdaleyzi á Alþingi þýði sjálfkrafa algjört áhrifaleyzi. Alkunna er að djúp málefnaleg gjá skilur á milli Vinstri græns og annarra þingflokka. Það er helsta ástæðan fyrir því að hvorki Samfylkingin né Sjálfstæðisflokkurinn sáu kost í að leita hófanna þangað um ríkisstjórnarsamstarf.

En pólitíkin er flókin í eðli sínu. Þrátt fyrir djúpa málefnalega gjá getur Vinstri grænt gengið þurru fótum yfir brýr að mismunandi jaðarfylgi í báðum stjórnarflokkunum. Það er einkum á sviði andstöðu við nauðsynlega þátttöku í opnu alþjóðlegu peningamálaumhverfi og andstöðu við nýmæli í atvinnusköpun sem Vinstri grænt sýnist með nokkrum árangri ná að jöðrum stjórnarflokkanna. Hér skulu nefnd tvö dæmi:

Innan ríkisstjórnarinnar hefur verið hörð andstaða við uppbyggingu nýrrar orkufrekrar atvinnustarfsemi. Þau nýmæli sem hafa verið á döfinni í þessum efnunum eins og netþjónabú og sólarráflhöðuframleiðsla hafa þann kost umfram álframleiðslu að mengunaráhrif þeirra eru engin eða óveruleg.

Forsenda þessarar atvinnunýsköpunar er virkjun neðri hluta Þjórsár. Eindregin andstaða Vinstri græns við þau virkjunaráform eins og öll önnur hefur augljós jaðaráhrif inn í ríkisstjórnina. Eins og sakir standa er þó ekki ljóst hvort þau áhrif duga til að bregða fæti fyrir framfarir á þessu sviði.

Ýmis fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að gera reikninga sína upp í erlendri mynt. Ástæðan er fyrst og fremst sú að íslenska krónan hefur sveiflast meir en þær myntir sem mest eru ráðandi í viðskipta- og samkeppnislöndunum. Þær aðstæður draga úr samkeppnishæfni Íslands.

Óháð ólíkum sjónarmiðum um hvort kasta eigi krónunni er eðlilegt að fyrirtæki bregðist við ríkjandi aðstæðum á þessu sviði í þeim tilgangi að bæta samkeppnisstöðu sína. Eitt af þeim eðlilegu og sjálfsögðu ráðum sem fyrirtæki eiga að geta gripið til er að gera upp eða skrá hlutabréf í þeirri mynt sem hagfelldust er. Íslensk löggjöf gerir ráð fyrir því.

Innan stjórnkerfisins hefur hins vegar gætt vilja til þess að nota eða beinlínis búa til tæknilegar hindranir til að bregða fæti fyrir fyrirtæki sem vilja gera ráðstafanir af þessu tagi. Hér er um að ræða augljós jaðaráhrif frá stefnu Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs í peningamálum.

Þar á bæ er lítið á krónuna sem óhjákvæmilegan lið í fullveldi landsins. Það er talið veikja fullveldið og sjálfstæða peningamálastjórn ef íslensk alþjóðafyrirtæki gera ársreikninga sína upp í erlendri mynt. Kaupþing er eitt þessara fyrirtækja. Enn er ekki ljóst hvaða úrlausn stjórnýslukæra þess um þetta efni fær.

Þeir tafaleikir sem stjórnkerfið hefur leikið fram til þessa vekja upp spurningar um hvort þar innan dýra geti menn hugsað sér að fórna eðlilegum nútímaleikreglum í þeim eina sýnilega tilgangi að halda opnum jaðartengslum við Vinstri grænt með því að þrengja að stöðu íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði. Synjun erindis Kaupþings væri vísbending í þá veru. Umfram allt fælist þó í henni afturhvarf og slæm skilaboð út á markaðinn.

Atburðir síðustu vikna á hlutabréfamarkaðnum staðfesta hversu mikilvægt er að tryggja samkeppnisstöðu íslenskra fjármála- og atvinnufyrirtækja sem best. Möguleg jaðaráhrif Vinstri græns gætu orðið meiri en hollt er þegar full þörf er á nýrri viðspyrnu og sókn í atvinnustarfsemi sem snýst um rekstur.

## FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐAG: 365

**RIÐSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldóason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RIÐSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ísnn 1670-3871



## Ástralía frá 12. til 29. okt 2008.

Heillandi ferð, ósnortin náttúra, kóralrif með öllu sínu lífríki, hvítar strendur og þjóðgarðar.

Heimsókn á vínbúgarð og Australian Zoo, heimili hins fræga Crocodile Hunter o.m.fl. Verð kr 433.735 í tvíþýli.

**ATH takmarkaður fjöldi.**



Upplýsingar í sínum 845-1425 / 899-1295  
eða í tölvupósti kgb@kgbtours.is www.kgbtours.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Er Össur þá Hacker?

„Ég er með öflugan og úrræðagóðan ráðuneytisstjóra sem tekur Sir Humphrey fram í að leysa mál,“ segir Össur Skarphéðinsson í viðtali við 24 Stundir í gær.

Þeir sem muna eftir bresku sjónvarpsþáttunum Yes Minister hljóta að velta fyrir sér hvort Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri iðnaðarráðuneytisins, kætist við þessa samlikingu. Vissulega var Sir Humphrey klár, úrræðagóður og afar vel mælskur. En hann var einnig makkjávelskur og



leiðir hans til að halda völdum, sérstaklega fyrir sjálfan sig, voru á köflum allsérstakar. En ef Kristján er Sir Humphrey, er Össur þá James

Hacker? Hinn óákveðni og misvitri ráðherra, sem með dyggri aðstoð ráðuneytisstjórans nær að verða forsætisráðherra?

### Áróðursstrið

Það hefur alloft heyrst af hægri vængnum að Ríkisútvarpið sé aðeins of vinstri sinnað. Á vinstri vængnum hefur hins vegar lengi verið notað nafnið Bláskjár fyrir Ríkissjónvarpið. Eins leiðinlegir og svona flokkadrættir geta verið, gengur Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, aðeins lengra á blogg síðu sinni og ber RÚV saman við bandarísku hægrissinnuðu sjónvarpsstöðina Fox. „Það bregst ekki að RÚV breytist í Fox og kallar til sín í dægurmálaútvarpið og



Kastljósið öfgafulla hægri menn þegar kjarasamningar standa yfir til þess að fá hjá þeim yfirlit um stöðuna í lok vikunnar.“ Launþegar ættu kannski að ráða sér ímyndarráðgjafa sem hefði það hlutverk að koma fulltrúum hinna vinnandi stétta í spjallþætti. Það skiptir nefnilega öllu máli þegar hóta á verkfalli að hafa landann með sér.

### Gísli aftur í sjónvarp


Það er líklega minna að gera sem fulltrúi minnihlutans í borgarstjórn en fulltrúi meirihlutans. Að minnsta kosti tengist Gísli Marteinn Baldursson aftur sjónvarpi. Hann er ekki að fara að skreyta sjónvarpsskjái, heldur er hann aðstoða félagi sinn úr Eurovision-þáttunum, Loga Bergmann, við framleiðslu spjallþáttarins Logi í beinni. svanborg@frettabladid.is

BITBEIN Svandís Svavarsdóttir spyr:

# Hverju breytir niðurstaða mannréttindanefndar?



ILLUGI GUNNARSSON



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

## Ekki tilefni til kollsteypu

Það er rétt að taka niðurstöðu mannréttindanefndarinnar um íslenska kvótakerfið alvarlega. Ísland er eitt þeirra ríkja sem hafa fallist á að einstaklingar geti skotið málum sínum til nefndarinnar og fengið fram sjónarmið hennar um hvort ríkisvaldið hafi brotið gegn samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, en nefndin er grundvölluð á þeim samningi. Jafnframt er mjög mikilvægt að hafa í huga að nefndin er ekki dómstóll og hún kveður því ekki upp dóma sem eru bindandi að þjóðarrétti.

### Klofin nefnd

Mannréttindanefndin klofnaði í álit sínu, af 18 nefndarmönnum voru 12 þeirrar skoðunar að aflamarkskerfið stríddi gegn samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi, en 6 voru andvígir þeirri skoðun og töldu að svo væri ekki. Nú standa íslensk stjórnvöld frammi fyrir því verkefni að leggja mat á þessa niðurstöður nefndarinnar, vega og meta þau rök sem þar eru lögð fram og taka ákvörðun um það hvort tilefni sé til einhverra sérstakra viðbregða. Nauðsynlegt er að vinna slíkt mat af mikilli alvöru og líta bæði til raka meirihluta nefndarinnar sem og minnihluta.

### Margrætt mál...

Reyndar er það svo að fá mál hafa verið brotin jafn rækilega til mergjar hér á landi eins og kostir og gallar aflamarkskerfisins. Hæstaréttardómar hafa gengið, fræðimenn á sviði lögfræði og hagfræði hafa skrifað heilu döðrantana og fá mál hafa verið jafn mikið rædd í söllum Alþingis, á vinnustöðum, heimilum og kaffihúsum eins og einmitt þetta mál. Vissulega hafa staðið miklar deilur um aflamarkskerfið hér á landi allt frá fyrstu tíð og margir eru ósáttir við núverandi fyrirkomulag. Þó er það þannig að erfitt er að sameina sjónarmið þeirra sem vilja breytingar og enn erfiðara er að fá fram skynsamlegar hugmyndir um hvaða kerfi eigi að koma í staðinn. Þjóðin hefur margsinnis gengið til kosninga frá því að kvótakerfið var sett á og úrslit þeirra hafa ekki kallað fram meirihluta á Alþingi sem hefur viljað afnema aflamarkskerfið. Einungis einn flokkur hefur byltingu kerfisins sem sitt aðalstefnumál og í síðustu kosningum var andstöðu við núverandi kerfi helst vart hjá þeim flokki og Vinstri grænum.

### ...og ekkert nýtt.

Engin sjónarmið, sem ekki hafa verið rædd í þaua í opinberri umræðu hér á landi á undanförunum árum, komu fram í niðurstöðu meirihluta mannréttindanefndarinnar. Ég er því sannfærður um að yfirvegað mat á rökstuðningi bæði meirihluta og minnihluta nefndarinnar muni leiða til þess að ekki sé talin ástæða til að breyta grundvelli núverandi fyrirkomulags. Að sjálfsögðu eigum við alltaf að vera vakandi fyrir því að bæta fiskveiðistjórnunarkerfið okkar, en hagsmunir þjóðarinnar og þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem starfa í greininni eru slíkir að rökstyðja þarf allar breytingar gríðarlega vel. Íslenskur sjávarútvegur þarf sist á því að halda að óvissa sé sköpuð enn á ný um framtíð greinarinnar.

## Sjávarútvegur á sjálfbærum grunni

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna dæmdi tveimur íslenskum sjómönnum í vil í máli þeirra gegn íslenskum stjórnvöldum vegna kvótalausra veiða. Í úrskurðinum segir að íslenska kvótakerfið hygli þeim sem við innleiðingu þess fengu úthlutað kvóta, sú úthlutun hafi ekki byggst á sanngirni, en um leið segir að markmið laganna sem slíkt sé lögmætt, en það er að vernda fiskistofnana.

Í dómnum felst hvatning til að sætta sjónarmiðin sem þarna takast á, stjórnvöld þurfi að tryggja vernd auðlindarinnar og viðhald hennar, hins vegar að tryggja réttláta úthlutun veiðiheimilda og nýliðun í greininni. Um þetta hefur verið deilt frá því veiðistjórnunarkerfið var lögleitt. Flestar breytingar sem gerðar hafa verið á kerfinu hafa einnig skapað deilur, t.a.m. framsal veiðiheimilda, línuvöðun, byggðakvótar o.fl.

### Sjálfbær þróun auðlindarinnar

Í stjórnarskrárnefnd hefur verið deilt um hvort auðlindirnar gætu verið skilgreindar sameign þjóðarinnar í stjórnarskrá. Sú deila var ekki leidd til lykta en í nefndinni voru einnig ræddar hugmyndir um að nýting náttúruauðlinda þyrfti að uppfylla grunnildi sjálfbærrar þróunar og er það sannarlega tímabært, þar sem ofnýting náttúruauðlinda og rányrkja hefur stórskaðað vistkerfi jarðarinnar, þ.m.t. sjávarauðlindina. Krafan um að nýting auðlindanna sé á forsendum sjálfbærrar þróunar er hávær og hún er sanngjörn. Hún gengur út frá því að varúðarsjónarmið séu lögð til grundvallar allri auðlindanýtingu og tekur þannig mið af heildarhagsmunum samfélagsins til lengri tíma lítið.

Í lögum um stjórn fiskveiða segir að markmið þeirra sé bæði verndun og hagkvæm nýting nytjastofna á Íslandsmiðum. Hluti markmiðanna er einnig fólgin í því að stjórn fiskveiða eigi að stuðla að traustri atvinnu og byggð í landinu. Stöðugt er deilt er um hvernig til hafi tekist.

### Sjálfstæðar rannsóknir

Hafrannsóknastofnun hefur oftast legið undir ámæli fyrir veiðiráðgjöf, sérstaklega nú þegar niðurstaðan úr stofnstærðarmælingum er þannig að hún leiðir til niðurskurðar í aflaheimildum í þorski. Brýnt er að efla Hafrannsóknastofnun og rannsóknir á auðlindinni. Í auknum mæli þarf að sinna lífríkinu sem fóstur ar nytjastofnana og gera stórátak í því að bæta og vernda uppvaxtarskilyrði þeirra. Það verður aðeins gert með öflugum rannsóknum á hafsbotninum á áhrif veiðarfæra á lífríkið. Við rannsóknirnar verður þó að gæta þess að skilja á milli grunnrannsóknir á lífríki hafsins og atvinnutengd rannsóknir sjávarútvegsins. Tryggja verður að hagsmunir lífríkisins séu rannsakaðir án tengsla við stöðu atvinnugreinarinnar.

### Heildarendurskoðun nauðsynleg

Vinstrihreyfingin - grænt framboð telur óumflýjanlegt að gripa strax til ráðstafana í sjávarútvegs- málum og leggja grunn að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar og mótun sjávarútvegsstefnu í þágu byggðar í landinu og í sátt við fiskistofna og náttúru.




# 4X4 SÝNING UM HELGINA



Way of Life!

Laugardag  
og sunnudag  
frá 13-17.



Grand Vitara Limited er einstaklega vel búin viðbót við Grand Vitara fjölskylduna. Mikill staðalbúnaður og glæsilegt útlit gera Grand Vitara Limited að einum bestu jeppakaupum sem boðist hafa í langan tíma.

## FRUMSÝNUM NÝJAN GRAND VITARA LIMITED



### SX4

SX4 er Sportjepplingurinn frá Suzuki, bíll með kröftugt útlit, mikla veghæð og fjöðrun fyrir fjölbreyttar aðstæður. SX4 fæst beinskiptur eða sjálfskiptur.



### SWIFT

Swift 4x4 er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði.



### JIMNY

Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif. Bíll sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör „sparibaukur“ sem fæst beinskiptur eða sjálfskiptur.

88 HUGTÓK JAN 08

## Fjöldi spennandi sýningartilboða.



SUZUKI SPARNEYTNI

**SUZUKI**

TRAUST UMBOD Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKIBILAR.IS



LEIKARINN ORLANDO BLOOM ER  
31 ÁRS Í DAG

„Ég sendi eitt sinn stúlku  
flugmiða og bauð henni í  
heimsókn, ég hugsa að það  
sé frekar rómantískt.“

Orlando Bloom hefur verið  
orðaður við margar sætar  
stelpur í gegnum tíðina, meðal  
annars Keiru Knightley.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

BETTA GERÐIST: 13 JANÚAR 1929

## Wyatt Earp lést þennan dag

Wyatt Earp lést heima hjá sér í  
Los Angeles, 81 árs að aldri.

Hann var amerískur bóndi og  
vísundaveiðimaður, lögreglustjóri,  
fjárhættuspilari og kráareigandi.  
Þekktastur fyrir þátttöku sína í  
byssbardaga við O.K. Corral í  
bænum Tombstone í Arizona,  
ásamt tveimur bræðrum sínum  
og vini, Doc Holliday. Þar skutu  
þeir félagar þrjá menn og voru  
ákærðir fyrir morð. Eftir mikil rétt-  
arhöld þar sem ýmist kom fram  
að þeir félagar hefðu hleypt af  
fyrsta skotinu eða ekki voru þeir  
sýknaðir af ákærum. Stuttu síðar var bróðir Wy-  
atts drepinn úr launsátri en sjálfur slapp hann  
naumlega. Í kjölfarið fór hann ásamt félögum og  
hefndu bróðurins. Fyrir vikið urðu þeir eftirlýstir.



Hann þvældist um ásamt  
fylgiskonu sinni Josie Marcus, rak  
fjárhættuspilahús og krár, meðal  
annars í Alaska þegar gullæðið reið  
yfir. Hann var alltaf öðru hverju  
handtekinn fyrir smábrot og komst  
oft í kast við lögin.  
Undir lokin flutti hann til Holly-  
wood þar sem hann kynntist mörg-  
um upprennandi stjörnum, meðal  
annars John Wayne sem sagði síðar  
hafa notað Wyatt í persónusköp-  
un sinni.  
Um útlagann Wyatt Earp hafa  
verið gerðir ótal sjónvarpsþættir og  
kvikmyndir en hann er goðsagnapersóna í amer-  
ískri sögu og hafa leikarar á borð við Kurt Russel  
og Kevin Costner leikið hann í kvikmyndum.

### MERKISATBURÐIR

- 1930** Fyrsta teiknimyndaserían  
um Mikka mús kemur út.
- 1949** Fyrsta íslenska talmynd-  
in í lit og fullri lengd frum-  
sýnd.
- 1969** Bítlarnir gefa út plötuna  
Guli kafbáturinn.
- 1975** Guðmundur Sigurjónsson  
varð stórmeistari í skák 27  
ára, annar Íslendinga.
- 1975** Stórbrúni á Reykjavíkur-  
flugvelli þar sem flugskýli  
brann.
- 1976** Jarðskjálfti upp á 6,5  
á Richters-skala varð  
skammt frá Kópaskeri.  
Mörg hús í þorpinu eyði-  
lögðust.
- 2001** 850 manns farast í aur-  
skriðum og jarðskjálftum í  
El Salvador.

### AFMÆLI



GERARD  
BUTLER  
LEIKARI  
ER 39 ÁRA  
Í DAG




HENNY  
HER-  
MANNS-  
DÓTTIR  
FYRRV.  
FEGURÐA-  
RDROTTN-  
ING ER 56  
ÁRA Í DAG



WILLIAM  
HUNG  
IDOL-  
STJARNI  
ER 25 ÁRA  
Í DAG



SIGRÚN  
EÐVALDS-  
DÓTTIR  
FIÐLULEIK-  
ARI ER 41  
ÁRS Í DAG



SPENNANDI TÍMAR FRAMUNDAN Unnur María. „Það er frábært að fá þennan styrk því hann hjálpar okkur að gera meira úr kvennasöguverkefniinu.“  
FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN.

MIDSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU: MEÐAL FYRSTU STYRKÞEGA HLAÐVARPANS

## Minnið er oft eina heimildin

„Sem betur fer eru margar konur  
ennþá í fullu fjöri sem tóku þátt í  
kvennabaráttunni og muna vel tím-  
ann frá 1965 til 1980 sem heimilda-  
söfnun okkar nær til. En allir eldast.  
Þess vegna fannst okkur mikilvægt að  
fara af stað núna,“ segir Unnur María  
Bergsveinsdóttir, sagnfræðingur og  
verkefnastjóri hjá Miðstöð munnlegr-  
ar sögu er hlaut einn af hæstu styrkj-  
um Menningarsjóðs Hlaðvarpans, eina  
milljón króna.

Þeir fjármunir eiga að renna í skrá-  
setningu, varðveislu, rannsókn og  
miðlun á reynslu kvenna sem tóku þátt  
í kvennahreyfingunni 1965 til 1980.  
„Það er frábært að fá þennan styrk  
því hann hjálpar okkur að gera meira  
úr þessu kvennasöguverkefni,“ segir  
Unnur María sem telur verkefnið gott  
dæmi um það hvar munnleg saga nýt-  
ist best. „Sumir hlutir eru vel skrásett-  
ir í opinberum gögnum sem samfélag-

inu finnst mikilvægt að varðveita. En  
mörg grasrótarsamtök vantar oft hina  
formlegu yfirbyggingu í byrjun og  
engin opinber gögn verða til um sögu  
þeirra. Þá þarf að fletta upp í minni  
fólks. Þar eru oft einu heimildirnar  
sem til eru.“

Miðstöð munnlegrar sögu er til húsa  
í Þjóðarbókhöndlunni á Melunum. Hún  
er samvinnuverkefni nokkurra stofn-  
ana. „Við höfum ýmsa bakhjarla og  
það er mjög gott. Þá kemur þekkingin  
svo víða að,“ segir Unnur María sem  
er eini fasti starfsmaður miðstöðvar-  
innar.

Tvær ungar fræðikonur, þær Fríða  
Rós Valdimarsdóttir og Halla Einars-  
dóttir, eru þar þó tímabundið að vinna  
að kvennasöguverkefninu sem komið  
er á fulla fart að sögn Unnur Maríu.  
„Rétt fyrir jól var byrjað að panta við-  
töl og upptökur eru hafnar. Ég býst við  
að viðtölin verði fimmtán til tuttugu

og þau eru löng og ítarleg. Þau verða  
aðgengileg hér á Þjóðarbókhöndlunni  
til frekari nota. Síðan verður fluttur  
fyrirlestur um efni þeirra á þingi nor-  
ræna sagnfræðinga í ágúst á þessu ári  
og einnig er heimildarmynd í tökum. Í  
framtidinni stefnum við líka að því að  
hafa efni frá okkur á netinu sem ekki  
lýtur aðgangstakmörkunum.“

Miðstöð munnlegrar sögu er eins árs  
en er þegar með ýmis spennandi verk-  
efni í gangi að sögn Unnur Maríu. „Við  
tökum við munnlegum heimildum,  
varðveitum þau og veitum að þeim að-  
gang. Fólk er opið og jákvætt gagn-  
vart upptökutækninni. Hún er í sím-  
unum og þegar eitthvað er við hönd-  
ina verður fólki tamara að nota það.  
Kennarar láta nemendur taka upp efni  
og unga fólkið tekur upp viðtöl við afa  
og ömmur til að næstu kynslóðir fái að  
heyra um liðinn tíma. Við njótum góðs  
af þessum áhuga.“  
gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir og afi,

**Guðjón Þorsteinsson,**  
Hamrabergi 6, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans, Landakoti,  
þriðjudaginn 8. janúar.

Lilían Kristjánsson  
Hörður Guðjónsson  
Jóhanna Guðrún Guðjónsdóttir  
Guðmundur Jón Guðjónsson  
Ásta Kristjana Guðjónsdóttir  
Þorsteinn Sigurður Guðjónsson  
og barnabörn.

Brynildur Sveinsdóttir  
Dóra Magnúsdóttir  
Jóhann Gestsson



Elskulegur sonur okkar og bróðir,

**Jakob Hrafn Höskuldsson,**  
Bröndukvisl 14, Reykjavík,

verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn  
17. janúar kl. 13.00.

Höskuldur Höskuldsson  
Rakel Sara Höskuldsdóttir  
Lea Ösp Höskuldsdóttir

Aðalheiður Ríkarðsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma  
og langamma,

**Björg Sveinsdóttir,**  
áður Brekkubraut 5, Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík,  
þriðjudaginn 8. janúar. Jarðarförin fer fram frá  
Njarðvíkurkirkju, Innri Njarðvík þriðjudaginn  
15. janúar kl. 14.00.

Bertha Bracey  
Sveinn Georgsson  
Shirley Cutcen  
barnabörn og barnabarnabörn.

William Bracey



Eiginmaður minn, faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hilmar Steinólfsson,**  
vöruflutningabílstjóri frá Siglufirði,

sem lést á Droplaugarstöðum 7. janúar verður  
jarðsönginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn  
14. janúar kl. 13.00.

Hulda Steinsdóttir  
Sigurður Gunnar Hilmarsson  
Elinborg Hilmarsdóttir  
S. Jóna Hilmarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Jónína Gunnarsdóttir  
Magnús Pétursson  
Íðunn Ása Hilmarsdóttir



Ástkær móðir okkar og tengdamóðir,

**Svava Stefánsdóttir**  
frá Fáskrúðsfirði, Hjallasel 55,  
áður Mjóstræti 4,

andaðist í Seljahlíð föstudaginn 11. janúar. Útförin  
verður auglýst síðar.

Snæbjörn Aðalsteinsson  
Þórdís Aðalsteinsdóttir  
Kristborg G. Aðalsteinsdóttir  
Stefán Aðalsteinsson  
Anna Aðalsteinsdóttir

Kristín Lárusdóttir  
Gísli Guðnason  
Rafn Guðmundsson  
Elin Geira Óladóttir  
Robert Molodziejko



# Hólar með útibú á Grænlandi

Um þessar mundir vinnur ferðamáladeild Háskólans á Hólum að skipulagningu náms á sviði náttúru- og ævintýratengdrar ferðaþjónustu á Grænlandi. Forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækja og atvinnuþróunarfulltrúar í Suður-Grænlandi (Qaqortoq Development Group) segja mikla möguleika í ferðaþjónustu á þessum slóðum en segja tilfinnanlegan skortur á menntuðu fólki á Grænlandi í greininni. Baldvin Kristjánsson, leiðsögu- maður í Suður-Grænlandi, og Tina Jensen, atvinnuþróunarfulltrúi Qaqortoq, hafa verið í forsvari heimamanna fyrir uppbyggingu ferðaþjónustunámsins. Þau hrif-

ust af starfseminni á Hólum og því námi sem boðið er þar og sáu að svipað nám myndi mjög vel henta hjá þeim. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir deildarstjóri ásamt Ingi- björgu Sigurðardóttur lektor hafa unnið við verkefnið fyrir hönd Hóla og voru nýverið á Grænlandi við undirbúning. Áætlað er að námið hefjist haustið 2008. Ferðamáladeild Hólaskóla býður upp á háskólanám í ferðamála- fræði með áherslu á náttúru og menningu, annars vegar diploma- nám sem er eitt ár og hins vegar til B.A. gráðu sem eru 3 ár. Meginmarkmið ferðamáladeildar er að afla og miðla þekkingu um ferðamál, til að auka fagmennsku,

nýsköpun og tryggja sjálfbæra uppbyggingu ferðaþjónustu á Ís- landi að því er kemur fram á heimasíðu skólans. Stefnt er að mæta þessum markmiðum með kennslu, rannsóknum og þróun- arverkefnum í víðtæku samstarfi við atvinnu- og fræðasamfélagið innan lands sem utan. Allar nánari upplýsingar er að finna á: [www.holar.is](http://www.holar.is)

**ANDSTÆÐUR** Grænland býður upp á margar heillandi slóðir sem hægt er að bjóða erlendum ferðamönnum.




**JÓLATRÉN** fá að vera lengur í stofum í Svíþjóð, Finnlandi og hluta Noregs en annars staðar í heiminum.

## Jólin framlengd í Skandinavíu

Tjugondag Knut raskas julen ut segja Svíar því þótt í flestum lönd- um ljúki jölunum á þrettándanum þá halda þau áfram einni viku leng- ur í Svíþjóð, Finnlandi og hluta af Noregi, eða til 13. janúar. Ástæðan er sú að ofantaldar þjóð- ir halda upp á nafnadaga og 7. jan- úar, sá næsti á eftir þrettánda- degi jóla var lengst af nafnadagur Knúts. Á 17. öld færðist hann á 13. janúar og þar sem hendingar eins og Knut kór julen ut og fleiri slík- ar sem tilheyrðu þeim degi sátu svo fast í þjóðarsálinni þá færð- ust jólalokin með Knútsdeginum til 13. janúar. Lúsíudagurinn markar hins vegar upphafið á jölunum, eða að- ventunni hjá mörgum á þessum slóðum en sá dagur er 13. desem- ber og má því nánast segja að jólin vari í heilan mánuð! En Lúsíudag- urinn ber nafn sitt í höfuð á ljós- dýrlinginum Lúsíu sem er vernd- ari blindra og sjónskertra. Hún birtist með ljóskrans á höfði ásamt þernum sínum þennan dag, syng- ur lög Lúsíu og býður brauð sem táknar sól og yl á þessum skammd- egisdögum á norðurhveli jarðar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar sendist á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.



## Komdu hreyfingu á hlutina



### Ábending með einum smelli

Neytendum eru tryggð margvísleg réttindi í lögum. Hlutverk Neytendastofu er að tryggja að réttindi neytenda séu virt og stuðla að bættum hag þeirra. Með samstilltu átaki geta neytendur haft áhrif á að leikreglum sé framfylgt. Vissir þú að það hefur aldrei verið auðveldara en núna? Á vef Neytendastofu finnur þú leið til þess: Rafræn Neytendastofa er þjónustugátt sem öllum stendur opin, alltaf. Þar getur þú komið á framfæri ábendingum án fyrirhafnar, með skráningu eða nafnlaust – um það sem vel er gert eða betur mætti fara. Bætt neytendavernd er hagur allra. Ábending frá þér getur komið hreyfingu á hlutina!

[www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is)





# Erfitt að venjast athyglinni

**Jörundur Ragnarsson** á viðburðaríkt ár að baki í leiklistarheiminum og nær ótrúlegt má teljast að aðeins sé um eitt og hálft ár síðan hann útskrifaðist. Leiklistarhæfileikarnir liggja þó greinilega þarna einhvers staðar á lager fjölskyldunnar og um þessar mundir er Jörundur meðal annars að leika með móðurbróður sínum, Ingvari E. Sigurðssyni, í verkinu Yfirvofandi. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti leikarann og ræddi við hann um landsbyggðarflakk, feimni og athyglina.

Jörundur Ragnarsson á viðburðaríkt ár að baki í leiklistarheiminum og nær ótrúlegt má teljast að aðeins sé um eitt og hálft ár síðan hann útskrifaðist. Leiklistarhæfileikarnir liggja þó greinilega þarna einhvers staðar á lager fjölskyldunnar og um þessar mundir er Jörundur meðal annars að leika með móðurbróður sínum, Ingvari E. Sigurðssyni, í verkinu Yfirvofandi. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti leikarann og ræddi við hann um landsbyggðarflakk, feimni og athygli sem erfitt er að venjast.

Jörundur er að tala við Sigga, ungan dreng á Ísafirði, í símann þegar blaðamaðinn ber að garði en Siggi segist vera aðdáandi Næturvaktarinnar. Jörundur segist að vísu vera að mestu leyti hættur að svara símanúmerum sem hann þekki ekki og það sé afar skrítið að finna fólk snúa sér við og þískra þar sem hann sé staddur á Laugaveginum eða í ræktinni. Það venjast eflaust seint. Athyglina má kannski „kenna“ hinum ótrúlega vinsælu Næturvaktarþáttum um en þó er af nokkrum öðrum hlutverkum að taka, svo sem Astrópiuhlutverkið og karakterinn í Veðramótum sem færði Jörundi Edduna á síðasta ári. Og athyglin hlýtur jú líka alveg að vera skemmtileg – er nokkuð erfitt að viðurkenna það? „Nei, ég viðurkenni það alveg að það getur verið skemmtilegt að fá athygli. Sérstaklega ef hún er jákvæð. En ég er nú samt frekar hlédrægur og kann kannski ekki alveg að tækla þetta.“ Jörundur viðurkennir líka að sér finnist hræðilega erfitt að fara í viðtöl en hann sé þó aðeins að venjast öllu þessu og verði örugglega kominn með skráp fyrr en síðar.

### Er fordómalaus gagnvart fólki

En nóg um athyglina. Og að byrjunarreit sem er á Hvammstanga þar sem Jörundur fæddist. Jörundur er nefnilega hreinræktað landsbyggðarbarn sem flutti ekki á mölina fyrr en í kringum 22 ára aldur. Og hafði þá flakkað lands-horna á milli – búið á Laugarbakka í Miðfirði, Súðavík, Suðureyri og í Ólafsvík, uns hann endaði í Menntaskólanum á Laugarvatni. Náttúrubarn má kalla hann, hans vegna, en hann var hlédrægur, nokkur einfari, safnaði frimerkjum, bjargaði dauðvona fuglum og dýrum úr fjörunni og las bækur. Hvaða áhrif hafði sveitæskan á hann – sem fullorðinn einstakling í dag? „Ætli það geti ekki talist þroskandi að flytja svona ört á milli staða. Mamma og pabbi voru alltaf fús til að prófa eitthvað nýtt og maður fylgdi með. Þetta hafði líklega þau áhrif að ég er fljótur að aðlagast nýjum aðstæðum og dæmi fólk sjaldnast fyrirfram. Maður þurfti sífellt að vera að kynnast nýju fólki og kynnast því á þeirra forsendum. Maður komst aldrei upp með það, verandi nýi strákurinn í hverfinu, að vera með fordóma gegn öðrum því maður var alltaf sjálfur í hlutverkinu að

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



reyna að „fitta inn“ á nýjum stað.“ Jörundur hélt sig innan dyra á nýjum stöðum til að byrja með, þar til krakkarnir fóru að banka, og segir að þetta hafi ekki alltaf verið auðvelt. En afraksturinn er sá að í dag á Jörundur félaga frá öllum stöðum á landinu. Og best leið honum hvar? „Kannski á Laugarbakka þar sem ég bjó fyrstu sjö ár ævi minnar og svo á Súðavík þar sem ég átti heima í þrjú ár – til fjórtán ára aldurs. Súðavík er frábær staður og ég gæti vel hugsað mér að eiga þar sumarhús í náinni framtíð. Ég fór þangað í sumar í brúðkaup hjá vinum mínum og mér þykir mjög vænt um staðinn.“

### Eftirlætissaga mömmu

Jörundur segir það hafa verið forréttindi að mörgu leyti að fá að alast upp úti á landi. „Það var margt sem maður fékk tækifæri til að gera, sem væri kannski erfðara í Reykjavíkinni. Ég var

mikið í hestamennsku, átti hest og reið út nánast daglega um árabíl. Einnig átti ég bát í Súðavík með pabba og nágrönnunum, lagði net og dorgaði úti á firði. Svo gat ég dundað mér heilu og hálfu dagana einn í fjörunni, bjargaði fuglum og átti dýrakirkjugarð.“ Bátur hefur verið þó nokkur fjárfesting fyrir patta? „Jú, ég vann hörðum höndum að því að eignast hlut í bátnum, bar út blöð og fleira til. Og ég sé mikið eftir honum og langar jafnvel til að eignast annan síðar.“ En leiklistin – er hvergi hægt að þefa upp bakteríuna þarna á þessum árum? Jörundur jánkur. „Mamma hefur mjög gaman af því að segja söguna af því þegar ég reyndi að koma upp leikfélagi á Suðureyri, átta ára gamall. Ég stofnaði leikhóp og fór til Reykjavíkur í Bandalag leikfélaga til að kaupa handrit. Valdi ég söngleikinn Kötturinn sem fer sínar eigin leiðir en varð fljótlega mjög svektur þegar æfingar

byrjuðu og krakkarnir vildu frekar vera í eltingarleikjum en æfa með mér leikritið. Þetta var samt skemmtileg tilraun þótt ég hafi verið lengi að jafna mig á metnaðarleysinu í félögunum.“

### Svaf út menntaskólann

Þegar kom að því að fara í Menntaskóla fannst Jörundi tilvalið að velja heimavist. Sá í hillungum að hann gæti orðið sinn eigin herra og haft það náðugt. Sögur segja að Jörundur hafi átt nokkuð skrautlegan feril í menntaskólanum og lítill fugl laumaði því að blaðamanni að eitt helsta sport samnemenda hans hafi verið að skilja hann sofandi eftir í kennslustundum. Þegar hann vaknaði, þá var hann stundum staddur í tíma með einhverjum allt öðrum bekk. Jörundur segir að það sé rétt en þetta hafi þó allt blessast á endanum og hann hafi náð að útskrifast. „Ég var nú alltaf frekar góður námsmaður í grunnskóla, en þegar ég komst á framhaldsskólaaldurinn, þá fór námsáhuginn aðeins að dala, fékk áhuga á öðrum hlutum, eins og gengur og gerist.“ Jörundur fór svo að kenna við Grunnskólann á Patreksfirði eftir útskrift. „Ég fór til Reykjavíkur og hóf nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands en ég áttaði mig fljótlega á því að það var ekki vettvangur fyrir mig. Ég hafði alveg áhuga á stjórnmálum, en einhvern veginn var ég ekki búinn að finna það sem ég var að leita að. Hins vegar naut ég þess að vera í bænum og við félagarinn frá Laugarvatni vorum mikið saman og nánast heimagangur

„Jú, ég er hissa og stundum

þegar maður hugsar til baka, þegar maður var að útskrifast úr skólanum og í mikilli óvissu með framtíðina finnst manni allt þetta mjög ótrúlegt. Mig hefði aldrei dreymt um þetta.

### → VISSIR ÞÚ AÐ ...

Jörundur lendir ekki mikið í „frasaböggi“ úr Næturvaktinni. Hinsvegar fær Pétur Jóhannað heyra: „Já, fint, já sæll“ í tíma og ótíma.

Jörundur hefur verið á sjó, starfað sem húsamálari, í rækjuvinnslu, byggingarvinnu, græn-

metisræktun á Flúðum, við útkeyrslu, sem pítsusendill, barþjónn og dyravörður.

Skemmtilegast af þessum stórfur þótti honum starfið sem húsamálari, það er að hans mati mjög slakandi að mála.

Þessa dagana er Jörundur að skrifa Dagvaktina og leika í sýningum og finnst það vera frí frá törninni sem hefur verið undanfarið.

Jörundur átti stórt frimerkjasafn sem polli en hefur nú gefið safnið þótt hann hafi

haldið eftir örfáum eftirlætishlutum úr safninu.

Foreldrar Jörunds búa á Patreksfirði en faðir Jörunds er bæjarstjóri Vesturbyggðar. Hann fór í ljós þrisvar um ævina.



**FANNST ÉG FREKAR VERA DRAMATÍSKUR LEIKARI**  
„Ég uppgötvaði það nú ekki fyrr en ég var á öðru ári í leiklistarskólanum að fólki þætti ég fyndinn á sviði. Og það kom mér rosalega á óvart að einhverjum þætti það. Ég hafði alltaf séð mig fyrir mér sem dramatískan leikara.“



hver hjá öðrum – enda ekki vanir öðru en að vera saman nær allar stundir sólarhringsins. Það þótti alveg sjálfsagt að hanga heima hver hjá öðrum allan sólarhringinn, það var bara eins og að banka upp á á heimavistinni.“

**Var lengi að sýna hvað í sér bjó**  
Þarna var leikhúsvírusinn farinn að taka sig aftur upp og Jörundur, líkt og margir aðrir leikarar í dag, skráði sig í Stúdentalleikhúsið. „Ég var ofboðslega feiminn í Stúdentalleikhúsinu og ég held það hafi ekki sést þá að maður myndi leggja þetta fyrir sig. Ég hélt mig til hlés þar og var í litlu hlutverki. Engu að síður ákvað ég að sækja um leiklistarskólann þarna strax á eftir og náði að peppa sjálfan mig upp í að ég kæmist í gegn. Sem og gerðist og mér hefur aldrei þótt neitt jafnskemmtilegt og það að leika.“ Svo hratt sé farið yfir sögu, þá fór Jörundur strax í kómískt hlutverk í söngleiknum Footloose eftir útskrift, lék sem fyrr segir í Astrópiu og Veðramótum, var í verkinu Penetreitor, sem hann og félagar hans í leikfélaginu Vör Morðingjar settu upp, Næturvaktinni og hefur nýverið lokið við að leika í kvikmyndunum Reykjavík, Rotterdam og Skrapp út ásamt því að vera að skrifa Dagvaktina. Einnig er hann í stóru hlutverki í leikritunum Killer Joe og Lík í óskilum, er að æfa verkið Sá ljóti þar sem hann leikur þann Ljóta sem sýnt verður í Þjóðleikhúsinu. Stjarnfræðilega langur verkefna-listi svo ungs leikara og það væri ótrúlegt ef hann gerði sér ekki jafnframt grein fyrir því hvað

hann er heppinn. „Jú, ég er hissa og stundum þegar maður hugsar til baka, þegar maður var að útskrifast úr skólanum og í mikilli óvissu með framtíðina finnst manni allt þetta mjög ótrúlegt. Mig hefði aldrei dreymt um þetta.“

**Horfumst ekki í augu**  
Nokkur af hlutverkum Jörunds eru á gamansömum nótum og segir hann það hafa komið honum á óvart að hann gæti leikið í gamanefni. „Ég uppgötvaði það nú ekki fyrr en ég var á öðru ári í leiklistarskólanum að fólki þætti ég fyndinn á sviði. Og það kom mér rosalega á óvart að einhverjum þætti það. Ég hafði alltaf séð mig fyrir mér sem dramatískan leikara.“ Leikritið sem sýnt verður næstu helgi, Yfirvofandi, sem sýnt er heima í stofu leikhöfundar sjálfs, Sigtryggs Magnasonar, er þó lítt tengt gam-

anleik. Þar leikur Jörundur sem fyrr segir, með frænda sínum Ingvari og konu hans, Eddu Arnljótsdóttur. „Við Ingvar höfum leikið saman í þessu verki og tveimur bíómyndum en það er svo skrítið að persónur okkar hafa ekki þurft að hafa nein samskipti í verkunum, ekki einu sinni horfst í augu.“ Yfirvofandi er dramatískt og tilfinningaþrungið verk þótt það sé á köflum dálítið kómískt og það sem gerir bæði reynslu leikara og áhorfenda sérstaka er mikil nánd, þar sem stofan er lítil og áhorfendur því fáir. „Ég er í hálfgerðu hlutverki sögumannsins og tala mikið við áhorfendur. Annars er plottið þannig að það er mjög viðkvæmt að tala mikið um söguþráðinn til að gefa ekki of mikið upp en segja má að „leyndarmálið“ komi áhorfendum verulega á óvart. Nálægðin var svolítið erfið fyrst og maður fann

að stundum fannst áhorfendum óþægilegt að mynda augnsamband við mig. Sömuleiðis var það stundum skrítið fyrir mig, sérstaklega í byrjun. En það getur líka verið ofboðslega fallegt og það myndast mjög sérstakt samband milli áhorfenda og leikara.“

**Heimilisleg stemning**  
Verkið var frumsýnt á Listahátíð síðastliðið vor en í næstu viku verða nokkrar sýningar í viðbót heima hjá Sigtryggi, þann 16., 19. og 20. janúar. „Það er afskaplega heimilisleg stemning og notalegt að æfa þarna í stofunni, Sigtryggur hellir upp á kaffi og maður er eins og heima hjá sér í sófanum. Viðfangsefni verksins er ekki beint létt þannig að heimilislegheitin og hópurinn sjálfur gerði þetta auðveldara – að maður sé að vinna í jákvæðu andrúmslofti.“

Jörundur hlaut mikið lof fyrir leik sinn í vor og var meðal annars minnst á „látlausan leik hans“ og fallega túlkun. Og er það ekki í fyrsta skipti sem honum er hrósað fyrir sannfærandi og eðlilegan leik. Er hann ekki bara sammála því? „Nei, mér finnst ég sko oft ofleika. Auðvitað er maður oft ánægður en ég býst við að ég væri ekki að standa mig í starfi mínu væri ég alltaf ánægður með mig. Maður þarf að sýna leiklistinni vissa auðmýkt. Ef maður missir virðinguna fyrir leiklistinni og fer að halda að maður sé gjörsamlega með þetta, sé endanlega og fullkomlega búinn að ná tökum á þessu, þá held ég að maður sé kominn á ranga braut. Ég upplifi þetta starf sem endalaus leit. Maður hættir aldrei að læra.“

FRÍ FARTÖLVUTRYGGING  
FYRIR NÁMSMENN

JÓNSSON & LEWIS • JULI • SÍA

Glitnir léttir námsmönnum lífið

Það gerum við með því að bjóða þér betri kjör sem henta aðstæðum þínum sem námsmaður. Kynntu þér málið í útibúum Glitnis, þjónustuveri í síma 440 4000 og á glitnir.is.

GLITNIR



# STÓRSÝNING KAFFIHLAÐB

INGVAR HELGASON BÝÐUR **LANDSINS MESTA ÚRVAL FJÓRHJÓLADRIFINNA**



**ENGINN VIÐHALDS- EÐA ÞJÓNUSTUKOSTNAÐUR Á NÝJUM OPEL**

## Opel Antara

**3.890.000 kr.** sjálfskiptur

Opel Vernd er nýjung á íslenskum bílamarkaði sem tryggir þér þrjú áhyggjulaus ár án þjónustu-  
kostnaðar á nýjum og traustum Opel.

**NÝ KRAFTMEIRI DÍSILVÉL**

## Nissan Patrol

**4.990.000 kr.** sjálfskiptur

Ný og aflmeiri dísilvéll fullkomnar einn sterkasta  
jeppa sem fyrirfinnst. 184 hestöfl / 410Nm tog.



**EINN VINSÆLASTI FJÓRHJÓLADRIFSBÍLLINN**

## Nissan Qashqai

**2.630.000 kr.** beinskiptur

Þessi nýi fjórhjóladrifni bíll frá Nissan hefur svo sannarlega  
slegið í gegn á síðasta ári. Hann er til í mörgum útfærslum,  
með og án sjálfskiptingar, bensín eða dísil.



Komdu í kaffi með alla fjölskylduna. Blöðrur og fánar fyrir börnin.

Á staðnum verður að sjálfsögðu rjúkandi bakkelsi og kaffi að gæða sér á, enda eru starfsmenn Ingvars Helgasonar sérfræðingar í gestrisni og góðum móttökum. Það vita þeir sem hafa einhvern tíma komið á þjónustuverkstæðið, hringt í skiptiborðið, beðið um ástandsskoðun eða mætt á staðinn með villtan bíladraum fyrir sölumennina að uppfylla.

Við tökum vel á móti ykkur – eins og alltaf!

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 10, Reykjavík – Opið laugardag kl. 12-16, sunnudag kl. 13-16



# G OG BORD

BÍLA AF ÖLLUM STÆRÐUM



**JANÚARTILBOÐ  
Á VÖLDUM BÍLUM  
– KOMDU Í HEIMSÓKN  
OG KANNAÐU MÁLIÐ**

**MILLISTÆRÐARJEPPI MEÐ DÍSILVÉL**

## **Nissan X-Trail XE**

Verð frá: **3.390.000 kr.**

Þessi nýi bíll frá Nissan er einn sá vinsælasti sem við bjóðum. Hann er fáanlegur með bensín- eða 150 hestafla dísilvél, sjálfskiptingu og með meira rými en flestir keppinautarnir.



**EINSTAKT TÆKIFÆRI**

## **Subaru Forester**

Verð frá: **2.690.000 kr.**

Bjóðum nokkra Subaru Forester með glæsilegum aukapakka **að verðmæti 350.000:** Dráttarbeisli, heilsársdekk, upphækkun og álfelgur.



**EINN MEST SELDI PALLBÍLLINN 2007**

## **Isuzu D-Max**

Verð frá **2.790.000 kr.**

Isuzu D-Max er ríkulega útbúinn pallbíll sem hefur reynt einstaklega vel. 3.0l dísilvél, sjálf- eða beinskípting, loftkæling, þægilegt rými fyrir farþega og ökumann, þokuljós og margt fleira.



**VINSÆLASTI FJÓRJÓLADRIFSBÍLLINN Á ÍSLANDI**

## **Subaru Legacy Sport Sedan**

Verð frá **2.650.000 kr.**

Legacy þarf vart að kynna því hann er einn vinsælasti bíllinn í sínum flokki. Subaru Legacy er samnefnari fyrir gæðin sem auðkenna Subaru bíla; lág bílanatíni, hátt endursöluverð og ríkulegur búnaður.



Við tökum vel á móti ykkur.



**IH**  
INGVAR HELGASON



## HEIMSMÁLIN MEÐ GORBATSJOV

gorbatsjov@frettabladid.is



**SIGRI PÚTÍNS FAGNAÐ** Eftir þingkosningarnar 2. desember kom mannfjöldi saman við Kremlarmúra til að fagna sigri Pútíns og Sameinaðs Rússlands. Rússneskir kjósendur hafa verið gagnrýndir fyrir að taka stöðugleika fram yfir lýðræði, en Mikhail Gorbatsjov segist trúa því að kröfur um lýðræðisleg vinnubrögð muni aukast.

NORDICPHOTOS/AFP

# Meirihlutavaldið þarf að hemja

Pegar Rússar gengu til kosninga í byrjun desember sigraði flokkur Vladímírs Pútín forseta með yfirgnæfandi meirihluta. Kjósendur virtust fyrst og fremst biðja um stöðugleika. *Mikhail Gorbatsjov* segir Rússa þó engan veginn sinnulausa um lýðræðið.

**P**ingkosningarnar í Rússlandi fyrir skömmu staðfesta enn á ný að þjóðin á enn langt í land á leið sinni til fullburða lýðræðis. En þróunin heldur áfram.

Kosningarnar hafa vissulega sýnt fram á það hve mikils fólk metur þann stöðugleika sem náðst hefur á síðustu árum. En það væru mistök að telja stöðugleikann felast í varðstöðu um ríkjandi ástand. Rússar vilja búa í landi þar sem réttindi þeirra og frelsi njóta verndar og þar sem allir hafa möguleika á að lifa góðu lífi og njóta velfarnaðar.

Þátttaka í kosningunum 2. desember var mikil og meirihlutinn greiddi Sameinuðu Rússlandi atkvæði sitt, flokknum sem sér sjálfan sig í Vladímír Pútín forseta.

## Þrýstingi beitt af alefli

Þetta kom mér ekki á óvart frekar en mörgum öðrum. Að Sameinað Rússland hafi sigrað með 64,1 prósentu atkvæða, sem skilaði flokknum um það bil 315 þingsætum í Dúmunni, hinna 450 þingsæta neðri deild rússneska þingsins, má að verulegu leyti rekja til þeirrar ákvörðunar Pútíns að bjóða sig fram í fyrsta sæti á lista flokksins í kosningunum. Öllum „stjórnvaldsúræðum“ – möguleikum ráðamanna til þess að beita þrýstingi og ginna kjósendur – var beitt af fullum krafti og á öllum vígstöðvum: Allt snerist um að ná sigri hvað sem þáð

myndi kosta. Sameinað Rússland hefur nú hlotið þau völd sem flokkurinn sóttist eftir. Hvað hyggst hann gera við þau? Hvernig hyggst hann beita meirihlutavaldi sínu á þingi? Við fáum svör við þessum spurningum áður en langt um líður. Sigurvegararnir þurfa núna að fylgja eftir þeim loforðum sem þeir



Öllum „stjórnvaldsúræðum“ - möguleikum ráðamanna til þess að beita þrýstingi og ginna kjósendur - var beitt af fullum krafti og á öllum vígstöðvum.

gáfu kjósendum, sýna fram á að þeir séu færir um að standa við þau. Ég tel að fólk verði nú mun kröfuharðara við samunburð orða og efnda.

## Erfið verkefni biða

Rússlands biða gríðarleg verkefni. Afdrifaríkar ákvarðanir þarf að taka hratt; það gengur ekki að fresta öllu fram á síðustu stundu. Fyrsta forgangsverkefnið er að byggja upp nútímalegt efnahagslíf, það þarf að gera það óháð útflutningi á afurðum náttúruauðlinda. Við þurfum einnig að gera endurbætur á skólakerfinu, heilbrigðismálum og velferðar-

þjónustu – en þó þannig að það skaði ekki hagsmunum milljóna manna. Að losna undan heljartökum kerfisbáksins og berjast gegn spillingu skiptir öllu máli ef takast á að þoka þjóðinni fram á við.

Til þess að framkvæma þetta verðum við að hafa starfhæfar lýðræðisstofnanir, stjórnvöld

verða að einokun. Til að tryggja það hafa fjölmiðlarnir lykilhlutverki að gegna. Til þessa hafa stjórnvöld reynt að hafa hömlur á dagblöðum, sjónvarpi, útvarpi og öðrum upplýsingaveitum, sem hefur gert það að verkum að fjölmiðlarnir hafa eingöngu gegnt því hlutverki að „lýsa“ ákvörðunum stjórnvalda. Það sem við þurfum á að halda er eitthvað allt annað: Fjölmiðlarnir þurfa að fá tækifæri til að gegna sínu rétta hlutverki í þróun stjórnmálanna.

Ég legg áherslu á þetta atriði vegna þess að í kosningabaráttunni forðaðist Sameinað Rússland að taka þátt í sjónvarpsumræðum. Með þessu sýndi flokkurinn ekki aðeins hvaða álit hann hefur á andstæðingum sínum og fjölmiðlum, heldur sýndi þetta einnig virðingarleysi hans gagnvart kjósendum og skoðunum almennings.

## Hættan á grænu ljósi

Mikilvægast er þó, að ef rússnesk stjórnvöld vilja í raun – eins og þau hafa ítrekað lýst yfir – forðast að sökkva niður í pólitíska og efnahagslega stöðun, þá er rétta leiðin ekki sú að koma í veg fyrir að raunverulegt fjölflokkakerfi verði til heldur þarf að yta undir pólitíska fjölhyggju.

Ekki hræða okkur með tali um að „klofningur“ í stjórnmálum leiði af sér klofning í samfélaginu. Raunverulega hættan er sú að stjórnvaldaáhrif verði bæld og afbökud, að lýðræðisstofnanir snúist upp í lítið annað en næfurþunn leiktjöld eða skraut eitt. Hættan stafar af þeim sem telja kosningaúrslitin gefa þeim grænt ljós til að halda áfram gömlu vinnubrögðunum.

Ég er ósammála þeim sem telja að kosningarnar hafi sýnt fram á áhugaleysi fólks og pólitískt sinnuleysi. Þvert á móti, því eftir að hafa hlustað á samræður Rússa sín á milli, um áhyggjur þeirra af verðbólgu, spillingu og öðrum málum sem hafa áhrif á framtíð landsins, þá hef ég það á tilfinningunni að fólk sé að breytast og að með hverju árinu muni það í auknum mæli gera kröfur um að stjórnvaldin verði óspillt.

## Þurfum deilur og frelsi

Til þess að ná raunhæfum árangri þarf umhverfi sem sprottið er upp úr raunverulegum pólitískum átökum og frelsi til að tjá ólíkar skoðanir. Nú þegar einn flokkur hefur náð yfirgnæfandi meirihluta á þingi er það undir hinu borgaralega samfélagi komið að koma í veg fyrir að sá meirihluti verði misnotaður.

Meirihlutinn má, með öðrum orðum, ekki

## Gorbatsjov skrifar um heimsmálin

Þetta er sjöunda greinin um alþjóðastjórnmál eftir Mikhail Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna og friðarverðlaunahafa Nóbels, sem birtist í Fréttablaðinu í samvinnu við The New York Times Syndicate. Gorbatsjov hefur vegna reynslu sinnar óvenju góða yfirsýn yfir þá atburði sem móta heimsmálin. Gorbatsjov stýrir nú alþjóðlegum rannsóknarsjóði á sviði félags- og efnahagsmála og stjórnmála, The Gorbachev Foundation.

Lesendur Fréttablaðsins hafa tækifæri til að senda spurningar til Gorbatsjovs sem hann mun svara í síðari greinum sínum hér í blaðinu. Spurningarnar sendist með tölvupósti á netfangið gorbatsjov@frettabladid.is merktar nafni sendanda og heimilisfangi. Spurningarnar mega vera hvort heldur sem er á ensku eða íslensku.





## Sumir eru fæddir leiðtogar – nýr BMW X5



BMW er stærsti lúxusbílaframleiðandi heims og það var því stór viðburður þegar fyrirtækið kynnti nýverið nýja kynslóð af BMW X5. Þessi öflugi lúxusjeppi kom fyrst til sögunnar árið 2000 og markaði þá tímamót. Hann bjó í raun til alveg nýjan flokk lúxusbíla. Síðan hafa komið til skjalana nokkrir keppinautar, en með allsherjar endurhönnun á BMW X5 er aftur kominn fram á sjónarsviðið óumdeildur leiðtogi í flokknum. Með öflugri vélum en áður, enn mýkri aksturseginnleikum, miklu meira rými, liprum og snörpum viðbrögðum, tækniþúnaði og heimspektum smíðagæðum þessa þýska stórveldis tekur BMW X5 forystuna enn á ný og biður aðra vinsamlegast um að víkja til hliðar.

The new BMW X5

[www.bmw.com/x5](http://www.bmw.com/x5)



Sheer  
Driving Pleasure



# Frá 27.795 kr.\*

## Vinsælasti sólarstaður Evrópu

### – beint morgunflug

# Costa del Sol

**Bókaðu strax!**

Fyrstu 800 sætin

**15.000 kr.**

afsláttur á mann  
ef þú bókar núna.

Bókaðu strax og  
tryggðu þér lægsta verðið

Takmarkaður sætafjöldi í boði í hverju  
flugi með afslætti.  
Gildir ekki um flugsæti eingöngu.

## Alltaf vinsælasti áfangastaðurinn

### 20 ára þekking og reynsla á Costa del Sol

Costa del Sol er tvímælaust vinsælasti áfangastaður Íslendinga á sólarströndum, enda býður enginn annar áfangastaður á Spáni jafn glæsilegt úrval gististaða, veitingastaða og skemmtunar. Örstutt er að skreppa yfir til Afríku og Gíbraltar og töfrar Andalúsíu heilla alla þá sem henni kynnast en þar ertu í hjarta fegursta hluta Spánar í seilingarfjarlægð frá Granada, Sevilla og Cordoba, Jerez, Ronda og Cadiz. Í Andalúsíu er flamenkótónlistin upprunnin, spænska matargerðin, nautaatið og byggingarlistin. Þar finnur þú hvítu þorpin, fegurstu strendur Spánar, frægustu golfvelli Evrópu, klaustur, hallir og kastala. Heimsferðir bjóða nú aftur vinsælustu gististaðina á Costa del Sol, m.a. íbúðahótelíð vinsæla Castle Beach, með frábærri aðstöðu fyrir farþega sína auk fjölda annarra sívinsælla gististaða. Einnig eru að sjálfsgöðu nýir gististaðir í boði – úrvalið hefur aldrei verið meira. Þeir fyrstu sem bóka tryggja sér sérstakan 15.000 króna afslátt á mann. Frábær aðstaða fyrir ferðamanninn, einstakt loftslag og ótrúlegt úrval veitinga- og skemmtistaða. Castle Beach er glæsilegt íbúðahótel með stórum og vel útbúnum íbúðum og einstakri aðstöðu. Íbúðirnar eru með einu eða tveimur svefnherbergjum og rúma allt að sjö manns.



## Frá kr. 37.795

### Castle Beach ☀☀☀+

#### – frábærar íbúðir fyrir fjölskyldur



[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)





Beint morgunflug  
með íslensku flugfélagi í allt sumar.  
Betri þjónusta og betri flugtímar  
– fyrir þig!

**ÞÖKKUM  
FRÁBÆRAR  
VIÐTÖKUR!**



Sumar- og sérferðabæklingurinn 2008  
er kominn út.

Þú getur skoðað hann á  
[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

## Ótrúlegt verð

**Vikuferð frá kr. 37.795**

Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,  
2-11 ára í íbúð í viku á Castle Beach, 22. og 29. maí.

**Frá 52.595 – 2 vikur**

Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,  
2-11 ára í íbúð í 2 vikur á Castle Beach, 22. og 29. maí.

**Bókaðu núna á  
[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)**

## Frábærir flugtímar!

**Frá Íslandi að morgni kl. 9.00.**

Þú nærð að koma þér vel fyrir strax á fyrsta degi.

**Síðdegisflug heim frá Spáni kl.16.40.**

Þú nærð að sofa út fyrir heimflugið og ert kominn til  
Íslands um kvöldmatarleitið.



**Við bjóðum vinsælustu gististaðina á Costa del Sol**



☀☀☀☀ + Aguamarina



Principito Sol ☀☀☀☀ +



Melia Costa del Sol ☀☀☀☀☀



Timor Sol ☀☀☀

**Nýir gististaðir Heimsferða á Costa del Sol**



Arcosur Principe Spa ☀☀☀



Hotel Cervantes ☀☀☀☀

**Frá kr. 41.545**

Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. 2 fullorðna og 2 börn,  
2-11 ára, í íbúð í viku, 22. eða 29. maí.

**Frá kr. 59.290**

Netverð á mann með 15.000 kr. afslætti, m.v. gistingu í tvíbýli með  
morgunverði í viku, 22. eða 29. maí.







**ÁST Í EGYPTALANDI** Sarkozy var í opinberri heimsókn hjá Mubarak forseta þegar hann kaus að láta mynda sig með Cörlu Bruni og syni hennar, Aurelién.

# Forsetinn og glamúrþían

**Sarkozy** svífur um í rósrauðum draumi ásamt söngfuglinum **Cörlu Bruni** á meðan franska þjóðin kvartar sáran undan krepunni. *Anna Margrét Björnsson* skoðar ævi, feril og fyrri sambönd hinnar ítölsku ástkonu Frakklandsforseta.

**F**rakkar hafa löngum verið þekktir fyrir að halda umfjöllun um einkalíf og ástir ráðamanna frá fjölmiðlum. Fræg er leyndin sem ríkti yfir hjákonu Mitterands forseta og dóttur þeirra skötuþjúka sem komst ekki í sviðsljósið fyrr en hún mætti í jarðarför föður síns, tæplega tvítug að aldri. En nú kveður við nýjan tón með nýjum forseta, Nicolas Sarkozy, sem tók við stjórnartaumunum á síðasta ári. Samkvæmt tímaritinu Journal du Dimanche í vikunni hefur forsetinn ákveðið að ganga í heilagt hjónaband með hinni ítölsku Cörlu Bruni eftir aðeins tveggja mánaða samband, og aðeins þremur mánuðum eftir að eiginkona hans, Cecilia, fór frá honum. Élysée-forsetahöllin hefur ekki neitað orðrómnum og Sarkozy sjálfur sagði á blaðamannafundi á þriðjudag að full alvara væri í sambandi hans við hina fyrrverandi fyrirsætu og gaf í skyn að brúðkaupsáform væru í uppsiglingu. Skoðanakannanir sýna hins vegar að aðferðir Sarkozys við að flagga sinni nýfundnu ást hafa haft töluverð áhrif á fylgi hans sem hefur hrunið niður fyrir 50 prósent í fyrsta sinn eftir forsetakjörið. Umræðurnar við kvöldverðarborðin í Frakklandi snúast núna að mestu um hversu hallærislegt það er af forsetanum að búa til nýtt „forsetapar“ svo skömmu eftir skilnað hans og að hann hafi einungis fallið í gildru konu sem þekkt er fyrir að skipta um ríka og fræga kærasta jafn oft og hún skiptir um nærföt. Auðvitað er líka önnur ástæða fyrir fylgistapi Sarkosys: vangeta hans til að uppfylla kosningaloforð sín um að rétta af efnahagshalla þjóðarinnar. Frakkar hafa ekki upplifað sig fátækari síðan í kringum 1990 en á meðan virðist Sarkozy einungis vera upptekinn af því að þjóta um heiminn í finum ferðalögum og sitja fyrir á myndum með nýju kærustunni. Ný viðurefni sem hann hefur fengið í kjölfarið eru „Speedy Sarkozy“ hjá bresku pressunni og „Le Prés-



**STJARNAN Í CANNES** Carla Bruni mætir á vegum góðgerðasamtakanna AMFAR, sem berjast gegn eyðni, á Cannes-hátíðinni í fyrra.



**FRANSKI SKANDALLINN** Kona les slúðurblaðið „Closer“ 20. desember í París sem birti myndir af forsetanum ásamt Bruni.



**VINSÆL SÖNGKONA** Carla Bruni hefur getið sér gott orð sem trúbador og hefur fengið lof fyrir textagerð og látlausan söng. Hér syngur hún á minningartónleikum um Serge Gainsbourg.

ident Bling-Bling“ af þeirri frönsku, „bling“ vegna þess að þessar opinberu ástaryfirlýsingar þykja alltof bandarískar og plebbalegar fyrir hina kúltiveruðu menningarþjóð. Á meðan skemmtir restin af heiminum sér yfir þessari frönsku sápuóperu sem lífgar sannarlega upp á janúarmánuð.

## Flagð undir fögru skinni?

En hver er eiginlega þessi Carla Bruni? Margir muna eflaust eftir henni á árum „ofurfyrirsætanna“ en hún sat á frægðartindinum ásamt stúlkum eins og Lindu Evangelistu, Naomi Campbell og Christy Turlington í byrjun tíunda áratugarins. Grannvaxin, með kattaraugu og vænan skammt af ítölskum klassa varð hún fljótt í upphaldi hjá hönnuðum eins og Valentino, Christian Dior og Christian Lacroix. Einnig var hún mynduð fyrir viðamikla auglýsingaherferð tískumerkisins Guess? jeans.

Bruni fæddist Carla Bruni Tedeschi árið 1968 í borginni Tórinó á Ítalíu og er stjúpdóttir tónskáldsins Alberto Bruni Tedeschi og píanistans Marysa Borini. Systir hennar, Valeria Bruni Tedeschi hefur átt nokkurri velgengi að fagna sem leikkona í Frakklandi. Fjölskyldan hennar er ein sú ríkasta á Ítalíu, og Bruni-systurnar eru erfingjar Pirelli-ríkidæmisins. Bruni lærði listfræði og arkitektúr í háskóla í París en hætti náminu eftir að henni bauðst samningur hjá City Models þar í borg þegar hún var nítján ára að aldri. Á þessu glamúr-tímabili átti Carla Bruni í ástarsamböndum við Eric Clapton, Mick Jagger, Kevin Costner, Donald Trump, lögfræðinginn Arno Klarsfeld og franska hjartaknúsarann Vincent Perez. Fyrrverandi eiginkona Jagers, Jerry Hall hefur staðfest að Bruni var ein af ástæðunum fyrir skilnaði hennar og rokkarans aldna. Bruni var á tímabili sambýliskona rithöfundarins og gagnrýnandans Jean-Paul Enthoven en á meðan á því sambandi stóð varð hún ást-



# Matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

Janúar 2008

## Fiskur – alvöru skyndibiti

*Nanna Rögnvaldardóttir skrifar*

## Freistandi sælkerasamlökur

*Að hætti Marentzu Poulsen*

## Huggun hungri gegn

*Biti milli mála er besta mál*

HOLLIR & GÓÐIR

# Aðalréttir

Spelt-lasagne með kókosmjólk, grænmetisbaka  
og Chili-kjúklingur.

HEILSA MEÐ HRISTINGI TE ER EKKI ÞAÐ SAMA OG TE  
ENGIFER, BRAGÐMIKIL HEILSUBÓT HINDBERJASKYRTERTA FYRIR TÍU MANNS



## ALLT ER GOTT Í HÓFI

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir skrifar

**P**að er gott að vera mjúkur. Heilmikið fallett líka. Það er gott að borða góðan mat og njóta hvers bita. Leyfa honum að lúra í munni, gæla bragðlaukum og renna ljúflega ofan í maga þar sem framkallast hamingjurúss, notaleg saðning og eldsneyti til að anda, lifa og vera til.

En hvað er að vera til? Er það hóglífí og afneitun? Svelti og átröskun? Keppni í naumt skornu holdafari og minnstu fatanúmerunum? Varla.

Þess vegna ættum við alltaf að ganga til borðs með vatn í munni og bros á vör; hvort sem haldin eru heilög jól með hlaðborði fitandi syndafæðis eða grennandi gúrkuþíð til að minnka fituforðann sem matarnautnin klæddi okkur svo fallega í.

Fita á sér marga óvildarmenn. Og samt er fita svo falleg. Hún ber vitni um samveru í eldhúsinu, matreiðslu af ást og natni, gleðilegar nautnastundir við matborðið, leyniferðalög í nammiskápinn og munúðarvímur í munni.

Biblían boðar hófsemi, og græðgi er örugglega dauðasynd, en ég trúi því tæplega að skaparinn hafi óskað manninum þess leiðindalífs að neita sér um allt hið ómótstæðilega sem hann skóp. Því allt er gott í hófi. Hvort sem það er gulrót eða Godiva-moli.

Nú er ekki verið að upphefja sligandi og hættulega offitu, heldur heilbrigða skynsemi. Góð heilsa verður aldrei í kilóum talin eingöngu. Andlegt heilbrigði vegur jafn þungt á vogarskálum heilbrigðs lífs og því þurfum við að borða fjölbreytt til njóta,

lifa og leika. Grænmeti og ávextir eru dásamleg gjöf náttúrunnar, en það er súkkulaði líka, sem og rjómi, sykur og smjör. Leyfum okkur að vera til þessa stuttu stund sem lífið tekur að líða. Veljum hollan kost og reynum að hemja græðgina, en sukkum líka annað slagíð því það er svo hrikalega gott, eins og allir þekkja en sumir kjósa að fela og afneita. Lifum heil og heilbriggt, með opnum huga og opinni gátt fyrir ólíkum tækifærum í eldhúsi lífsins.



SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:



Aðalréttur



Hvunn dags og til hátíðabrigða



Skelfiskur



Hvunn dags



Fugla kjöt



Grænmeti



Ávextir

**matur** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. **Ritsjórn:** Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Valgarður Gíslason **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Hrefna Sigurjónsdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir, Roald Eyvindarson, Rut Hermannsdóttir Vera Einarsdóttir, Pórdís Lilja Gunnarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Stefán P. Jones [spj@frettabladid.is](#)



MATREIÐSLUBÓKIN

## Ber með sér framandi blæ

Opið hús – Menning og matur frá Íslandi nútímans, nefnist áhugaverð matreiðslubók sem kom út haustið 2005. Hún er eftir Snæfríði Ingadóttur blaðamann og



Þorvald Örn Kristmundsson ljósmyndara og fjallar meðal annars um þá matarmenningu sem nýir Íslendingar víðs vegar að úr veröldinni hafa fært með sér inn í landið.

Í bókinni er tekið hús á fólki frá þrettán löndum og öllum heimsálfum og rætt við það um aðstæður í heimalandi þess. Forvitnast er um hvað bar það hingað til lands og hvernig því gekk að laga sig að

íslensku samfélagi. Ekki síst er ljósi brugðið á þær matarvenjur sem hver og einn hefur tekið með sér. Birtar eru fjölbreyttar uppskriftir að einföldum og spennandi réttum sem allir geta tileinkað sér.



Ingvar Helgi með hindberjaskyrtertu sem hann gerir oft fyrir afmæli og aðrar veislur.



# SKYR TEKUR VEL UNDIR ALLT BRAGÐ



**Nammi namm!** Þetta er mín eigin uppskrift. Auðvitað eru til margar útgáfur af skyrtertum en ég nota egg því þá verður tertan léttari og ég þeyti þetta vel upp. Ég var lengi að þessu fyrst

en geri þetta blindandi núna,“ segir snilldarskokkurinn Ingvar Helgi Guðmundsson á Salatbar Eika. Hann lætur okkur í té uppskrift að hindberjaskyrtertu sem hann segir mjög vinsæla hjá sér. „Hún er fersk og ég geri hana oft fyrir afmæli, skírnarveislur og alls konar tilefni. Ber eiga mjög vel við skyríð en það er hægt að nota hvað sem er, til dæmis rabarbara. Skyr tekur svo vel undir allt bragð.

Ég var einhvern tímann með skyrtertu í matreiðslukeppni og þýskur dómari sagði að þetta ættu Íslendingar að markaðssetja erlendis. Það er alveg rétt. Við erum að flytja inn tiramisú frá Ítalíu og alls konar tertur frá Bandaríkjunum. Þegar búið er að frysta svona skyrtertu getur hún farið um allan heim og borið hróður íslensks landbúnaðar og matreiðslu um víða veröld.“

### HINDBERJASKYRTERTA

Fyrir 10 manns

#### BOTN

150 g hafrakex  
80 g smjör  
4 msk. kókosmjöl

Bræðið smjórið.

Blandið saman í matarvinnsluvél: kexinu, kókosmjölinu og brædda smjörinu.

Setjið í smelluform og þrýstið vel niður og upp á hliðar formsins. Kælið.

#### FYLLING:

2 stk. egg  
2 msk. sykur  
8 matarlímsblöð  
500 g KEA jarðarberjaskyr  
4 msk. hindberjasulta  
1/4 l þeyttur rjómi

Leggið matarlímið í bleyti í kalt vatn, þangað til að það verður mjúkt. Þeytið saman egg og sykur í matvinnsluvél. Bætið skyrinu út í og síðan hindberjasultunni. Bræðið matarlímið varlega yfir hita, (helst vatnsbaði) en það má ekki sjóða. Hrærið það varlega saman við skyríð og að síðustu þeytta rjómann. Setið í smelluform og kælið í minnst fjóra tíma áður en að skyrtertan er borin fram.



Skerið meðfram tertunni með heitum hníf eða spaða og losið smelluformið. Bræðið rifsberjahlaup varlega, raðið ferskum hindberjum á skyrtertuna og penslið yfir með bráðnu rifsberjahlaupi. Í stað hindberja er hægt að nota jarðarber, skógarber eða bláber.

### VERSLUN SÆLKERANS

## Maður lifandi

Verslunin Maður lifandi sem er til húsa í Borgartúni í Reykjavík og Hæðarsmára í Kópavogi býður upp á fjölbreytt úrval af heilsuvörum. Þar er hægt að kaupa matvöru, fæðubótarefni, snyrtivörur, hreinlætisvörur og líkamsræktarvörur.

Snyrtivörurnar eru vottaðar og án aukaefta og líkamsræktarvörur eins og jógaðýnur og æfingaboltar fást í úrvali. Þá fást bækur, geisladiskar og annað fræðsluefni sem tengist góðri heilsu.

Rík áhersla er lögð á lífrænt ræktað hráefni og boðið er upp á mjólkurlausar, sykurskertar, glútenlausar og gerlausar vörur.

Bæði í Borgartúni og Hæðarsmára er hægt að fá hollan tilbúinn mat til að borða á staðnum, taka með heim eða taka með í vinnuna. Réttirnir eru ýmist heitir eða kaldir. Eins er boðið upp á salatbar, súpu og brauð, heilsute og nýpressaða ávaxta- og grænmetisasa.

Maður lifandi stendur fyrir fjölda námskeiða sem eru til þess fallin að auka þekkingu fólks á mikilvægi hollrar fæðu. Þá eru ráðgjafar á staðnum sem taka á móti fólki til meðferðar. Þetta eru hómópatar og nálastungusérfræðingur.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, verslunarstjóri í Hæðarsmára, segir að rík áhersla sé lögð á að aðstoða viðskiptavini við val á vörum og að veita góða ráðgjöf.







**ALNO** <sup>®</sup> **INNRETTINGAR**

## Aftur við Grensásveg

ELDHÚS • TÆKI • BÆÐ • FATASKÁPAR

Grensásvegi 8 • 108 Reykjavík  
s. 553 6400 • f. 553 6403 • alno@alno.is • <http://www.alno.is>



## LEYNIVOPNIÐ



Hildigunnur hefur gaman af matseld og pikkar upp eitt og annað sniðugt um mat, bæði úr bókum og blöðum.

### Safnar uppskriftum héðan og þaðan

Leikkonan Hildigunnur Þráinsdóttir á sér enga uppáhaldsmatreiðslubók en víðar að sér uppskriftum héðan og þaðan.

„Ég glugga oft í matreiðslubækur þar sem ég rekst á þær og pikka upp eitt og annað. Sama er að segja um uppskriftir sem ég sé í blöðum og tímaritum. Sumt skrifa ég niður en annað legg ég á minnið. Ég hef nefnilega svolítið gaman af því að búa til mat,“ segir Hildigunnur Þráinsdóttir leikkona þegar hún er spurð um sína uppáhaldsmatreiðslubók. Hildigunnur er heimavinnandi eins og er enda eignaðist hún barn undir lok síðasta árs. Nanna Rögnvaldardóttir er nafn sem oftar en einu sinni hefur komið við sögu hjá Hildigunni á jólum. „Ég rakst á uppskrift frá Nönnu Rögnvaldardóttur í blaði fyrir jólin í fyrra. Hún var að gómsætum rétti sem ég hafði í forrétt á aðfangadagskvöld. Ekki nóg með það. Nú fyrir jólin fann ég einhvers staðar uppskrift frá henni að andabringum og þar með reddaðist jólamaturinn í ár. Þannig að Nanna er í miklum metum hjá mér. Það er gaman að taka upp „tips“ frá henni því hún er fagmanneskja. Ég á enga bók eftir hana en það er eitthvað sem ég gæti hugsað mér að fjárfesta í. Svo er hún líka með heimasíðu.“

Spurð hvort hún sanki að sér uppskriftum gegnum netið svarar Hildigunnur: „Ef mig vantar upplýsingar um eitthvað sérstakt fletti ég stundum upp á netinu. Maður þarf ekki að eiga matreiðslubækur til að ná í góðar uppskriftir. Þær geta hins vegar verið fallegar og skemmtilegar að skoða.“

### margt smátt

**HEIMATILBÚIÐ MÚSLI** er hollt og ofboðslega gott. Í það má nota hafra, kókosflögur, sól-blómafræ og svolítið af hörfræjum eða hnetum. Skella síðan með rúsinum, döðlum, eplum eða berjum. Blandað með örlitlu hunangi, dreift á bökunarpappír á plötu og ristað í nokkrar mínútur. Einnig er hægt að forma kökur sem eru góður biti á morgnana með jógúrt eða AB mjólk.



### LÝSI, OMEGA-OLÍUR OG GÓÐ MAT-AROLÍA

eru nauðsynlegar. Við þurfum á hollri fitu að halda fyrir heilastarfsemi, liðamót og meltingu. Lítil börn þurfa einnig fitu og margir velja að setja góða og holla olíu út í barnagrauta. Fyrsta pressun af olíu er venjulega sú hollasta. Hún á að vera í dökkri flösku til að viðhalda gæðum og má alls ekki standa mánuðum saman þar sem hún þránar.

#### SPÍNATID

gaf Stjána bláa ofurkrafta og það er ekki svo fjarri lagi því spínat er stútfullt af steinefnum, járn og vítamíni. Hristingur að morgni með hrísgrjónamjólk, banana, höfrum, epli, vínberjum, möndlum, gulrót og slatta af spínati er algjör vítamínbomba. Grænt grænmeti er lífsnauðsynlegt fyrir heilbrigði í dagsins önn.



1



2



3



1. Engifer er notað í ýmiss konar austurlenska rétti, kryddlög, sósur, súpur og fiskrétti.

2. Engifer er talið hafa ýmis heilsubætandi áhrif og hefur verið notað við fjölmörgum kvillum.

3. Engifer er jarðstöngull engiferplöntunnar og hefur verið ræktaður í þúsundir ára.

4. Þurrkað og malað engifer hefur lengi verið notað á Vesturlöndum, einkum í bakstur og sætindi.

4



### HRÁEFNIÐ: ENGIFER

## Bragðmikil heilsubót

Engifer er jarðstöngull engiferplöntunnar og hefur verið ræktað í Suðaustur-Asíu og víðar í þúsundir ára. Engifer er sætt og bragðmikið og mjög mikið notað í austurlenskri matargerð. Það barst til Evrópu fyrir tíma Rómverja og var mjög algengt krydd á miðöldum.

Þurrkað og malað engifer hefur lengi verið notað á Vesturlöndum, einkum í bakstur og sætindi. Ekki er ýkja langt síðan það fór að fást ferskt í verslunum hér á landi.

Yfirleitt eru langir stönglar eldri og bragðmeiri en styttri. Við notkun er ljósbrúnt hýðið fjarlægð og hæfilegur biti stöngulsins ýmist saxaður, rifinn, skorinn smátt eða steyttur í mortéli. Engifer er notað í ýmiss konar austurlenska rétti, kryddlög, sósur,

súpur og fiskrétti. Það má einnig nota í ýmsa safu og drykki og gefur mjög afgerandi bragð.

Í engifer eru ýmis vítamín og steinefni og hefur það verið eitt af hornsteinum austurlenskra náttúrulækninga í fleiri aldir. Engifer er talið hafa ýmis heilsubætandi áhrif og hefur verið notað við fjölmörgum kvillum. Ýmislegt bendir til þess að það dragi úr hættu á blóðtappa og hafi góð áhrif á gigt. Engifer hefur einnig verið notað við ógleði og ferðaveiki auk þess sem það er slímlosandi.

Grasalæknar okkar tíma mæla með engifer í sama tilgangi og gert var fyrr á öldum og er það einkum notað gegn kvefi, influensu og ýmiss konar röskun á meltingu.



## SÚKKULAÐI FYRIR SÁLINA

Súkkulaði er gert úr kakóbaunum sem vaxa í fræpokum á kakótrénu Theobroma cacao en gríska orðið „theobroma“ þýðir „fæða guðanna“.

Upphaflega var súkkulaðis einkum neytt í fljótandi formi en um miðja nítjándu öld var farið að framleiða súkkulaði í föstu formi þegar mönnum tókst að vinna kakósmjör úr kakóbaunum.

Súkkulaði er mjög orkuríkt og yfir þrjátíu prósent af innihaldi þess er fita. Rúmlega helmingur fitunnar er mettuð fita sem tengist hjarta- og æðasjúkdómum og því er varasamt að neyta súkkulaðis úr hófi fram. Þrátt fyrir þetta inniheldur súkkulaði ýmis vítamín og steinefni. Dökkt súkkulaði er fullt af járn, magnesíum og kopar og inniheldur auk þess eitthvað af B-vítamínum. Í ljósu súkkulaði eru að auki þau næringarefni sem finna má í mjólk eins og kalk og fleiri B-vítamín en það inniheldur þó minna járn. Í súkkulaði er einnig aminosýran tryptófan sem notuð er í framleiðslu á taugaböðefninu serótónín sem



getur kallað fram gleðitilfinningu. Fenýletílamín er annað efni í súkkulaði sem örvað getur gleðistöðvar í heilanum og aukið á tilfinningar tengdar kynferðis-

legri spennu. Þessi efni eru þó einungis í litlu magni í súkkulaði og því ólíklegt að neysla þess framkalli þau áhrif sem nefnd eru hér á undan.

Það sem þó hefur vakið einna mesta umræðu um súkkulaði og hugsanlega hollustu þess eru fjölphenólar sem er fjölbreyttur hópur efna sem finna má víða í jurtaríkinu og í rauðvíni svo eitthvað sé nefnt. Þessi efni finnast einnig í kakóbaunum en vegna andoxunareiginleika þeirra geta þau haft hjartaverndandi áhrif öfugt við mettuðu fituna sem einnig er í súkkulaði. Dökkt súkkulaði inniheldur meira af fenólum en rauðvín og því mætti ráðleggja fólki að borða dálítið af dökku súkkulaði líkt og stundum er ráðlagt að drekka smá rauðvín.

Ljóst er því að súkkulaði hefur sína kosti og galla en líklega er best að leyfa sér að njóta þess en þó á skynsamlegan hátt. Eða eins og orðatiltækið segir, allt er best í hófi.

[Heimild: <http://www.visindavefur.hi.is>]





# Kaffið frá Te & Kaffi

Te & Kaffi býður nú þrjár gæðablöndur í hagkvæmum 400 g umbúðum. Þú finnur kaffi við þitt hæfi frá Te & Kaffi í verslunum um land allt.

**stundin - bragðið - stemningin**









húsgögn / ljós / gjafir



opið í dag kl. 13-16

# nýr sófi í exó

play sófinn í mörgum stærðum og gerðum

Reykjavík / Oslo



Fákafen 9  
Sími: 568 2866  
exo@exo.is  
www.exo.is



# HOLLT & GOTT ÞRÍR LYSTUGIR AÐALRÉTTIR



## BOÐIÐ SKUTL á umferðareyju í hádeginu

Þórður Ólafsson smiður hefur verið grænmetisæta í tæplega fimm ár og er mun orkumeiri fyrir vikið. „Ég byrjaði að stunda jóga og gerðist grænmetisæta í kjölfarið. Síðan datt jógaíðkunin upp fyrir en síðan þá hef ég hvorki fengið lyst á kjöti né fiski,“ segir Þórður Ólafsson smiður.

Hann hefur safnað að sér ýmsum grænmetisréttum til að auka fjölbreytni í fæðinu og meðal annars farið á matreiðslunámskeið hjá Sollu í Grænum kosti. „Uppistaðan í mínu fæði er mjög fjölbreytt. Ég borða mikið af mjólkurvörum auk þess sem brauðmatur kemur líka við sögu. Í kvöldmat elda ég til dæmis pasta eða baunarétti, auk þess sem mér finnst fljótlegt og gott að fá mér grænmetisbúritos, eða grænmetisbuff. Upp á síðkastið hef ég síðan verið að elda þetta grænmetislasanja sem ég bauð upp á núna,“ útskýrir Þórður, sem segist vera eina grænmetisætan í fjölskyldunni. „Kæranastan mín hefur neyðst til að



Grænmetislasanja er gjarnan á borðum Þórðar Ólafssonar sem hefur verið grænmetisæta síðastliðin fimm ár.

fara aðeins út í þetta þegar við eldum saman. Stundum eldar hún líka kjöt,“ segir Þórður sem segist þó borða steik um jóln. „Hnetusteikin með jólameðlæti er í mestu uppáhaldi hjá mér, en ég borða hana samt bara til hátíðabrigða,“ segir Þórður sem fær oft spurningu um hvort hann sé ekki oft slappur. Sannleikurinn sé hins vegar allur annar. „Ég er mun orkumeiri eftir að ég

gerðist grænmetisæta svo það er ástæðan fyrir því að ég er grænmetisæta auk þess sem hún er að einhverju leyti síðferðisleg,“ segir Þórður og bætir við hlæjandi: „Síðan eru nokkrir sem halda að ég borði eingöngu grænmeti og hafa þá spurt hvort eigi að skutla mér á umferðareyju í hádegismat, en sem betur fer er mikið af góðum og hollum mat í boði svo ég slepp við það.“ - rh

## Ayurvedískt MATARÆÐI

Helena Stefánsdóttir, kvikmyndaleikstjóri og eigandi lífræna kaffihússins Hljómalindar, hefur verið grænmetisæta í tuttugu og fimm ár.

Ayurveda-mataræðið tengist tantra-jóga sem Helena hefur stundað í sex ár. „Ég borða ekki kjöt, fisk, egg, lauk, hvítlauk eða sveppi og neyti ekki áfengis. Þessar tegundir draga úr áhrifum hugleiðslu og hafa slæm áhrif á mína andlegu heilsu. Laukurinn hefur ákveðin áhrif á miðtaugakerfið sem fer ekki vel við andlega ástundun á borð við jóga. Hvítlauk nota ég hins vegar sem lyf en ekki í mat,“ segir Helena sem smám saman missti áhugann á kjöti. „Þetta var ekkert síðferðislegt á þeim tíma en er það að vissu leyti í dag. Þegar ég fór að stunda jóga breyttist mataræðið í kjölfarið og það gerðist nánast sjálfkrafa,“ segir Helena og bætir við að fleiri í fjölskyldunni borði eins. „Maðurinn minn og yngsta dóttir eru á sama mataræði. Síðan á ég tvo unglunga sem borða það sem þeim sýnist og það er fullur skilningur á því,“ segir Helena, en báðir foreldrar hennar eru grænmetisætur. „Ég er ekki alin upp sem grænmetisæta, en ég og pabbi erum oft með svipaðar pælingar og hann er kominn á sama fæði og ég. Mamma er bara venjuleg grænmetisæta,“ segir Hel-



Bökur eru í miklu uppáhaldi á heimili Helenu þar sem gott fransk salat tónar grænmeti og speltbotn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ena sem býður lesendum upp á dýrindis böku með salati. „Ég bjó í Frakklandi í fimm ár og þar lærði ég að gera ýmsar bökur og salöt. Þær eru í miklu uppáhaldi í fjölskyldunni og eru á matseðlinum nokkrum sinnum í mánuði. Hins vegar eru oft laukur og egg í þessum frönsku böku en ég sleppi því bara og hef líka spelti í

stað hveitis,“ útskýrir Helena sem á það til að eyða dágóðum tíma í eldhúsinu. „Grænmetisfæði er fyrir löngu orðið mér eðlilegt svo ég er kannski ekki í neinni tilraunastarfsemi. En það kemur fyrir að ég eyði dágóðum tíma í eldhúsinu, þetta fer svolítið eftir tímabilum í lífi mínu,“ segir Helena sem eldar ýmsa baunarétti, tófú, grænmeti ásamt pastaréttum en segist þó alls ekki vera eingöngu í hollustunni. „Ég nota langoftast lífrænt hráefni. Samt leyfi ég mér alveg nammi og fransk-ar eins og aðrir og er langt í frá fullkomin þegar kemur að mataræðinu,“ segir Helena brosandi. - rh



### UPPÁHALDS GRÆNMETISBAKAN MEÐ SALATI

**FYLLING:**  
4 meðalstórar kartöflur (250 g)  
1 lítil sæt kartafla (200 g)  
2 gulrætur (150 g)  
150 g spergillkál  
1/2 rauð paprika  
30 g bankabygg frá Móður jörð  
200 g rjómaostur  
50 g enskur cheddar-ostur  
150 g ferskt spínat  
2 stílkar fersk steinselja  
1/4 múskaðhnet  
salt á hnífsoddi  
pipar á hnífsoddi  
1 kúfyll tsk. kókosolía  
1 lítið vatnsglas

Skrælið sætu kartöfluna og gulræturnar ef þarf. Grænmetið skorið í bita, nema spínatið. Líttsteikt í yfir. Hellið vatni á pönnuna og bætið rjómaosti út í. Þegar hann

hefur bráðnað, bætið við cheddar-ostinum og spínatinu. Rífið múskaðhnetuna með grófu rifjárn, klippið steinseljuna út í og stráið pipar yfir. Takið pönnuna af hitanum og gerið deigið.

**DEIG:**  
200 g gróft spelti  
100 g mjúkt smjör  
1/2 dl kalt vatn  
salt á hnífsoddi

Setjið spelti í skál og stráið salti yfir. Myljið smjórið yfir og blandið varlega saman með fingrunum. Hellið vatninu út í og þjappið deiginu varlega í góða kúlu – ALLS EKKI hnoða eða þjappa of mikið. Stráið dálitlu spelti á borðið, fletjið út deigið og setjið í gott bökuform.

Ekki má gleyma að stinga 10-12 göt á botninn með

gaffli. Setjið fyllinguna í deigið, rífið ost yfir og bakið við 200 gráður á yfir- og undirhita í 30 mín.

**FRÖNSK DRESSING:**  
1 tsk. sterkt sinnep  
Tæplega 1 tappi balsamik-edik eða rauðvínsedik  
1 tsk. hunang  
1/2 dl ólívuolía  
Salt á hnífsoddi

Hrærið öllu vel saman með gaffli, nema ólíunni. Bætið ólíunni rólega saman við og hrærið vel um leið.

**SALAT:**  
Fersk spínatblöð  
Íssalat  
Ristuð sólblómafræ, furuhrnetur og/eða graskersfræ

Allt hráefnið sem Helena notar er lífrænt. Rétturinn



### SPELT-LASANJA MEÐ KÓKOSMJÓLK

1 pakki spelt-lasanja  
1 dós kókosmjólk  
1 þokkalegt oststykki (einhver bragðsterkur), magn eftir smekk til dæmis nokkrar ostsneiðar af venjulegum osti líka.  
10-12 stk. tómatar  
Smá ólívuolía  
2 stk. hvítlauksrif  
1 búnt fersk basilíka  
Salt og pipar eftir smekk



Kókosmjólk og bragðsterkur ostur (til dæmis geitaostur) í matvinnsluvél og

hrært vel saman. Hvítlauksrifin skorin smátt og hrært saman við ólíuna, basilíkuna, saltið og piparinn. Smá olíu í botninn á eldföstu móti og byrja síðan að fylla í þessari röð:

Punnt lag af kókosgumsinu, síðan lasanja-plötur, og lag af tómötum (skornir í skífur). Dreifið smá af olíuhrærunni með basilíkunni og byrjið upp á nýtt. Setjið ostsneiðarnar efst. Bakist við 200° í 25 mín., með álpappír yfir og síðan í aðrar 7 mínútur án



# allt *atvinna*

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ



## Störf á Selfossi í fjölskylduvænu starfsumhverfi

### Áhugaverð störf hjá Árvirkjanum, Selfossi

Óskum eftir að ráða í eftirfarandi störf hjá Árvirkjanum;

- \* **Rafmagnstækniþjálfing/ rafiðnfræðing**, sem annast mun tilboðsgerð og frágang samninga, eftirfylgni verkferla, eftirlit með framkvæmdum, innkaup auk annarra áhugaverðra verkefna.
- \* **Rafeindavirkja/rafvirkja**, sem annast munu fjölbreytilega tækniþjónustu m.a. uppsetningu á öryggiskerfum og loftnetum.
- \* **Sölumann í verslun Árvirkjans**, sem annast mun móttöku viðskiptavina, ráðgjöf við vöruval og frágang sölu auk annarra fjölbreytilegra verslunarstarfa.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi ofangreinda menntun, en reynsla af sambærilegum störfum er kostur. Áhersla er lögð á nákvæm og skipuleg vinnubrögð, faglegan metnað, frumkvæði, reglusemi, þægilega framkomu og þjónustulipurð.

Í boði eru áhugaverð störf hjá traustu og rótgrónu fyrirtæki í fjölskylduvænu starfsumhverfi. Aðstoðað verður við útvegum húsnæðis ef svo ber undir.

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Guðný Harðardóttir**, gudny@stra.is og **Gunnar H. Ársælsson**, gunnar@stra.is hjá STRÁ MRI svara fyrirspurnum, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið umsóknir/ starfsferilskrár til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is) ásamt viðeigandi gögnum. Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Upplýsingar má einnig nálgast á heimasíðu [www.stra.is](http://www.stra.is).



Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Fagmennska í yfir 20 ár



Þú þarft ekki að leita lengra

[www.stra.is](http://www.stra.is)



Við finnum þann eina rétta

[www.stra.is](http://www.stra.is)





Siglingastofnun Íslands er þjónustustofnun sem skapar hagkvæmar aðstæður til siglinga og fiskveiða og vinnur að öryggi á sjó og strand-svæðum.

Nánari upplýsingar má finna á [www.sigling.is](http://www.sigling.is)

## FULLTRÚI - BÓKARI

Siglingastofnun Íslands óskar eftir að ráða starfsmann til að sinna bókhalds- og innheimtustörfum fyrir stofnunina.

### Starfssvið

- Almenn bókhaldsstörf í fjárhags- og verkbókhaldi
- Útskrift reikninga
- Umsjón með innheimtu
- Umsjón með skipa- og vitagjöldum
- Aðstoð við launakeyslu

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Bókhalds- og tölvuþekking
- Reynsla af launaskráningu æskileg
- Kunnátta í Excel
- Nákvæmni, þjónustulipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Yr. Árnadóttir ([sigrun.yr.arnadottir@capacent.is](mailto:sigrun.yr.arnadottir@capacent.is)) og Elmar Bergþórsson ([elmar.bergthorsson@capacent.is](mailto:elmar.bergthorsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

## VERKEFNASTJÓRI

Staða verkefnastjóra hjá framkvæmdadeild Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

### Starfssvið

- Sér um endurskoðun og útgáfu upplýsinga og leiðbeininga framkvæmdadeilda
- Vinna við umsóknir og samræmingu útboða
- Vinna við rekstur kerfa fyrir nýbyggingar vega og samræmingu á eftirliti Vegagerðarinnar, um skráningu og viðhald upplýsinga um verktaka og einingaverð

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tæknifræði eða verkfræði
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góð tök á íslensku máli, hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is).

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Örugg framtíðarstörf í álframleiðslu

Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls eru nú orðnir ríflega 400 og gangsetning álversins við Reyðarfjörð er vel hálfnuð. Við eigum enn eftir að ráða nokkra starfsmenn á vaktir í skautsmiðju, kerskála og steypuskála.



Heimsmet slegið í samfelldri, láréttri T-barrasteypu: Fjórir barrar á færibandinu þokast nær.

Kynntu þér Austurland tækifæranna á [austurat.is](http://austurat.is)



**AUSTURLAND**  
TÆKIFÆRANNA

### Fjölbreytni og fjölhæfni

Framleiðslustörfin í álverinu eru fjölbreytt. Unnið er í teymum og áhersla er lögð á fjölhæfni starfsmanna. Starfsumhverfið býður upp á víðtæka þjálfun og tækifæri til símenntunar og starfsþróunar eru óviða fleiri.

### Góðar og tryggar tekjur

Framleiðslustarfsmenn vinna á tólf tíma vöktum og hafa góðar, tryggar tekjur. Vaktafyrirkomulagið veitir jafnframt möguleika á aukavöktum og viðbótartekjum fyrir þá sem óska þess.

### Öflug starfsmannabjónusta

Fjarðaál býður starfsmönnum akstur til og frá vinnu og mat í glæsilegu mötuneyti. Starfsmenn hafa aðgang að víðtækri velferðarþjónustu sem nær meðal annars til líkamsræktar og lækniþjónustu.

### Auðveldur búferlaflutningur

Fjarðaál veitir þeim sem flytja inn á svæðið margháttaðan stuðning. Starfsmenn fá jafnframt ákveðinn fjölda flugmiða með Flugfélagi Íslands á mjög hagstæðum kjörum.

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin [sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is](mailto:sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) / [tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is) eða skráðu umsókn þína á [www.capacent.is](http://www.capacent.is) og haft verður samband við þig.

**capacent**  
RÁÐNINGAR





# SPENNANDI STÖRF AKUREYRI

Vegna aukinna umsvifa á Akureyri óskar EJS eftir að ráða starfsmenn.

EJS er rótgróið og framsækið þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni. Það leggur metnað sinn í að þjóna íslensku atvinnulífi með því að bjóða fyrsta flokks tækniþjónustu og upplýsingatækni frá heimsþekktum framleiðendum eins og DELL, EMC, SUN, Microsoft, NCR, Cisco, Trend Micro, Alcatel-Lucent og Pointsec. Hjá EJS starfa helstu sérfræðingar landsins í upplýsingatækni og er heildarfjöldi sérfræðinga nú um 130.

Leiðarljós EJS er "það er til lausn á öllu"

## Víðnetssérfræðingur

### Starfssvið

- Umsjón og rekstur á víðnetsbúnaði viðskiptavina
- Þjónusta við rekstur Internetveitu EJS Akureyri
- Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavinum á sviði víðnetslausna
- Önnur tilfallandi störf

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Tæknimenntun er kostur
- Góð þekking á víðnetsbúnaði og hugbúnaði/stýrikerfum (Unix, Linux, Cisco)
- Samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

## Tæknimaður á verkstæði

### Starfssvið

- Viðgerðar- og notendabjónusta
- Uppsetning á nýjum notendaforritum
- Viðhald og viðgerðir á tölvum og tengdum búnaði
- Önnur tilfallandi störf

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun í rafeindavirkjun æskileg, en ekki skilyrði
- Góð þekking á vélbúnaði og hugbúnaði æskileg
- Samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

## Microsoft sérfræðingur

### Starfssvið

- Þjónusta við upplýsingakerfi viðskiptavina
- Þjónusta við kerfisleigunotendur EJS
- Þjónusta og ráðgjöf við viðskiptavinum á sviði Microsoft lausna
- Önnur tilfallandi störf

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Gráða frá Microsoft eða önnur tæknimenntun er kostur
- Þekking á vélbúnaði og hugbúnaði (XP, Vista, Windows 2003 server, Exchange 2003)
- Samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

EJS rekur öflugt útibú á Akureyri, en þar eru nú 22 starfsmenn. Þjónusta EJS nær til allra hliða nútíma upplýsinga- og samskiptatækni s.s. sölu og þjónustu á heimsþekktum vél- og hugbúnaði, ráðgjöf, rekstrarþjónustu og hýsingu og nær þjónustan til Norður- og Austurlands.

Umsjón með störfunum hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Halla Björk Garðarsdóttir (halla.gardarsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störf á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

Elkem er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu á málmum og málmblandi á heimsvísu. Velta Elkem árið 2006 var ca. 106 milljarðar ISK. Fyrirtækið er með framleiðslu í Evrópu, Suður Ameríku, Suður Afríku og Asíu, auk þess er Elkem með sterkt net söluskrifstofa út um allan heim. Hjá fyrirtækinu starfa ca. 2960 starfsmenn og eru þeir hluti af Orkla Group, sem er Norskt almenningshlutafélag.



## Vilt þú vinna við framtíðarlausnir í umhverfismálum?

Framleiðsla og starfsemi Elkem er knýjandi afl í vitundarvakningu almennings í umhverfismálum. Ál og kísill draga úr þyngd og orkunotkun í samgöngum. Vatnsaflsvirkjanir og sólarrafilar eru umhverfisvænar og endurnýjanlegar orkulindir. Elkem er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki sem leitar tækifæra og vaxtarmöguleika innan sem utan hefðbundinna viðskiptasviða. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Elkem leggur metnað sinn í framleiðslu á hágæða málmblandi og leggur ríka áherslu á að mæta ýtrustu kröfum viðskiptavina sinna. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á að valda sem minnstri röskun á náttúrunni og skapa öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína.

## Elkem leitar að:

# Forstjóra á Íslandi / Plant Manager

### Í boði er:

Ein markverðasta og mest spennandi stjórnunarstaða innan Elkem. Eftir 3.4 milljarða króna fjárfestingu í nýrri framleiðslulínu verður Elkem nútímalegasta málmsteypiverksmiðja sem fyrir finnst. Að flutningum framleiðslunnar frá Noregi loknum verður verksmiðjan flaggskip Elkem í framleiðslu málmblandis. Við bjóðum samkeppnishæft launaumhverfi, þátttöku í alþjóðlegu stjórnendateymi og einstakt tækifæri til starfsþróunar.

### Starfssvið:

- Stefnumótun í framleiðslu og markaðssetningu málmsteypuafurða
- Stýra rekstri í samræmi við framleiðsluferli Elkem sem byggja á framleiðsluferlum Toyota
- Keyra áfram vöru-, markaðs- og viðskiptaþróun
- Innleiða gæða-, umhverfis-, öryggisstefnu og stjórnunarhætti, í samræmi við ströngustu kröfur Elkem
- Viðhalda og þróa tengsl við almenning á Íslandi og samfélag heimamanna
- Ýta undir starfsþróun starfsmanna og byggja upp fyrirtæki á heimsmeðalvarða
- Þróa sterkt stjórnendateymi
- Svara til stjórnar Íslenska járnblendifélagsins og aðalstöðva Elkem

### Hæfniskröfur:

- Verk- og/eða tæknifræði gráða, framhaldsmenntun kostur
- Að minnsta kosti 10 ára stjórnunarreynsla í framleiðslufyrirtæki
- Þekking á gæða- og ferlastjórnun
- Mjög góð íslensku og enskukunnátta, kunnátta í norðurlandamáli kostur
- Leiðtogaþæfileikar og þekking á íslensku viðskiptaumhverfi
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Hæfileiki til að byggja upp teymi og liðsanda

Umsjón með starfinu hafa Hilmar G. Hjaltason ([hilmar.hjaltason@capacent.is](mailto:hilmar.hjaltason@capacent.is)) og Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR



# Vinna - vinna - vinna...

## **Hefur þú gaman af því að elda?** 565270

Útivistarsvæði í nágrenni Reykjavíkur óskar eftir starfsmanni í fullt starf. Helstu verkefni eru að elda mat fyrir starfsmenn svæðisins, veitingasala, almenn þrif og önnur tilfallandi störf. Um 100% starf er að ræða. Einungis er unnið yfir vetrartímann. Leitað er að sjálfstæðum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af matreiðslu. Ráðið verður í starfið fljótlega.

## **Endurmenntun - umsjón með veitingum** 565266

Endurmenntun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða til sín jákvæðan og röskan einstakling. Vinnutími er virka daga frá kl. 8:00/9:00-16:00/17:00. Í starfinu felst að hafa umsjón með veitingum fyrir nemendur Endurmenntunar, ásamt léttum þrifum. Leitað er að snyrtilegum einstaklingi sem býr yfir frumkvæði og hefur góða yfirsýn. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

## **Verkstæðisvinna hjá Björgun** 565260

Fyrirtækið Björgun er frumkvöðull að byggingu bryggju- og strandhverfa hér á landi auk þess að dæla jarðefnum upp af hafsbotni m.a. til frekari vinnslu í landi. Fyrirtækið óskar eftir að ráða járníðnaðarmann á verkstæði. Vinnutími er mánudaga - fimmtudaga frá kl. 7:30-18:00 og föstudaga frá kl. 7:30-16:00 með möguleika á yfirvinnu. Leitað er að hraustum, jákvæðum og áreiðanlegum einstaklingi.

## **Vöruhús** 565251

Traust þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í vöruhús sitt á svæði 104 í Reykjavík. Í starfinu felst vörumóttaka, tiltekt og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi. Möguleiki er að vinna sig upp í starfi. Leitað er að þjónustulunduðum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og er góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa góða almenna tölvuþekkingu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-18:00 og laugardaga eftir samkomulagi. Einnig er í boði vaktavinna. Ráðið verður í starfið fljótlega.

## **Starfsmaður í framleiðslu** 565298

Promens Tempa ehf. leitar að nýjum liðsmanni til að starfa í hópi starfsmanna í framleiðslu. Meginframleiðsla Promens Tempu ehf. er húsaeinangrun og umbúðir úr EPS (frauðplast). Leitað er að samviskusömum, stundvísu og ábyrgum einstaklingi til starfa. Fyrirtækið sér starfsmönnum fyrir hádegisverði. Unnið er á vöktum alla virka daga og skiptast vaktir þannig að unnið er eina viku frá kl. 08:00-16:00 en hina vikuna frá kl. 16:00-02:00 mánudaga - fimmtudaga og frí á föstudögum. Ráðið verður í starfið strax.

## **Veislur - fundir - undirbúningur** 565230

Félagasamtök óska eftir að ráða til sín jákvæðan og duglegan einstakling í eldhús. Starfið felur í sér að taka til veitingar fyrir fundi og ráðstefnur, bakstur, þrif og annan frágang. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-14:00. Einungis er unnið frá 15. september til 15. maí og frí yfir sumarið. Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af starfi í mötuneyti.

## **Uppsetning á plakötum o.fl.** 565307

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða til sín starfsmann í útteild. Í starfinu felst að setja upp auglýsingar í skýli, sjá um þrif og létt viðhald á þeim og annað sem til fellur. Viðkomandi fær bíl frá fyrirtækinu og þarf að vera á ferðinni um höfuðborgarsvæðið. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:30-16:00.

## **Matreiðsla - hlutastarf** 565269

Útivistarsvæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins óskar eftir starfsmanni í hlutastarf. Starfið felst í að matreiða fyrir starfsmenn svæðisins, innkaup og önnur tilfallandi störf. Leitað er að sjálfstæðum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Kostur ef viðkomandi hefur einhverja reynslu af matreiðslu. Vinnutími er frá kl. 10:00-15:00. Einungis er unnið yfir vetrartímann. Ráðið verður í starfið fljótlega.

## **Aðstoðarveitingastjóri** 565299

American Style óskar eftir aðstoðarveitingastjóra til starfa. Aðstoðarveitingastjóri er yfirmaður á staðnum og einnig virkur starfsmaður í afgreiðslu og þjónustu. Í starfinu felst m.a. að sjá um að manna vaktir, skipuleggja matar- og kaffipásur, þrif og uppgjör. Unnið er á vöktum, 2 daga aðra vikuna og 5 daga hina. Leitað er að einstaklingi sem er duglegur, getur unnið undir álagi, er þjónustulundaður og heilsuhraustur.

## **Ertu eldri en 65 ára og viltu vinna?** 565238

Bílaumboð óskar eftir að ráða til sín starfsmann eldri en 65 ára, sem verktaka í tímavinnu frá klukkan 16:00-18:30 alla virka daga. Í starfinu felst að raða bílum á planinu samkv. ákveðnu skipulagi. Einnig þarf viðkomandi að huga að fánum utanhúss og að planið sé snyrtilegt. Mögulegt er að það þurfi að vinna að auki á morgnana frá kl. 7:30-9:00 - fjórar fyrstu vikurnar í starfi.

## **Starfsmaður í tæknideild** 565242

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem selur, setur upp og sér um viðhald á öllum öryggislausnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki, óskar eftir starfsmanni í tæknideild. Starfið felst í uppsetningu og viðhaldi á öryggisbúnaði ásamt tilfallandi störfum. Leitað er að nákvæmum einstaklingi sem er menntaður rafvirki/rafeindarvirki eða er nemi í rafeindavirkjun og vill starfa hjá fyrirtæki sem hefur vandvirkni og fagmennsku að leiðarljósi.

## **Starfsmaður á lager** 565297

Heilsa ehf. óskar eftir starfsmanni á lager. Í starfinu felst móttaka á vörum, frágangur í hillur, að taka niður pantanir í síma, tiltekt, uppröðun og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi. Leitað er að hressum, jákvæðum og vandvirkum starfsmanni sem er góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og búa yfir frumkvæði. Kostur að hafa reynslu af starfi á lager eða í verslun. Vinnutími er virka daga frá kl. 8:00-16:00/17:00 með möguleika á yfirvinnu. Um er að ræða framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

## **Blóma- og gjafavöruverslun í Grafarholti** 565287

Starfsmaður óskast í blóma- og gjafavöruverslun. Starfið felur í sér afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavinum og önnur tilfallandi störf. Leitað er að snyrtilegum og sjálfstæðum einstaklingi sem hefur gaman af mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi.

## **Lager – RV** 565268

Rekstrarvörur óska eftir að ráða morgunhressan og samviskusaman einstakling á lager RV. Í starfinu felst tiltekt á vörum, umhirða á lager og önnur skyld lagerstörf. Lyftarapróf er æskilegt. Um framtíðarstarf er að ræða með góðri liðsheild. Mötuneyti er á staðnum.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAHJÁ VINNA.IS



# .....meiri vinna!

## Matreiðslumaður 565305

Framsækið fyrirtæki óskar eftir matreiðslumanni sem getur annast veitingadeild í ferðamannageiranum. Kostur er ef viðkomandi býr á Suðurlandi. Reynsla af matreiðslu nauðsynleg. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnun. Leitað er að sjálfstæðum einstaklingi sem er jákvæður, drífandi og góður í mannlegum samskiptum. Vinnutími samkomulag.

## Verkstjóri 565226

Eldhús – matsalir, Landspítalinn óskar eftir að ráða verkstjóra í uppþvott og matargerð. Í starfinu felst skipulagning og stjórnun í deild. Verkstjóri tekur þátt í daglegum störfum starfsmanna og er ábyrgur gagnvart deildarstjóra og/eða forstöðumanni. Um vaktavinnu er að ræða. Leitað er að einstaklingi sem hefur skipulagshæfileika, er ábyrgur, heiðarlegur og góður í mannlegum samskiptum. Matartækni- eða matreiðslumenntun er kostur.

## Sala og afgreiðsla í tölvuverslun 565296

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig m.a. í smásölu á tölvum og tölvubúnaði óskar eftir starfsmanni í sölu og afgreiðslu. Leitað er að brosmildum starfsmanni sem hefur gaman af mannlegum samskiptum og vill vinna í umhverfi með skemmtilegum og léttum starfsanda. Vinnutími er frá kl. 10:00-18:00 virka daga.

## Gleriðnaður 565279

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu sem sérhæfir sig í framleiðslu og sölu á vörum úr gleri óskar eftir iðnverkamanni til starfa. Starfið felur í sér ýmsa sérvinnslu á gleri, s.s. sandblástur og borun auk vinnu á tölvustýrðu borði við skurð á gleri. Leitað er að einstaklingi sem er handlaginn, hefur góða framkomu og er góður í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa einhverja tölvuþekkingu. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 08:00-17:00.

## Tískuverslun 60-70% starf 565254

Tískuverslun í Kringlunni óskar eftir að ráða til sín öflugan sölumann í 60-70% starf. Vinnutími eftir samkomulagi. Leitað er að einstaklingi eldri en 25 ára sem hefur mikinn áhuga á tísku og hefur mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Ráðið verður í starfið fljótlega.

## Ræsting með ábyrgð - hlutastarf 565304

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í ræstingum óskar eftir að ráða til sín flokkstjóra í ræstingar á svæði 104. Starfið felur í sér umsjón, undirbúning og stjórnun á verkstað ásamt ræstingum. Viðkomandi þarf einnig að sjá um þjálfun nýrra starfsmanna og samskipti við viðskiptavini. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 16:00 og starfshlutfall er 25–50%. Leitað er að sjálfstæðum og þjónustulundduðum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum.

## Starf við töfluslátt 565302

Actavis óskar eftir starfsmanni í töfluslátt. Starfið felur í sér framleiðslu á töflum og hylkjum, sýnatöku og framleiðslueftirlit, samsetningu og umsjón með vélbúnaði. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir hæfni til að tileinka sér starfsemi á flóknum vélbúnaði. Unnið er á þrískiptum vöktum, viku í senn á dag- og kvöldvöktum og 6. hverja viku á næturvakt.

## Lyftarapjónusta 565306

Stórt og öflugt þjónustufyrirtæki óskar eftir vönum starfsmanni í lyftarapjónustu. Í starfinu felast viðgerðir og þjónusta á nýjum og notuðum tækjum. Leitað er að vélvirkja eða sambærilegri menntun og/eða starfsmanni með mikla reynslu. Vinnutími er frá kl. 8:00-18:00 virka daga með möguleika á mikilli yfirvinnu.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAR HJÁ VINNA.IS

Vinna.is  
Sími 511-1144  
www.vinna.is



## Rafiðnaðarmaður / starfsnemi



Hjá Securitas starfa um 400 manns og er fyrirtækið eitt af stærstu fyrirtækjum landsins. Höfuðstöðvar Securitas eru í Reykjavík og stjórnstöð Securitas er á Neyðarlínunni 112. Einnig er Securitas með starfsemi á Akureyri, í Borgamesi, á Selfossi og Austfjörðum.

Starfsmenn Tæknisviðs eru um 90. Starfssvið þeirra eru uppsetningar, viðhald og reglubundnar skoðanir öryggiskerfa fyrir viðskiptavinum. Fyrirtækið leggur ríka áherslu á góð starfsskilyrði og möguleika starfsmanna til að vaxa og dafna í starfi.

www.securitas.is

### Vegna aukinna verkefna þarf Tæknisvið Securitas enn að bæta við sig rafiðnaðarmönnum.

Vilt þú vinna í fjölbreyttu, skemmtilegu og hreinlegu umhverfi? Á meðal verkefna eru myndavélakerfi, innbrot- og brunaviðvörðunarkerfi og aðgangsstýri- og hússtjórnarkerfi. Tæknisvið rekur einnig þjónustuver sem aðstoðar viðskiptavinum og tæknimenn.

#### Það sem þú þarft að hafa:

- Sveinspróf í rafvirkjun, rafeindavirkjun eða símsmíði
- Almenna tölvukunnáttu
- Enskukunnáttu
- Þjónustulund og ánægju af samvinnu
- Áhuga á að auka þekkingu í starfi

#### Í boði er:

- Góð sérhæfð þjálfun fyrir starfið
- Stöðug símenntun
- Fyrirmyndar starfsaðstaða
- Tækifæri til sérhæfingar
- Góð laun fyrir rétta aðila

Athugið, getum einnig bætt við okkur fagnemum.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 21. janúar nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elísabet S. Arndal, ráðgjafi hjá Hagvangi. Netfang: elisabetsa@hagvangur.is



- við ráðum



## Tækifæri og möguleikar!

Er verið að leita að þér?

Við tengjum gott fólk og góð fyrirtæki.

Skráðu þig á [www.abendi.is](http://www.abendi.is)



Hlíðasmára 8 // 201 Kópavogur // 517 5050 // [abendi@abendi.is](mailto:abendi@abendi.is) // [www.abendi.is](http://www.abendi.is)



## Rafvirkjar

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almennar raflagnir og tölvulagnir.

Upplýsingar í síma 517 6900 eða 660 6901 á skrifstofutíma 9 til 17  
netfang: [fagtaekni@fagtaekni.is](mailto:fagtaekni@fagtaekni.is)

## Skólaritari - hlutastarf

565303

Menntastofnun í Reykjavík óskar eftir að ráða skólaritara til starfa.

Um 57% starf er að ræða frá kl. 12:30-16:30. Viðkomandi þarf einnig að vera tilbúinn að vinna tvo daga í viku f.h. á álagstímum frá sept-okt. og síðan í apríl-maí ár hvert. Í starfinu felst m.a. tölvubókhald, skráning, tölvuvinnsla, símavarsla auk samskipta við nemendur, foreldra og kennara.

Leitað er að traustum, röskum og snyrtilegum starfsmanni með góða kunnáttu í Word og Excel. Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt, verið sveigjanlegur í hugsun og með mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Hefja þarf störf um miðjan mars n.k. Í boði er góður vinnustaður miðsvæðis í Reykjavík. Sumarfrí eru löng og er starfsmaðurinn á fullum launum allan tímann.

Skráning og upplýsingar á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

Vinna.is  
Sími 511-1144  
[www.vinna.is](http://www.vinna.is)



## Upplýsingatækni Verkefnastjórar



### Fyrir alla

Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er sem vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru 21 á landsvísu.

Í verslunum okkar höfum við á boðstólum yfir 100.000 vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 1000 manns á öllum aldri.

Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

### Húsasmiðjan óskar eftir öflugum verkefnastjórum

#### Verkefnastjóri - Viðskiptaferlar

##### Ábyrgðasvið:

Undirbúningur og stýring á innleiðingu nýrra kerfa ásamt vinnu við núverandi kerfi.

##### Hæfniskröfur:

Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði.

Reynsla af verkefnastjórnun í hugbúnaðargerð æskileg.

##### Í boði er:

Góð laun og sveigjanlegur vinnutími.

Skemmtilegur vinnustaður.

#### Verkefnastjóri - Innri ferlar

##### Ábyrgðasvið:

Innleiðing innri ferla, meðal annars vegna öryggismála, ferla vegna rekstraröryggi kerfa og þar með að tryggja endurheimt gagna, koma að samþættingu kerfa til að koma í veg fyrir tvískráningu gagna og innleiðingu aðferðafræða við þróun hugbúnaðar (Agile).

##### Hæfniskröfur:

Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði.

Reynsla af verkefnastjórnun í hugbúnaðargerð æskileg.

##### Í boði er:

Góð laun og sveigjanlegur vinnutími.

Skemmtilegur vinnustaður.

Upplýsingatæknideild Húsasmiðjunnar hefur umsjón með öllum upplýsingakerfum Húsasmiðjunnar ásamt þeim markaðseiningum sem tilheyra Húsasmiðjunni, eins og Blómaval, EGG, Ískraft og H.G. Guðjónsson. Mest af daglegum rekstri er úthýst til þjónustuaðila. Verkefni deildarinnar snúa því aðallega að verkefnastjórnun vegna breytinga á núverandi viðskiptaferlum eða innleiðingu nýrra ferla.

Umsóknir berist til Elínar Hlífur Helgadóttur, [atvinna@husa.is](mailto:atvinna@husa.is), fyrir 28. janúar 2008. Öllum umsóknum verður svarað. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunnar [www.husa.is](http://www.husa.is).

## SÉRFRÆÐINGUR TÖLVU- OG UPPLÝSINGAMÁLA

Neytendastofa óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling í krefjandi starf sérfræðings á sviði tölvu- og upplýsingamála sem jafnframt vinnur að ákveðnum sérverkefnum, s.s. eftirliti með rafrænum undirskriftum o.fl.

### Helstu viðfangsefni:

Umsjón með eftirfarandi starfspáttum:

- Kerfisumsjón helstu upplýsingakerfa, þ.m.t. aðgangsstýringar, viðhald stofnupplýsinga, notendaaðstoð o.þ.h.
- Upplýsingaöryggismál Neytendastofu
- Samskipti við þjónustuaðila á sviði upplýsingatækni
- Verkefnistjórnun í innleiðingarverkefnum sem tengiliður Neytendastofu við þjónustuaðila
- Umsjón og ráðgjöf við innkaup á búnaði
- Stefnumörkun og samstarf við stjórnun breytinga í upplýsingatæknimálum
- Umsjón og undirbúningur að eftirliti með rafrænum undirskriftum á Íslandi
- Önnur sérhæfð verkefni

### Æskileg menntun:

Háskólamenntun, s.s. viðskiptafræði, rekstrarfræði, verkfræði eða tölvunarfræði, eða önnur menntun á sviði upplýsingatækni.

### Almenn þekking og hæfniskröfur:

- Góð almenn þekking á tölvum og tölvukerfum
- Reynsla af rekstri upplýsingakerfa er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn þekking á skrifstofuhugbúnaði

Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Vakinn er athygli á 20. gr. laga nr. 96/2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Umsóknir óskast sendar Neytendastofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða rafrænt á pósthöfn stofnunarinnar, [postur@neytendastofa.is](mailto:postur@neytendastofa.is), eigi síðar en 30. janúar 2008. Umsóknir geta gilt í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veita Tryggvi Axelsson forstjóri og Helga Sigurðardóttir fjármálastjóri í síma 510 1100. Netföng: [tryggvi@neytendastofa.is](mailto:tryggvi@neytendastofa.is) og [helga@neytendastofa.is](mailto:helga@neytendastofa.is).

Neytendastofa er stjórnsýslustofnun sem hefur eftirlit með viðskiptaháttum, hefur umsjón með mæligrunnum og annast eftirlit með almennu öryggi neytenda í viðskiptum, s.s. markaðseftirlit með vörum og eftirlit með rafrænum undirskriftum.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101  
[postur@neytendastofa.is](mailto:postur@neytendastofa.is) • [www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is)



HÚSASMIDJAN  
...eðkert mál



# Rafvirki / Vélstjóri

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í uppsetningu og viðhaldi á loftræsti-, hita-, raka- og kælikerfum óskar eftir góðum starfsmanni til starfa.

**Starfssvið**

- Viðhald og eftirlit loftræsti- og kælikerfa

**Hæfniskröfur**

- Rafvirkja- eða vélstjóramenntun nauðsynleg
- Íslenskukunnátta

Vinnutími er 8:00-18:00 virka daga nema til 16:00 á föstudögum. Yfirvinna er samkomulagsatriði.

Um framtíðarstarf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasömum er bent á að fylla út umsókn á [www.radning.is](http://www.radning.is) og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk.

Umsjón með starfinu hefur María Jónasdóttir, [maria@radning.is](mailto:maria@radning.is)

Ráðningarþjónustan er samstarfsaðili VIRTUS, [www.virtus.is](http://www.virtus.is)



RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN

Laugavegi 170 • 105 Reykjavík • Sími 588 7700 • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is) • [www.radning.is](http://www.radning.is)

PIPAR • SÍA • 60335

# Ráðgjafi

Vegna aukinna umsvifa óskar Ráðningarþjónustan eftir áhugasömum og hæfum einstaklingi í starf ráðgjafa.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun m.a. á sviði mannauðsfræða kostur
- Haldbær reynsla úr atvinnulífinu æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Heiðarleiki og áreiðanleiki áskilinn

Starfssvið ráðgjafa felur í sér ýmsa þætti tengda ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja og einstaklinga. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, sem og starfað sem hluti af liðsheild. Ráðgjafar okkar þurfa að hafa framúrskarandi þjónustulund og geta unnið undir álagi þar sem um krefjandi starf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Áhugasömum er bent á að fylla út umsókn á [www.radning.is](http://www.radning.is) og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur María Jónasdóttir, [maria@radning.is](mailto:maria@radning.is)

Ráðningarþjónustan er 12 ára fyrirtæki sem sérhæfir sig í persónulegri og faglegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og einstaklinga.

Ráðningarþjónustan er samstarfsaðili VIRTUS, [www.virtus.is](http://www.virtus.is)



RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN

Laugavegi 170 • 105 Reykjavík • Sími 588 7700 • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is) • [www.radning.is](http://www.radning.is)

PIPAR • SÍA • 60335



Skipulagsstofnun

## Um skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun heyrir undir umhverfisráðherra og starfar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og einnig samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Skipulagsstofnun er umhverfisráðherra til aðstoðar við yfirstjórn og framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veitir ráðgjöf og leiðbeiningar og sinnir afgreiðslu skipulags-, byggingarmála og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Hjá Skipulagsstofnun starfar metnaðarfullt og samhent lið sérfræðinga.

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

# Sviðsstjóri umhverfissviðs

óskast til starfa hjá Skipulagsstofnun

## Helstu verkefni eru:

- Dagleg stjórn umhverfissviðs, þátttaka í ákvörðunum um ráðningar og starfskjör á sviðinu og framkvæmd starfsmannasamtala.
- Ábyrgð á og umsjón með afgreiðslu, leiðbeiningum og öðrum verkefnum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum sbr. stefnu og verkferla Skipulagsstofnunar.
- Áætlanagerð fyrir umhverfissvið, sbr. árangursstjórnun.
- Þátttaka í stefnumörkun og áætlanagerð um rannsóknir og þróun, útgáfu- og kynningarmál og verklags- og gæðamál.
- Samstarf við umhverfisráðuneyti og umsagnir til ráðuneyta og Alþingis um tillögur að breytingum á þeim lögum sem stofnunin starfar eftir.
- Önnur þau verkefni er skipulagsstjóri kann að fela sviðsstjóra umhverfissviðs.

## Þú þarft að...

- Hafa meistaraþróf í umhverfisfræðum eða aðra sérmenntun sem nýtist í starfi.
- Beita árangursmiðuðum aðferðum.
- Hafa þekkingu á sviði opinberrar stjórnsýslu.

## Þú þarft einnig að...

- Hafa starfsreynslu sem nýtist beint í starfinu (æskilegt).
- Vera skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.
- Eiga gott með samstarf og sýna frumkvæði í starfi.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins við viðkomandi stéttarfélag svo og stofnanasamningum stofnunarinnar við þau.

## Ef þú vilt...

spyrjast nánar fyrir um þessi störf er þér velkomið að hafa samband við Sigrúnu H. Kristjánsdóttur hjá intellecta í síma 511 1225. Umsækjendum er jafnframt bent á að kynna sér auglýsinguna sem einnig er birt á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

## Umsókn...

sendist til intellecta á neðangreint heimilisfang eða á [sigrun@intellecta](mailto:sigrun@intellecta) fyrir 27. janúar 2008. Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjendur hafa tekist á við á undanförunum árum og sem þeir telja að koma muni að gagni í því starfi sem sótt er um.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík  
Sími 511 1225 Fax 511 1126  
[intellecta@intellecta.is](mailto:intellecta@intellecta.is)  
[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)





## Þjónustufulltrúi

Óskum að ráða þjónustufulltrúa í hlutastarf hjá Íslenskri getspá

www.lotto.is

### Starfssvið:

- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Afgreiðsla á sölukassa og greiðsla smærri vinninga
- Móttaka og frágangur á pósti
- Afleysingar fyrir aðra starfsmenn á skrifstofu ef þörf krefur
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntun og hæfniskröfur:

- Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Viðkomandi þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum

**Umsóknir óskast sendar Íslenskri getspá, Engjavegi 6, 104 Reykjavík fyrir 18. janúar 2008. Upplýsingar veitir Guðbjörg Hólm í síma 580 2500.**

Íslensk getspá var stofnuð árið 1986 og er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalags Íslands og Ungmennafélags Íslands. Ágóði af rekstri félagsins rennur til þeirra góðu málefna sem eignaraðilar standa fyrir. Starfsmenn í dag eru 25 talsins.

Fyrirtækið er mjög öflugt á íslenskum happdrættismarkaði. Helstu söluvörur eru Lottó 5/38, Víkingalottó og Jóker, 1x2, Lengjan og Tippað í beinni. Fyrirtækið byggir á öflugu sölukerfi með beinlínutengda sölukassa um land allt auk þess að vera í fremstu röð í sölu á internetinu í heiminum.



Reykjavíkurborg

Menntasvið

## Grandaskóli

óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:

- **Proskapjálfa**, 75 - 100 % starfshlutfall.
- **Starfsmanni til að hafa umsjón með kaffistofu starfsfólks**, 75 % starfshlutfall.
- **Umsjónarmanni skóla**, 100 % starfshlutfall. Umsóknarfrestur til 1. febrúar 2008
- **Íþróttá- /sundkennara** v/forfalla frá 1. febrúar

Nánari upplýsingar gefa Börkur skólastjóri borkur@grandaskoli.is og Inga aðstoðarskólastjóri inga@grandaskoli.is, sími 5611400

Grandaskóli stendur við sjávarsiðuna í vesturbæ Reykjavíkur. Nemendur eru um 290 talsins í 1.-7. bekk og við skólann starfa um 50 starfsmenn. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi skólans og í hópnum ríkir fagmennska, metnaður og góður andi.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf) Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Afhending Dælulykla

### Starfslýsing

- Atlantsolía leitar að traustum og góðum aðila til að afhenda Dælulykla fyrirtækisins í Kringlunni eða Smáralind.
- Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.
- Frábært starf fyrir þá sem kunna mannleg samskipti.
- Vinnutími sveigjanlegur á milli klukkan 12 til 18.30.
- Gæti hentað vel með annarri vinnu, skóla eða heimili.

### Góð laun í boði.

#### Æskilegir eiginleikar:

Við leitum að kröftugum, stundvísum og nákvæmum aðila sem er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggingu á nýju og ört vaxandi fyrirtæki.

Umsóknir sendist á Huga Hreiðarsson, [hugi@atlantsolia.is](mailto:hugi@atlantsolia.is). Nánari upplýsingar í síma 591-3132 eða 825-3132.

**ATLANTSOLÍA**

Atlantsolía - Lónsbraut 2 - 220 Hafnarfjörður - Sími 591 3100 - [www.atlantsolia.is](http://www.atlantsolia.is)



## SUMARIÐ ER TÍMINN

### Hótelstjórar

Óskum eftir að ráða hótelstjóra til starfa á Edduhótelin. Um tímabundin störf er að ræða.

Hótelstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri hótelsins en í því felst m.a. uppgjör, frágangur bókhalds, starfsmannahald, gæða- og markaðsmál.

Við leitum að kraftmiklum einstaklingum með ríka þjónustulund og tungumálakunnáttu, ásamt reynslu og menntun í hótelrekstri og/eða ferðaþjónustu.

### Matreiðslumenn

Óskum eftir að ráða matreiðslumenn til sumarstarfa á Edduhótelin.

Í stöfunum felst m.a. yfirumsjón með eldhúsi, innkaupum og meðferð matvæla.

Umsóknir um störfin sendist á netfangið [tryggvi@icehotels.is](mailto:tryggvi@icehotels.is) fyrir 22. janúar nk.



[www.hoteleda.is](http://www.hoteleda.is)

Edduhótelin eru opin yfir sumartímann, frá byrjun júní til loka ágúst. Edduhótelin eru 13 talsins, tveggja til þriggja stjörnu hótél, og þau er að finna hringinn í kringum landið. Áhersla er lögð á lipra þjónustu og hagstætt verð. Fjöldi herbergja er frá 28 upp í 204. Edduhótelin eru rekin af Flugleiðahótelum ehf. sem reka einnig Icelandair hótél og Hilton Reykjavík Nordica. Yfir sumartímann starfa 500 manns hjá fyrirtækinu.

### » Ráðningarþjónusta

**Ert þú í atvinnuleit?**  
**Fjöldi starfa í boði.**

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

### » Kannaðu málið á

**www.hhr.is**

**HH**  
**RÁÐGJÖF**

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislað 81 • 101 Reykjavík  
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



Komdu og keyrðu með okkur

# TOYOTA Í KÓPAVOGI

## óskar eftir að ráða markaðsstjóra

### Starfssvið:

- Yfirumsjón með viðburðum, kynningarherferðum og sýningum Toyota og Lexus
- Daglegt markaðsstarf beggja vörumerkja og fyrirtækisins í heild
- Samskipti við starfsmenn fyrirtækisins, auglýsingastofur og Toyota á Íslandi
- Framsetning sýningarsala og kynningarefnis samkvæmt stöðlum innflytjanda
- Greiningarvinna og úrvinnsla gagna hvað varðar markaðssvæði
- Sæti í framkvæmdastjórn félagsins og þátttaka í daglegri stjórnun félagsins

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála og/eða viðskiptafræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla af markaðs- og kynningarmálum
- Öguð og vönduð vinnubrögð

Toyota í Kópavogi leitar eftir einstaklingi sem er metnaðargjarn, samviskusamur og jákvæður, með ríka þjónustulund og lípur í mannlegum samskiptum.

Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentum starfsfólki.

Toyota Kópavogi er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kópavogi. Hverri áskorun er tekið fagnandi hendi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

Áhugasamir sendi umsókn á [atvinna@toyota.is](mailto:atvinna@toyota.is) ásamt ferilskrá, merkt markaðsstjóri. Umsóknarfrestur er til 21. janúar en nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir á netfanginu [anna@toyota.is](mailto:anna@toyota.is)

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 2-8  
200 Kópavogur  
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA: SIA.IS TOY 04013 0108



## Tölvupjónusta og netumsjón

VGK-Hönnun er leiðandi fyrirtæki í tækniráðgjöf á Íslandi. VGK-Hönnun er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður þar sem fyrirtækjabragur einkennist af frumkvæði, metnaði, drifkrafti, samvinnu og góðum starfsanda.

Vegna vaxandi umsvifa viljum við bæta við starfsmanni á tölvusviði fyrirtækisins. Starfið felst í fjölbreyttum verkefnum á sviði tölvupjónustu og þjónustu við starfsmenn fyrirtækisins. Viðkomandi starfsmaður getur verið staðsettur á starfsstöð VGK-Hönnunar hvar á landinu sem er.

### Hæfnis- og menntunarkröfur:

Góð þekking á Windows-stýrikerfunum og grunnþekking á Linux.  
Mikill áhugi á tölvumálum.  
Lípur í samskiptum.  
Æskileg menntun er t.d. tölvudeild lðnskólans eða önnur sambærileg menntun.  
Starfsreynsla er æskileg en áhugasamir einstaklingar með góðan tölvubakgrunn koma einnig til greina.

### Upplýsingar:

Nánari upplýsingar veitir Drífa Sigurðardóttir í síma 422-3338.

Umsókn óskast fyllt út á heimasíðu VGK-Hönnunar, [www.vgkhonnun.is](http://www.vgkhonnun.is).



VGK-Hönnun Reykjavík  
Grensásveg 1  
108 Reykjavík  
Sími: 422 3000

VGK-Hönnun Reykjavík  
Laugavegi 178  
105 Reykjavík  
Sími: 422 3000

VGK-Hönnun Akranesi  
Gardabraut 2A  
300 Akranesi  
Sími: 430 4050

VGK-Hönnun Akureyri  
Strandgötu 29  
600 Akureyri  
Sími: 464 7500

VGK-Hönnun Húsavík  
Gardarsbraut 5  
640 Húsavík  
Sími: 464 0470

VGK-Hönnun Egilsstöðum  
Miðvangi 2-4  
700 Egilsstöðum  
Sími: 470 4050

VGK-Hönnun Reyðarfirði  
Hafnargötu 2  
730 Reyðarfirði  
Sími: 470 4000



VGK-Hönnun Kirkjubæjarklaustri  
Klausturvegi 15  
880 Kirkjubæjarklaustri  
Sími: 487 4840

VGK-Hönnun Selfossi  
Eyrarvegi 29  
800 Selfossi  
Sími: 480 4200

VGK-Hönnun Reykjaneshæ  
Brekustíg 39  
260 Reykjaneshæ  
Sími: 421 5266





## Upplífgandi starf við að hressa upp á þjóðina

Kaffi og vatn eru drykkirnir sem hressa flesta fullorðinna á hverjum degi. Fyrirtækjaþjónusta Pennans - kaffideild - óskar eftir að ráða starfsfólk til að sjá vinnandi fólki fyrir góðri hressingu.



### Þjónusta við kaffi- og vatnsvélar

#### Hæfniskröfur:

- Þjónustulund
- Snyrtimennska
- Stundvísi
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Bílpróf



### Sala og þjónusta

#### Hæfniskröfur:

- Þjónustulund
- Snyrtimennska
- Reynsla af sölumennsku
- Sundvísi
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Bílpróf



Penninn er öflugt og framsækið verslunarfyrirtæki sem þjónar bæði fyrirtækjum og einstaklingum með það að leiðarljósi að viðskiptavinir geti ætíð gengið að þægilegri og fjölbreyttri þjónustu í samræmi við þarfir hvers og eins.

Upplýsingar gefur Magnús H. Ásgeirsson í gegnum netfangið magnush@penninn.is Umsækjendur eru beðnir um að sækja um á [www.penninn.is](http://www.penninn.is) eða senda umsóknir á [gurry@penninn.is](mailto:gurry@penninn.is) Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2008.



Hallarmúli 4 - sími: 540 2000 - fax: 568 0411 - [penninn@penninn.is](mailto:penninn@penninn.is)



### VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • [WWW.VOOT.IS](http://WWW.VOOT.IS)



### VANTAR ÞIG PÍPU- LAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • [WWW.VOOT.IS](http://WWW.VOOT.IS)



### VANTAR ÞIG VANA SMÍÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • [WWW.VOOT.IS](http://WWW.VOOT.IS)



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

### ÞJÓNUSTULIÐI / RÆSTING í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á dagvinnutíma. Möguleiki á hlutastörfum.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma 594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari



ARNARVERK EHF.

### Gröfumaður Bílstjóri

Vegna aukinna verkefna óskar Arnarverk eftir að ráða gröfumann og bílstjóra til starfa.

Reynsla, réttindi og lipurð í mannlegum samskiptum.

Um framtíðarstarf er að ræða. Heitur matur í hádeginu. Starfið stendur báðum kynjum til boða.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Ágústa í síma: 864-2387. Umsóknir sendist á [arnarverk1@simnet.is](mailto:arnarverk1@simnet.is)

## Viðskiptastjóri

### SPRON óskar eftir að ráða öflugan viðskiptastjóra til starfa í útibú SPRON í Ármúla.

#### Helstu verkefni:

- Almenn fjármálaþjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina SPRON
- Umsjón og tengill við fyrirtæki og tengda einstaklinga sem eru í viðskiptum við útibúið
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Kynning og sala á vörum og þjónustuleiðum SPRON

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Reynsla af bankastörfum og þekking á fyrirtækjaviðskiptum
- Reynsla og/eða áhugi á markaðs- og sölumálum
- Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, skipulagshæfileika og ríka þjónustulund ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Viglín Óskarsdóttir, þjónustustjóri í Ármúlaútibúi, í síma 550 1200 eða í tölvupósti, [viglin@spron.is](mailto:viglin@spron.is).

Vinsamlegast sækja um á [www.spron.is](http://www.spron.is) fyrir 25. janúar nk.

Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.



### Sölumaður

Hress og áreiðanlegur starfsmaður óskast til framtíðarstarfa. Fjölbreytt og líflegt starf.

Vinnutími 8-18 virka daga. Ekki helgarvinna.

Umsóknum óskast skilað á e-mail [thjarkur@thjarkur.is](mailto:thjarkur@thjarkur.is)

**Umsóknarfrestur til 20. janúar 2008**







Ráðgjafa í Betri notaða bíla

Við leitum að drifandi og framsæknum sölumanni sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi starf.

Viðkomandi þarf að búa yfir góðri framkomu, sölu-hæfileikum auk áhuga og þekkingar á bílum. Reynsla af sölumennsku er æskileg sem og þekking á helstu tölvuforritum, s.s. Word og Excel.

Vinnutími alla virka daga frá kl. 09:00-18:00 og aðra hverja helgi frá kl. 12:00-16:00.

Starfsmann í Söluskoðun notaðra bíla

- Starfssvið:
- Almenn söluskoðun
- Hæfniskröfur:
- Próf í bifvélavirkjun
  - Góð þekking á bílum skilyrði
- Vinnutími: 09:00–18:00

Hraðþjónusta

- Starfssvið:
- Smurþjónusta bifreiða og minni viðgerðir
- Hæfniskröfur:
- Próf í bifvélavirkjun og/eða starfsreynsla af smurstöð
  - Reynsla af minni viðgerðum æskileg
  - Hæfni í mannlegum samskiptum
  - Mikil þjónustulund
- Vinnutími: 08:00-17:00.

Toyota í Kópavogi leitar eftir einstaklingum sem eru metnaðargjarnir, samviskusamir og jákvæðir, með ríka þjónustulund og liprir í mannlegum samskiptum. Í boði eru spennandi framtíðarstörf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki. Áhugasamir sendi umsókn á [atvinna@toyota.is](mailto:atvinna@toyota.is) ásamt ferilskrá, merkt viðkomandi starfi.

Umsóknarfrestur er til 21. janúar en nánari upplýsingar veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir á netfanginu [anna@toyota.is](mailto:anna@toyota.is)

Toyota Kópavogi er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuð-borgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kópavogi. Hverri áskorun er tekið fagnandi hendi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.



TODAY TOMORROW TOYOTA

[www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 2-8  
200 Kópavogur  
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SÁLES TOY 40614 0108



Litill heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrir-tækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Eyjaálfu og Asíu.

- 14.000 starfsmenn
- 300 skrifstofur í um 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frysti-geymslur

Eimskip býður starfs-fólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Við leitum að metnaðarfullum og drifandi einstaklingum til framtíðarstarfa á skrifstofur Eimskips í Reykjavík. Í boði er lifandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá traustu alþjóðlegu fyrirtæki.

STARFSMAÐUR Í FJÁRHAGSDEILD

- Helstu verkefni eru afstemmingar og önnur almenn bókhaldsstörf.
- Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun og reynsla á sviði bókhalds
  - Góð enskukunnátta
  - Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
  - Skipulagshæfni og talnagleggni
- Nánari upplýsingar veitir María K. Rúnarsdóttir, [mir@eimskip.is](mailto:mir@eimskip.is), sími 525 7301.

SÉRFRÆÐINGUR Í HAGDEILD

Hagdeild ber ábyrgð á fjárhagsuppgjörum og upplýsingagjöf til stjórnenda og vinnur því náið með öllum sviðum fyrirtækisins sem og yfirstjórn. Helstu verkefni felast í mánaðarlegum rekstraruppgjörum félagsins, gerð fjárhagsáætlana, upplýsingagjöf og tekju- og kostnaðareftirliti.

- Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða önnur sambærileg menntun
  - Góð tölvu- og enskukunnátta
  - Talnagleggni og nákvæmni
  - Hæfni í mannlegum samskiptum
  - Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
  - Þekking í SAP og reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Nánari upplýsingar veitir Egill Örn Petersen, [eop@eimskip.is](mailto:eop@eimskip.is), sími 525 7315.

FULLTRÚI Í TJÓNADEILD

Helstu verkefni felast í öflun gagna vegna tjónamála, afgreiðslu vörutjónakrafna, bókun og umsjón með afgreiddum vörutjónareikningum auk umsjónar með endurkröfum.

- Menntunar- og hæfniskröfur
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
  - Þekking á flutningastarfsemi æskileg
  - Góð tungumála- og tölvukunnátta
  - Sjálfstæði og öguð vinnubrögð
  - Jákvæðni og þjónustulund
- Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristinn Halldórsson, [kl@eimskip.is](mailto:kl@eimskip.is), sími 525 7301.

SÉRFRÆÐINGUR Í TJÓNADEILD

Um er að ræða krefjandi verkefni í fjölbreyttu umhverfi flutningageirans. Viðkomandi mun hafa umsjón með stærri verkefnum sem tengjast tjónamálum, ásamt deildarstjóra.

- Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfið
  - Þekking á flutningastarfsemi, sjó- og flutningarétti æskileg
  - Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
  - Jákvæðni og þjónustulund
- Nánari upplýsingar veitir Kristinn Halldórsson, [kl@eimskip.is](mailto:kl@eimskip.is), sími 525 7301.

Umsjón með ráðningunum hefur Elin Hjalmsdóttir, [ehd@eimskip.is](mailto:ehd@eimskip.is), sími 525 7375. Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu Eimskips, [www.eimskip.is](http://www.eimskip.is), **til og með 20. janúar**. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.





## Komdu og keyrðu með okkur

### Toyota Eyravegi, Selfossi

Óskum eftir að ráða bílamálara:

**Starfssvið:**

Almenn bílamálun  
Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**

Próf í bílamálun eða reynsla á sviði bílamálunar  
Góð þekking á bílum

Vinnutími er frá kl. 8-17 mánudaga til fimmtudaga  
og 8-15.30 föstudaga.

Leitað er að drífandi starfskrafti með þægilegt viðmót  
og ríka þjónustulund.

Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki  
sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.  
Áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið  
atvinna@toyota.is merkt bílamálari. Nánari upplýsingar  
veitir Anna Lára Guðfinnsdóttir á netfanginu anna@toyota.is

www.toyotakopavogi.is

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Kópavogi er söluaðili Toyota  
bífreiða, vara- og aukahluta á  
höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn  
fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið  
í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-,  
þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna  
eru hornsteinar í daglegri starfsemi  
Toyota Kópavogi. Hverri áskorun er  
tekið fagnandi hendi og leita  
starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja  
áframhaldandi framfarir í öllu því sem  
við kemur starfsemi fyrirtækisins og  
þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.



TODAY TOMORROW TOYOTA



Framsækið fyrirtæki óskar eftir metnaðarfullu og  
áreiðanlegu starfsfólki í fullt starf og hálf starf.

Sendið umsókn á annetta@lush.is

### Rafvirkjar

Óskum eftir að ráða rafvirkja til framtíðarstarfa.

Upplýsingar í síma: 694-1500.  
Rafboði ehf.

### BIFVÉLAVIRKI/ VÉLVIRKI

Vilt þú vinna við bílaviðgerðir á bílaverkstæði á Selfossi?  
Ef svo er vantar okkur bifvélavirki eða vélvirkja til starfa.  
Tölvukunnátta og reynsla í bílanagreiningu æskileg.

Bíltak ehf sími 482-3066 og Kristján í síma 894-2366  
utan vinnutíma.



VERKTAKAR

**TSH auglýsir eftir vönum smiðum. Mörg  
og fjölbreytt verkefni eru framundan í  
Reykjavík, Akranesi og Reykjanesbæ.**

Frekari upplýsingar gefur Brynjar í síma 567 0797  
og 660 1796.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og aðbúnaður góður.

## Útflutningsdeild 66°Norður

Vegna aukinna umsvifa í útflutningi leitar 66°Norður  
að öflugum einstaklingum í eftirfarandi störf:

#### Verkefnastjóri í útflutningsdeild

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Sala, samskipti og þjónusta við söluaðila 66°Norður erlendis
- Umsjón með afgreiðslum til viðskiptamanna
- Undirbúningur og umsjón með sölugögnum
- Vinna við áætlanir, sölusýningar erlendis o.fl.

#### Verkefnastjóri sjó- og vinnufatnaðar í útflutningsdeild

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Sala, samskipti og þjónusta við söluaðila á sjó- og vinnu-  
fatnaði 66°Norður erlendis
- Umsjón með afgreiðslum til viðskiptamanna
- Undirbúningur og umsjón með sölugögnum
- Vinna við áætlanir, sölusýningar erlendis o.fl.

#### Starfsmaður í útflutningsdeild

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Umsjón með pöntunum og skráningu
- Umsjón með afgreiðslu pantana
- Samskipti við söluaðila og þjónusta við netverslun
- Önnur tilfallandi störf

#### Hæfniskröfur við ofangreind störf

- Menntun og starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Góð enskukunnátta nauðsynleg og önnur málakunnátta kostur
- Kunnátta á Axapta er kostur en ekki nauðsyn
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt og sýna frumkvæði
- Hæfileiki í mannlegum samskiptum
- Útivistaráhugi mikill kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2008.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Dögg  
Ármannsdóttir, framkvæmdastjóri útflutnings-  
sviðs, í síma 535-6600 eða dogg@66north.is

**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á  
starf@66north.is**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðar-  
mál.



www.66north.is



## Verkstjóri

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða verkstjóra til  
starfa í einni af deildum fyrirtækisins.

**Umsóknarfrestur er til 15 janúar**

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu  
fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík einnig er  
hægt að senda umsóknir á ingibjorn@ferskar.is.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbjörnsson  
í síma 588 7580 eða 660 6320 frá kl. 9-17:00  
alla virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna  
á heimsíðu þess

**www.ferskar.is**







### SECURITY GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard in the Security Section. The closing date for this position is January 20, 2008. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: <http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

Please send your application and resumé to:  
[reykjavikvacancy@state.gov](mailto:reykjavikvacancy@state.gov)



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

### Lágafellsskóli auglýsir laus til umsóknar eftirfarandi störf:

#### Proskapjálfi - skólaliði - skólaritari

Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi þar sem ríkir góður starfsandi og einkunnarorðin SAMVERA, SAMVINNA OG SAMVINNA eru höfð að leiðarljósi

- **Proskapjálfi** 80-100% starf frá 1. febrúar 2008
- **Skólaliði** 80% starf. Meginverkefni gangbrautarvarsla, gangavarsla og gæsla á útisvæði
- **Skólaritari** 50% starf - afleysing vegna fæðingarorlofs. Vinnutími samkomulag

Laun samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknareyðublað liggur á skrifstofu skólans en einnig er hægt að sækja um á netföngin [sigrídur@lagafellsskoli.is](mailto:sigrídur@lagafellsskoli.is) og [asta@lagafellsskoli.is](mailto:asta@lagafellsskoli.is)

Upplýsingar veita: Ásta Steina Jónsdóttir skólastjóri í síma 5259200 gsm 6920233 og Sigríður Johnsen skólastjóri í síma 2529200 gsm 8968210

Við hvetjum karla jafnt sem konur til þess að sækja um.

**Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2008**

Vertu með !



### AFLEYSINGASTARF FÉLAGSMÁLAFULLTRÚI

Vesturbyggð leitar eftir starfsmanni til afleysingar fyrir félagsmálafulltrúa til allt að 8-9 mánuða.

Félagsmálafulltrúi er yfirmaður félagsþjónustu sveitarfélagsins og sér um alla daglega umsjón og skipulagningu hennar s.s. barnaverndarstörf, öldrunarþjónustu, heimaþjónustu o.fl. Félagsleg þjónusta í Vesturbyggð er veitt í samræmi við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlög nr.80/2002, lög um málefni aldraðra nr. 125/1999, lög um málefni fatlaðra nr. 40/1991, lög um húsnæðismál nr. 44/1998, lög um húsaleigubætur nr. 138/1997 og önnur lög eftir því sem við á hverju sinni. Félagsmálafulltrúi er einnig yfirmaður íþrótt- og æskulýðsmála sveitarfélagsins, þ.e. íþróttamiðstöðva og félagsmiðstöðva og ber jafnframt ábyrgð á hluta menningarmála sveitarfélagsins. Félagsmálafulltrúi starfar í umboði fagnefnda sveitarfélagsins á viðkomandi sviðum og situr fundi þeirra. Þær eru Félagsmálanefnd, Barnaverndarnefnd og Íþrótt- og æskulýðsnefnd. Næsti yfirmaður Félagsmálafulltrúa er bæjarstjóri.

Leitað er að háskólamenntuðum aðila í starfið, en þó ekki skilyrði, t.d. félagsfræðingi, félagsráðgjafa, sálfræðingi eða aðila með sambærilega menntun.

Umsóknir um starfið sendist á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði og skulu hafa borist eigi síðar en mánudaginn 28. janúar n.k. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fyrir 15. febrúar en er ekki skilyrði. Nánari upplýsingar um starfið veitir félagsmálafulltrúi í síma 450 2300 eða gegnum tölvupóst [elsa@vesturbyggd.is](mailto:elsa@vesturbyggd.is).

## Fulltrúi í fjármáladeild Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Starfsmaður óskast til starfa í fjármáladeild Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. sem fyrst.

**Starfssvið**

- Almennt fjárhags- og viðskiptamannabókhald
- Tímaskráning og launavinnsla
- Þjónusta við innri og ytri viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af fjárhagsbókhaldi
- Reynsla af almennum skrifstofustörfum
- Góð, almenn tölvukunnátta
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli

Einnig er gerð krafa um frumkvæði í starfi, vandvirkni, samskiptahæfni og stúdentspróf. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af notkun Navision þjónustukerfa og launavinnslu.

**Umsóknir og ráðning**

Umsóknum skal skila til þjónustuvers SHS, Skógarhlíð 14, eða á [ingveldur.thordardottir@shs.is](mailto:ingveldur.thordardottir@shs.is) eigi síðar en **30. janúar** næstkomandi.

**Nánari upplýsingar** veita Ingveldur Þórðardóttir ([ingveldur.thordardottir@shs.is](mailto:ingveldur.thordardottir@shs.is), sími 528 3121) og Þorsteinn Karlsson ([thorsteinn.karlsson@shs.is](mailto:thorsteinn.karlsson@shs.is), sími 528 3125). Sjá einnig **www.shs.is**.

Skógarhlíð 14  
105 Reykjavík  
sími 528 3000  
[shs@shs.is](mailto:shs@shs.is)  
[www.shs.is](http://www.shs.is)

SHS er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, viðbrögðum við mengunaróhöppum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa. Að rekstri SHS standa sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarneskaupstaður og Álftanes. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna skipa stjórn SHS.



### Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað.

Hjá Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

## Sérfræðingur í viðskiptakerfum

Sérfræðingur óskast til að vinna að nýsmíði og aðlögun á viðskiptakerfinu Dynamics AX. Starfið felur í sér vinnu með notendum kerfisins í alþjóðlegu umhverfi og við rekstur kerfisins.

**Starfssvið:**

- hönnun, nýsmíði og aðlögun á Dynamics AX kerfiseiningum
- samþætting við Sharepoint, Salesforce og önnur kerfi
- greina þarfir og þjónusta notendur

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- háskólamenntun á sviði viðskipta-, tölvunar- eða kerfisfræði
- reynsla á sviði bókhalds- og viðskiptakerfa
- reynsla af forritun, innleiðingu og þjónustu viðskiptahugbúnaðar er mikill kostur
- þekking á Sharepoint, Cognos og MS SQL er kostur
- frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar um starfið veitir Haraldur Gunnlaugsson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar, [hsg@marel.com](mailto:hsg@marel.com), í síma 563 8000.

Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf., [www.marel.is](http://www.marel.is) fyrir 23. janúar nk. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.

### Við leitum að hugviti og frumkvæði

**Við bjóðum:**

- krefjandi og skemmtileg verkefni
- tækifæri til að vinna með sérfræðingum á sviði hátækniiðnaðar innan lands og utan
- sjálfstæð vinnubrögð
- sveigjanlegur vinnutími
- opið og fjölskylduvænt vinnuumhverfi

RETURN ON INNOVATION  
[www.marelfoodsystems.com](http://www.marelfoodsystems.com)





# Viltu vinna hjá fyrirtæki í sókn?



Eico hóf starfsemi árið 1979. Eico rekur heildverslun og verslun að Skútuvogi 6 og opnar fjótleiga glæsilega verslun í Kópavogi. Fyrirtækið hefur frá stofnun sérhæft sig í gervihnattabúnaði, loftnetum, og öðrum rafeindabúnaði. Eico selur loftnet, gervihnattadiska, Plasma og LCD sjónvörp, loftnetsefni, móttakara, kapla, tengi, tangir og símaefni. Einnig veðurathugunarstöðvar, þróaða hitamæla og laserklukkur.

Við leitum að öflugum starfsmönnum í nýja verslun okkar í Kópavogi. Starfsmenn þurfa að vera 25 ára eða eldri. Æskilegt er að viðkomandi hafi unnið við sölumennsku áður.

Umsjón með ráðningu hefur Bjarki Þór Árnason, bjarki@eico.is  
Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

**Eico heildarlausn  
í sjónvarpsmálum!**



Skútuvogi 6 - 104 Reykjavík - Sími 570 4700 - [www.eico.is](http://www.eico.is)

## Sölumaður - tölvuverslun

**Tölvuverslun óskar eftir að ráða röska  
sölumann til framtíðarstarfa strax.**

Æskilegt er að umsækjendur hafi haldgöða þekkingu á PC tölvum, íhlutum og prenturum. Eins er æskilegt að umsækjendur hafi einhverja reynslu af sölumennsku og geti starfað sjálfstætt.

Umsóknir með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf sendist Fréttblaðinu eða á [box@frett.is](mailto:box@frett.is) fyrir 21. janúar n.k., merktar: "Tölvuverslun"



## SECURITY AND DETECTION GUARD

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security and Detection Guard. The closing date for this position is January 27, 2008. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>  
Please send your application and resumé to:  
[reykjavikvacancy@state.gov](mailto:reykjavikvacancy@state.gov)

## Viðskiptafræðingur

Fjármálasvið Landspítala óskar eftir að ráða viðskiptafræðing eða rekstrarfræðing í **fjárhagsbókhald** spítalans. Nauðsynlegt er að starfsmaðurinn geti unnið sjálfstætt við bókhaldsverkefni, afstemmingar efnahagsliða og úrlausn ýmissa viðfangsefna við fjárhagsbókhald.

### Hæfniskröfur

- Viðskiptafræðipróf eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af störfum við bókhald er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæði í störfum og framtakssemi í úrvinnslu verkefna
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf sem fyrst.

Nemar í viðskiptafræði, sem mjög stutt eiga eftir af námi sínu til lokaprófs, eru einnig hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknir berist fyrir 28. janúar 2008 til Bjarka Þórs Baldvinssonar, verkefnastjóra, LSH Eiríksstötu 5, netfang [bjarkiba@landspitali.is](mailto:bjarkiba@landspitali.is) og veitir hann nánari upplýsingar í síma 543 1210.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklusinn vinnustaður**

[www.landspitali.is](http://www.landspitali.is)



Bæjarskrifstofur Garðabæjar eru eftirsóknarverður vinnustaður þar sem áhersla er á lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku starfsmanna, ánægða viðskiptavini og framúrskarandi þjónustu. Starfsmenn bæjarskrifstofanna eru 40 talsins. Á skrifstofunum eru starfsmenn studdir í heilbrigðum lífsháttum og þeir fá tækifæri til að þróast í starfi, meðal annars með þátttöku í símenntun.

### Hefurðu ástríðu fyrir matargerð?

## Matráður á kaffistofu starfsmanna

Bæjarskrifstofur Garðabæjar auglýsa eftir matráði til starfa í 80 – 100% starf.

Leitað er að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi til að sjá um nýja kaffistofu starfsmanna á bæjarskrifstofum Garðabæjar. Lögð er áhersla á að í boði séu fjölbreyttir og næringarríkir heilsuréttir.

### Starfssvið:

- Matargerð
- Innkaup
- Umsjón með kaffistofu starfsmanna
- Aðstoð við fundi og ráðstefnur á vegum bæjarins
- Ýmis önnur verkefni sem til falla hverju sinni

### Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði matreiðslu eða matartækni er kostur
- Starfsreynsla í mótuneyti stofnana, fyrirtækja eða á veitingahúsi er æskileg
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi á næringarfræði og heilbrigðum lífsháttum
- Frumkvæði og ástríða fyrir matargerð

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.**

Vinsamlegast sækja um með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á vef Garðabæjar.

Nánari upplýsingar gefur Vilhjálmur Kári Haraldsson, [vilhjalmurha@gardabaer.is](mailto:vilhjalmurha@gardabaer.is), þjónustustjóri í síma 525 8500.

**Garðabær – þjónusta til þín**

**Fjármála- og stjórnsýslusvið**



## Stígamót vantar starfskraft

Starfið á Stígamótum felst bæði í ráðgjöf við fólk sem beitt hefur verið kynferðisofbeldi og í pólitískri samfélagsvinnu. Boðið er upp á einkaviðtöl og þátttöku í lokuðum sjálfshjálparhópum.

Starfsemi Stígamóta er krefjandi, gefandi og fjölbreytt grasrótarstarf sem byggir á kynjaðri sýn á samfélagið. Samábyrgð, frumkvæði og traust eru forsendur farsæls starfs með vandasöm mál. Í starfshópnum ríkir bæði áhugi og starfsgleði sem mikilvægt er að varðveita. Viðkomandi verður að hafa góða samskipta og samstarfshæfileika. Nám í félagsráðgjöf, lögfræði, kynjafræði, eða skyldum fræðum er eftirsóknarvert, en reynsla af kynferðisofbeldi veitir jafnframt dýrmætan skilning.

Við hvetjum alla með áhuga á starfsemi Stígamóta til að sækja um.

Umsóknir sendist til Stígamóta, Hverfisgötu 115, 105 R. fyrir 25. janúar merktar **"Starfsumsókn"** Öllum umsóknum verður svarað.



## Skrifstofustjóri

**Skrifstofustjóri ritaramiðstöðvar slysa- og bráðasviðs LSH óskast í 100% starf.**

Til stendur að sameina lækningaritun sviðsins og taka upp rafrænar undirskriftir læknaþréfa. Óskað er eftir framsæknum skrifstofustjóra lækningaritunar (ritaramiðstöðvar) til að leiða framangreindar breytingar auk daglegra stjórnunarstarfa. Umsækjendur þurfa að vera læknaritarar að mennt.

Umsóknir berist fyrir 28. janúar 2008 til Mús Kristjánssonar, sviðsstjóra lækninga, Greniborg Fossvogi og veitir hann upplýsingar í síma 824 5607, netfang [markrist@landspitali.is](mailto:markrist@landspitali.is).



Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklusinn vinnustaður**

[www.landspitali.is](http://www.landspitali.is)





HÁSKÓLI ÍSLANDS



prokátin

## Meistaraverkefni í orkufléttækni

Óskum að ráða meistaraneina til tveggja ára í verkefni "Nýting vetnis og brennisteins í afgasi jarðhitaorkuvera". Verkefnið er samvinnuverkefni Prokátin ehf og Háskóla Íslands og er styrkt af Umhverfis- og Orkurannsóknasjóði Orkuveitu Reykjavíkur.

Markmið verkefnisins er að rækta örverur á afgasi frá jarðhitaorkuverum. Aðalstarfsvettvangur verkefnisins er í Orkuverinu á Nesjavöllum. Einnig verður unnið hjá Prokátin í Tæknisetri Arkea að Reykjum/Hveragerði og hjá Prokaria/Matis í Reykjavík. Samstarf er líka við Háskólann á Akureyri og VGK-Hönnun. Meistaraneinn verður skráður við Háskóla Íslands og hæfniskröfur eru B.S. próf í líffræði eða lífefnafræði. Áhugasamir hafi samband fyrir 25. janúar.

Dr. Jakob K. Kristjánsson, S. 664-7908 (jakob@arkea.is)

Dr. Arnþór Ævarsson, S. 664-7903 (arnthor@prokatin.is)

Dr. Guðmundur Ó. Hreggviðsson, S. 422 5047 (gudmundur.o.hreggvidsson@matis.is)

### Grunnskóli Seltjarnarness

## Vantar þig vinnu?

Við í **Skólaskjól** erum að leita að samstarfsfólki í skemmtileg og gefandi störf á góðum vinnustað. Vinnan getur t.d. hentað vel fyrir framhaldskóla- og háskólanemendur. Hlutastörf í boði eftir hádegi. Vinnutími eftir samkomulagi.


**Skólaskjól** er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. til 4. bekk.

Upplýsingar veitir Rut Bjarna forstöðumaður Skólaskjól í síma 5959 200 eða 822 9123, [rutbj@seltharnarnes.is](mailto:rutbj@seltharnarnes.is)

Jafnframt viljum við ráða **skólaliða** til að annast gæslu nemenda. Í boði er fullt starf eða hlutastarf.

Upplýsingar veitir Hafsteinn Jónsson, umsjónarmaður fasteigna í síma 822-9120.

SELTJARNARNESBÆR  
Skólaskrifstofa

Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

## Leikskólastjóri

### Laus er staða leikskólastjóra í leikskólanum Bergi við Kléberg á Kjalarnesi.

**Leikskólinn Berg** er tveggja deilda leikskóli staðsettur ofan við fjöruna í Hófsvík á Kjalarnesi. Leikskólinn er vistvæn bygging og var opnaður árið 2005. Frá Bergi er einstakt útsýni yfir fjöruna, hafið, Reykjavík og Esjuna. Náttúran í kring er óþrjótandi efniviður til náms og leikja og stutt í fjöruna þar sem auðvelt er að fylgjast með fjölbreyttu fugla- og dýralífi.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að leikskólar móti hver sína sérstöðu og hafi faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði. Meginverkefni leikskólastjóra eru að vera faglegur leiðtogi og bera ábyrgð á uppeldis- og menntastarfi leikskólans. Leikskólastjóri ber einnig ábyrgð á rekstri og starfsmannastjórnun í leikskólanum.

#### Menntunar og færniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og/eða menntunarfræða er æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Þekking á rekstri og tölvukunnátta
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veita Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri [ingunn.gisladdottir@reykjavik.is](mailto:ingunn.gisladdottir@reykjavik.is) og Kolbrún Vigfúsdóttir, þróunarfulltrúi [kolbrun.vigfusdottir@reykjavik.is](mailto:kolbrun.vigfusdottir@reykjavik.is) í síma 411-7000.

Umsóknnum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is.

#### Umsóknarfrestur er til 23. jan. 2008.

Laun eru skv. kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

PÓSTURINN  
allur pakinn

## Bílstjórar

– vaktavinna

Íslandspóstur óskar eftir bílstjórum til útkeyrslu á minni sendibílum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða vaktavinnu í fullu starfi

#### Hæfniskröfur:

- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskríteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísi, snyrtimennska og góð þjónustulund

#### Umsóknnum skal skilað til:

Íslandspóstur hf.  
Póstmiðstöð  
Linda Björk Jónsdóttir  
Stórhöfða 32  
110 Reykjavík  
Merkt: Bílstjórar

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á [www.postur.is](http://www.postur.is)

## Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

**Mest ehf óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri stjórnun á fjármálum fyrirtækisins, er í framkvæmdastjórn þess og jafnframt staðgengill forstjóra.**

#### Verk- og ábyrgðarsvið

- Ábyrgð á fjárhag, bókhaldi og uppgjörum
- Ábyrgð á fjárstýringu, innheimtu, greiðslum, fjármögnun og reikningagerð
- Ábyrgð á þróun á upplýsingakerfum
- Fjárhagsáætlunargerð
- Samskipti við endurskoðendur og fjármálastofnanir
- Umsjón með rekstrarlegum greiningum og stjórnunarupplýsingum

#### Menntun og hæfniskröfur

- Viðskiptafræðimenntun á háskólastigi
- Reynsla og þekking á framangreindum starfs- og ábyrgðarsviðum er nauðsynleg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt
- Góð enskukunnátta er skilyrði

Nákvæm vinnubrögð, ábyrgð í starfi, skipulagshæfileikar og frumkvæði eru nauðsynlegir kostir. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 21. janúar nk. Upplýsingar um starfið veitir Björn H. Reynisson. Netfang: [bjorn@hagvangur.is](mailto:bjorn@hagvangur.is)

HAGVANGUR  
- við ráðum





Reykjavíkurborg  
Velferðasvið

## Uppeldis- og meðferðarfulltrúi

**Vistheimili barna óskar eftir að ráða uppeldis- og meðferðarfulltrúa til starfa.**

**Helstu verkefni:**

- Greining og uppeldisráðgjöf í fjölskyldum barna bæði á vistheimilinu og á heimilum barnanna

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði uppeldis-, félags- eða sálarfræði
- Reynsla af ráðgjafarvinnu æskileg

**Vegna kynjahlutfalls á vinnustað eru karlmenn hvattir til þess að sækja um.**

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Óskarsdóttir forstöðumaður í síma 581 1024, netfang: [sigrun.oskarsdottir@reykjavik.is](mailto:sigrun.oskarsdottir@reykjavik.is)

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknum skal skilað á Vistheimili barna, Laugarásvegi 39 104 Reyjavík **fyrir 21. janúar nk.**

## Viltu taka að þér spennandi verkefni ?

**Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður óskar eftir að ráða áhugasaman starfsmann í starf tilsjónarmanns.**

Vinnan fer að hluta fram inni á heimilum fólks en viðkomandi starfsmaður nýtur í starfi sínu aðstoðar sérfræðinga og starfsmanna þjónustumiðstöðvarinnar og hefur þar aðsetur.

Markmið þessarar stuðningsþjónustu er að bæta uppeldis- aðstæður barna á heimilum þeirra með því að auka færni foreldranna til að sinna margvíslegum skyldum sínum og þörfum með markvissum hætti.

**Um er að ræða 50% starf í dagvinnu en vinnutíminn er sveigjanlegur.**

**Helstu verkefni:**

- Ráðgjöf og stuðningur við foreldra og börn
- Aðstoð við foreldra og börn við að fylgja eftir áætlunum og festa skipulag
- Samvinna við aðra starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar um málefni fjölskyldna í Grafarvogi og á Kjalarnesi

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

**Hæfniskröfur:**

- Óskað er eftir einstaklingi með reynslu af ráðgjöf
- Uppeldismenntun æskileg
- Viðkomandi þarf að búa yfir góðri færni í mannlegum samskiptum og geta starfað sjálfstætt

**Við bjóðum upp á:**

- Góðan samstarfshóp
- Fjölbreytt verkefni og tækifæri til þess að þróa starfið
- Fræðslu og leiðsögn sérfræðinga þjónustumiðstöðvarinnar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veitir Margrét Magnúsdóttir, félagsráðgjafi í síma 411-1400.

Umsóknum skal skilað til Þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarðs, Langaríma 21 eða á netfangið [margret.magnusd@reykjavik.is](mailto:margret.magnusd@reykjavik.is) **fyrir 1. febrúar nk.**



## Fosshótel ehf. auglýsa eftir gestrisnu fólki til starfa

**Eftirtalin störf eru í boði:**

**Móttökustjóri á Fosshóтели Lind og Fosshóтели Baron í Reykjavík:**

**Starfslýsing:**

Yfirumsjón með gestamóttöku  
Starfsmannamál, ráðningar, þjálfun og gerð vaktaplana  
Móttökustörf, bókanir og reikningagerð  
Önnur tilfallandi skrifstofustörf  
Vinnutími er samkvæmt samkomulagi við hóteltjóra

**Hæfniskröfur:**

Reynsla af móttökustörfum æskileg  
Reynsla af hótélbókunarkerfinu Cenium / Navision æskileg  
Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni  
Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum  
Vingjarnleiki, þjónustulund og gestrisni  
Stjórnumarreyksla æskileg

**Starfsmaður á bar / aðstoð í móttöku á Fosshóтели Baron 50% starf:**

Verður að vera drifandi, vingjarnlegur og enskumælandi; önnur tungumál kostur en ekki skilyrði  
Vinnutími 17:00 - 23:00

Umsóknareyðublöð má nálgast á [www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is)  
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2008.  
Nánari upplýsingar veitir Sigríður Kjerúlf hóteltjóri í síma 562-3204 eða á netfanginu [sigridur@fosshotel.is](mailto:sigridur@fosshotel.is)

**Starfsmaður í móttöku á Flóki Inn; framtíðarstarf**  
Starfsmann vantar á dagvaktir í móttöku á Flóki Inn frá 1. febrúar 2008

**Hæfniskröfur:**

Reynsla af móttökustörfum æskileg  
Reynsla af hótélbókunarkerfinu Cenium / Navision æskileg  
Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni  
Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum  
Vingjarnleiki, þjónustulund og gestrisni

Umsóknareyðublöð má nálgast á [www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is)  
Nánari upplýsingar veitir Branislav Bédi í síma 552-1155 eða á netfanginu [branislav@fosshotel.is](mailto:branislav@fosshotel.is)

**Sumarstörf á aðalskrifstofu í Reykjavík:**

Bókanafulltrúi í söluveild frá 1. mars og fram í september  
Bókanafulltrúi í söluveild frá 1. júní og fram í ágúst  
Bókanafulltrúi í söluveild frá 1. apríl til ágústloka (50% starf í apríl og maí en 100% í júní, júlí og ágúst)

**Framtíðarstarf á aðalskrifstofu í Reykjavík:**

Bókanafulltrúi í söluveild frá 1. mars

**Sumarstörf á eftirtöldum stöðum:**

Suðurgötu (Reykjavík), Reykholti (Borgarfirði), Húsavík, Áningu (Sauðárkrúki), Laugum (S-Þing.), Hallormsstað, Vatnajökli (Höfn), Mosfelli (Hellu) og Nesbúð (Nesjavöllum). Einnig eru í boði sumarstörf á Flóka Inn (Reykjavík) og Garði Inn (Reykjavík)

**Almenn störf** (herbergisþrif, þjónusta í veitingasal, þvottahús og aðstoð í eldhúsi):

**Hæfniskröfur:**

Þjónustulund og umhyggjusemi  
Gestrisni og sveigjanleiki  
Áhugi og dugnaður  
Vingjarnleiki  
18 ára lágmarksaldur

**Gestamóttaka:**

**Hæfniskröfur:**

Reynsla af svipuðu starfi æskileg  
Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum  
Þjónustulund og gestrisni  
Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni  
Vingjarnleiki  
20 ára lágmarksaldur fyrir dagvakt en 22 ára fyrir næturvakt

**Matreiðsla á eftirtöldum stöðum; sumarstarf:**

Áningu, Laugum, Hallormsstað, Nesbúð og Vatnajökli

**Hæfniskröfur:**

Hæfni til að elda bragðgóðan mat  
Skipulags- og samskiptahæfileikar  
Menntun og / eða reynsla sem nýttist í starfi  
Reynsla af innkaupum æskileg  
Vingjarnleiki

**Hóteltjórastaða á eftirtöldum sumarhótelum:**

Suðurgötu, Mosfelli, Laugum, Hallormsstað og Vatnajökli

**Hæfniskröfur:**

Gott vald á íslensku og ensku; öll frekari tungumálakunnátta er kostur  
Stjórnumar- og skipulagshæfileikar  
Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum  
Rík þjónustulund, sveigjanleiki og geta til að starfa undir álagi  
Útsjónarsemi, viðskiptavít og metnaður  
Menntun og / eða starfsreynsla í ferðaþjónustu og veitingarekstri

## LAGERSTARFS- MAÐUR ÓSKAST



Heildverslun Halldórs Jónssonar ehf óskar eftir að ráða samviskusaman einstakling til starfa á vörulager. Starfið fellst m.a. í vörumóttöku, tiltekt á vörum fyrir viðskiptavinum og annað tilfallandi.

Viðkomandi þarf að vera reyklaus, stundvís og geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir vinsamlegast sendið inn umsókn með tölvupósti á netfangið [afgr@hj.is](mailto:afgr@hj.is) fyrir fimmtudaginn 17. janúar n.k.

**Stafnás**

**Bygginga- & verkfræðifyrirtæki**  
Contractors & engineers

## Smiðir óskast

Stafnás ehf óskar eftir góðum smiðum í vinnu við að setja upp innréttingar og í mótauppslátt.

Stafnás ehf er ungt og framsækið fyrirtæki í byggingariðnaði. Við leggjum kapp á að tryggja starfsmönnum öryggi og góðan aðbúnað. Verkstaða félagsins er mjög góð.

Hafið samband við stafsmanastjóra í síma 534-6009 eða sendið tölvupóst á [hildur@stafnas.is](mailto:hildur@stafnas.is)

Síðumúla 31  
108 Reykjavík  
Ísland  
Tel.: +354 534 6000  
Fax: +354 534 6001



## Rafeindavirki

Flugfarskipti ehf óska eftir að ráða rafeindavirkja í tæknideild fyrirtækisins.

**Starfssvið:**

Tæknideild hefur umsjón með rekstri fjarskiptakerfa og annars búnaðar.

Starfið felur meðal annars í sér rekstur og viðhald á sendum og móttökum auk tölvu- og fjarskipta-búnaðar sem staðsettur er innanlands og erlendis.

**Hæfniskröfur**

- Próf í rafeindavirkjun eða sambærilegt.
- Þekking á uppbyggingu og rekstri almennra fjarskipta- og tölvukerfa.
- Reynsla af rekstri Windows og Linux tölvukerfa og TCP/IP samskiptum er æskileg.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar um starfið gefur Björn Sigurðsson í síma 563-6536

Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um fyrri störf og reynslu, ásamt mynd sendist Flugfarskiptum, Sóleyjaríma 6, 112 Reykjavík, fyrir 25. janúar. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugfarskipta [www.gannet.is](http://www.gannet.is)

Öllum umsóknum verður svarað.

Flugfarskipti ehf er að fullu í eigu Flugstöða ohf og sinnir tal- og gagnaviðskiptum við alþjóðaflug í íslenska flugstjórnavæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 45 og starfsemin er á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. Flugfarskipti ehf leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

Fæði og húsnæði er í boði á Reykholti, Laugum, Hallormsstað og Vatnajökli. Umsóknareyðublöð má nálgast á [www.fosshotel.is](http://www.fosshotel.is) Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2008. Umsækjendur eru sérstaklega beðnir um að tilgreina hvaða starf þeir sækja um og á hvaða starfsstöð. Nánari upplýsingar veitir Lára Sigríður Haraldsdóttir, gæðastjóri og leiðbeinandi, í síma 562-4000 eða á netfanginu [lara@fosshotel.is](mailto:lara@fosshotel.is)





# Framleiðslusvið OR auglýsir eftir sérfræðingum

Framleiðslusvið er eigandi og forsjáraðili allra virkjana og virkjunarsvæða sem OR á og rekur. Hlutverk sviðsins er rekstur eigin kerfa til að mæta þörfum viðskiptavina OR á sem bestan hátt. Framleiðslusvið hefur frumkvæði að framtíðarþróun, skipuleggur fjárfestingar og stýrir þeim.

Við sækjumst eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingum, sem geta axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni.

## Stjórnkerfi og tengdur búnaður:

Um er að ræða tvær stöður rafmagnsverk- eða tæknifræðings í verkefni tengd stýri- og stjórnkerfum tengd vélbúnaði.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Þróun stýrikerfa og stjórnbúnaðar
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana fyrir slíkan búnað
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Eigendahlutverk á verkefnum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í rafmagnsverk- eða tæknifræði
- Starfsreynsla og þekking á iðnstýringum er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og þekking á verkefnastýringu

## Hitaveitukerfi og tengdur búnaður:

Um er að ræða eina stöðu vélaverk- eða tækni-fræðings í verkefnum tengd hitaveitukerfum.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón með uppbyggingu og þróun dælu-stöðva hitaveitu
- Umsjón með virkjun lághitasvæða
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætlana fyrir hitaveitukerfi
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Eigendahlutverk á verkefnum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í vélaverk- eða tæknifræði
- Starfsreynsla og þekking á iðnstýringum er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar og þekking á verkefnastýringu

## Jarðgufuvirkjanir:

Um er að ræða sérfræðing í vélbúnaði og kerfum jarðgufuvirkjana.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Umsjón og viðhald á búnaði virkjana
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Umsjón með borverkum fyrir Framleiðslusvið
- Eigendahlutverk á verkefnum
- Áætlanagerð, hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í vélaverk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla og þekking á jarðgufuvirkjunum er kostur
- Færni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæði í vinnubrögðum

capacent  
RÁÐNINGAR

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. **Umsóknarfrestur er til og með 27. janúar nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er. Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi.

[www.or.is](http://www.or.is)

## GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennum starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar.

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun og höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar á grundvelli safnalaga nr. 106/2001 og þjóðminjalaga nr. 107/2001.



## vill ráða verslunarstjóra í safnverslun

Verslunarstjórinn tekur virkan þátt í mótun og útfærslu stefnu safnverslunar. Stefnan er að reka nútímalega safnbúð sem er ímynd þjóðminjasafnsins til framtíðar. Í starfinu felst m.a. val á söluvöru, pantanir, móttaka og framsetning vöru, afgreiðsla, þjálfun og verkstjórn afleysingarfólks, ákvörðun um framleiðslu minjagripa, kynning á safnverslun og kynning og dreifing á framleiðslu safnsins.

### Helstu verkefni eru:

- Pantanir og umsjón með söluvarningi, afgreiðsla og verkstjórn.
- Ábyrgð á uppgjöri og birgðahaldi.
#### Hvarf: 570 4900

- Leikskólakennarar

#### Kópahvoll: 554 0120

- Leikskólakennari 100%

#### Marbakk: 564 1112

- Leikskólakennarar

#### Núpur: 554 7020

- Leikskólakennarar

#### Rjúpnahæð: 570 4240

- Leikskólakennarar

#### Smárahvammur: 564 4300

- Sérkennsla – Leikskólasérk./leikskólakennari/þroskaþjálfari eða áhugasamur leiðbeinandi

#### Urðarhóll – Heilsuleikskóli: 554 7789

- Leikskólakennarar
- Aðstoð í eldhús

**Nánari upplýsingar á:**  
**[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)**  
**og [www.job.is](http://www.job.is)**



**Bókari óskast**

Inn og útlutnings fyrirtæki óskar eftir að ráða starfskraft í bókhalds og gjaldkerastarf. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af Navision Financials bókhaldskerfi, sé heiðarlegur, skipulagður, lipur í samskiptum og geti unnið sjálfstætt. Um er að ræða hlutastarf og vinnutími getur verið sveigjanlegur. Umsóknum ásamt ferilsskrá sendist á:  
**arnar@astund.is S 691 3871**




## Fasteignasala

Okkur vantar duglegan liðsmann/konu í sölu á fasteignum nú þegar.

Viðkomandi þarf að hafa haldgóða menntun, helst á Háskólastigi og reynslu á fasteignamarkaði. Löggilding í fasteignasölu er kostur. Viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð og vera búinn hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og óskast sendar á pósthfangið runolfur@hofdi.is. Nánari upplýsingar í síma 892 7798.

Höfði fasteignamiðlun er rótgróin fasteignasala með starfstöðvar í Reykjavík og Hafnarfirði. Starfssvið fyrirtækisins er sala á íbúðar- og atvinnuhúsnæði, auk tilfallandi fyrirtækjasölu. Starfsfólk er 8-10 talsins.



## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF

**Bæjarskrifstofur:**

- Launafulltrúi

**Framkvæmda- og tæknisvið:**

- Aðstoðarmaður skrifstofustjóra

**Tómstunda- og menningarsvið:**

- Forstöðumaður Ungmennahúss

**Félagsþjónusta Kópavogs:**

- Félagráðgjafi, tímabundið
- Félagslíði í kvöldþjónustu
- Aðstoð við heimilisstörf

**Roðasalir** - sambýli og dagþjálfun

- Sjúkralíði
- Starfsmaður til aðhlynningar

**Unglingasmiðjan**

- Meðferðarfulltrúar

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Digranesskóli:**

- Náttúrufræðikennari á unglingastig
- Matráður á kaffistofu starfsmanna 100%

**Hjallaskóli:**

- Umsjónarkennari á miðstig
- Umsjónarkennari á yngsta stig
- Danskennari - hlutastarf

**Kársnesskóli:**

- Forfallakennari
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.

**Kópavogsskóli:**

- Forfallakennari

**Lindaskóli:**

- Skólaliði I – Dægradvöl 50% starf
- Skólaliði II – Gangav/ræstir, hlutastarf
- Forstöðumaður Dægradvalar

**Snælandsskóli:**

- Kórstjóri allt að 50% starf
- Gangav/ræstir 60% sem fyrst

**Vatnsendaskóli:**

- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50%
- Stuðningsfulltrúi, fullt starf frá áramótum
- Kennari v/forfalla í 3.-4.bekk frá 1.1.'08

**Nánari upplýsingar á:**  
**www.kopavogur.is**  
**og www.job.is**

# Ert þú ...

- duglegur
- hress
- metnaðarfullur

... einstaklingur sem ert að leita að hlutastarfi eða fullu starfi?

Domino's Pizza óskar eftir starfskröftum.

Nánari upplýsingar á dominos.is eða hjá Ingibjörgu Gunnarsdóttur, starfsmannastjóra, í síma 585 0800.



**58·12345**  
dominos.is

Hjá Domino's Pizza er lögð áhersla á að skapa öllum starfsmönnum öruggt og þægilegt umhverfi þar sem hver starfsmaður fær að njóta sín. Miklir möguleikar eru á starfsþróun innan fyrirtækisins og allir vegir færir fyrir duglega og áhugasama einstaklinga.

## BYGGINGASVIÐ – TÆKNIMENN

**BM Vallá hf.** óskar eftir að ráða tæknimenn á byggingasvið fyrirtækisins í Reykjavík.

Í stöfunum felst meðal annars:

- :: Sala
- :: Hönnun
- :: Verkefnastjórnun

Störfin gætu hentað:

- :: Byggingaverkfræðingum
- :: Byggingatæknifræðingum
- :: Byggingafræðingum
- :: Byggingaiðnfræðingum
- :: Húsasmiðameisturum
- :: Húsasmiðum

Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti og hafa metnað til að ná árangri í starfi.

BM Vallá hf. býður m.a. upp á eftirfarandi lausnir:

- :: Límtréshús
- :: Stálgrindahús
- :: Byggingar úr steiptum einingum
- :: Lett-Tak þakeiningar
- :: Protan þaklausnir


Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar fyrir 25. janúar til Sigrúnar Þorgeirsdóttur, starfsmannastjóra á netfangið sigrun@bmvalla.is eða í bréfpósti á BM Vallá hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðjónsson, forstöðumaður byggingasviðs í síma 412 5000 eða 412 5070.

**bmvalla.is**

BM Vallá hf. er traust og þjónustudrifið sölu- og framleiðslufyrirtæki á byggingamarkaðnum sem leggur áherslu á að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna á sem hagkvæmasta hátt.

Fyrirtækið er með starfsemi sína á 11 starfsstöðvum víða um landið.



**BM·VALLÁ**





## SÖLUSVIÐ – SÖLUMAÐUR

**BM Vallá hf.** óskar eftir að ráða sölumenn á sölusvið fyrirtækisins.

Í starfinu felst meðal annars:

- :: Sala á utanhússklæðningum,
- :: Ýmis sérverkefni
- :: Önnur sölustörf

Starfið gæti hentað t.d.:

- :: Tækniþræðingum
- :: Blikksmiðum
- :: Húsasmiðum
- :: Vönum sölumönnum

Við leitum að öflugum sölumönnum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti og hafa metnað til að ná árangri í starfi. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, sýna frumkvæði, vera skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum. Reynsla af sölustörfum æskileg en ekki nauðsynleg.

Umsóknir ásamt ferilsskrá óskast sendar fyrir 25. janúar til Sigrúnar Þorgeirsdóttur, starfsmannastjóra á netfangið: sigrun@bmvalla.is eða í bréfpósti á BM Vallá hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Arnar Sigurðsson, forstöðumaður sölusviðs í síma 412 5000 eða 412 5303.



ADALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík

**bmvalla.is**

BM Vallá hf. er traust og þjónustudrifið sölu- og framleiðslufyrirtæki á byggingamarkaðnum sem leggur áherslu á að uppfylla þarfir viðskiptavina sinna á sem hagkvæmasta hátt.

Fyrirtækið er með starfsemi sína á 11 starfstöðvum víða um landið.



**BM-VALLÁ**



MOSFELLSBÆR

www.mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

## Varmárskóli auglýsir:

**Starfsfólk vantar í eftirtaldar stöður:**

- Kennara í íslensku í eldri deild
- Kennara í dönsku í eldri deild
- Kennara í afleysingar
- Proskapjálfa í fullt starf
- Skólaliða í hlutastarf

Í Varmárskóla fer fram mikið og öflugt þróunarstarf m.a. í stærðfræði og einstaklingsmiðuðu skólastarfi. Töluverð samskipti eru við erlenda skóla

Við leitum eftir konum sem körlum sem hafa ánægju af að vinna með börnum og vinna með skemmtilegu og faglegu samstarfsfólki. Hlökkum til að heyra í þér.

Nánari upplýsingar veita Þórhildur Elfarsdóttir (thorhildur@varmarskoli.is) og Þórunna Rósa Ólafsdóttir (thoranna@varmarskoli.is) skólastjórar í síma 525 0700

Markmið Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs, auka lífsgæði með þekkingaruppyggingu og stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla, sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Jafnframt eru þar stundaðar rannsóknir og unnið að tækniþróun á sviði framleiðslu, ferla, orku, bygginga og mannvirkja.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands kemur með nýjar víddir inn í íslenskt samfélag - í þína þágu og atvinnulífsins.

## Rannsóknamaður á sviði efnagreininga

Efnagreiningardeild Nýsköpunarmiðstöðvar óskar eftir að ráða rannsóknamann á sviði efnagreininga. Starfið felst í sýnatökum, sýnaundirbúningi og efnagreiningum á sýnum úr umhverfi og náttúru. Jafnframt felur starfið í sér umsjón með mælistöðvum, mæli- og sýnatökubúnaði vegna umhverfisvöktunarverkefna.

Reynsla af vinnu á rannsóknastofu er afar æskileg, þjálfun og menntun á einhverjum sviðum sem nýtist í starfinu er kostur. Starfið krefst nákvæmni og samviskusemi. Ákveðin tölvufærni er nauðsynleg, svo sem reynsla af notkun algengs hugbúnaðar eins og ritvinnslu og töflu-reikna.

Í boði er fjölbreytt starf í góðum hópi á sviði efna- og umhverfismælinga. Rannsóknamaðurinn vinnur í nánum tengslum við fyrirtæki og sérfræðinga utan sem innan stofnunarinnar. Rannsóknastofan er búin góðum tækjabúnaði og sinnir fjölmörgum stærstu rannsóknaverkefnum á sínu sviði á landinu.

Hvatt er til umsókna frá konum jafnt sem körlum.

Nánari upplýsingar veitir Hermann Þórðarson forstöðumaður í síma 522 9000.

Umsóknir má merkja: Efnagreiningar, Nýsköpunarmiðstöð – rannsóknamaður og berist fyrir 22.janúar nk.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands  
Efnagreiningardeild  
Keldnaholti  
112 Reykjavík



Nýsköpunarmiðstöð  
Íslands

Keldnaholti, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • Fax 522 9111 • www.nmi.is

Þjóðminjasafn Íslands er vísinda- og þjónustustofnun og höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar á grundvelli safnalaga nr. 106/2001 og þjóðminjalaga nr. 107/2001.



## vill ráða kynningarstjóra

Helstu verkefni kynningarstjóra eru kynningarmál, almannatengsl og útgáfumál. Starf kynningarstjóra felur í sér þátttöku í mótun á stefnu safnsins í kynningarmálum og almannatengslum og ábyrgð á mótun, útfærslu og framkvæmd á kynningarherferð á starfsemi safnsins.

### Ábyrgð og verksvið:

Umsjón með kynningarmálum, almannatengslum og vef þjóðminjasafnsins. Ábyrgð á að starfsemi og stefna í kynningarmálum og útgáfu samrýmist stefnu þjóðminjasafnsins.

### Helstu verkefni eru:

- Að annast kynningarmál safnsins, ritun og ritstjórn kynningarefnis og fréttatil kynninga og dreifingu efnis.
- Umsjón og ritstjórn vefsíðu safnsins, þróun hennar og viðhald.
- Samskipti við auglýsingastofur, hönnuði og prentsmiðjur og öflun tilboða.
- Öflun og viðhald tengsla við fjölmiðla, ferðamálaíðnaðinn, menningarlífið og atvinnulífið.
- Samskipti við hollvini safnsins og hollvinasamtök.
- Sem starfsmaður miðlunar sviðs tekur kynningarstjóri jafnframt þátt í öðrum verkefnum sem heyra undir sviðið, s.s. þróun og kynning á almennri og sérsniðinni þjónustu safnsins og verkefni tengd útgáfu, sýningum, viðburðum og annarri miðlun.

### Menntun og reynsla:

Menntun sem nýtist í starfi, svo sem háskólapróf á sviði fjölmiðlunar og/eða kynningar- eða markaðsfræða, íslensku, tungumála eða menningartengdum greinum.

Reynsla af kynningar- og markaðsstarfi.

Reynsla af vefmiðlun og/eða útgáfumálum.

Mikil færni í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli, jafnt töluðu sem rituðu máli.

Reynsla af ritun texta.

Reynsla af verkefnisstjórnun og safnastarfi æskileg.

### Eiginleikar:

Mikil hæfni í mannlegum samskiptum, samstarfslipurð og þjónustulund.

Frumkvæði og hugmyndaauðgi.

Sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.

### Næsti yfirmaður:

Sviðstjóri miðlunar sviðs. Miðlunar svið hefur umsjón með sýningum, safnfræðslu, útgáfu, safnverslun og kynningarmálum.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf 1. maí n.k. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar.

Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar n.k.. Umsóknir með ferilsskrá, afritum prófskrteina og meðmælum/upplýsingum um meðmælendur berist skrifstofu safnsins að Suðurgötu 41, 101 Reykjavík.

Upplýsingar veitir Bryndís Sverrisdóttir sviðsstjóri miðlunar sviðs í síma 530-2200 og 824-2034 (bryndis.sverrisdottir@thjodminjasafn.is).

Starfsmaður taki þátt í því að Þjóðminjasafn Íslands nái markmiðum sínum sem vísinda- og þjónustustofnun. Starfsmaður leggi áherslu á góða þjónustu og ráðgjöf, fagleg og ábyrg vinnubrögð og jákvætt skapandi andrúmsloft á vinnustað.

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **pér!**

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • WWW.HAGVANGUR.IS





### Um skipulagsstofnun

Skipulagsstofnun heyrir undir umhverfisráðherra og starfar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og einnig samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun er umhverfisráðherra til aðstoðar við yfirstjórn og framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veitir ráðgjöf og leiðbeiningar og sinnir afgreiðslu skipulags-, byggingarmála og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Hjá Skipulagsstofnun starfar metnaðarfullt og samhent lið sérfræðinga.

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

# Sviðsstjóri umhverfissviðs

óskast til starfa hjá Skipulagsstofnun

### Helstu verkefni eru:

- Dagleg stjórn umhverfissviðs, þátttaka í ákvörðunum um ráðningar og starfskjör á sviðinu og framkvæmd starfsmannasamtala.
- Ábyrgð á og umsjón með afgreiðslu, leiðbeiningum og öðrum verkefnum skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum sbr. stefnu og verkferla Skipulagsstofnunar.
- Áætlanagerð fyrir umhverfissvið, sbr. árangursstjórnun.
- Þátttaka í stefnumörkun og áætlanagerð um rannsóknir og þróun, útgáfu- og kynningarmál og verklags- og gæðamál.
- Samstarf við umhverfisráðuneyti og umsagnir til ráðuneyta og Alþingis um tillögur að breytingum á þeim lögum sem stofnunin starfar eftir.
- Önnur þau verkefni er skipulagsstjóri kann að fela sviðsstjóra umhverfissviðs.

### Þú þarft að...

- Hafa meistaraþróf í umhverfisfræðum eða aðra sérmenntun sem nýtist í starfi.
- Beita árangursmiðaðum aðferðum.
- Hafa þekkingu á sviði opinberrar stjórnsýslu.

### Þú þarft einnig að...

- Hafa starfsreynslu sem nýtist beint í starfinu (æskilegt).
- Vera skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.
- Eiga gott með samstarf og sýna frumkvæði í starfi.

Laun greiðast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins við viðkomandi stéttarfélag svo og stofnanasamningum stofnunarinnar við þau.

### Ef þú vilt...

spyrjast nánar fyrir um þessi störf er þér velkomið að hafa samband við Sigrúnu H. Kristjánsdóttur hjá intellecta í síma 511 1225. Umsækjendum er jafnframt bent á að kynna sér auglýsinguna sem einnig er birt á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

### Umsókn...

sendist til intellecta á neðangreint heimilisfang eða á [sigrun@intellecta](mailto:sigrun@intellecta) fyrir 27. janúar 2008. Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjendur hafa tekist á við á undanförunum árum og sem þeir telja að koma muni að gagni í því starfi sem sótt er um.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

intellecta

Síðumúla 5 108 Reykjavík  
Sími 511 1225 Fax 511 1126  
[intellecta@intellecta.is](mailto:intellecta@intellecta.is)  
[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

## ÖFLUGIR OG METNAÐARFULLIR EINSTAKLINGAR ÓSKAST TIL STARFA

— HugurAx er eitt af leiðandi fyrirtækjum landsins á sviði hugbúnaðargerðar, hugbúnaðarþróunar og innleiðinga hugbúnaðarlausna.

— Markmið HugurAx er að vera öflugur samstarfsaðili fyrirtækja sem vilja ná árangri, viðskiptavinir okkar eru um 4.000 talsins, þar á meðal mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum landsins.

— Hjá HugAx starfa nú yfir 130 starfsmenn. Við bjóðum upp á eftirsóknarverðan og skemmtilegan vinnustað, þar sem geta starfsmanna, þekking og hæfileikar fá að njóta sín.

**Microsoft**  
**GOLD CERTIFIED**  
Partner

### RÁÐGJAFAR MICROSOFT DYNAMICS AX

Ráðgjafi starfar á viðskiptalausnasviði HugurAx og annast þarfagreiningu, ráðgjöf, innleiðingu og þjónustu á Microsoft Dynamics AX viðskiptahugbúnaði. Fjöldi áhugaverðra verkefna eru fyrirliggjandi fyrir bæði ráðgjafa vörustjórnunarkerfa og fjárhagskerfa.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilega menntun. Sérmenntun tengd rekstri og starfsemi fyrirtækja og/eða vörustjórnun æskileg. Einnig er reynsla af notkun viðskiptahugbúnaðar æskileg.

Áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, metnað til árangurs, lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna sjálfstætt og í hóp.

### SÉRFRÆÐINGAR Á SVIÐI VIÐSKIPTAGREINDAR OG STJÓRNENDAUPLÝSINGA

#### Ráðgjafi

Ef þú hefur áhuga á að hjálpa fyrirtækjum að ná árangri í sínum rekstri þá er hér starf fyrir þig. Ráðgjafi á sviði viðskiptagreindar veitir stjórnendum fyrirtækja ráðgjöf er varðar lykiltölur reksturs og greiningu og framsetningu upplýsinga til ákvarðanatöku um rekstur fyrirtækja. Hann annast einnig verkefnastjórn í innleiðingarverkefnum fyrir stjórnendaupplýsingalausnir. Í starfinu fá menn tækifæri til að kynnast rekstri fjölmargra fyrirtækja og öðlast með því dýrmæta reynslu.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi haldbæra reynslu og þekkingu á sviði viðskipta, reksturs, áætlanagerðar og upplýsingatækni. Háskólamenntun er skilyrði og framhaldsmenntun kostur.

Áhersla er lögð á sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð, styrk í mannlegum samskiptum og metnað til framkvæmda.

#### Tæknilegur ráðgjafi

Tæknilegur ráðgjafi á sviði viðskiptagreindar nýtir nýjustu tækni til að vinna upplýsingar og þekkingu úr gagnagrunnum fyrirtækja. Hann vinnur með ráðgjöfum, stjórnendum fyrirtækja og öðrum hlutaðeigandi að því að byggja upp gagnateninga og skýrslur til ákvarðanatöku, greiningar o.s.frv.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi haldbæra reynslu og þekkingu á sviði upplýsingatækni og hafi innsýn í viðskipti og rekstur. Háskólamenntun er skilyrði og framhaldsmenntun kostur.

Áhersla er lögð á sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð, brennandi áhuga á viðfangsefninu og styrk í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Nánari upplýsingar um störfin veitir Ína Björk Hannesdóttir í síma 545 1000. Umsóknir skal senda á [atvinna@hugurax.is](mailto:atvinna@hugurax.is). Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

HUGUR / AX

HugurAx / Guðríðarstíg 2-4 / 113 Reykjavík / [www.hugurax.is](http://www.hugurax.is) / Sími 545 1000





Reykjavíkurborg  
- Einn vinnustaður



## Launadeild Reykjavíkurborgar

### leitar að öflugum liðsmanni til starfa við launavinnslu

Um þessar mundir erum við að skipuleggja alla starfsemina með það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu við stjórnendur og starfsmenn borgarinnar.

Við bjóðum fjölbreytt og krefjandi starf í metnaðarfullu starfsumhverfi, þar sem hæfileikar starfsmanna fá notið sín. Við bjóðum þátttöku í þróun starfsumhverfis og tækifæri til símenntunar og starfsþróunar.

Við leitum að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, hefur áhuga á þátttöku í liðsvinnu og sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Á launadeild er unnið í mannauðs- og launakerfi Oracle og krefst vinnan skipulagningar og nákvæmni.

Við leitum að starfsmanni í fullt starf, sem getur hafið störf sem fyrst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorbjörg Atladóttir, deildarstjóri launadeildar í síma 411-4305. Umsóknir skulu berast í síðasta lagi 27.01.2008 til deildarstjóra launadeildar, Ráðhúsi Reykjavíkur, merktar „Umsókn um starf við launavinnslu“ eða á netfangið [thorbjorg.atladottir@reykjavik.is](mailto:thorbjorg.atladottir@reykjavik.is).

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynjanna í störfum og því að vinnustaðir borgarinnar endurspeglir fjölbreytileika reykvíssks samfélags. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eru veittar allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og símasamband við starfsmenn einstakra sviða og deilda

RAFLÖFT

[www.rafloft.is](http://www.rafloft.is)

### RAFVIRKJAR

Óskum eftir að ráða rafvirkja og raffræðing til starfa sem fyrst.

umsóknir sendist á [rafoft@rafoft.is](mailto:rafoft@rafoft.is) - s. 8962660



### Aðstoð í sjúkrabjálfun og ræsting

Gigtarfélag Íslands óskar að ráða starfskraft til aðstoðar í sjúkrabjálfun og ræstingu. Starfið er metið u.þ.b. 70% starf. Vinnutími hefst 15:30. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur skrifstofa félagsins í síma 530 3600. Umsóknum skal skila á skrifstofu félagsins að Ármúla 5 fyrir 18. janúar.

Gigtarfélag Íslands

# VILTU VINNNA?

## OKKUR VANTAR STARFSFÓLK SEM FYRST Í EFTIRTALIN STÖRF



### Sölumaður

Fjölbreytt starf sem felst í ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina. Góð þekking á helstu íhlutum og tölvubúnaði skilyrði.

### Tæknimaður

Öflugur tæknimaður með góða reynslu í PC viðgerðum og tölvusamsetningum óskast í öflugan hóp reyndra tæknimanna Tölvuteks.

### Innkaupafulltrúi

Innkaupafulltrúi sér um samskipti við innlenda og erlenda birgja og þarf að vera talnaglöggur einstaklingur með grunnþekkingu í Excel.

Sendið tölvupóst á [starf@tolvutek.is](mailto:starf@tolvutek.is) með ferilskrá • Góð laun í boði • Fullum trúnaði heitið



# TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)

Tölvutek er einn stærsti dreifingar- og söluaðili á tölvum og tölvubúnaði til einstaklinga og smærri fyrirtækja í dag. Við erum ört vaxandi fyrirtæki með 25 starfsmenn í dag. Tölvutek er dreifingaraðili á Íslandi fyrir Gigabyte, Packard Bell, Antec, OCZ og Creative. Tölvutek er viðurkenndur samstarfsaðili Microsoft með fjölda viðurkenninga og gráða frá Microsoft, CompTIA, Trend ofl.



### Viltu vinna með góðu fólki, börnum og fullorðnum?

Við gætum hugsanlega komið til móts við óskir þínar því okkur vantar gott fólk til kennslu og annarra starfa í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar.

Sjá nánar heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

FRÆÐSLUSTJÓRI HAFNARFJARÐAR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500  
[WWW.HAFNARFJORDUR.IS](http://WWW.HAFNARFJORDUR.IS)



Í einum grænum ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í dreifingu og kynningu á framleiðsluvörum fyrirtækisins.

#### Starfs og ábyrgðarsvið:

- Framstilling á vörum í verslunum
- Eftirfylgni og eftirlit með vörum
- Samskipti við starfsfólk verslana
- Sala úr handsölukerfi
- Kynningar

#### Hæfniskröfur:

- Fagleg, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Menntun, þekking og reynsla sem nýtist vel í starfi
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Bílpróf

Starf þetta er mjög fjölbreytt og áhugavert og hentar vel einstakling sem vill vera á ferðinni. Hefur mikinn metnað og vilja til að gera vel.

Góð laun í boði fyrir réttin einstakling og möguleiki á sveiganlegum vinnutíma.

Í einum grænum er framsækið matvælafyrirtæki staðsett í Reykjavík. Fyrirtækið framleiðir ýmsar vörur úr íslensku grænmeti, fjölbreytta osta og eftirrétti.

Staðan er laus nú þegar  
Umsóknarfrestur til 20. janúar





## Holtt & Gott ehf.

### óskar eftir að ráða bílstjóra og lagermann

Upplýsingar veitir Gylfi í s. 843 5101)



## LEIKSKÓLINN VESTURKOT

Viltu vinna uppbyggilegt starf, taka þátt í breyt-  
ingarferli og leyfa þínu áhugsviði að njóta sín?

Við leikskólann Vesturkot eru lausar stöður leik-  
skólakennara, deildarstjóra og almennra starfs-  
manna. Leiðarljós skólans eru „*GLEÐI, ALÚÐ OG  
SKAPANDI UMHVERFI*“.

Mótun nýrrar stefnu er í gangi og því kjörið  
tækifæri fyrir metnaðarfulla einstaklinga að hafa  
áhrif og setja mark sitt á starfið. Sjá nánar á heima-  
síðu skólans [www.leikskolinn.is/vesturkot](http://www.leikskolinn.is/vesturkot).

**Allar upplýsingar veitir Jóna Guðbjörg  
Ólafsdóttir, leikskólastjóri í síma 565 0220**

SKÓLASKRIFSTOFA HAFNARFJARÐAR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500  
[WWW.HAFNARFJORDUR.IS](http://WWW.HAFNARFJORDUR.IS)



## Skapandi störf með skapandi fólki

**Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar**

**Leitað er eftir:**

- Leikskólakennurum
- Proskapjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

**Deildarstjórar**

Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855  
Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347  
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**

Berg við Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039  
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720  
Brekuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380  
Dvergasteinn, Seljavegi 12, sími 551-6312  
Fífuborg, Fífurima 13, sími 587-4515  
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560  
Grandaborg, Boðagranda 9, sími 562-1855  
Hamraborg, Grænuhlíð 24, sími 553-6905  
Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360  
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350  
Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995  
Holtaborg, Sólheimum 21, sími 553-1440  
Jöklaborg, Jöklaseli 4, sími 557-1099  
Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347  
Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970  
Laufskálar, Laufrima 9, sími 587-1140  
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351  
Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125  
Múlaborg, Ármúla 8a, sími 568-5154  
Reynisholt, Gvendargeisla 13, s. 5175560  
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290  
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585

Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380  
Sólhlíð, við Engihlíð, sími 551-4870  
Vinagerði, Langagerði 1, sími 553 8085  
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040  
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

**Leikskólasérkennari /proskapjálfi/atferlisþjálfi**

Jörfi, Hæðargarði 27a, sími 553-0347  
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290  
Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380  
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040  
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

**Yfirmaður í eldhús**

Brekuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380  
Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351

**Aðstoðarmaður í eldhús**


Gullborg, Rekagranda 14, sími 562-2455  
Múlaborg, Ármúla 8a, sími 568-5154  
Seljakot, Rangárseli 15, sími 557-2350  
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í  
viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfs-  
mannapjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is).  
Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við  
viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## RÁÐGJAFI Á SVIÐI FÉLAGSMÁLA

Félagsþjónustan í Hafnarfirði leitar að ráðgjafa í fullt starf til  
**1. september 2008.**

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Starfið felst aðallega  
í afgreiðslu fjárhagsaðstoðar og almennri ráðgjöf varðandi framfærslu,  
húsnæðismál o.fl. Við leitum að röskum einstaklingi sem á auðvelt með  
að vinna sjálfstætt, er lipur og ákveðinn í samskiptum. Við leitum að  
karlmanni ekki síður en konu vegna kynjahlutfalls á vinnustaðnum.

Viðkomandi þarf að hafa lokið prófgráðu á sviði félagsvísinda, sálarfræði  
eða uppeldisfræða sem nýst getur í starfi.

Launakjör skv. samningi viðkomandi stéttarfélags og sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 21. janúar.

**Nánari upplýsingar veita Ingibjörg Jónsdóttir, deildarstjóri, eða  
Sæmundur Hafsteinsson, forstöðumaður, í síma 585 5700.**

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!

Hafðu samband og fáðu  
upplýsingar um Hafnarfjörð  
og hundrað ára afmæli  
Hafnarfjarðarkaupstaðar í síma  
585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

## FÉLAGSLEG HEIMAPJÓNUSTA

Óskum eftir hressum og áhugasömum starfsmönnum í dag, kvöld- og helgar-  
þjónustu hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði.

Helstu verkefni eru að aðstoða þjónustuþega við athafnir daglegs lífs, auka færni þeirra og  
sjálfstæði. Við bjóðum starfsmönnum fjölbreytni í starfi, fræðslu og handleiðslu og öruggt  
starfsumhverfi, í boði er sveigjanlegur starfstími og starfshlutföll eru samkomulagsatriði.

Starfið gerir kröfu um jákvætt viðmót og góðra hæfileika til mannglegra samskipta.  
Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir

Við leitum að einstaklingum með félagsliðamenntun eða aðra félagslega menntun, reynslu  
eða mikinn áhuga á störfunum.

Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Verkalýðsfélagsins Hlífar.

**Upplýsingar um störfin veita Sjöfn Guðmundsdóttir fulltrúi heimaþjónustudeild  
og Kolbrún Oddbergsdóttir deildarstjóri í heimaþjónustudeild í síma 585 5700**

## FÉLAGSLEG LIÐVEISLA

Félagsþjónustan í Hafnarfirði auglýsir eftir starfsfólki í félagslega liðveislu  
fatlaðra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Sérstaklega vantar starfsfólk í liðveislu fyrir karlmenn á öllum aldri.  
Í boði er sveigjanlegur starfstími utan venjulegs vinnutíma. Starf við félagslega liðveislu  
gerir kröfu til jákvæðs viðmóts, mannúðlegra viðhorfa og hæfni í mannlegum samskiptum.  
Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir. Um er að ræða lærdómsríkt starf og  
boðið er upp á handleiðslu með starfinu.

Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og verkalýðsfélagsins Hlífar.

Upplýsingar um starfið veitir Guðrún Þ. Ingólfisdóttir, félagsráðgjafi í síma  
585-5700. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á [gudruni@hafnarfjordur.is](mailto:gudruni@hafnarfjordur.is).

**Umsóknum skal skila til:  
Félagsþjónustunnar í Hafnarfirði  
Strandgötu 33  
220 Hafnarfirði**





## Þjónustufulltrúi

Óskum að ráða þjónustufulltrúa í hlutastarf hjá Íslenskri getspá

www.lotto.is

### Starfssvið:

- Símsvörun og móttaka viðskiptavina
- Afgreiðsla á sölukassa og greiðsla smærri vinninga
- Móttaka og frágangur á pósti
- Afleysingar fyrir aðra starfsmenn á skrifstofu ef þörf krefur
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntun og hæfniskröfur:

- Lögð er áhersla á frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Viðkomandi þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum

Umsóknir óskast sendar Íslenskri getspá, Engjavegi 6, 104 Reykjavík fyrir 18. janúar 2008. Upplýsingar veitir Guðbjörg Hólm í síma 580 2500.

Íslensk getspá var stofnuð árið 1986 og er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalags Íslands og Ungmennafélags Íslands. Ágóði af rekstri félagsins rennur til þeirra góðu málefna sem eignaraðilar standa fyrir. Starfsmenn í dag eru 25 talsins.

Fyrirtækið er mjög öflugt á íslenskum happdrættismarkaði. Helstu söluvörur eru Lottó 5/38, Víkingalottó og Jóker, 1x2, Lengjan og Tippað í beinni. Fyrirtækið byggir á öflugu sölukerfi með beinlínutengda sölukassa um land allt auk þess að vera í fremstu röð í sölu á internetinu í heiminum.

## Markaðsstjóri

WWW.BIFRÖST.IS

Háskólinn á Bifröst óskar eftir að ráða markaðsstjóra í fullt starf. Starfið felst í að stýra almannatengslum skólans, annast kynningu, vinna náið með ritstjóra vefs skólans og öðrum stjórnendum og annast samskipti við fjölmiðla. Einnig er æskilegt að markaðsstjóri geti kennt markaðsfræði á háskólastigi.

Umsækjendur verða að hafa góða menntun, m.a. háskólagráðu og umtalsverða reynslu.

Búseta á Bifröst, Borgarnesi eða nærsveitum er áskilin. Starfið heyrir beint undir rektor skólans.

Umsóknir um menntun og fyrri störf sendist á: Ágúst Einarsson, rektor, Háskólinn á Bifröst, 311 Borgarnesi  
Merkt: Markaðsstjóri

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar.

Háskólinn á Bifröst verður 90 ára á þessu ári. Starfsemi skólans hefur verið í örri þróun síðustu ár og fyrirséð áframhaldandi framþróun í starfsemi hans og tengslum innanlands og utan.

Háskólinn á Bifröst býður nú upp á 3 línur til BS/BA náms og 7 línur í meistaranámi auk þess að bjóða fjölbreytt undirbúnings- og stjórnunarnám. Nemendur skólans eru nú um 1.100. Íbúar á Bifröst eru um 750.

#### VIÐSKIPTADEILD

- BS í viðskiptafræði
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

#### FÉLAGSVÍSINDAEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

#### LAGAEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



www.ellingsen.is

## Sölumaður ferðataækja

Hjá Ellingsen er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefingar, heiðareika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund, vera stundvísir, reglusamir og heiðarlegir í samskiptum.

Umsóknir berist í tölvupósti til starfsmannastjóra RBG@ellingsen.is fyrir 19. janúar 2008.

Ellingsen óskar eftir að ráða duglegan og áhugasaman sölumann til sölu á ferðataækjum og vélsleðum í stórverslun Ellingsen að Fiskislóð 1.

#### Helstu verkefni:

- Sala á ferðataækjum og vélsleðum – leiðbeiningar og ráðgjöf
- Tilboðsgerð
- Aðstoð við fjármögnun

#### Æskileg þekking og reynsla:

- Reynsla af sölumennsku
- Áhugi á útivist og notkun ferðataekja
- Færni í notkun excel

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jóhannesson, rekstrarstjóri Ellingsen í síma 840 1759



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is



Ellingsen

– fullt hús ævintýra



Gerður Sjöfn Ólafsdóttir túlkur á milli íslenska táknmálsins og íslenskuunnar við flest tilefni.

FRÉTTABLAÐID/AUDUNN

## Trúnaður algjör grundvöllur

Gerður Sjöfn Ólafsdóttir kynntist fyrst táknmáli á leikskóla sonar síns fyrir fimmtán árum. Eitt leiddi af öðru og í dag starfar hún á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og -skertra sem táknmálstúlkur.

„Ég kynntist fyrst táknmáli í leikskóla sonar míns fyrir rúmlega fimmtán árum. Hann var á blandadri deild þar sem voru bæði heyrandi og heyrnarlaus börn. Það fór svolítið í taugarnar á mér að geta ekki talað við öll börnin svo ég fór að kynna mér táknmálið. Í kjölfarið leiddi eitt af öðru og síðan endaði ég bara sem táknmálstúlkur,“ segir Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, sem hefur starfað við fagið í rúmlega tíu ár hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra við Háteigsveg í Reykjavík.

Fagið er aðeins kennt við Háskóla Íslands og er að sögn Gerðar Sjafnar þriggja ára BA-nám. „Við þurfum að læra táknmálið algjörlega frá grunni og fæst okkar kunna nokkuð í málinu þegar við byrjum. Þetta er eigið mál og því eins og að setjast á skólabekk í háskóla og læra til dæmis ensku án þess að kunna orð í málinu,“ segir Gerður Sjöfn og nefnir sjálft táknmálið, auk menningu og sögu heyrnarlausra, málfræði og siðfræði sem dæmi um greinar sem farið er í gegnum í náminu.


„Starfið mitt gengur út á að túlka á milli íslenska táknmálsins og íslenskunnar í grófum dráttum. Verkefnið eru svo óteljandi að það er næstum betra að nefna það sem við komum ekki að,“ segir Gerður Sjöfn hlæjandi og fæst þó til að nefna nokkur dæmi um þjónustu sem táknmálstúlkur veita. „Stærstur hluti af okkar

starfi á veturna er túlkun í skólum. Það er þá í menntaskólum og háskólum ásamt ýmsum starfstengdum námskeiðum. Síðan túlkum við í heilbrigðiskerfinu hjá læknum og sérfræðingum, við félagslegar athafnir í daglegu lífi þar sem má nefna húsfundi, á bílasölum og hjá lögfræðingum. Auk þess má nefna athafnir á borð við giftingar, skírnir, fermingar og jarðarfarir,“ útskýrir Gerður Sjöfn. „Við erum mjög fá sem túlkum á Íslandi og því ekki um sérfræðinga að ræða á ákveðnum sviðum, þrátt fyrir að það sé ákveðin tilhneiging til þess að sumir hafi meiri reynslu í ákveðnum efnum,“ segir Gerður, en hjá Samskiptamiðstöðinni starfa fjórtán túlkur, þó ekki allir í fullu starfi.

Samfélag heyrnarlausra og táknmálstalandi telur hins vegar um tvö hundruð og fimmtíu manns að sögn Gerðar Sjafnar. Gerður Sjöfn segir að ástæðan fyrir því að hún ákvað að gerast táknmálstúlkur ekki vera sú að hún eigi heyrnarlausan í fjölskyldunni og segir það eiga við um fæsta. „Ástæðurnar fyrir því að fólk leitar í fagið eru sennilega jafn margar og túlkarnir sjálfir,“ útskýrir Gerður Sjöfn sem segir það skemmtilegasta við starfið vera fjölbreytileikinn. „Við kynnumst gríðarlega mörgum hliðum mannlífsins og fáum að líta inn í gættir sem eru luktar öðrum. Síðan getur líka verið erfitt að vera blandaður inn í erfið einkamál. Sérstaklega þegar börn eiga í hlut en þess má einnig geta að við erum bundin þagnarskyldu og trúnaðurinn er grunnur að okkar starfi. En stærstur hluti starfsins er mjög skemmtilegur og spennandi og ég get eindregið mælt með því að gerast táknmálstúlkur,“ segir Gerður Sjöfn.

rh@frettabladid.is





SVÆÐISSKRIFSTOFA  
MÁLÉFNA FATLAÐRA Í REYKJAVÍK

Nú vantar okkur liðstyrk !

Starfsfólk á öllum aldri og af báðum kynjum óskast

- í hlutastöður og eina fulla stöðu á sambýli í Viðarrima 42. Unnið er á vöktum og ýmsir vaktamöguleikar í boði. Áhugasamir hafi samband við Ágústu Bragadóttur forstöðuproskajálfa í síma 567-4336, netfang: vidarrimi@ssr.is
- í hlutastöður og eina fulla stöðu á sambýlið í Sólheim um 21b. Þar er einnig unnið á vöktum. Forstöðumaður þar, Ólafía Hinriksdóttir forstöðuproskajálfi svarar fyrirspurnum í síma 553-1188, netfang: olafiah@ssr.is
- í hlutastöður og eina fulla stöðu á sambýlið í Hólma sundi 2. Vaktavinna og fjölbreytt starfshlutföll í boði. Jafnframt vantar starfsmann á morgunvaktir. Katrín Eyjólfsdóttir forstöðuproskajálfi svarar fyrirspurnum í síma 553-8888, netfang: katrin@ssr.is.

Það er einnig óskað eftir starfsfólki á aðrar starfsstöðvar SSR. Bendum á frekari auglýsingar á [www.job.is](http://www.job.is) og [www.ssr.is](http://www.ssr.is)

Guðjón Jóhannsson svarar fyrirspurnum um laus störf á starfsstöðvum SSR í síma 533-1388, netfang: gudjonj@ssr.is

Starfið fellst aðallega í því að aðstoða íbúa í daglegu lífi og vera félagslegur stuðningur við þá.

Laun eru samkvæmt samningum ríkisins og SFR

**Umsóknarfrestur er til 21. janúar 2007.**

Unnt er að sækja um á netinu, [www.ssr.is](http://www.ssr.is) eða á umsóknareyðublöðum SSR, Síðumúla 39, 108 Reykjavík.

Auglýsingin gildir í 6 mánuði.

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun



Eykt leitar að verkstjóra, trésmiðum og bílstjórum

Vegna umfangsmikila verkefna leitar Eykt eftir öflugum mönnum til starfa; verkstjóra, trésmiðum og bílstjórum. Mikil vinna framundan og góð verkefnastaða.

- **Verkstjóri** til að stýra hópi smiða.
- **Trésmiðir** til úti- og innivinnu.
- **Vörubílstjórar** með meirapróf og kranaréttindi.

Það er bjart framundan hjá Eykt og verkefnin eru af ýmsum toga, ma.:

- Uppsteypa á 19 hæða turnbyggingu.
- Uppsteypa á innkeyrslurampa fyrir bílageymslu.
- Innanhússfrágangur, almenn trésmiðavinna.
- Framkvæmdir í Höfðatorgi munu standa yfir næstu 5 árin.
- Leitað er eftir framtíðarstarfsmönnum.

Nánari upplýsingar veita **Pétur Einarsson (822 4437)** og **Arinbjörn Bernharðsson (822 4430)**.

Vinsamlegast athugið að launakjör eru ekki rædd í síma.

**Umsóknum skal skilað á skrifstofu Eyktar að Lynghálsi 4, 110 Reykjavík. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins, [www.eykt.is](http://www.eykt.is).**





Tölvupjónusta og netumsjón

VGK-Hönnun er leiðandi fyrirtæki í tækniráðgjöf á Íslandi. VGK-Hönnun er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður þar sem fyrirtækjabragur einkennist af frumkvæði, metnaði, drifkrafti, samvinnu og góðum starfsanda.

Vegna vaxandi umsvifa viljum við bæta við starfsmanni á tölvusviði fyrirtækisins. Starfið felst í fjölbreyttum verkefnum á sviði tölvupjónustu og þjónustu við starfsmenn fyrirtækisins. Viðkomandi starfsmaður getur verið staðsettur á starfsstöð VGK-Hönnunar hvar á landinu sem er.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**

Góð þekking á Windows-stýrikerfunum og grunnþekking á Linux.

Mikill áhugi á tölvumálum.

Lipurð í samskiptum.

Æskileg menntun er t.d. tölvudeild lönskólans eða önnur sambærileg menntun.

Starfsreynsla er æskileg en áhugasamir einstaklingar með góðan tölvubakgrunn koma einnig til greina.

**Upplýsingar:**

Nánari upplýsingar veitir Drífa Sigurðardóttir í síma 422-3338.

Umsókn óskast fyllt út á heimasíðu VGK-Hönnunar, [www.vgkhonnun.is](http://www.vgkhonnun.is).



 <p>VGK-Hönnun Reykjavík Grensásveg 1 108 Reykjavík Sími: 422 3000</p>	<p>VGK-Hönnun Reykjavík Laugavegi 178 105 Reykjavík Sími: 422 3000</p>	<p>VGK-Hönnun Akranesi Garðabraut 2A 300 Akranesi Sími: 430 4050</p>	<p>VGK-Hönnun Akureyri Strandgötu 29 600 Akureyri Sími: 464 7500</p>	<p>VGK-Hönnun Húsavík Garðarsbraut 5 640 Húsavík Sími: 464 0470</p>	<p>VGK-Hönnun Egilsstöðum Miðvangi 2-4 700 Egilsstöðum Sími: 470 4050</p>	<p>VGK-Hönnun Reyðarfirði Hafnargötu 2 730 Reyðarfirði Sími: 470 4000</p>	<p>VGK-Hönnun Kirkjubæjarklaustri Klausturvegi 15 880 Kirkjubæjarkl. Sími: 487 4840</p>	<p>VGK-Hönnun Selfossi Eyrarvegi 29 800 Selfossi Sími: 480 4200</p>	<p>VGK-Hönnun Reykjanesbæ Brekkestig 39 260 Reykjanesbæ Sími: 421 5266</p>
---	--	--	--	---	---	---	---	---	--



## Tilboð óskast



## Tilboð óskast

Tilboð óskast í Hiab 288, 28tm bílkrana árgerð 2005, skemmdur eftir umferðaróhapp.  
Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 15. janúar. 2008. Kraninn er til sýnis að Hamarshöfða 3 110. Reykjavík á opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Sími 515 2000 / Fón 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

## Tilboð óskast



## Tilboð óskast

Tilboð óskast í Mercedes Benz Actros 2632, árgerð 2005, ekinn ca. 40.000,- með SCHWING KVM 32XL steypudæl, skemmd eftir umferðaróhapp, gangfær.  
Tilboð skilist inná heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. (útboð tjónabíla) í síðasta lagi kl 08.00 að morgni 15. janúar. 2008.  
Bífreiðin er til sýnis á geymslusvæðinu Hafnarfirði á opnunartíma (frá 8.30 til 16.30 virka daga)



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

Sími 515 2000 / Fón 515 2020 / www.tryggingamidstodin.is

## ÚTBOÐ

## F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, mannvirkjaskrifstofu:

**Gervigrasvöllur Víkings 2. áfangi, jarðvinna ofl.**  
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 hjá síma- og upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, frá og með þriðjudeginum 15. janúar 2008.

Opnun tilboða: 31. janúar 2008, kl. 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.  
12070

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

Styrktarfélag  
vangefinnaVinningsnúmer í happdrætti Styrktarfélags  
vangefinna árið 2007.

1. vinningur, Skoda Fabia að andvirði kr. 1.690.000.  
kom á miða númer **19043**

Heimilistæki frá Eirvirk að andvirði kr. 200.000.  
hver vinningur.

664	6781	7121	9694
11974	13189	13837	13914
16956	17634	18376	

Upplýsingar á heimasíðu félagsins  
**[www.styrktarfelag.is](http://www.styrktarfelag.is)**

Félagið óskar landsmönnum gleðilegs árs og  
þakkar veittan stuðning.



Fasteignasalan Eignaver Síðumúla 13.

## Fyrirtæki óskast til kaups nú þegar

Óskum eftir fyrirtæki til kaups nú þegar fyrir traustan kaupanda á landsbyggðinni. Óskað er eftir fyrirtæki sem að gæti hentað samhentri fjölskyldu.

Fyrirtækið þarf að vera í fullum rekstri og með traust viðskiptasambönd og með góðri og tryggri afkomu. Skilyrði er að hægt verði að flytja fyrirtækið út á land og reka það þar. Vinsamlega hafið samband við neðangreinda í síma 553-2222 og/eða sendið helstu uppl. í tölvupósti á: [eignaver@eignaver.is](mailto:eignaver@eignaver.is)

Áhættumatsnámskeið  
fyrir vinnustaði

Samkvæmt nýrri reglugerð skal gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á öllum vinnustöðum. Áhættumat er hluti af slíkri áætlun.

Á námskeiðinu er kennd aðferð sem notuð er við gerð áhættumats.  
Heimavinna felst í að þátttakendur geri áhættumat fyrir vinnustaði sína.

Námskeiðið er ætlað atvinnurekendum, öryggisnefndum, ráðgjöfum og öðrum sem áhuga hafa á að fræðast um gerð áhættumats.  
Námskeiðið skiptist á tvo daga, þrjár klst. í senn, með viku millibili og eru haldin að Bildshöfða 16 í Reykjavík (húsnæði Vinnueftirlitsins).

Næstu námskeið verða 22. janúar, 5. febrúar og 26. febrúar 2008, kl. 15:30 - 18:30 Sjá nánar á heimasíðunni: **[www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)**

Skráning í síma 550 4600 (skiptiborð Vinnueftirlitsins).

## Opinn fundur

Starfsmenntaráðs verður haldinn **fimmtudaginn 17. janúar 2008 kl. 12:15-14:30** í húsakynnum Þekkingarseturs Þingeyinga, Garðarsbraut 19, Húsavík.

Fundurinn er haldinn í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga og Verkalýðsfélag Húsavíkur

Sent verður með fjarfundabúnaði út til símenntunarmiðstöðva á landinu og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins/Mímis símenntunar í Reykjavík. Áhugasamir eru hvattir til að mæta og taka þátt í fundinum.

## DAGSKRÁ

Opinn fundur í Þekkingarsetri Þingeyinga

- Starfsmenntaráð kynnir áherslur næsta árs

Samstarf stéttarfélaga, atvinnulífs og fræðsluadila við fullorðinsfræðslu á Norðausturlandi.

Erindi flytja fulltrúar frá eftirfarandi aðilum:

- Þekkingarsetri Þingeyinga
- Stéttarfélagunum á Húsavík
- Atvinnulífinu
- Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga
- Önnur mál

Kaffi og brauð í boði Þekkingarsetursins

Starfsmenntaráð starfar

samkvæmt lögum nr. 19/1992

um starfsmenntun í atvinnulífinu.

Það úthlutar styrkjum til

starfsmenntunar og er

stjórnvöldum til ráðuneytis um

stefnumótun og aðgerðir á sviði

starfsmenntunar.



STARFSMENNTARÁÐ

## VIGTARMENN

Námskeið til löggildingar vigtarmanna verður haldið á Neytendastofu, Borgartúni 21, dagana 21., 22. og 23. janúar nk.

Endurmenntunarnámskeið verður haldið 28. janúar.

Allar nánari upplýsingar um verð og skilmála, svo og aðstoð við skráningu þátttakenda, eru veittar í síma 510 1100 og á heimasíðunni [www.neytendastofa.is/](http://www.neytendastofa.is/) mælifræðisvið/löggilding vigtarmanna/námskeið vigtarmanna.

Skráningu lýkur fimmtudaginn 17. janúar nk.



NEYTENDASTOFA

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • Sími 510 1100 • Bréfasími 510 1101  
[postur@neytendastofa.is](mailto:postur@neytendastofa.is) • [www.neytendastofa.is](http://www.neytendastofa.is)

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið



# [ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN  
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000  
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:  
VIRKA DAGA

8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI



Yfirtaka á láni 3,7 M.BENZ E 270 CDI Avantgarde. Árg 2003, ekinn 133 þ. Dísel Ssk, navig. leður, dráttarbeisli, mjög gott eintak

**Bílahornið**  
**Funahöfða 5, 110 Reykjavík**  
**Sími: 567 2400**  
**www.bilahornid.is**



M.Benz ML320CDI, árg. 2007, ek.25þús. km, Krómfelgur, Topplúga, Leður, og fl. Dísel, Verð 6590þús.kr. Stórglæsilegur

**100 bílar ehf**  
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**  
**Sími: 517 9999**  
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**  
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Lincol Navigator 4WD. Árg.'02, ek68 þús. Dekur eintak. Bensín, 8 manna, 5 dyra, V8, 300 hö, ssk., 4x4., Ný 18" vetrardekk neldg+ skorin. S. 662 0009.



**Lúxus Jeppi! Engin útborgun!!! Hummer H3 Special 4x4**

Árg. '06, ek. 22.000 km, sólþak, leður, sat-nav, 20" króm felgur, læst hátt og lágt drif, ofl. Verð 4.600.000. Gott lán fylgir. 100% yfirtaka möguleg! Unnar. GSM. 899 7787. unnar@unnar.com



### Ath. öll skipti

Cadillac Fleetwood árg '86, 4 dyra, innfluttur 2007. Grár á litinn, pluss, rafmagn í öllu, ryðlaus bíll, ek. aðeins 67000 mílur frá upphafi, skoð. '08. ATH. ÖLL SKIPTI! VERÐ 1.150.000 kr Uppl. í s. 842 6605



Splúnkunýr 2008 Toyota Landcruiser 200 um 2 milljónum undir listaverði! Láttu okkur spara þér sporin og milljónirnar. Eitt símtal og þú færð betra tilboð í lúxusbíla hjá okkur t.d. í nýjan Porsche eða Mercedes Benz. Nýjir/ Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk ábyrgð. Frá 10% útborgun. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 5522000 www.islandus.com



### YFIRTAKA!

DODGE DURANGO 4x4.SLT-HEMI.2005 Einn gullfallegur og vel búinn. Td, leður,TV-DVD,rafmagn í öllu,lit-að gler,7manna,17"vetrardekk,sk 09.Svartur.Ekinn 60þúskm.Ásett 3390þús. Fæst á yfirtöku á láni uppá ca 2.9. Uppl. í s. 867 8797



Renault Kangoo árg.'06 4x4 1,6 bensín. Bsk. Ek. 9000 km. 5 farþegar. Topp bíll. Listaverð 2.050 þ. Aðeins yfirtaka á bílasamning á 1.830 þ.afb. 26 þús. Gsm 892 7852.



Lexus RX300, árg. '05 100% lán! Einn glæsilegasti Lexus landsins. Umboðsbíll. Ek. 31.000. Hlaðinn aukab. Ssk., leður, toppl., rafmagn í öllu. Ekkert út og ca 60 á mán. S. 861 3100.



### Frábært verð

**Allar nánari upplýsingar gefur Þóra Prastardóttir, lögg.fasteignasali**  
**Akkurat fasteignasölu í síma 822 2225**

**Akkurat**  
FASTEIGNASALA  
STORHÖFÐA 27  
Sími 594 5000  
Halla Unnur Helgadóttir lögg.fast

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**GARÐABÆR**

**SÚLUNES - EINB.**



Nýkomið í einkasölu sérlega fallegt einbýli á einni hæð með innb. bílskúr samtals 205 fm á þessum vinsæla stað. Húsið skiptist m.a. þannig: 3 stór herbergi, tvo baðherbergi, stofur, borðstofa, sjónvarpshol, eldhús o.fl. Fallega ræktuð eignarlóð. Húsið er laust fljótlega. **Verð 60 millj.**

**HÖRGLUNDUR - RAÐHÚS**



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í einkasölu mjög gott raðhús á einni hæð ásamt tvöföldum bílskúr samtals um 179,4 fm þar af er bílskúr 43,4 fm. Húsið er mjög vel staðsett í á góðum útsýnisstað í neðri Lundum í Gbæ. Eignin skiptist í forstofu, gestasnyrtlingu, hol, stofu, borðstofu, húsbóndaherbergi, eldhús, þvottahús, búr, gang, baðh, tvö barnah, hjónah, bílskúr og geymslu. Nýlegt eldhús, parket og flisar á gólfum. Fallegur garður, frábær staðsetning. **Verð 47,5. millj.**

**Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður. Gsm. 896 0058.**

**BREIÐÁS - EFRI SÉRHAÐ**



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í einkasölu glæsilega mikið endurnýjaða 199,1 fermetra efri sérhæð þar af er bílskúr 52,3 fermetrar vel staðsett í Ásahverfi í Garðabæ. Eignin hefur öll verið endurnýjuð á mjög smekklegan hátt með vönduðum innréttingum, tækjum og gólfum. Eignin skiptist forstofu, hol, eldhús stofu, borðstofu, gang, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi „stúdeóíbúð“, sameiginlegt þvottahús og geymslu. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Sérgarður. **Verð 44,9. millj.**

**Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður. Gsm 896 0058.**

**HRÍSMÓAR - 4RA HERB.**



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í einkasölu sérlega glæsilega 137,8 fm íbúð á 2. hæð, þar af bílskúr 18,6 fm í góðu vel staðsettu fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í forstofu, hol, sjónvarpshol, eldhús, stofu, borðstofu, baðherb, tvö barnaherb, hjónaherb, þvottahús, bílskúr og geymslu. Rúmgóður bílskúr. Gólfefni eru parket og flisar. Frábær staðsetning. **Stutt í alla þjónustu. Verð 34,5 millj.**

**Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður. Gsm 896 0058.**

**LYNGMÓAR - 4RA HERB.**



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í einkasölu sérlega glæsilega 135,8 fm íbúð á 2 hæð þar af er bílskúr 20 fm í góðu vel staðsettu fjölbýlishúsi á barnvænum stað við Lyngmóa í Gbæ. Eignin hefur öll verið endurnýjuð á mjög smekklegan hátt. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, baðh, tvö barnah, hjónah, bílskúr og geymslu. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. **Verð 32. millj.**

**Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður. Gsm 896 0058.**

**BREKKUBYGGÐ - SÉRHAÐ**



Hraunhamar fasteignasala hefur fengið í einkasölu mjög fallega 92,3 fm 3ja herbergja íbúð með sér inngang á frábærum útsýnisstað vel staðsett í Byggðahverfi í Gbæ. Eignin skiptist í forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, tvö herbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu. Snyrtilegar innréttingar og gólfefni. Frábært útsýni. **Verð 27,9. millj.**

**Upplýsingar veitir Þorbjörn Helgi sölumaður. Gsm 8960058.**

**Magnús Emilsson, lögiltur fasteignasali**

**MIDBORG**  
Sími 533 4800

Laugavegur 182 • 4. hæð • 105 Rvík Fax 533 4811 • midborg@midborg.is  
Björn Porri hdl., lögg. fastsali, Karl Georg hrl., lögg. fastsali.

**Marteinslaug 3-5 – Opið hús**



Glæsilegar 98,1 – 109,6 fm. 3ja herbergja íbúðir í vandaðri nýbyggingu í Grafarholti. Svalir eða verönd til suð-vesturs. Íbúðunum fylgir staði í bíla-geymslu og sérgeymsla. Sér þvottahús í íbúð. Íbúðunum er skilað fullbúnum án gólfefna, með vönduðum innréttingum frá Trésmiðjunni GKS og tækjum frá Siemens. Uppþvottavél fylgir.

**Opið hús í dag milli kl. 13:00 og 14:30.**  
**Benedikt sími 847 3600 og Þorvarður sími 892 6101 sýna.**




- Lausar strax við kaupsamning
- Fallegt útsýni
- Verð frá 26,2 millj.





Frum

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmulí 7 • 108 Rvk

535\_1000

Þorlákur Ó. Einarsson  
lögg. fasteignasaliÞórhildur Sandholt  
lögfr. og lögg. fast.sali

stakfell.is

Fax 535 1009



### Gullengi - Ný eign

132 fm íbúð á annarri hæð í þriggja hæða fjölbýli við Gullengi. Eignin skiptist í 4 svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahús. Sameiginlegur garður með leiktækjum. Sér inngangur af svölum. **Verð 33.9 millj.**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15.30-16.30.**

### Herjólfsgrata - Laus strax

96 fm risibúð fyrir 60 ára og eldri. Gott sjávarútsýni. Stofa, eldhús, svefnherbergi, milliloft og baðherbergi. Stæði í bílageymslu. Íbúð er laus og til afhendingar við kaupsamning. **Verð 32.9 millj.**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL 15-15:30**

### Kópavogur

Erum með kaupanda að 4ra herb íbúð í Tungum eða Hvömmum.

### Höfðuborgarsvæðið

Erum með kaupanda að 3ja herbergja íbúð þar sem má hafa hund helst með útgengi í garð.

### 110, 112, 203, 201 eða Mosfellsbær

Erum með kaupanda að raðhúsi á þessum svæðum, helst á einni hæð og með góðum bílskúr.

### 107 Reykjavík

Erum með kaupanda að 3ja herbergja íbúð í vesturbæ Reykjavíkur



#### Auðbrekka - hæð

100 m² 3ja herbergja miðhæð í þrúbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, baðherbergi, hjónaherbergi, barnaherbergi og geymslu (5,2m²) á jarðhæð. Eldhús nýlega uppgert. **Verð 22.5 millj.**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL 17-17:30**

#### Lautasmári - Miðsvæðis

4ra herb 98 fm íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í forstofu/hol, stofu, eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús/geymslu. **Öll helsta þjónusta í göngufæri.** **Verð 26.9 millj.**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL.16-16:30**

#### Reykjavíkurvegur v. Háskóla Ísl.

77,6 fm íbúð í kj. Stofa, 2 svefnh., eldhús með borðkrók og ný-uppgert baðh. með sturtukl. og upph. salerni. Þv.herb. og þurrkh. Húsið Garður og er byggt 1928. **Verð 19,5 millj.**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17-17:30**

#### Furugrund - bílageymsla

72,8 fm 3ja herb. íbúð með stóru 23.8 fm stæði í bílskylí á grónu svæði Fossvogsmegin í Kópavogi. 2 svefnherbergi. Góð sameign. Íbúðin er parketlögð og vel með farin. **Verð 21.9 millj.**

**OPIÐ HÚS Í DAG KL 15.00-15.30**

#### Benidorm - Spánn

Lúxus-íbúð á 2 hæðum. Einstakt útsýni yfir Miðjarðarhafið. 5 mín göngufæri við hvítar strendur Benedorm. 3 svefnh. Stofa, 3 baðh. Mjög stórar svalir með potti. Allur húsbúnaður fylgir með. Möguleiki á góðum leigutekjum. **Verðtilboð.**



#### Þórðarsveigur - Útsýnisíbúð

4ra herbergja 106,8 m² íbúð á 4.hæð í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, eldhús, hjónaherbergi, 2 barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymslu auk stæðis í bílageymslu. **Verð 29,9 millj.**



#### Strandvegur-Garðabær

Um er að ræða fallega 4ra herbergja íbúð á 2 hæð í lyftuhúsi með stæði í bílageymslu. Mikið og gott útsýni er úr íbúðinni. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Verð 43,2 millj.**



#### Kóngsbakki - 4ra herb

101,4 fm íbúð á 3. hæð. Íbúðin skiptist í anddyri, stofu, eldhús, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, baðherbergi og þvottahús. Íbúðin er upprunaleg og snyrtileg. Sér geymsla í kjallara. **Verð 21.9 millj.**



#### Kaplaskjólsvetur-Vesturbær

Ný innrétuð 4ra herbergja endaíbúð á 1. hæð á þessum vinsæla stað í vesturbænum. Íbúðin er 107.2 fm, skiptist í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi. **Verð 32 millj.**



#### Álfhólsvegur - Nýstandsett

181 fm einbýli nýlega standsett með möguleika á 2ja herb. íbúð í kj. Íbúðin skiptist aðalhvæð með forstofu, samliggjandi borðstofu og stofu, svefnherbergi og eldhús, efri hæð með hjónaherbergi, barnaherbergi sjónvarpskrók, leiksvæði og baðherbergi. **Verðtilboð.**



#### Asparhvarf - Glæsieign

501,4m² einbýli í byggingu sem afh. fullbúð. Húsið stendur efst í lokaðri götu á besta stað með góðu útsýni yfir Elliðavatn og Bláfjöll. Anddyri, 5 svefnh., 4 baðh., gestasn., eldhús, stofu, borðst., frístundarými, sjónv.-h., þv.hús, geymslu og bílskúr. **Verðtilboð.**



#### Hlíðarhjalld - Kópavogur

290 fm vel staðsett einbýli. Húsið er á 2 hæðum. á efri hæð er anddyri, eldhús, stofa, wc og herbergi. Á neðri hæð eru 5 svefnherbergi, þvottahús, baðherbergi sér stúð-íóíbúð. Bílskúr er rúmgóður. Fallegur garður með potti og kamínu. Gróinn garður. **Verð 84,9 millj.**



#### Tjarnarbrekka - Álfntanes

294,8 fm einbýlishús með bílskúr. 4 svefnherbergi, 3 stofur, 3 baðherbergi og eldhús. Loftahæð allt að 6 metrar. Góð útsýnislóð með sjávarsýn. **Verðtilboð**



#### Kvistaland - Einbýli

5-6 herb. einbýli í Fossvoginum. Stór lóð er kringum húsið sem býður upp á mikla staðkunarmöguleika á húsinu. Bílskúr er innréttaður sem stúdíóíbúð í dag sem gefur góðar tekjur. **Verð 110 millj.**



#### Háteigsvegur - sérhæð

154,5 fm sérhæð við Háteigsveg. Eignin skiptist í forst, hol, 2 saml. stofur, 3 svefnherbergi, baðherb. og eldhús, þvottaherbergi og geymslu á jarðhæð, 32 fm bílskúr með frístundah. innaf. Stór garður. **Verðtilboð.**



#### Sóleyjarími - lyftuhús - bílageymsla

3. herbergja útsýnisíbúð fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin er á 3. hæð í 5 hæða lyftuhúsi með bílageymslu. 2 svefnherbergi. Samliggjandi stofa og stórt eldhús. Þvottaherb í íbúð. **Verð 29.9 millj.**



#### Mjósund - Hafnarfjörður

109,9m² íbúð á fyrstu hæð með kjallara. Eignin skiptist í hæð með forstofu, stofu, borðstofu og eldhúsi. Kjallari með sjónvarpsrími, baðherbergi, herbergi og þvottahúsi. **Verð 23.1 millj.**



#### Drápuhlíð með bílskúr.

Hæð og ris með sérinngangi og bílskúr alls 196 fm. Töluvert endurnýjuð eign. Á hæðinni eru 2 samliggjandi stofur, nýtt eldhús, baðherb. og 2 herb. Ris er herbergi, stofa, þvottahús. Góðar leigutekjur. **Verð 51.9 millj.**



#### Hofteigur - stutt frá Laugardal

137,7 fm íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, baðherbergi og 3 góð herbergi. Þvottahús og geymsla eru í sameign. **Verð 29.9 millj.**



#### Álftamýri - 3ja herbergja

82 fm 3ja herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík. Öll gólf eru parketlögð, nema eldhús og baðherbergi. Mósaik flísar eru á baðherbergi. Þvottahús í íbúð. **Verð 22.9 millj.**



Stakfell.is



535\_1000





Sími 512 3600  
www.logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • www.logheimili.is

### SÖLUMAÐUR FASTEIGNA ÓSKAST

Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða öflugan sölumann til starfa sem fyrst. Viðkomandi þarf að vera vel skipulagður og geta unnið sjálfstætt. Æskilegt er að um-sækjandi hafi reynslu af sölu fasteigna eða sölumennsku. Hreint sakarvottorð er skilyrði.

Boðið er upp á mjög góða vinnuaðstöðu, en lögmennsstofa er einnig rekin í samvinnu við fasteignasölnu á sama stað. Um er að ræða fasteignasölu sem er í örum vexti á innlend-um og erlendum mörkuðum bæði íbúðarhúsnæði, atvinnu-húsnæði og fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Ár-angurstengd laun. Góðir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast á skrifstofu okkar eða með tölvupósti í netfangið: jonas@logheimili.is í síð-asta lagi þann 20. janúar.**

**Nánari upplýsingar veitir Jónas Örn Jónasson hdl.  
lögg.fasteignasali í síma 512 3600.**



## BREKKUSTÍGUR 14 OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL 16-18



Falleg og mikið endurnýjuð 94,1 fm 3ja herbergja íbúð á frábærum stað í 101. Rúmgóð eign sem skiptist í tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi, stofu og sérgeymslu. Þetta er mjög falleg og skemmtileg eign á rólegum stað í gamla vesturbænum.

Verð 24,9 millj.

Arnar og Hafdis taka vel á móti væntalegum kaupendum í dag frá kl. 16-18

Hvertisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7745

DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is



## Birtingakvísl 8, 110 Reykjavík. OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 15-16.



Mjög fallegt endaraðhús með fallegum afgirtum garði. Eignin skiptist í: Forstofu, hol, eldhús, stofu, borðstofu, wc, og geymslu. Efri hæðin skiptist í: 3 góð herbergi, hol og baðherbergi. Óskráð rúmgott herbergi/ geymslur er yfir efri hæðinni með glugga. Kamína í stofu. Glæsilegur afgirtur garður. Fallegt útsýni. V. 37,3 millj. (5167)

**Sölumaður verður á staðnum.**

## Klukkanimi 97, 112 Reykjavík. OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL : 15-16.



Mikið endurnýjuð 74,4fm 3ja herb.íbúð á jarðhæð með afgirtum garði. Eignin skiptist í: Forstofu, gang, 2 herb., stofu, eldhús, baðherb. og geymslu. Mikið endurnýjuð eign t.d. parket, eldhúsinnr. o.fl. Útgengt út á verönd og í afgirtan garð frá stofu. Mjög falleg íbúð í fjörbýlishúsi. EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. V. 21,5 millj. (5154)

**Sölumaður verður á staðnum.**

## Sílakvísl 4, 110 Reykjavík. OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL: 16:15-17:15



Mikið endurnýjað 100.3fm 5-6 herb. raðhús á tveimur hæðum. Eignin skiptist í: Forstofu, hol, eldhús, wc, stofu og borðstofu. Efri hæðin: 3 góð herb., hol og baðherbergi. Yfir efri hæð er nýstandsett óskráð herbergi (ca:20fm).Sam.útgeymsla. Parket og flísar á gólfum. Gað-urinn er afgirtur með verönd. EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. V. 31,6 millj. (5088)

**Sölumaður verður á staðnum.**

## Núpalind 6, 201 Kópavogur. OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16:15-17:15.



Einstklega falleg 209,7fm 6 herb. íbúð á 8 efstu hæð ásamt 2 stæðum í lokaðri bílageymslu. Eignin skiptist í: forstofu, 5 svefnherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, eldhús, stofu og borðstofu. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Öll rými mjög rúmgóð. Sér geymsla í kjallara. Mjög fallegt útsýni. EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. V. 54,9 millj. (5161)

**Sölumaður verður á staðnum.**



**Fálkagata, Vesturbær.** Lítið einbýli á þessum vinsæla stað. Allt endurnýjað. Eignin skiptist í: hol, baðherbergi, herbergi, stofu og eldhús ásamt lítilli geymslu. Húsið hefur allt verið endurnýjað á mjög glæsilegan hátt. Parket og flísar á gólfum. EIGNIN ER LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX. V. 24,9 millj. (5160)



**Asparhvarf.** Um er að ræða 126fm einbýlishús á einni hæð ásamt 54,0fm bílskúr, samtals: 180fm. Húsið þarfnast mikilla endurbóta. Eignin stendur á 4002fm lóð, vel staðsettri á móti suðuri. Verið er að skipta lóðinni upp í tvær ca 2000fm einbýlishúsaloðir. Er það í grendarkynningu. Er gert ráð fyrir að byggja megi allt að 400 fm einbýli auk ca 60 fm hesthúss með gerði. (5164)

**Leifur Aðalsteinsson Löggildur fasteignasali.**

## Arnarneshæð

## Komdu á Hæðina

Arnarneshæðin er einstaklega vel staðsett á eftirsóttum stað á höfuðborgarsvæðinu. Hverfið er sólrikt og skjólsælt, með gullfallegt útsýni til allra átta. Stutt er í alla verslun og þjónustu, fjölmargir skólar eru í næsta nágrenni og ótal frábær íþrótta- og útivistarsvæði innan seilingar.

## Opið hús í Línakri 1 og 3 í dag frá kl. 14-15



### Fullbúnar sýningaríbúðir

Komdu og skoðuðu stórglæsilegar íbúðir, fullbúnar öllum þægindum, þ.á.m. gólfefnum, gárdinum, ljósum, ísskápi og uppþvottavél.

### Línakur 1

5 herbergja íbúðir  
164,6 fm – verð frá 45,9 m.

### Línakur 3

4 herbergja íbúðir  
134,9 fm – verð frá 34,9 m.



### Hæðin

Hin stórglæsilegu raðhús okkar leika aðalhlutverk í þættinum Hæðin, sem hefur göngu sína á Stöð 2 innan skamms.



Sími 530 1500 | Suðurlandsbraut 52 | Guðrún Árnadóttir löggiltur fasteignasali | www.arnarnes.is

VERKTEINI Á VEGUM  
**hanta**

# 5125050

Auglýsingasími

– Mest lesið



ÞRÍR LYSTUGIR AÐALRÉTTIR

# HOLLT & GOTT



Chili-kjúklingurinn hefur vakið mikla lukku á heimili Siggu. Uppskriftin kemur frá Unni yfirþjálfara á Grand Spa.



Góð salatsósa gerir gæfumuninn.

## BORGAR SIG *að hlusta á líkamann*

Sigríður Hilmarsdóttir, móttökustjóri hjá Grand Spa, var orðin öryrki út af bakveiki. Með breyttum lífsháttum náði hún fullum bata og í dag hugsar hún vel um mataræði og líkamsrækt.

„Ég hef alltaf hugsað um heilsuna og verið í íþróttum. Síðan veiktist ég í baki, þurfti að fara í skurðaðgerð og varð öryrki. Batinn kom hægt og rólega, aðallega vegna þess að ég breytti um mataræði og fór að stunda reglbundna líkamsrækt,“ segir Sigríður, sem er alltaf kölluð Sigga.

Hún segist fyrst hafa orðið meðvituð um mataræði á seinni árum og í dag hlustar hún vel á líkamann. „Allt er gott í hófi, en þó sneiði ég hjá svínakjöti og mjólkurvörum, einfaldlega að því að það fer illa í mig,“ segir Sigga sem borðar mikið ávexti og grænt, sérstaklega eftir hátíðarnar. „Ég fann að mér leið öðruvísi eftir jólin. Maður er smátíma að ná sér og þá fer ég bara í ræktina og drekk vatn,“ segir Sigga sem á tvo stráka sem eru ekki á sama máli um sætindi. „Eldri strákurinn minn sem er sjö ára borðar mjög lítið sælgæti og drekkur nánast ekki gos. Ég reyndi að halda honum frá sykri og sætindum en í dag hefur hann tekið sjálfstæða ákvörðun. Sá yngri er meira fyrir sætindi og kannski af því að hann vandist öðruvísi mataræði þar sem hann var í dagvist,“ útskýrir Sigga. Sjálf leyfir hún sér sætindi stöku sinnum og reynir að hugsa að flest sé gott í hófi. Chili-kjúklingurinn sem Sigga býður lesendum upp á hefur vakið mikla lukku á heimilinu og hún segist reyna að hafa kjúkling einu til tvisvar sinnum í viku, fisk tvisvar í viku, og síðan ýmist kjöt eða pasta sem er alltaf úr heilheiti.

-rh

Meðvitað mataræði og líkamsrækt áttu stóran þátt í bata Siggu.



### CHILI-KJÚKLINGUR MEÐ SALATI

**KJÚKLINGUR**  
5-600 g kjúklingabringur eða lundir  
1 dl ólívuolía  
1/2 dl sojasósa, til dæmis Tamari-sósa  
1 cm fersk engiferrót  
1/2-1 rautt chili

**DRESSING**  
1msk. vínedik  
1 tsk. Dijon-sinnep  
2 msk. ólívuolía

Blandið saman vínediki og sinnepi og hellið olíunni í mjörri bunu og hrærið vel á meðan.

Hellið yfir salatið rétt áður en það er borið fram.

Borið fram með góðu grófu brauði. Sigríður notar lífrænt ræktað hráefni. Rétturinn er fyrir fjóra.

Kljúfið bringurnar í tvennt. Setjið olíu og sojasósu í skál, flysið og rífið engiferrótina og saxið chili-ið og blandið vel saman við.

Setjið kjúklinginn út í og passið að marinerinn þeki kjötið vel. Látið kjötið standa í mariner-ingunni við stofuhita í um það bil klukkutíma.

Steikið á pönnu eða í ofni. Þeir sem vilja ekki sterkan mat taka fráen úr piparnum.

**SALAT**  
Einn poki af góðu lífrænu salati, til dæmis rucola eða spínat  
1 stk. avocado  
1/2 mango  
1/2 paprika  
Hnetur og fræ eftir smekk







- 1. Matarmikil samloka með kjúklingabringu og sérrisoðnum skalottulauk.
- 2. Létt og girnileg samloka með risarækjum og spergli.
- 3. Sparileg samloka með gæsaliufrarkæfu.



# Freistandi SÆLKERA-SAMLOKUR

Samlokur þurfa ekki að vera hversdagslegar heldur má útbúa þær þannig að þær sómi sér vel í matarboði og öðrum veislum. Marentza Poulsen útbjó fyrir okkur þrenns konar girnilegar samlokur.



Samlokur eru ekki bara skyndibiti. Ég hugsaði þessar samlokur þannig að þær hentuðu sem fallegur kvöldverður fyrir fjölskylduna. Þá er um að gera að loka þeim ekki alveg þannig að þú sjáir hvað er á milli. Þá verða þær girnilegri," segir Marentza. Sníðugt er að bjóða upp á svona samlokur í veislum. „Það er til dæmis hægt að bjóða til sín gestum á laugardagskvöldi og hafa á boðstólum flottar samlokur. Samlokur þurfa ekki að vera hversdagslegar og hráefnið er allt hægt að hafa tilbúið tímanlega.“ Það er ágætt að hafa í huga ef útbúa skal gömsæta máltíð á stuttum tíma. „Þá er bara hægt að hafa þetta tilbúið í góðum brauðkassa eða undir plasti," útskýrir Marentza sem útbýr oft samlokur af þessu tagi sem hádegisverð á laugardegi. „Fólk má gjarnan breyta aðeins til. Það er líka gaman að bjóða fólki í samloku og öl en það er mikil stemning í því. Öl og snafs með smurðu brauði er klassík," segir Marentza kímín og heldur áfram: „Svo er líka gaman að smyrja fyrir krakkana sína og setjast niður með fallegu smurt brauði. Þá eru samlokur einfaldar og eitthvað sem allir geta gert.“ Samlokurnar sem hér gefur að líta eru ekki einungis fallegar heldur hollar líka. „Ég nota mjög lítið majónes og hráefnið er næringarríkt," segir Marentza. Nota má hvernig brauð sem er í samloku og einnig er ýmist hægt að hafa þær heitar eða kaldar. „Möguleikarnir eru nær óþrjótandi. Hægt er að nota speltbrauð, grófkornabrauð, nan-brauð og fleira og svo má rista annan hlutann en ekki hinn. Kosturinn við það að leggja brauðið hálf tveir er að þá er auðvelt að fjarlægja annan helminginn því sumir vilja ekki mikið brauð," útskýrir



Marentza býður oft upp á samlokur og öl þegar hún fær gesti.

Marentza sem smyr oft samlokur fyrir gesti. „Mér finnst þetta líka stundum vera tengt árstíðum. Þegar fer að birta til þá nennir maður síður að eyða miklum tíma við eldavélina og það getur verið sníðugt að vera búinn að matreiða fyrirfram þegar maður fær gesti sem maður sér sjaldan. Það er skemmtilegra að eyða tímanum með gestunum en í eldamennskuna og þá geta samlokur komið sér vel," segir Marentza. Ef einhverjir hafa áhuga á að kynna sér frekar listina við að útbúa girnilegt smurbrauð og samlokur þá er Marentza með námskeið á vegum Sæmundar fróða í Hótel- og veitingaskólanum í Kópavogi. Þar má kynna sér nýjar hugmyndir og undirstöðuatriði í smurbrauðs- og samlokugerð og henta námskeiðin jafnt fagfólki sem áhugamönnum.



## SAMLOKUUPPSKRIFTIR

### SAMLOKA

MED GÆSALIFRARKÆFU  
2 sneiðar pálmabrauð eða annað sambærilegt  
1 grænt epli  
3 sneiðar gæsaliufrarkæfa (Jensens Gönse-Pâté)  
klettasalat  
rifsberjasulta  
granateplafræ  
smjör til að smyrja með olía og sykurl

Skrælið og kjarnhreinsið eplið og skerið í báta. Hitið olíu á pönnu og setjið eplin á pönnuna og veltið þeim upp úr olíunni. Stráið um það bil 1 teskeið af sykri yfir eplin, brúnið þau aðeins og kælið. Smyrjið brauðsneiðarnar með smjöri (það má líka rista brauðið). Setjið svolítið af klettasalat í brauðsneiðina. Eplabátunum er raðað ofan á klettasalat, því næst gæsaliufrarkæfunni, sultu og granateplafræjum. Þá er hin brauðsneiðin sett ofan á eða lögð létt upp að brauðinu.

### SAMLOKA

MED RISARÆKJUM OG SPERGLI  
eitt nan-brauð skorið til helminga  
4 risarækjur, skelhreinsaðar  
olíu til steikingar  
smá finsöxuð steinselja salt  
pipar  
3 stk. grænn spergill, ferskur  
Lambhagasalat

### SÓSA:

½ dl sýrður rjómi 18%  
½ dl majónes

1 tsk. Dijon-sinnep, má gjarnan vera með kornum  
1 msk. sítrónusafi  
½ pressað hvítlauksrif  
1 msk. finsöxuð steinselja  
1 msk. finsöxuð basilíka salt og pipar

Setjið olíu á pönnu og hitið aðeins. Veltið risarækjunum upp úr olíunni. Stráið finsöxuðu steinseljunnar yfir rækjurnar og veltið þeim upp úr blöndunni. Steikið áfram þar til rækjurnar eru rauðlitar báðum megin. Setjið vatn í pott og látið suðuna koma upp. Setjið smá salt út í vatnið. Hreinsið spergilinn og setjið hann í pottinn og sjóðið í tvær mínútur eða þar til hann er farinn að linast. Takið hann upp úr pottinum og setjið hann strax undir kalt vatn svo hann haldi ekki áfram að sjóða. Blandið öllu hráefninu fyrir sósuna saman og látið hana standa aðeins í kæli.

Leggið eitt salatblað ofan á nan-brauðið, eina matskeið af sósunni ofan á salatið og raðið risarækjunum ofan á sósuna og spergli ofan á rækjurnar. Skreytið með basilíku. Þá er hinn helmingurinn af nan-brauðinu lagður ofan á þannig að vel sjáist í það sem er á milli.

### SAMLOKA

MED KJÚKLINGABRINGU OG SERRISOÐNUM SKALOTTULAUK  
2 heilhveitibrauðsneiðar smjör til að smyrja með

100 g skalottulaukur  
1 msk. rúsinur  
nálar af einum rósmarínkvisti  
3 msk. sérri  
1 kjúklingabringa  
3 sneiðar pepperoni  
klettasalat  
1 tsk. sítrónuolía eða önnur góð olía  
½ tsk. sérriedik eða hvítvinsedik salt  
pipar

Hitið ofninn í 200 gráður.

Setjið smjörpappír í eldfast mót. Skerið skalottulaukinn í báta og setjið hann í eldfasta mótið ásamt rúsinunum og hellið sérríinu yfir. Fínsaxið rósmarinnálarnar og veltið þeim saman við ásamt smá salti og pipar. Setjið kjúklingabringuna ofan á laukinn og rúsinurnar og kryddið með salti og pipar. Steikið í miðjum ofninum í 20 mínútur. Takið úr ofninum og látið kólna. Setjið pepperoni-sneiðarnar í ofninn á rist og þurkið í sex mínútur og kælið.

Ristið brauðsneiðarnar og smyrjið með smjöri. Hrærið saman olíu og ediki, veltið klettasalatinu upp úr því og setjið salatið á brauðsneiðina. Setjið síðan lauk og rúsinur ofan á salatið, skerið kjúklingabringuna í frekar þykkar sneiðar og raðið þeim ofan á laukinn. Pepperoni-sneiðarnar eru settar ofan á kjúklinga-sneiðarnar og skreytt með graslauk (má sleppa). Síðan er hin brauðsneiðin sett ofan á aðeins til



NÝ ÁSKORUN Í HÖNNUN  
NÝTT Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI

# HÆÐIN



# LEITUM AÐ HUGMYNDARÍKU HÖNNUNARPARI

Við leitum að laghentum, hressum og stílvissum pörum með brennandi áhuga á innanhússhönnun. Þrjú pör verða valin úr hópi umsækjenda og gefst þeim kostur á að taka þátt í spennandi hönnunarkeppni í nýjum þætti sem fengið hefur nafnið Hæðin og verður frumsýndur á Stöð 2 í mars.

Keppnin gengur út á hvaða par innréttar fallegasta húsið í nýju raðhúsi á Arnarneshæðinni.

**Pörin verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:**

- ✓ Vera orðin 20 ára
- ✓ Vera í langtímasambandi
- ✓ Vera í fullri vinnu
- ✓ Geta sinnt verkefninu meðfram vinnu sinni frá febrúar til apríl

Sérlega vegleg verðlaun eru í boði fyrir fallegasta húsið.

Um er að ræða einstakt tækifæri fyrir áhugafólk um hönnun til að láta reyna á hæfni sína og láta ljós sitt skína skært.

**Skráning fer fram á [stod2.is](http://stod2.is) og [visir.is](http://visir.is) og stendur yfir til 18. janúar.**



*skemmtilegri*

**SKRÁÐU ÞIG Á [STOD2.IS](http://STOD2.IS) OG [VISIR.IS](http://VISIR.IS)**





## KOKTEILLINN HEFÐARDRYKKUR



Fallegur áfengislaus fordrykkur sem hægt er að dreypa á með góðri samvisku.

## Áfengislaus hefðardrykkur

6 cl eplasafi  
2 cl sítrónusír-  
óp

Glasið fyllt upp með engiferöli.  
Borið fram í kampavinsglasi. Mynta  
og epli til skrauts. Uppskriftin er  
frá Alexandre Pintorocha á Hótel  
101 á Hverfisgötu í Reykjavík.

## margt smátt

**MATARSLETTUR** héðan og þaðan finnst engum aðlaðandi. Til þess að máltíðin og matarupplifun fullorðinna og barna sé góð er nauðsynlegt að hafa eldhúsið hreint. Þar á meðal ísskápinn. Einnig borgar sig að vera með ílát undir afganga og matvörur sem er búið að taka úr upprunalegum umbúðum eða vel innpakkað í álpappír og eða plastfilmu. Það kemur í veg fyrir að aðrar matvörur taka í sig lykt og bragð frá öðrum mat. Góður jógúrhristingur missir einhvernveginn sjarmann þegar hann er farinn að taka í sig bragð frá siginni ýsu síðan í gær.



**NAUÐSYNLEGT ER AÐ ÞVO VEL** allt grænmeti áður en það fer á diskinn. Þeir sem ekki nenna að skafa og skræla gullrætur og rófur með hníf geta nú farið í hanska og skrúbbað mold og óhreinindi burt milli handanna. Kartöfluhanskar úr Duka í Kringlunni kosta 490 krónur.

## MEÐ ÞVÍ AÐ GUFU- SJÓÐA MAT

haldast öll þau næringar efni og vítamín í matnum sem annars tapast út í soðvatnið. Einfalt er að setja vatn í pott og raða svo grænmeti og fiskbitum á gufusigti sem fer yfir pottinn svo maturinn soðnar í gufunni. Byggt og búið Kringlunni 1.436 krónur.



## NÆRINGARFRÆÐINGAR

ráðleggja fólki að borða minnst fimm skammta af ávöxtum og grænmeti á dag og með þessum eplahníf er fljótlegt að skera niður eplið og losna við kjarnann um leið. Duka Kringlunni 2.250 krónur.



1



2



1. Energíá+ drykkurinn er fullur af orku.
2. Spínat- og mangóhristingur frá Manni Lifandi.
3. Dansari er meðal annars með melónu- og ástaraldinsskyri.

3



## HEILSA

# MEÐ HRISTINGI

Kosturinn við heilsudrykki og hristinga er að þeir eru einfaldir, fljótlegir og sneisafullir af næringarefnum.

Þegar verið er að blanda hristinga er um að gera að nota hugmyndaflugið. Notast má við frosna ávexti, grænmeti, safu, mjólkurvörur eða hrísmjólk, möndlumjólk, sojamjólk, mysuprótn, ýmsar olíur eins og hörfræolíu og kókosolíu og fleira. Í raun má blanda hverju sem er en mikilvægt er þó að huga að samsetningunni og næringarinnihaldi.

Helga Mogensen hjá Manni lifandi mælir með frosnum berjum, grænum salötum og kryddjurtum og nefnir að gott sé að nota spínat í þessa drykki þar sem það er stútfullt



af járn, kalki og A- og C-vítamínum. Einnig gefur hún uppskrift að mangóhristingi en mangóávöxturinn býr yfir meltingarensímum. Hafa má drykkina í einfaldara lagi en þó gómsæta. Hjá eEnergía í Smáralind er boðið upp á ýmiss konar skyrdrykki og orkudrykki og fengum við tvær uppskriftir þaðan sem allir ættu að geta útbúið.

- hs



## UPPSKRIFTIR FRÁ GUÐNÝJU HJÁ ENERGÍA Í SMÁRALIND

### ENERGÍA+ :

2 stórar skeiðar jarðarberjaskyr  
½ banani  
nokkur jarðarber  
¼ magic

Allt sett í blandara og hrært vel.

### DANSARI:

2 stórar skeiðar melónu- og ástaraldinsskyr  
u.þ.b. ½ appelsína

Sett í blandara og hrært vel.

## UPPSKRIFTIR FRÁ HELGU MOGENSEN HJÁ MANNI LIFANDI

### SPÍNATHRISTINGUR

½ poki spínat  
4 perur eða frosinn  
banani  
Smá lífrænn eplasafi

Allt sett í blandara og blandað vel saman. Til að fá sætari drykk er gott að setja 1-2 döðlur saman við.

Til að hafa hann örlítið grænni má setja handfylli af steinselju. Einnig má gera drykkinn matarmeiri með því að setja mysuprótein saman við.

### MANGÓHRISTINGUR SEM HENTAR VEL BÖRNUM

1-2 dl möndlumjólk eða hrísmjólk  
Væn lúka af frosnum mangó.

Blanda vel saman saman og mýkja með því að setja hálfan banana saman við.

Þessi er ferskur og afar bragðgóður.







Ilmandi te er róandi, hollt og gott til neyslu, og einnig notalegur félagi í dagsins önn og á öðrum góðum stundum.

# Heilsubót Í HVERJUM SOPA

Tedrykkja hefur yfir sér heilsusamlegt yfirbragð og margir sem leita styrks og huggunar í ilmandi tebolla þegar nammipörf ætlar alla að æra.

Te er ekki það sama og te, þótt te sé alltaf drykkur,“ segir Margrét Kaldalóns, tesérfræðingur Heilsuhússins. „Sumir leita eftir ljúffengum bragðgæðum og kaupa þá gjarnan krydduð Yogi-jurtate, meðan aðrir vilja svört te og spá helst í bragðið, og svo aðhyllast margir íslensk jurtate sem í eru hinar ýmsu lækningajurtir,“ segir Margrét, sem staðfestir að hollustute sé vinsælasti kosturinn um þessar mundir. „Grænt te er enn nokkuð vinsælt, enda fullt af andoxunarefnum og vatnslosandi, en langvinsælast er detox-te sem vinnur með lifur og nýrum og hjálpar við losun salts og eiturefna úr líkamanum. Andoxunar- og detox-te auka brennslu og veita ferskleika, en eru ekki megrandi í sjálfu sér, frekar en önnur te. En það er eins með te og annað til heilsubótar að ekki þýðir að horfa á varninginn uppi í skáp í von um að hann virki. Te þarf að drekka markvisst og minnst þrjá bolla á dag,“ segir Margrét, sem hvetur þá sem erfitt eiga með vatnsdrykkju að drekka meira jurtate. „Þá fæst vatn í kroppinn auk áhrifa frá heilnæmum jurtum, því allar jurtir gera eitthvað fyrir líkamann. Þannig er engifer og sítróna góð fyrir öndun og meltingu, blóðberg við kvefi og timburmönnum, birki er bólgueyðandi og vatnslosandi, vallhumall lækkar blóðþrýsting og róar taugarnar, hvönn er góð fyrir maga og meltingu, túnfífill afar vatnslosandi



Margrét Kaldalóns tesérfræðingur Heilsuhússins segir jurtir íslenskrar náttúru vinsælan heilskost í tedrykkju, enda lækningamátturinn mikill.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

og trönuber góð við blöðrubólgu, svo fátt eitt sé nefnt. Til eru líka sérstök flensute og jurta-blöndur sem vinna markvisst á kvefi og bakteríum,“ segir Margrét sem finnur vel í sínu starfi að æ fleiri Íslendingar aðhyllast tedrykkju. „Það fylgir því að vera meðvitaður um eigið heilsufar og líkamlegt form. Sem betur fer kjósa fleiri að drekka te sér til heilsubótar í stað þess að háma í sig lyf við öllum mögulegum kvillum. Náttúran hefur svör við öllu.“

-þlg

## Brakandi og stökkar Pagens-bruður

-trefjarík hollustufæða úr úrvalshráefnum náttúrunnar.

**Pagen**

**KRISPROLLS**  
naturell

En ren naturprodukt

Fínar og grófar, ómissandi á morgunverðarborðið.

-prófaðu þessar grófu sykurlausu





NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR  
SKRIFAR MATARHUGLEIÐINGAR



# Fiskur - alvöru skyndibiti

Mér finnst vel hægt að halda því fram að fiskur sé hinn eini sanni skyndibiti. Að minnsta kosti örugglega einn sá hollasti. Svo mikið er víst að hann er yfirleitt fljóteldaður. Hér áður fyrr var fiskur reyndar oft soðinn eða steiktur allt of lengi – ég hef oft séð eða heyrt fólk halda því fram að fisk eigi að sjóða eins lengi og kartöflurnar, 15-20 mínútur og jafnvel lengur, og þá er oft átt við bullsúðu. Sannleikurinn er auðvitað sá að fisk er best að elda sem styst – bara þar til hann er rétt eldaður í gegn – og þegar hann er soðinn í vatni er best að hafa vatnið neðan við suðumark, eða láta suðuna koma upp, slökkva undir pottinum og láta fiskinn standa í soðinu í nokkrar mínútur. Þannig fæst safaríkur og góður fiskur á nokkrum mínútum.

Þegar fiskur er eldaður í ofni er aftur á móti ekki endilega best að hafa hitann vægan og eldunartímann langan eins og oft er gert við kjöt, einkum seigari bitana. Það er nefnilega gert til að bandvefurinn leysist smátt og smátt upp en í fiski er afar lítið um bandvef og því hentar vel að elda fiskinn við háan hita í stuttan tíma. Lengri eldunartími er líka valkostur en þá þarf að gæta þess vel að fiskurinn þorni ekki.

Grillsteiking er aftur á móti í flestum tilvikum einkar hentug matreiðsluaðferð fyrir fisk og þótt yfirleitt sé gott að setja hann á útgirllið þegar viðrar til þess er eiginlega enn betra að grilla hann í ofni. Grillið er enga stund að hitna, fiskinn má bara setja á bökunarplötu, hann er fljótur að grillast í gegn og yfirleitt er engin þörf á að snúa honum – og það er lítil þörf á feiti, a.m.k. þegar verið er að grilla feitari fiskana (þessa sem eru troðfullir af hollu Omega 3-sýrunum).

Erfiðast er að vita hvenær fiskurinn er hæfilega eldaður. Ef hann er grillaður of lengi verður hann þurr en hann má heldur ekki vera hrár í miðju. Öruggast er að stinga hnífsoddi í hann og skoða í sárið; ef hann er enn gljáandi og eins og hálfglær í miðju þarf hann ögn lengri tíma, ef hann losnar auðveldlega í flögur og virðist ógegnær er hann tilbúinn. Þess vegna er alltaf best að bitarnir séu sem jafnastir að þykkt og ef maður er með misþykka bita eða heil flök er oft gott að brjóta upp á þynnstu hlutana til að þeir verði álíka þykkir og hitt.

Oft er „kanadíska reglan“ svokall- aða höfð sem þumal- fingursregla en hún segir að elda eigi fisk í 10 mínútur fyrir hverja 2,5 cm í þykkt (miðað við þykkasta hluta hans). Og þetta er góð regla – fyrir fisk sem er 2,5 cm á þykkt eða þar um bil. Þunn flök þurfa meira en helmingi styttri tíma, ekki síst við háan hita, 5 cm þykkir fiskar meira en tvöfalt lengri. Þeir fara þó sennilega ekki undir ofngirllið (annað mál með útgirllið) en þunn flök henta þar sér-



lega vel. Best er þó að hafa þau ekki alltof nálægt grillristinni; 10-15 cm frá henni er yfirleitt hæfilegt.

Í uppskriftinni sem hér kemur eru notuð flök, 1-2 cm á þykkt og stirtlan þá e.t.v. brotin inn undir flakið til að jafna þykktina. Grænmetið sem dreift er yfir er bæði til að bragðbæta fiskinn og hlífa honum en



þótt þekjan sé ekki þykk lengir hún grilltímann dálítið og það má því gera ráð fyrir 7-8 mínútum undir grillinu. Grænmetið á að brenna aðeins á jöðrunum en ef það virðist ætla að dökkna um of má breiða álpappír lauslega yfir eða færa plötuna einni rim neðar í ofninum.

## OFNGRILLAÐUR FISKUR MEÐ GRÆNMETISÁBREIÐU

Ég hef notað rauðsprettu, þorsk og bleikju í þennan rétt og það kom allt vel út. Steinbítur væri líka góður, svo og smálúða. Það má nota ýsu en þá væri e.t.v. gott að bæta við svolitilli olíu af því að ýsan er svo magur fiskur.

- 700-800 g fiskflök, beinhreinsuð, t.d. rauðsprettu, þorskur eða silungur
- pipar salt
- 2 msk. ólívuolía
- 2-3 msk paprikumauk (capsicum tapenade)
- 300 g tómatar, vel þroskaðir
- 150 g sveppir
- ½ gul paprika
- 3-4 vorlaukar
- 2 msk. sojasósa

Hitaðu grillið í ofninum og breiðu álpappír í ofnskúffu eða á bökunarplötu. Kryddaðu fiskinn með svolitlum pipar og salti og skerðu hann e.t.v. í stykki. Penslaðu álpappírinn með 1 msk. af olíu og leggðu fiskinn á hann.

Smyrðu paprikumauki ofan á flökin. Skerðu tómatana í tvennt, skafðu úr þeim fræin og

skerðu svo tómatkjötið í bita, ásamt sveppum, papriku og vorlauk. Blandaðu grænmetinu saman í skál, kryddaðu með svolitlum pipar og hræðu sojasósu og 1 msk. af olíu saman við. Dreifðu grænmetisblöndunni jafnt á fiskinn og grillaðu hann svo í 10-15 cm fjarlægð frá ristinni í 7-8 mínútur, eða þar til hann er rétt steiktur í gegn.

Það er auðvitað hægt að hafa eitthvert hefðbundið meðlæti með en mér finnst krydduð sætukartöflustappa – í þessu tilviki blönduð gulrófum – eiga einkar vel við:

- SÆTUKARTÖFLU- OG RÓFUSTAPPA
- 450 g sætar kartöflur
- 400 g gulrófur
- ½ tsk kummin (eða engiferduft)
- pipar salt
- skvetta af appelsínusafa (eða kartöflu-soði)

Flysjaðu kartöflur og rófur, skerðu þær í bita og sjóddu í léttisöltuðu vatni þar til þær eru vel meyrar. Helltu þá vatninu af þeim (geymdu e.t.v. svolitla skvettu) og stappaðu þær svo. Gjarna frekar gróft, það er ekki verra að stappan sé svolítið flekkótt. Kryddaðu þær með kummini eða engifer, pipar og salti og þynnstu stöppuna eftir þörfum með appelsínusafa eða soði.



## ÞRÍR FRAKKAR HJÁ ÚLFARI RESTAURANT

Baldursgata 14 • 101 Reykjavík  
Sími 552 3939 • Netfang: frakkar@islandia.is

Borðapantanir í síma 552 39 39





# De Dietrich



FULLKOMINN GLÆSILEIKI!

*Luxus í sérstökki*

GLÆSILEG **ESPRESSO KAFFIVÉL** ➡

INNBYGGÐ KVÖRN  
2.5 LÍTRA VATNSTANKUR  
1 EÐA 2 BOLLAR Í EINU  
HRÖÐ, MEÐAL, HÆG STILLING Á KAFFIBRUGGUN  
RAFEINDASTÝRING  
ÖFLUG VÉL FYRIR KAFFIUNNENDUR

**SPANSUÐU- OG  
GLERHELLUBORÐ  
Í ÚRVALI**



**EINN FULLKOMNASTI OFNINN Á MARKAÐINUM** ➡

MEÐ ICS (INTELLIGENT COOKING SYSTEM)  
ALSJÁLFVIRKT MATREIÐSLUKERFI  
HRAÐHITUN Á OFNI, BIOGRILL, HALOGENLJÖS Í OFNI  
ALSJÁLFVIRK LYKTEYÐANDI LOFTHREINSUN  
PYROLYSE HREINSIKERFI MEÐ RAFEINDASKYNNJURUM  
**ÞETTA ER OFNINN FYRIR MATGÆÐINGA**



**Einar Farestveit & Co.hf.**

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is





## Sniðugar vefsíður

Á vefsíðunni [www.myrecipes.com](http://www.myrecipes.com) er meðal annars að finna uppskriftir að mörgum hollum og og bragðgóðum réttum. Þegar smelt er á flipann “healthy diet” birtast listar yfir hitaeningasnauða rétti, aðal- jafnt sem eftirrétti. Sá sem gerist meðlimur að síðunni getur jafnframt sett inn eigin mataruppskriftir og vistað þær ásamt áhugaverðum uppskriftum á síðunni, matseðlum og innkaupalistum.



Vefsíðan [www.eatingwell.com](http://www.eatingwell.com) hefur að geyma gagnleg ráð og gómsætar uppskriftir að hollusturéttum, for-, aðal- og eftirrétum og ýmsum undirflokkum. Þar er meira að segja að finna uppskriftir að heilsusamlegum réttum sem ættu að höfða til krakka og þeir sem eru sífellt á hlaupum ættu að finna uppskriftir að réttum sem fljótlegt er að matreiða.



[allrecipes.com](http://allrecipes.com) er vefsíða óhætt er að mæla með, því þar er meðal annars að finna uppskriftir að ýmsu hollu góðgæti og öðrum ljúffengum mat. Þar er að finna rétti ýmist lausa við glútein, mjólkurvörur, egg eða sykurlaus, með lítilli fitu og sérsníðið mataræði handa sykursjúkum svo fátt eitt sé nefnt.

### VIÐ MÆLUM MEÐ...

**...HLÁTURJÓGA** Hláturjoga er holl og góð æfing fyrir líkama og sál sem byggir á blöndu af hláturæfingum og jógaöndun. Hlátur hefur jákvæð áhrif á líkamann hvort sem við hlæjum að einhverju myndum eða köllum hláturinn fram á annan hátt. Við þekkjum öll vellíðanina eftir gott hláturskast, líkaminn slakar á og við erum full af orku og bjartsýni. Hægt er að fara á námskeið í hláturjoga og m.a. hægt að fá upplýsingar hjá Manni lifandi um slíkt.



**... SÍTRÓNUM** Sítrónur eru til margra hluta nýtsamlegar og nauðsynlegt að eiga þær til í ísskápnum. Þær eru góðar þegar matreiða á fisk og má einfaldlega kreista yfir lúðu, silung eða ýsu og yfir salatið líka. Við kvefi er gott að skera niður sítrónur út í sjóðandi vatn og anda að sér gufunni sem hreinsar nef og ennisholur. Dropi af sítrónu út í vatn er líka kröftugur blettahreinsir á óhreina sokka og til að ná burt leiðinlegri lykt, til dæmis úr ruslafötum. Sítrónur í skál á borði gefa svo heimilinu ferskan og hressilegan blæ í skammdeginu.



**... HREINSUN** Það er hressandi að hreinsa til hjá sér eftir jólin og ekki má gleyma líkamanum að innan í þegar líkamsræktin hefst. Einföld hreinsun tekur 2-3 daga. Drekkið á morgnana blöndu af volgu vatni, epsom salti, jómfrúarólívuolíu og sítrónu en borðið annars eins og venjulega. Gott er að drekka mikið af vökva yfir daginn til að flýta fyrir hreinsuninni. Sjá [www.madurlifandi.is](http://www.madurlifandi.is)



# Útsala

Opið:

Mánudaga - föstudaga 09:00 - 18:00

Laugardaga 10:00 - 16:00

# 20-70% afsláttur

P.O.G.

PARKET OG GÓLF

Ármúla 23 | 108 Reykjavík | Sími 568 1888



Ég er ekki  
viss um  
að Bruni  
hafi  
áhuga á því að vera  
forsetafrú. Þá yrði  
hún ekki stjarnan  
lengur, hún yrði bara  
„eiginkonan“.

fangin af syni hans, heimspeki-  
prófessornum Raphael Enthoven.  
Það ástarsamband leiddi til skiln-  
aðar Enthovens hins yngri og konu  
hans Justine Lévy, sem er vinsæll  
rithöfundur í Frakklandi. Lévy  
skrifaði bók í kjölfarið sem kallað-  
ist „Rien de grave“ (Ekkert alvar-  
legt) og lýsir nákvæmlega því sem  
gerðist þegar Bruni ( nefnd Paula  
í bókinni) „stal“ manninum henn-  
ar. Paulu þessari er lýst sem skor-  
dýrinu beiðu sem gengur um með  
brós eins og „Terminator“-karak-  
terinn úr samnefndri mynd með  
Arnold Schwarzenegger. Bruni  
giftist svo Enthoven yngri og eign-  
aðist með honum soninn Aurélien  
árið 2001, en þau skildu að skipt-  
um skömmu síðar.

Aðhyllist fjöllyndi

Árið 1997 sneri Bruni sér hins  
vegar alfarið að tónlistinni og  
sagði skilið við fyrirsætustarfið.  
Plata hennar „Quelqu'un m'a dit“  
(Einhver sagði mér) naut mikilla  
vinsælda í Evrópu og hún var  
lofuð fyrir látlausan söng og gítar-  
leik og fallega skrifaða texta. Lög  
hennar hafa verið notuð í nokkr-  
um kvikmyndum og í auglýsingu  
fyrir tískukeðjuna H&M, og nýja  
platan hennar „No Promises“  
skartar ljóðum eftir Yeats, Emily  
Dickinson, Auden, Dorothy Par-  
ker og Christinu Rossetti. Vinsælt  
myndband með Bruni af plötunni  
„Quelqu'un m'a dit“ má finna á  
YouTube. Hún er síður en svo að  
einblína á samband sitt við forset-  
ann heldur vinnur hörðum hönd-  
um að nýrri plötu sem á að koma  
út síðar á árinu og inniheldur að  
sögn franska fjölmiðla, ýmis ást-  
arljóð. Í desember var Bruni  
mynduð ásamt forsetanum Nicol-  
as Sarkozy í Disneylandi í París og  
nú í janúar í fríi með forsetanum í  
Egyptalandi og Jórdaníu. Eldri  
kynslóðir Frakka fordæmdu þessa  
opinberun á ást forsetans í fjöl-  
miðlum og kölluðu hana smekk-  
lausa. Sarkozy sagði á blaða-  
mannafundi 8. janúar að  
sambandið væri alvarlegt. „Mér  
er alvara með Cörlu. Það eru mikl-  
ar líkur á að þið heyrið um brúð-  
kaupið þegar það er þegar yfir-  
staðið.“

Fyrrverandi kona Sarkozys,  
Cecilia, sem margir segja að sé  
furðulega keimlík Cörlu Bruni í  
útlini vandar hvorki fyrrverandi  
manni sínum né Bruni kveðjurnar  
í nýrri viðtalsbók eftir blaðakon-  
una Önnu Bitton. „Hann þarf allt-  
af að hafa sætar ungar konur í  
kringum sig til þess að honum líði  
vel,“ segir hún auk þess að kalla  
hann nískan og óhæfan í starfi. Nú  
hefur Cecilia dregið þessar yfir-  
lýsingar til baka og segir þær upp-  
spuna hjá blaðakonunni, og er að  
reyna að fá lögbann á bókina. Ekki  
er enn ljóst hvort tekst að hindra  
útgáfu hennar sem er áætluð á  
fimmtudaginn. Nýjustu slúður-  
fregnir frá Frakklandi hermdu á  
föstudag að Carla Bruni væri ólétt.  
Stjórnmalaskýrandinn Christine  
Clerc sagði í frönsku pressunni í  
vikunni: „Ég er ekki viss um að  
Bruni hafi áhuga á því að vera for-  
setafrú. Þá yrði hún ekki stjarnan  
lengur, hún yrði bara „eiginkon-  
an“. Hún yrði einnig að verða  
ákveðin ásynð Frakklands og  
Frakkar myndu krefjast þess að  
hún yrði meira en einungis glæsi-  
legasta konan á svæðinu.“

Vonandi er hinni fögru og hæfi-  
leikaríku ítölsku konu jafn mikil  
alvara með sambandinu og forset-  
anum, en eftir henni eru höfð þessi  
fleygu orð: „Stundum er ég trú  
einum manni en ég aðhyllist fjöl-  
lyndi í ástum.“

→ FYRRVERANDI ELSKHUGAR

Carla Bruni á hátindi fyrirsætuferils síns en á þessum tíma var hún orðuð við marga fræga og ríka menn.



BRUNI ÁSAMT TÓNLISTARMANNINUM ERIC CLAPTON Á LEIÐ Í AFMÆLI ROKKARANS BILL WYMAN ÁRIÐ 1989



BRUNI ÁSAMT LÖGGFRÆÐINGNUM ARNO KLARSFELD ÁRIÐ 1994, EN KLARSFELD HEFUR ÖÐLAST FRÆGÐ FYRIR AÐ SÆKJA FYRRVERANDI NASISTA TIL SAKA OG HEFUR UNNIÐ Í VERKEFNUM FYRIR NICOLAS SARKOZY



BRUNI ÁSAMT LEIKARANUM VINCENT PEREZ Í PARÍS ÁRIÐ 1993.

VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

# Gítarnámskeið fyrir alla!

ATH: Nú er hægt að nota Frístundakortin til að greiða niður námskeið hjá Tónvinnsluskólanum\*



## Gítarnámskeið fyrir byrjendur

Viltu vera stjarnan í partyinu eða geta spilað lag fyrir ástina þína? Langar þig kannski bara að stofna rokkhljómsveit? Þetta námskeið er kjörinn byrjunarreitur. Kennsla fer fram í hóptímum þar sem raðað er niður eftir stöðu hvers og eins. Markmið námskeiðsins er að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og kunni helstu gítargripin.

Lengd námskeiðs: 12 vikur  
Aldur: Fyrir alla aldurshópa

25.000 kr.  
niðurgreiðsla  
fyrir þá sem  
geta notað  
Frístundakort ÍTR\*

\*Nánari upplýsingar á  
www.itr.is um möguleika  
Frístundakortsins



## Fyrir þá sem vilja læra meira

Við bjóðum lengra komnum gítarleikurum upp á einka-kennslu þar sem farið er nánar í tækniatriði, hljóm-fræði og kenndar upphafs-línur og þekkt sóló úr lögum flytjenda á borð við Metallica, Led Zeppelin, Nirvana o.fl. Uppbygging gítarsólóa og notkun skala er kennd í bland við skemmtileg gítar-"trix". Farið verður í mismunandi "karakter"-tegundir gítara og gítarmagnara og notkun þeirra í hljóðverum. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri.

Lengd námskeiðs: 12 einkatímar  
Aldur: Fyrir alla aldurshópa



TONVINNSLUSKOLI  
ÞORVALDAR BJARNA  
Sponsored Digidesign School

Námskeiðin hefjast í febrúar.

Kennt verður í Kópavogi og Grafarvogi í Snælands- og Foldaskóla eftir að venjulegum skólatíma líkur.

Skráningar á heimasíðunni [www.tonvinnsluskoli.is](http://www.tonvinnsluskoli.is) eða í síma 534 9090



## Sjálfboðaliðar óskast

Garðabæjardeild Rauða kross Íslands leitar eftir sjálfboðaliðum í verkefnið Félagsvinur - Mentor er málið.

Félagsvinur felur í sér samband á milli kvenna af erlendum uppruna og íslenskra kvenna sem geta skipst á upplýsingum og þekkingu á jafningja-grundvelli. Markmið verkefnisins er að veita þeim brautargengi inn í íslenskt samfélag.

Félagsvinir sækja sérstakt undirbúningsnámskeið. Umsóknarfrestur er til 30. janúar. Tekið er á móti sjálfboðaliðum eftir þann tíma sem munu þá hefja störf sín.

Ahugasamir eru beðnir um að hafa samband í síma 565-9494 á þriðju-dögum og fimmtudögum milli kl. 11-13 eða á netfang: asa@redcross.is



**Rauði kross Íslands**  
Garðabæjardeild

Auglýsingasími

# 512 50 50

— Mest lesið

## Verslunarfagnám



**„Verslunarfagnamið veitti mér tækifæri til að takast á við meira krefjandi verkefni“**

Lára Guðmundsdóttir útskrifaðist úr Verslunarfagnami frá Verslunarskólanum sl. vor og fékk hún verðlaun fyrir loka-verkefnið sitt. Hún starfar nú sem verslunarstjóri.

„Verslunarfagnamið er stórkostlegt tækifæri til að efla sig í starfi og takast á við meira krefjandi verkefni. Námið nýtist mér mjög vel í starfi mínu sem verslunarstjóri“

segir Lára Guðmundsdóttir

**Ef þú vilt efla þig sem einstakling og fagmann, þá höfum við nám fyrir þig.**

Kynningarfundur verður miðvikudaginn 16. janúar kl. 20.00 hjá Mími-símenntun, Skeifunni 8. Allir velkomnir.

Verslunarfagnám hefst hjá Mími-símenntun í lok janúar. Nánari upplýsingar á [www.mimir.is](http://www.mimir.is)



Mímir - símenntun • Skeifunni 8 • Sími 580 1800 • [www.mimir.is](http://www.mimir.is)

## STUÐ MILLI STRÍÐA Kosningar og tilfinningasemi kvenna

**PÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR** FYLGIST MEÐ FORSETAKOSNINGUM



Það er alltaf gaman að fylgjast með skemmtilegri kosningabaráttu. Mér hefur reyndar aldrei fundist forsetakosningar í Bandaríkjunum neitt ofbóðslega áhugaverðar, fyrr en nú. Í fyrsta skipti virðast nefnilega vera ágætislíkur á því að það setjist ekki miðaldra, hvítur karlmaður í forsetastólinn í Hvíta húsinu. Ekki svo að skilja að ég hafi nokkuð á móti hvítum, miðaldra karlmönnum, en það er nú kannski kominn tími á tilbreytingu eftir rúm 230 ár. Það er jú heill hellingur af fólki af öðrum kynþáttum í Bandaríkjunum – svo ekki

sé minnst á það að þar er fullt af konum! Þess vegna vona ég að annaðhvort Barack Obama eða Hillary Clinton ná kjöri. Bæði af því að þau eru þess verðug, og líka af því að hann yrði fyrsti svartí forsetinn og hún fyrsti kvenforsetinn.

Bandaríkin, líkt og heimurinn allur, eru þó greinilega enn að venjast þeirri tilhugsun að kona geti stjórnað. Fréttirnar af því að Hillary Clinton hafi brostið í grát (sem voru að vísu svolítið ýktar) fóru eins og eldur í sínu um allt og sitt sýndist hverjum. Ég tók eftir því að margir, meira að segja hérna á Íslandi, voru á þeirri skoðun að svona lagað gengi nú ekki. Land eins og Bandaríkin gæti sko ekki haft þjóðhöfðingja sem grætur. Ég

sá því jafnvel fleygt í einhverjum fréttamiðlum að hún íhugaði nú að hætta við framboðið, vegna eins ósigurs og brostinnar raddar.

En af hverju ætti forseti Bandaríkjanna ekki að geta grátit eins og annað fólk? Nú er ég kannski ekkert að tala um að það væri víðeigandi af þjóðhöfðingja að gráta við hvert tækifæri sem gefst, en ósköp þykir mér samt eðlilegt og manneskjulegt að komast við í þeim aðstæðum sem Hillary var í á þessum tíma. Ég get ekki séð hvernig það ætti að hafa nokkur áhrif á getu hennar til þess að stjórna landinu. En þetta er þó gömul tugga þeirra sem ekki vilja konur í áhrifa-stöður – þær eru svo tilfinningasamar.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgian

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott







# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2008

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

### Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum.

#### 1) Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

#### 2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

#### 3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

#### 4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

#### 5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar á hlekki Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á [visir.is/samfelagsverdlaun](http://visir.is/samfelagsverdlaun), með tölvupósti á netfangið [samfelagsverdlaun@frettabladid.is](mailto:samfelagsverdlaun@frettabladid.is), eða bréfleiðis merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

**Frestur til að senda tilnefningar er til hádegis mánudaginn 28. janúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN  
**FRÉTTABLAÐIÐ**





**Kl. 15**  
Leiðsögn fer fram kl. 15 í dag um sýningu Birgis Snæbjörns Birgissonar, „Ljóshærð Ungfrú Heimur 1951“ sem er til sýnis á Kjarvalsstöðum, en á henni má sjá andlitsmyndir af sigurvegum keppinnar um fegursta fljóð veraldar frá árinu 1951 til dagsins í dag. Vert er að benda á að sýningunni lýkur í dag.

# menning

menning@frettabladid.is

## Kristín heiðruð

Rithöfundurinn Kristín Steinsdóttir og verk hennar verða í brennidepli á Rás 1 næstu sunnudagseftirmiðdaga. Jörunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur ríður á vaðið í dag kl. 15 með klukkustundarkynningu á Kristínu og verkum hennar, en næstu þrjá sunnudaga verður höfundarverk hennar kynnt nánar með upplestrum úr bókum hennar. Þá mun barna- og fjölskyldubátturinn Leynifélagið sem þær Brynhildur Björnsdóttir og Kristín Eva Þórhallsdóttir standa fyrir helga Kristínu þátt sinn á sprengidaginn, 5. febrúar. Rúsínan í pylsuendanum er síðan frumflutningur á leikgerð Jóns Hjartarsonar á verðlaunasögu hennar, Engill í vesturbænum, í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur þann 10. og 17. febrúar.

Kristín er þjóðkunn af verkum sínum fyrir börn og fullorðna.

Hún er margverðlaunuð og hlaut síðast viðurkenningu rithöfundasjóðs Ríkisútvarpsins. Engill í vesturbænum hlaut á sínum tíma Barnabókaverðlaun Fræðsluráðs Reykjavíkur og Norrænu barnabókaverðlaunin.

Áhugasamir geta kynnt sér dagskrár helgaðar Kristínu á vef ríkisútvarpsins, [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

- pbb



**BÓKMENNTIR** Kristín Steinsdóttir rithöfundur.

## Framtíðin er björt

Kammermúsíklúbburinn stendur fyrir athyglisverðum tónleikum í Bústaðakirkju kl. 20 í kvöld. Þar kemur fram friður flokkur ungs og upprennandi tónlistarfólks og flytur tónlist eftir Schumann, Brahms og Bartók. Uppselt er á tónleikana, en þar sem aðsókn að þeim hefur verið svo mikil hefur verið ákveðið að endurflytja þá annað kvöld kl. 20 í Salnum í Kópavogi.



**UNGT TÓNLISTARFÓLK** Hópurinn sem kemur fram á tónleikum Kammermúsíklúbbsins í kvöld og á morgun. Á myndina vantar þó Grím Helgason.

Flytjendur á tónleikunum eru þau Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, Ari Þór Vilhjálmsson, Elfa Rún Kristinsdóttir og Helga Þóra Björgvinsdóttir fiðluleikarar, Þórarinn Már Baldursson víóluleikari, Margrét Árnadóttir sellóleikari og Grímur Helgason klarínettuleikari.

„Kammermúsíklúbburinn fékk Víking til þess að setja saman efnisskrána og velja tónlistarfólkið sem kemur fram og hann valdi svona vel,“ segir Ari Þór um tilurð tónleikanna. „Æfingaferlið fyrir tónleikana hefur verið ánægjulegt, enda er þetta góður hópur fólks og svo eru verkin svo skemmtilega ólík. Schumann er léttur og leikandi og Brahms er þyngri og svo er allt annar stíll á verkinu eftir Bartók.“

Fyrir níu árum hélt hópur tíu lengra kominna nemenda Tónlistarskólans í Reykjavík tónleika á vegum Kammermúsíklúbbsins. Af þessum tíu manna hópi eru þrjú, þau Ari Þór, Víkingur og Margrét, sem taka þátt í tónleikunum í kvöld. Ari Þór segist ánægður með að fá tækifæri til að leika á ný með sínum gömlu skólafélögum. „Við erum eðlilega öll á allt öðrum stað í lífinu nú en við vorum þá og mikið hefur gengið á. Á árunum sem hafa liðið höfum við öll farið í nám erlendis og náttúrulega tekið framförum og breyst sem tónlistarmenn. En það er virkilega gaman að leika með þessum hópi og sjá hversu mikill metnaður þrífst hjá ungu tónlistarfólki. Enda fer fólk vart út í það að leggja fyrir sig tónlist

ef metnaður og löngun til að skara fram úr er ekki til staðar.“

Sjálfur hefur Ari Þór verið við nám erlendis undanfarin sex ár, en hefur jafnframt tekið sér einn vetur í að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er við það að ljúka meistaranámi í fiðluleik frá Northwestern University í Chicago í Bandaríkjunum og segist gera ráð fyrir því að koma heim til Íslands að námi loknu. „Ég mun leika áfram með Sinfóníuhljómsveitinni þegar ég hef lokið námi mínu. Það er að sjálf-sögðu algjör draumastaða fyrir ungan hljóðfæraleikara og ég lít framtíðina því björtum augum,“ segir Ari Þór að lokum.

Miða á tónleikana annað kvöld má nálgast í miðasölu Salarins.

[vigdis@frettabladid.is](mailto:vigdis@frettabladid.is)

**KYNNIR:**

**LJÓÐA**

**SLA**

**DOMNEFND.**

Smur Kinnarinn  
Freyr Kjartansson  
Linnur Dagbjörn  
Bess Halldóttir  
Bess Halldóttir

Ljóðaslamm: Flutningur frumsamans ljóðs eða ljóða þar sem áhersla er ekki síður á flutninginn en á ljóðið sjálft

Þema: Spenna

Hverjir: 13 – 18+ ára, einstaklingar eða hópar

Hvar: Borgarbókasafninu í Grófarhúsi

Hvenær: Á Vetrarhátíð í Reykjavík, fimmtudagskvöldið 7. febrúar

Skráning og allt um slammið á [borgarbokasafn.is](http://borgarbokasafn.is)

**Vetrarhátíð**

**FORSÝND Í DAG**

**2** GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR  
MEÐAL ANNARS  
BESTA ERLENDA MYNDIN

**The Kite Runner**

FLUGDREKAHLAUPARINN

**LAUGARÁS BÍÓ**

**FORSÝND Í DAG**  
**SUNNUDAG KL. 20:00**

**mid.is**

**ÁST**

Í samstarfi við Vестurport

11. janúar  
19. janúar  
25. janúar

SÖNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÖRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000  
[www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

**Auglýsingasími**

**512 5050**

– Mest lesið

**GÍS**  
GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

**Gítarnámskeið**  
Hefst 21. janúar

12 vikur - 40 mínútna tímar - 1 sinni í viku  
Einkatímar: kr. 47.000-  
Geisladiskur með upptöku nemanda í lok námskeiðs.  
Hóptímar fyrir 6-9 ára: kr. 35.000-  
Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. [www.itr.is](http://www.itr.is)  
**Öll stílbrigði!**  
Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna

**Gítarkennsla er okkar fag!**  
Gítarskóli Íslands Síðumúla 29 Sími 581-1281  
[gitaraskoli@gitaraskoli.is](mailto:gitaraskoli@gitaraskoli.is)  
[www.gitaraskoli.is](http://www.gitaraskoli.is)



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE  
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:           



skemmtilegri



# MÖGNUM ÍSLENSK SPENNUÞÁTTARÖÐ

Pressa í kvöld kl. 20:35



SJÁLFSTÆTT FÓLK - kl. 20:00



DAMAGES - kl. 21:25



PRISON BREAK - kl. 22:10



# Frönsk

## kvikmyndahátíð

11. - 24. JANÚAR  
Í HÁSKÓLABÍÓI

OPNUNARMYND:  
**PERSEPOLIS**



11 SÉRVALDAR  
OG SPLUNKUNYJAR  
GÆÐAMYNDIR



www.graenafjosid.is  
www.af.is

### > MENN Í MÍLANÓ

Prada sýnir hönnun sína fyrir veturinn 2008-2009 á karltískuvíkunni í Mílanó í dag.



# fólk

folk@frettabladid.is

### FRÉTTIR AF FÓLKI



Maður sem reyndi að kúga fé út úr leikaranum **Tom Cruise** eftir að hafa stolið ljósmyndum úr brúðkaupi hans hefur verið dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi. Maðurinn, sem hafði játað að hafa stolið myndunum, þarf einnig að borga um tvö hundruð þúsund króna sekt.

Vitorðsmaður hans í fjárkúguninni framdi sjálfsvíg á heimili sínu á síðasta ári. Cruise kvæntist leikkonunni Katie Holmes á Ítalíu árið 2006.

Leikkonunni **Michelle Rodriguez** hefur verið sleppt lausri úr fangelsi vegna þess að það var orðið yfirfullt. Rodriguez var dæmd í 180 daga fangelsi fyrir að hafa brotið skilorð með því að aka undir áhrifum áfengis. Hún játaði einnig að hafa ekki sinnt samfélagsþjónustu sem hún átti að inna af hendi. Þrátt fyrir að leikkonan hafi upphaflega átt að dúsa inni alla 180 dagana urðu þeir einungis sautján.



**Toni Collette**, sem hefur leikið í Little Miss Sunshine og The Sixth Sense, eignaðist dóttur á dögunum. Dóttirin, sem hefur fengið nafnið Sage

Florence, er fyrsta barn hinnar 35 ára Collette og eiginmanns hennar Galafassi. Þau hafa verið gift í fjögur ár.

Leikkonan **Robin Wright Penn** segist ekki hafa ákveðið að skilja við **Sean Penn** eftir að hafa séð hann í rúminu með tveimur öðrum konum. Hún segir atvikið aldrei hafa átt sér stað og hlær að sögusögnum þess efnis. Robin og Sean gengu í hjónaband árið 1996 og eiga tvær dætur saman.



Hringdu í síma

# 5125060

ef blaðið berst ekki





# Var dauðhrædd við Nicole Kidman

Dakota Blue Richards ólst upp við sjávarsíðuna í bresku hippaborginni Brighton hjá einstæðri móður en föður sinn hefur hún ekki hitt síðan hún var sex ára gömul. Þar kynntist hún fyrst ævintýraheimi Gyllta áttavítans, sögum eftir verðlaunahöfundinn Philip Pullman, en Dakota fer nú með aðalhlutverkið í samnefndri kvikmynd leikstjórans Chris Weitz sem sýnd er í íslenskum bíóhúsum. Þóra Karítas náði tali af barnastjörnunni í London.

„Ég hafði lesið allar bækurnar í þrileik Philip Pullman með mömmu. Svo fórum við í Þjóðleikhúsið í London og sáum leikhúsuppfærslu af verkinu og ég sagði við mömmu að mig langaði til að vera Lýra. Ég vildi ekkert sérstaklega verða leikkona en mig langaði bara að vera þessi stelpa,” segir hin skelegga Dakota en draumurinn rættist þegar ráðist var í að gera kvikmynd upp úr bókunum og opnar prufur voru auglýstar víðs vegar um Bretland. Dakota var valin úr hópi tíu þúsund tólf ára stelpna.

„Vinkona mömmu vissi að mér var annst um bækurnar og lét mömmu vita að það stæði til að halda opnar prufur. Við þurftum að ferðast til Cambridge í prufuna en mamma var búinn að segja að ef það myndi rigna þennan dag þá færum við ekki. Sem betur var engin rigning,” segir Dakota og hlær. „Mamma sagði mér líka að greiða ekki á mér hárið því þá yrði ég svolítið úfin og öðruvísi en hinar stelpurnar. Svo mætti ég þarna og þurfti að hanga í biðröð með þúsundum stelpna úti í ísjökulkulda og ég hugsaði með mér að ég ætti engan möguleika. Ég hafði ekki einu sinni fengið hlutverkið sem mig langaði til að leika í skólaleikritinu heima.“

**Elskar ævintýramyndir**  
Eftir að hafa farið í gegnum prufurnar hvernig var þá upplifunin af því að eyða mörgum mánuðum í búa til þessa risastóru mynd?

„Orð geta ekki lýst því hvernig það er að fá

að leika hlutverk sem þig hefur alltaf dreymt um að leika. Ég vissi ekki hvað ég átti að gera þegar leikstjórinn hringdi í mömmu og bauð mér hlutverkið svo ég hoppaði bara út um allt og öskraði. Ég naut alls við gerð myndarinnar því að Lýra er svo frábær karakter eins og allar persónurnar í bókum Pullmans. Allt sem hún fær að gera er svo spennandi og ótrúlega skemmtilegt. Til dæmis að fara á bak ísbirni og berjast við alla strákana. Ég kann líka vel við þann eiginleika Lýru að hún er uppreisnargjörn en undir niðri er hún samt mjög tryggur vinur vina sinna og ferðast á heimsenda til að bjarga þeim.“

Ertu mikið fyrir að horfa á ævintýramyndir?

„Ég elska ævintýramyndir því þegar þú horfir á þær upplifirðu æðislegustu, mest töfrandi hluti sem hægt er að hugsa sér en um leið skelfilega og hræðilega hluti en allt í öruggu skjóli kvikmyndahússins.“

**Fékk áritanir frá stjórnum**  
Þar sem Gyllti áttavittinn er fyrsta bíómynd Dakota liggur beint við að spyrja hvort hún hafi þegið ráð frá meðleikurunum sem eru ekki af verri endanum en auk Dakota fara Daniel Craig, Eva Green og Nicole Kidman með veigamikil hlutverk.

„Ég varð mér út um harð-



NORDICPHOTOS/CETTY

spjaldseintak af bókinni um Gyllta áttavittann og fékk alla til að gefa mér eiginhandararitun síðasta daginn. Nicole skrifaði: Vertu sjálfri þér trú, og ég held það sé mjög mikilvægt því ef þú gerir það ekki gæti allt farið á versta veg. Svo gáfu þau mér minn eigin gyllta áttavita í gjöf síðasta tökudaginn.“

Nicole Kidman fer á kostum í kvikmyndinni sem hin hörkulega fröken Coulter. Varstu ekkert hrædd við hana?

„Ég verð að viðurkenna að ég var hrædd til að byrja með. Hún leikur þetta svo vel að það er mjög auðvelt að vera hræddur við hana. Sérstaklega vegna þess að í þeim atriðum sem hún er sérstaklega ill þá breytist hún gjörsamlega þegar takan hefst. Hún svissar bara frá því að vera Nicole sem ég þekki í frikið fröken Coulter. Það var mjög ógnvekjandi sérstaklega fyrst um sinn en svo fattaði ég bara að það hjálpaði mér við að leika hræðsluviðbrögð Lýru enn betur.“

Hvað kom þér á óvart við gerð kvikmyndarinnar?

„Að þurfa að leika á móti grænum skjá. Það var mjög erfitt því ég hafði enga reynslu af einu slíku áður. Þegar þú leikur ertu vanalega að bregðast við því sem mótleikarinn gefur þér. Þeir segja sínar línur og þú bregst við og segir þína línu og þannig vinnir þið saman en þegar þú leikur á móti grænum skjá er ekkert til að bregðast við svo þú verður að ímynda þér allt.“

En hvað lærðirðu og hvaða ráð myndir þú gefa næstu leikurum sem byrja að leika á þínum aldri?

„Ég myndi segja að maður ætti að njóta alls. Ef þú nýtur þess ekki ættirðu ekki að vera að gera þetta. Ef þú vilt byrja að leika verðurðu að fara í prufur og ef þú færð höfnun þá má ekki halda að maður sé lélegur heldur alltaf vera ánægður með það hversu langt maður hefur komist og vera stoltur af sjálfum sér.“

**RÍSANDI STJARNNA** Dakota Blue Richards leikur aðalhlutverkið í Gyllta áttavitanum sem nú er sýnd í kvikmynda-húsum. Hún er aðeins þrettán ára en þykir sýna góða takta.



BECKETT KOMINN Í HEIMINN Stella McCartney eignaðist soninn Beckett í síðustu viku.

## Þriðja barn Stellu fætt

Stella McCartney eignaðist þriðja barn sitt í síðustu viku. Hún á fyrir tvö börn með eiginmanni sínum, útgefandanum Alasdhair Willis, Miller Alasdhair James, tveggja ára, og Baily Linda Olwyn, eins árs. Soninn sem þau eignuðust nú á dögnum hafa hjónin nefnt Beckett Robert Lee. Talsmaður tískuhönnuðarins segir að bæði móðir og barni heilsist vel.

Stella var í vinnu nánast alla meðgöngu sínu, og hyggst snúa aftur til vinnu eftir nokkrar vikur. Haust- og vetrarlína hennar fyrir árin 2008/2009 verður sýnd á tiskuvíkunni í París í næsta mánuði.

Hún er sem kunnugt er dóttir bítílsins Sir Pauls McCartney og Lindu Eastman heitinnar.

# Lindsay með nýjan mann upp á arminn

Lindsay Lohan er komin með nýjan mann í sigtið. Ekki er langt síðan fregnir bárust af ástarævintýrum leikkonunnar á Ítalíu, þar sem hún dvaldist yfir áramótin, en Lohan hefur ekki verið lengi að leggja þau að baki. Perezhilton.com greinir frá því að Lohan hafi sést með leikaranum Adrien Grenier í Los Angeles í vikunni. Þau virtust vera á rómantísku og rólegu stefnumóti, á Polo Lounge á Beverly Hills-hótelinu.

„Engir papparassar,“ segir heimildarmaður síðunnar. „Þar sem samband þeirra er nýtt vilja þau halda því út af fyrir sig,“ bætir hann við. Fyrst sást til parsins saman þegar Lindsay heim-sótti íbúð Greniers í New York í desember. Grenier fer með aðalhlutverkið í



**LONIER?** Lohan og Grenier hafa umgengist hvort annað frá því í desember og sáust á rómantísku stefnumóti í síðustu viku.

þáttaröðinni Entourage, þar sem hann leikur leikarann Vincent Chase. Sögusagnir um samband hans og Paris Hilton komust á kreik síðastliðið haust, eftir að þau sáust saman við nokkur tækifæri. Þau vísuðu bæði þeim sögum alfarið á bug.

**NÝR MAÐUR** Lindsay Lohan skemmti sér vel á Ítalíu yfir áramótin, en hefur nú nýjan mann í sigtinu.

# Enn vinur Aniston

Vince Vaughn segir í viðtali við tímaritið Parade að hann og Jennifer Aniston talist ennþá reglulega við. „Vinátta mín og Jennifer er svo frábær. Enn í dag tala ég mikið og oft við hana. Ég tengist Jen á ósvikinn, sannan hátt. Og ég met hana mjög mikils,“ segir leikarinn. Hann og Aniston áttu í ástar-sambandi eftir að þau kynntust við tókur á myndinni The Break-Up. Þau hættu saman í desember árið 2006, og hafa bæði verið frekar þöglum um sambandið.

„Fólk sem lifir venjulegu lífi fer á stefnumót, og stundum gengur sambandið upp og stundum ekki. Við fáum bara meiri athygli af því

**ÓSVIKIN TENGING** Vince Vaughn segist enn tengjast Jennifer Aniston ósviknum böndum og er ennþá í miklu sambandi við þessa fyrrverandi kærustu sína.



að við erum þekkt. Ég reyni alltaf að tala ekki um samböndin mín, og hafa vinnuna að aðalumfjöllunar-efni. Ég hef ekki talað mikið um þessa hluti, því það er ekki það sem ég vil vera þekktur fyrir,“ segir Vince.



ICELANDAIR Í SAMSTARFI VIÐ WWW.KOBEN.IS KYNNA:

BO Í KÖBEN Í APRÍL 2008 UNDIR STJÓRN ÞÓRIS BALDURSSONAR

VERÐ FRÁ 67.000 KR.\* Á MANN Í TVÍBÝLI

Björgvin Halldórsson, ásamt stórhljómsveit sinni og strengjasveit Sinfóníuhljómsveitar Konunglegu Óperunnar í Kaupmannahöfn, kemur fram með mörgum af fremstu dægurlagasöngvurum og hljóðfæraleikurum Íslands á stórtónleikum í Cirkusbyggingen í Kaupmannahöfn, sumardaginn fyrsta, 24. apríl 2008.

Gestasöngvarar: Stefán Hilmarrsson, Svala Björgvins, Sigga Beinteins, Eyjólfur Kristjánsson, Regini Ósk o.fl.

Tónleikarnir verða undir borðhaldi og síðan er dansleikur til kl. 2:00 þar sem Björgvin og hljómsveit hans, ásamt gestasöngvurum, halda uppi stuðinu.

+ Nánari upplýsingar á [www.icelandair.is](http://www.icelandair.is)

Safnaðu Vildarpunktum  
VISA Punktarir upp í Mastercard Ferðaávisun gildir

\*Innifalið í verði: Flug, flugvallarskattar, gisting á Hotel Du Nord og miði á tónleika og dansleik ásamt 3ja rétta kvöldverði (frá kl. 19:30 til 22:00) í Cirkusbyggingen 24. apríl. Hægt er að velja um gistingu á fleiri hótélum í Kaupmannahöfn og í allt að 4 nætur. Í boði eru flugerðir til Kaupmanna-hafnar 23. eða 24. apríl og frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur 25., 26. eða 27. apríl. Eingöngu bókanlegt á netinu! Takmarkað sætaframboð!



WWW.ICELANDAIR.IS









SPÚTNIKBAND ÁRSINS Sprengjuhöllin á vinsælasta lagið á Rás 2.

# Mika og Páll Óskar vinsælastir

Íslensku útvarpsstöðvarnar hafa nú lagt fram spilunarlista sína fyrir nýliðið ár. Listarnir endurspeglar stíla og stefnur stöðvanna, en sé miðað við heildarmyndina sést að Páll Óskar og Mika njóta mestrar útvarpsspilunar á Íslandi. Lög með báðum birtast ofarlega hjá þremur útvarpsstöðvum.

### Rás 2

- 1. Sprengjuhöllin - Verum í sambandi
- 2. Mika - Grace Kelly
- 3. Travis - Closer
- 4. Klassart - Örlagablús
- 5. Kaiser Chiefs - Ruby
- 6. Manic Street Preachers & Nina Person - Your Love Alone Is Not Enough
- 7. Teitur - Louis Louis
- 8. Páll Óskar - Allt Fyrir Ástina
- 9. Fergie - Big Girls Don't Cry
- 10. Amy Winehouse - Rehab



HANDRIT LÍFSINS Sálín og Gospel-órinn áttu upp á pallborðið hjá Bylgjunni.

### Bylgjan – Íslensk lög

- 1. Sálín og Gospel – Handrit lífsins
- 2. Eiríkur Hauksson – Ég les í lófa þínum
- 3. Buff – Núna mun ég vaka
- 4. Eivör Páldóttir – Human child
- 5. Páll Óskar – Allt fyrir ástina
- 6. Hjálmar – Leiðin okkar allra
- 7. Sprengjuhöllin – Keyrum yfir Ísland
- 8. Ný dönsk – Verðbólgin augu
- 9. Magni – If I promised You The World
- 10. Sprengjuhöllin – Verum í sambandi



SÖNG UM GRACE KELLY Hinn libanski Mika sló í gegn í fyrra.

### Bylgjan – Erlend lög

- 1. Mika – Grace Kelly
- 2. Green Day – Working Class Hero
- 3. The Fratellis – Whistle For The Choir
- 4. ELO – Lattitude 88 North
- 5. Robbie Williams – She’s Madonna
- 6. Travis – Closer
- 7. U2 – Instant Karma
- 8. Take That – Patience
- 9. U2 – Window in the Skies
- 10. Mika – Relax (Take It Easy)



FM957 ELSKAR PALLA Hann á þrjú lög á topp 10.

### FM957

- 1. Páll Óskar – Allt fyrir ástina
- 2. Mika – Grace Kelly
- 3. Timbaland / One Republic – Apologize
- 4. Páll Óskar – International
- 5. Justin Timberlake – What goes around
- 6. Timbaland – The way I are
- 7. Fedde Le Grand – Put your hands up for Detroit
- 8. Justin Timberlake - Summer-love
- 9. Páll Óskar – Betra líf
- 10. Cascada – Truly, madly, deeply



KRISTÓ PENUR SIG Lights on the highway á toppsætið hjá hinni nýðauðu Reykjavík FM.

### Reykjavík FM

- 1. Lights On The Higway – Paperboat
- 2. Silversun Pickups – Well Thought out Twinkles
- 3. Lada Sport – The World Is A Place For Kids Going Far
- 4. Bloc Party – I Still Remember
- 5. Minus – Futurist
- 6. Artic Monkeys – Brian Storm
- 7. Satellite Party – Wish Upon A Dog Star
- 8. Motion Boys – Hold Me Closer To Your Heart
- 9. Editors – An End Has A Start
- 10. Artic Monkeys – Teddy Picker



POTTURINN MEÐ TOOL Mest spilað hjá X-inu.

### X-ið 977

- 1. Tool – The Pot
- 2. Silversun pickups – Lazy Eye
- 3. Kings of Leon – On Call
- 4. The Rapture – Whoo! Alright Yeah Ahu
- 5. Modest Mouse – Dashboard
- 6. Klaxons – Golden Skans
- 7. Queens of the Stone age – Sick,Sick,Sick
- 8. Mugison – Mugiboogie
- 9. Arcade Fire – Intervention
- 10. Smashing Pumpkins – Tarantula

# Töfrar Depp upp úr skónum

Leikarinn Johnny Depp segir það vera stóra stund hjá sér í hvert sinn sem leikstjórinn Tim Burton hringi í hann og biðji hann um að vinna með sér. Þeir hafa starfað saman við sex kvikmyndir, nú síðast söngleikinn Sweeney Todd: The Demon Barber of Fleet Street.

„Maður leikur í myndum sem maður hefur gaman af og leikstjórnir eru oftast frábærir,“ sagði Depp. „Síðan eru það símtöl-in sem maður fær frá Tim. Sú stund er töfrum líkust vegna þess að þú veist að þú ert að fara að gera eitthvað virkilega áhuga-vert.“

Depp, sem hefur undanfarið getið sér gott orð fyrir Pirates of the Caribbean-myndirnar, segir að



JOHNNY DEPP Leikarinn Johnny Depp segir töfrum líkast að fá símtal frá Tim Burton.

hlutverkið í Sweeney Todd hafi verið mikil áskorun. „Það er undarlegt að vera í þessari aðstöðu, orðinn 43 ára, að reyna allt í einu að syngja hvert lagið á fætur öðru í fyrsta sinn í lífinu. Það var eiginlega út í hött og mér leið mjög

skringilega. Í upphafi þegar ég heyrði sjálfan mig gera þetta skammaðist ég mín.“

Depp hefur áður leikið fyrir Burton í myndunum Edward Scissorhands, Ed Wood, Sleepy Hollow, Kalli og sælgætisgerðin og talað inn á brúðumyndina Corpse Bride. „Ég hef unnið með honum sex sinnum og mér finnst eins og ég hafi unnið með sex mismunandi manneskjum,“ sagði Burton um Depp.

TIM BURTON Burton hefur leikstýrt Depp í sex kvikmyndum.



# Munið eftir launamiðunum!

## Skilafrestur á eftirtöldum gögnum vegna framtalsgerðar 2008 er til 28. janúar en þeir sem skila á rafrænu formi hafa þó frest til 8. febrúar 2008

- Launamiðar og verktakamiðar
- Bifreiðahlunnindamiðar
- Hlutaafjármiðar
- Launaframtal
- Skýrsla um viðskipti með hlutabréf
- Ýmis lán til einstaklinga
- Stofnsjóðsmiðar
- Takmörkuð skattskylda - greiðslufirlit
- Greiðslumiðar – leiga eða afnot
- Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi

# RSK

RÍKISSKATTSTJÓRI



Nánari upplýsingar eru á vef ríkisskattstjóra [www.rsk.is](http://www.rsk.is)



> **AZ samþykkir boð í Grétar**

AZ Alkmaar samþykkti tilboð Bolton í íslenska landsliðsmanninn Grétar Rafn Steinsson samkvæmt heimildum Stöðvar 2 í gærkvöldi. Kaupverðið er talið nema um 4,6 milljónum evra eða um 430 milljónum íslenskra króna. Grétar Rafn hefur aldrei farið leynt með áhuga sinn á að leika í ensku úrvalsdeildinni og í fyrri sumari voru bæði Newcastle og Middlesbrough á eftir honum en tilboðum liðanna var þá neitað. Íslendingurinn Heiðar Helguson leikur með Bolton liðinu.

**sport**  
sport@frettabla-

**HANDBOLTAKAPPINN LOGI GEIRSSON: SPENNTUR YFIR MÖGULEIKUM ÍSLANDS Á EVRÓPUMÓTINU Í NOREGI****Viss um að landsliðið hefur aldrei verið betra**

Logi Geirsson verður í eldlinunni með íslenska landsliðinu gegn Tékklandi í dag í lokaundirbúningi liðsins fyrir Evrópukeppnina í handbolta og hann segir mikla samstöðu vera innan hópsins um að ná langt í keppninni.

„Ég er viss um að landsliðið hefur aldrei verið betra, með fullri virðingu fyrir fyrri landsliðum. Við erum með góða breidd og menn eru tiltölulega heilir af meiðslum og þetta lofar því mjög góðu. Við erum sjálfir búnir að setja mikla pressu á liðið og það er bara af hinu góða og það væri hundleiðinlegt að vera að fara í mótið og ætla að reyna að koma eitt-hvað á óvart. Það er ekki hægt að vera væntingarlaus í þessu og við erum ekki að fela neitt og markmiðin eru klár og við förum í alla leiki til að vinna þá, það er ekkert flóknara en það,“ sagði Logi sem telur landsliðshópin ná mjög vel saman.



„Það erum mjög ólíkir persónuleikar í hópnum en þetta passar einhvern veginn mjög vel saman og allir eru sameinaðir um að ná markmiðum liðsins,“ sagði Logi sem fór á kostum í viðtalsþætti nafna síns Loga Bergmanns í þættinum Logi í beinni á Stöð 2 í fyrirkvöld. Logi talaði þar meðal annars um áhuga sinn á viðskiptum og tónlist og var fenginn til þess að syngja þekkt stuðningsmanna-lag íslenska landsliðsins í handbolta.

„Það kom dálítið flatt upp á mig að þurfa að taka lagið í þættinum, en ég kláraði dæmið og komst vel frá þessu. Ég hef verið að grúska dálítið í tónlist og er í hljómsveitinni Be-not og aldeí að vita nema að hún eigi eftir að koma saman á Íslandi og vera með tónleika næsta sumar. Ég er svo á öðru ári í viðskiptafræði í fjarnámi frá Bifröst og líkar vel, þó svo að þetta geti verið þungt þegar mikið er að gera í boltanum,“ sagði Logi sem hefur hug á því að láta til sín taka í viðskiptum og tónlist þegar hann hættir í handboltanum.

**ÚRSLITIN Í GÆR****Posten-Cup í handbolta:**

Ísland-Portúgal 32-27  
**Mörk Íslands:** Einar Hólmgeirsson 6 (9), Hannes Jón Jónsson 5/4 (7/4), Sturla Ásgeirsson 4 (4), Baldvin Þorsteinsson 4 (5), Arnór Gunnarsson 4 (5), Andri Stefan 4 (8), Heimir Örn Árnason 3 (3), Kári Kristján Kristjánsson 1 (2), Jóhann Gunnar Einarsson 1 (1).  
**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 14 (34/4) 41%, Birkir Ívar Guðmundsson 2 (9/2) 22%.  
**Hraðaupphlaup:** 6 (Baldvin 3, Sturla 2, Heimir).  
**Fiskuð viti:** 4 (Kári 3, Arnór).  
**Utan vallar:** 4 mínútur.



**ERFITT VERKEFNI** Kristján Halldórsson á von á erfiðum leik gegn Norðmönnum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Kristján Halldórsson, þjálfari: Pettersen sá um upphitun**

**HANDBOLTI** Kristján Halldórsson, þjálfari B-landsliðs Íslands, býst við erfiðum leik gegn Norðmönnum en á ekki von á því að íslensku strákarnir mæti með hálfum huga í leikinn eftir ummæli norska landsliðsþjálfarans um að það væri hneyksli að íslenska liðið hefði ekki sent sitt sterkasta lið til leiks í Posten-Cup.

„Gunnar Pettersen, þjálfari Noregs, lét hafa eftir sér að við ættum í raun ekkert heima í þessu móti með B-lið okkar og það er búið að hita menn vel upp fyrir leikinn og ég er viss um að strákarnir ætla að gefa sig alla í verkefnið. Þetta verður vissulega erfitt og Norðmenn eru með svakalega gott lið, en við reynum okkar besta,“ sagði Kristján.

- óþ



**4**  
**DAGAR**  
**Í EM**  
**Í HANDBOLTA**



**HARDJAXL** Sverre Jakobsson er lykilmaður í varnarleik íslenska landsliðsins og hann nú kominn á ról aftur eftir veikindi.

NORDIC PHOTOS/GETTY

**Íslenska handboltalandsliðið: Sverre byrjaður að æfa á ný**

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Sverre Andreas Jakobsson er allur að koma til eftir að hafa lent í erfiðum veikindum á æfingamóti í Danmörku á dögunum og tók hann meðal annars þátt í sinni fyrstu æfingu eftir veikindin í gærmorgun. Stefnt er að því að Sverre æfi á ný í dag, en hann mun líklega vera hvíldur í fyrri leik Íslands gegn Tékklandi í dag.

„Tíminn mun leiða í ljós í hvernig standi Sverre verður á næstunni, þannig að það er í raun lítið hægt að segja um hans mál að svo stöddu. Það skiptir mestu máli að hann er kominn á ról aftur og við erum bjartsýnir á að hann verði klár fljótt,“ sagði Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ.

- óþ

**Full höll gott veganesti**

Alfreð Gíslason býr nú landslið Íslands undir lokaátökin fyrir alvöruna í Noregi með tveimur æfingaleikjum gegn Tékklandi. Alfreð heldur áfram að þróa varnarleik liðsins og vonast eftir góðum stuðningi frá áhorfendum í höllinni.

**HANDBOLTI** Ísland mætir Tékklandi í fyrri æfingaleik liðanna fyrir Evrópumótið í handbolta í Laugardalshöll í dag kl. 16.00 en seinni leikurinn fer fram á mánudag kl. 19.30. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari ætlar ekki að vera með neinar sérstakar áherslur í leikjunum, heldur vonast hann til þess að liðið haldi áfram að bæta alhliða leik sinn.

Nú styttest í Evrópumótið í handbolta og Alfreð Gíslason væntir þess að íslenska liðið sýni enn betri leik en það gerði á æfingamóti í Danmörku á dögunum.

„Auðvitað vonar maður að liðið haldi áfram að bæta leik sinn, en ég vona líka að þeir leikmenn sem hafa verið að eiga við meiðslu upp á síðkastið geti notað þessa síðustu leiki til þess að koma sér af stað á nýjan leik. Sverre Jakobsson hvílir og útlitið er ekki gott með Arnór Atlason og hann verður líklega ekki með í fyrri leiknum í það minnsta. Jalesky Garcia og Alexander Petersson verða hins vegar að öllu óbreyttu með, þannig að þetta er smá þúsluspil og ég er að biða eftir því að sjá nákvæmlega hvaða leikhæfa mannskap ég er með í höndunum,“ sagði Alfreð sem ætlar að halda áfram að þreifa fyrir sér með varnarleik íslenska liðsins eins og hann gerði á æfingamótinu í Danmörku. Þá var Guðjóni Val Sigurðssyni og Ásgeiri Erni Hallgrímssyni meðal annars stillt upp í miðju varnarinnar.

„Ég reikna fastlega með því að halda áfram að spila „aggressívari“ varnarleik enda eigum við örugglega eftir að þurfa að beita þeirri tegund af varnarleik eitt-hvað á Evrópumótinu. Við verðum hvorki með Sverre né Sigfús Sigurðsson í leiknum þannig að það



**VONGÓÐUR** Alfreð Gíslason vonast eftir því að landsliðið haldi áfram að bæta leik sinn og ítrekar að stuðningur áhorfenda í Laugardalshöll væri gott veganesti fyrir EM.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

verða væntanlega ekki margir leikmenn sem geta leyst hlutverk þeirra að „blokkera“ skot og ég mun líklega ekki vera með mannskap til þess að spila „passífa“ vörn alla Evrópukeppnina. Þetta er því eins og ég segi tækifæri til þess að bæta önnur varnaratriði enn frekar,“ sagði Alfreð sem á von á mjög erfiðum leikjum og jafnframt feikilega góðu prófi fyrir íslenska liðið gegn Tékklandi.

„Tékkar eru með mjög öflugt lið og mikla breidd. Þeir spila sterka vörn, eiga góða markverði og beita öflugum hraðaupphlaupum, þannig að ég á von á erfiðum leikjum,“ sagði Alfreð og ítrekaði að stuðningur áhorfenda í Laugardalshöll skipti miklu máli.

„Stuðningur áhorfenda er gríðarlega mikilvægur og full Laugardalshöll væri gott veganesti fyrir Evrópukeppnina,“ sagði Alfreð að lokum.

omar@frettabladid.is

Íslenska B-landsliðið sigraði Portúgal í gærðag 32-27 á Posten-Cup í Noregi:

**Frábær reynsla fyrir strákana**

**HANDBOLTI** Íslenska B-landsliðið lék sinn annan leik á Posten-Cup í gær þegar liðið lagði Portúgal að velli 32-27 og Kristján Halldórsson, þjálfari liðsins, var sáttur með leikinn en býst við talsvert erfiðari leik gegn Noregi í dag.

Kristján Halldórsson er afar sáttur við frammistöðu liðsins í mótinu hingað til.

**KLÁR Í SLAGINN** Sigfús Sigurðsson verður í eldlinunni gegn Norðmönnum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER



„Þrátt fyrir að við höfum verið miklir klaufar að tapa gegn mjög sterku ungversku liði í fyrsta leik mótsins, þá náðum við góðum sigri gegn Portúgal. Þetta er frábær reynsla fyrir þessa stráka og þeir eru búnir að standa sig vel og verða seint sakaðir um að leggja sig ekki fram.

Margir þeirra líta jafnvel út fyrir að vera búnir að leika marga tugi landsleikja,“ sagði Kristján sem telur jafnframt að Einar Hólmgeirsson, Sigfús Sigurðsson og Hannes Jón Jónsson hafi haft mjög gott af þessu móti.

„Einar er náttúrulega búinn að skjóta mikið og

skora mikið í mótinu og spila margar mínútur og það er einmitt það sem hann þurfti og ég er mjög ánægður með hann. Sigfús spilaði vel í leiknum gegn Ungverjalandi, en ég ákvað að hvíla hann aðeins gegn Portúgal og hafa hann frekar kláran í slaginn gegn Noregi. Við spiluðum 5-1 vörn stóran hluta af leiknum og það gafst bara nokkuð vel og við vorum að fá auðveld mörk úr hraðaupphlaupum. Hannes nýttist vel í því leikkerfi og er búinn að standa sig mjög vel í mótinu og hann er fjölhæfur leikmaður sem getur leyst mörg hlutverk á vellinum,“ sagði Kristján sem býst við miklum baráttuleik gegn Norðmönnum.

„Við ætlum bara að reyna að halda áfram okkar striki og við vitum náttúrulega allt um styrkleika norska liðsins,“ sagði Kristján að lokum.

- óþ

**Boltinn er hjá okkur****Liverpool - Newcastle****7.-9. mars**

Verð á mann í tvíþýli

**73.900 kr.****West Ham - Blackburn****14.-16. mars**

Verð á mann í tvíþýli

**51.900 kr.****Chelsea - Arsenal****21.-23. mars**

Verð á mann í tvíþýli

**79.900 kr.**


Nánar á [expressferdir.is](http://expressferdir.is)  
eða í síma 5 900 100

**Express ferðir**

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express







# Hverfandi munur!


225.206 notendur á visir.is á meðan 262.285 notendur völdu mbl.is  
í 1. viku, það er varla höfðinu hærra í samanburði!\*

Visir.is er öflug frétt- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

**visir.is**  
...ég sá það á visir.is







**MARKVARÐAHRELLIR** Markverðir í Svíþjóð fá engan frið fyrir Henrik Larsson sem er ekki tilbúinn til að leggja skóna á hillina strax.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Sænska úrvalsdeildin:

## Henke áfram hjá Helsingborg

**FÓTBOLTI** Sænski markvarðahrellirinn Henrik Larsson hefur ákveðið að gera nýjan eins árs samning við sænska úrvalsdeildarliðið Helsingborg. Larsson sem er 36 ára hefur í gegnum tíðina getið sér orð sem einn allra eitraðasti framherji Evrópu og hefur gert garðinn frægann hjá Feyenoord, Celtic, Barcelona og Manchester United ásamt því að spila reglulega með sænska landsliðinu.

Larsson fékk þó ekki almennilega uppreisn æru fyrr en hann fór að spila í sterkustu deildum í heimi og var lengi gagnrýndur fyrir að láta sér nægja að spila í Skotlandi þar sem tvö lið voru langsterkust.

Larsson fór sem lánsmaður til Manchester United frá Helsingborg á síðustu leiktíð og átti sinn þátt í að tryggja liðinu enska titilinn á tímabilinu og Sir Alex Ferguson, stjóri United, fór jafnan fögrum orðum um frammistöðu framherjans knáa.

Einn Íslendingur leikur með Helsingborg en það er fyrrum Fylkismaðurinn Ólafur Ingi Skúlason.

- óþ



ÁTAK  
MEÐ FJÓLU

hefst mánudaginn 14. janúar

LÍFSTÍLINÁMSKEIÐ  
SEM STENDUR YFIR  
Í ÁTTA VIKUR  
ÞAR SEM MARKMIÐ  
ERU SETT  
OG ÞEIM NÁÐ.

Frekari upplýsingar:

MECCA  
SPA  
www.meccaspa.is  
og síma 511-2111



**LYKILSKYTTUR LANDSLIÐSINS** Þeir Logi Geirsson og Ólafur Stefánsson eru byrjunarliðsskyttur landsliðsins og stóðu sig báðir vel í Danmörku. Vonandi verður framhald á því í leikjunum gegn Tékkum á morgun og á mánudag.



FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

# Vinstri vængurinn skilaði meiru

Íslenska landsliðið aflaði 38 marka með leikmönnum á vinstri vængnum á æfingamótinu í Danmörku.

Logi Geirsson og Arnór Atlason áttu stóran þátt í því og Guðjón Valur er að nálgast sitt besta form.

**HANDBOLTI** Það styttist óðum í Evrópumótið í handbolta í Noregi og enn á ný eru handboltaspekingar að velta fyrir sér hvort ógnunin vinstra megin sé nægilega mikil.

Vinstri vængurinn stóðst prófið með glæsi-brag á æfingamótinu í Danmörku og sló þeim hægri við bæði hvað varðar fjölda marka og skotnýtingu. Leikmenn vinstra megin á vellinum skoruðu 15 mörkum meira en þeir hægri megin og nýttu auk þess skotin sín 1 prósentu-stigi betur eða 62 prósent á móti 52 prósentum.

Vinstri vængurinn var betri í leikjunum á móti Póllandi (15 mörk á móti 8) og Danmörku (15 mörk á móti 4) en í leiknum gegn Noregi fóru þeir Ólafur Stefánsson og Einar Hólmgeirsson mikinn og skoruðu saman 9 mörk úr 14 skotum og mörkin voru þremur fleiri hægri megin af vellinum (11 mörk á móti 8).

### Guðjón Valur kom vel út úr LK-Cup

Áhyggjur vegna Guðjóns Vals Sigurðssonar heyra nú að mestu sögunni til enda sýndi hann mikinn styrk á mótinu, ekki bara með því að skora flest mörk (19 í þremur leikjum, 3 víti) heldur einnig með því að leysa vel krefjandi verkefni í vörninni. Axlarmeiðslin fengu margan til þess að svitna en Guðjón Valur hefur enn á ný sannað það hversu mikill íþróttamaður hann er með því að vinna sig út úr þeim á góðum tíma.

Logi Geirsson gladdi örugglega landsliðsþjálfarann því hann var eitt af stóru spurningarmerkjunum í liðinu sökum þess að hann hefur glímt við meiðsli stóran hluta af tímabilinu og lék ekkert með Lemgo í síðustu leikjunum fyrir EM-fríði. Logi tók upp hanskan þar sem hann skildi við hann á HM í fyrra og skoraði 13 mörk úr 20 skotum í leikjunum þremur.

Logi skoraði úr 8 af 10 skotum sínum í seinni tveimur leikjunum og er greinilega klár í slaginn í Noregi.

Arnór Atlason var annar leikmaður á vinstri vængnum sem kom sterkur inn í Danmörku og þá sérstaklega í síðasta leiknum gegn gestgjöfunum þar sem hann tók stöðu Loga í seinni hálfleik og skoraði fimm mörk úr átta skotum. Arnór skoraði reyndar sex mörk en sjötta markidið hans, snilldarlega útfærð vipa af átta metrunum, var dæmd af á óskiljanlegan hátt.

### Tók Ólafur meðvitaða ákvörðun um að skjóta ekki?

Ólafur Stefánsson spilaði mjög vel í fyrstu tveimur leikjunum og skoraði í þeim 11 mörk úr aðeins 16 skotum utan af velli sem gerir frábæra 69 prósenta nýtingu. Það duldist síðan engum að Ólafur vildi að vinstri vængurinn tæki meiri ábyrgð og í síðasta leiknum gegn Dönum var eins og hann hefði tekið þá meðvit-uðu ákvörðun að skjóta ekki á markidið.

Ólafur kom inn í leikinn þegar tæpar nú mínútur voru eftir af fyrri hálfleik og lék síðan allan seinni hálfleik. Ólafur átti á þeim tíma 10 stoðsendingar en skaut aldrei á markidið fyrir utan að hann skoraði úr einu vítakasti. Ólafur tapaði fimm boltum, oftar en ekki þegar hann var að þvinga sendingunni í stað þess að ógna sjálfur en fyrir vikið fékk vinstri vængurinn öll þau tækifæri til þess að sanna sig.

Þetta var heimspekileg nálgun hjá fyrirliðanum en hann veit það eins öll þjóðin að það kemur stærri og mikilvægari stund fyrir hann til þess að skjóta á markidið.

### Einar dró skotnýtinguna niður

Einar Hólmgeirsson fann sig ekki eins vel og vonir stóðu til en fær nú fjóra leiki á fjórum

### VINSTRI VÆNGURINN

Guðjón Valur Sigurðsson	16 mörk
Logi Geirsson	64 prósent skotnýting
	13 mörk
	65 prósent skotnýting
Arnór Atlason	8 mörk
	53 prósent skotnýting
Hannes Jón Jónsson	1 mark
	100 prósent skotnýting
<b>Samtals:</b>	<b>38 mörk - 62 prósent nýting</b>

### HÆGRI VÆNGURINN

Ólafur Stefánsson	11 mörk
	69 prósent skotnýting
Einar Hólmgeirsson	7 mörk
	35 prósent skotnýting
Ásgeir Örn Hallgrímsson	4 mörk
	57 prósent skotnýting
Bjarni Fritzon	1 mark
	100 prósent skotnýting
<b>Samtals:</b>	<b>23 mörk - 52 prósent nýting</b>

dögum til þess að skjóta sig í gang. Hann dregur skotnýtinguna niður á hægri vængnum því aðeins 7 af 20 skotum hans, á mótinu í Danmörku enduðu í marknetinu.

Það vantaði lykilmenn í íslenska liðið á báðum vængjum, því vinstri skyttan Jalesky Garcia Padron var ekki með vegna fjölskyldu-ástæðna og hægri hornamaðurinn og skytta í hjáverkum, Alexander Petersson, fór meiddur heim og lék ekkert með.

Endurkoma þeirra mun auka enn við breiddina sem Alfreð Gíslason hefur nú á báðum vængjum vallarins.

ooj@frettabladid.is

Barcelona átti ekki í erfiðleikum gegn Real Murcia í spænsku úrvalsdeildinni á nývangi í gærkvöldi:

## Eiður Smári skoraði í sigri Barcelona

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona og skoraði eitt mark liðsins í stórsigri gegn Real Murcia á Nývangi í gærkvöld.

Eiður Smári skoraði eina mark fyrri hálfleiks í gærkvöldi. Markið kom á 26. mínútu leiksins þegar hinn ítalski Gianluca Zambrotta braut sér leið upp hægri kantinn og sendi boltann fyrir markið þar sem Eiður Smári mætti, réttur maður á réttum stað, á fjærstönginni og skoraði.

Hinn ungi og efnilegi Bojan Krkic bætti svo öðru marki við eftir góðan undirbúning Thierry Henry.

Eiður Smári átti fína spretti í leiknum en var skipt út af á 66. mínútu fyrir spænska landsliðsmanninn Andrés Iniesta.

Frakkinn Thierry Henry var ekki hættur að leggja upp mörk og á 77. mínútu fékk Kamerúninn Samuel Eto'o að finna fyrir gjafmildi Henrys. Silvinho sendi boltann þá upp vinstri kantinn á Henry sem kom boltanum fyrir markið á Eto'o sem átti ekki í erfiðleikum

með að skora. Eto'o skoraði svo fjórða markið undir lok leiksins og innsiglaði glæsilegan sigur Barcelona. Að þessu sinni var það varamaðurinn Giovanni dos Santos sem sá um sendinguna eftir að hafa unnið varnarmann Real Murcia í návígi.

Eto'o var svo skipt út af þegar lítið var eftir að leiknum til þess að áhorfendur á Nývangi gætu hyllt hann fyrir góða frammistöðu í leiknum sem og hvatt hann að sinni. Eto'o mun ekki spila með Barcelona liðinu á næstunni þar sem hann mun sinna landsliðs-skyldu með Kamerún í Afríku-keppninni sem hefst síðar í mánudinum.

- óþ

**FÖGNUMUR** Eiður Smári og fyrirliðinn Carles Puyol fagna hér marki Íslendingins á Nývangi í gærkvöldi.

NORDIC PHOTOS/GETTY





ÚRSLITIN Í GÆR

Enska úrvalsdeildin:

Arsenal-Birmingham	1-1
1-0 Emmanuel Adebayor (21.), 1-1 Garry O' Connor (48.).	
Aston Villa-Reading	3-1
1-0 John Carew (22.), 2-0 Martin Laursen (55.), 3-0 John Carew (88.), 3-1 James Harper (90.+1.).	
Everton-Man. City	1-0
1-0 Joleon Lescott (31.).	
Middlesbrough-Liverpool	1-1
1-0 George Boateng (26.), 1-1 Fernando Torres (71.).	
West Ham-Fulham	2-1
0-1 Simon Davies (8.), 1-1 Dean Ashton (28.), 2-1 Anton Ferdinand (69.).	
Chelsea-Tottenham	2-0
1-0 Juliano Belletti (19.), 2-1 Shaun Wright-Phillips (81.).	
Derby-Wigan	0-1
0-1 Antonine Sibierski (82.).	
Man. Utd.-Newcastle	6-0
1-0 Cristiano Ronaldo (49.), 2-0 Carlos Tevéz (54.), Cristiano Ronaldo (70.), 4-0 Rio Ferdinand (85.), 5-0 Cristiano Ronaldo (88.), 5-0 Carlos Tevéz (90.+1.).	

Enska 1. deildin:

Burnley-Plymouth	1-0
1-0 Robbie Blake (66.). Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Burnley, en var skipt út af í lok leiksins.	

Skoska bikarkeppnin:

Hearts-Motherwell	2-2
1-0 Deividas Cesnauskis (10.), 2-0 Andrius Velicka (52.), 2-1 Chris Porter (64.), Chris Porter (78.). Eggert Gunnþór Jónsson sat á varamanna bekk Hearts og tók ekki þátt í leiknum.	
Celtic-Stirling Albion	3-0
1-0 Jan Vennegoor of Hesselink (37.), 2-0 Scott McDonald (70.), 3-0 Shunsuke Nakamura (75.). Theodór Elmar Bjarnason var ekki í leikmannahópi Celtic í leiknum.	

Ítalska úrvalsdeildin:

Empoli-Reggina	1-1
0-1 Fabio Ceravolo (2.), 1-1 Luca Saudati (5.). Emil Hallfreðsson var ekki í leikmannahópi Reggina vegna meiðsla.	

Spænska úrvalsdeildin:

Barcelona-Real Murcia	4-0
1-0 Eiður Smári Guðjohnsen (27.), 2-0 Bojan (52.), 3-0 Samuel Eto'o (77.), 4-0 Samuel Eto'o (87.).	



**VERK AÐ VINNA** Harry Redknapp vill ná enn betri árangri með Portsmouth á næstu árum og neitaði því boði Newcastle.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Harry Redknapp, Portsmouth:

Neitaði tilboði Newcastle

**FÓTBOLTI** Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, var efstur á óskalista forráðamanna Newcastle um að taka við félaginu eftir að Stóri Sam Allardyce fékk að taka pokann sinn á dögum. Portsmouth var búið að gefa Redknapp leyfi til þess að tala við Newcastle, en Redknapp ákvað í gær að færa sig ekki um set. „Ég fékk mjög gott tilboð um að stýra frábæru félagi. Ég hef hins vegar ekki hug á að yfirgefa Portsmouth, þar sem ég hef verk að vinna og það hefði ekki verið rétt af mér að ganga í burtu frá hálfkláruðu verki,“ sagði hinn 60 ára gamli Redknapp og Peter Storrie, stjórnarformaður Portsmouth, var ánægður með ákvörðun hans. „Ég var mjög hræddur á tímabili um að Redknapp myndi fara, en að lokum var þetta ekki spurning um peninga heldur metnað Harrys að gera betur með Portsmouth og við erum mjög sáttir með að hann verði áfram. Liðið er búið að taka stór skref á undanförnum árum og nú búum við okkur undir að taka enn stærri skref á næstunni,“ sagði Storrie í samtali við BBC 5.

- óþ

Chelsea vann Tottenham 2-0 á Stamford Bridge í gærdag og viðhélt þar með pressunni á toppliðin tvö:

Anelka átti góða innkomu í lið Chelsea

**FÓTBOLTI** Chelsea viðhélt pressunni á toppliðin Manchester United og Arsenal þegar liðið sigraði nágranna sína í Tottenham 2-0 á Stamford Bridge í gærdag. Juliano Belletti braut ísinn fyrir Chelsea strax á 18. mínútu með þrumuskoti af löngu færi og Radek Cerny, markvörður Tottenham, kom engum vörnum við. Varnarmenn Tottenham gáfu Belletti of mikið pláss fyrir utan teiginn og Brasilíumaðurinn Belletti lét ekki segja sér það tvisvar og skoraði glæsilegt mark, sem reyndist vera eina markið í fyrri hálfleik. Tottenham kom ákveðið til leiks

í byrjun síðari hálfleiks en náði ekki að koma sér í nógu góð sókn-arfæri. Það lifnaði talsvert yfir leiknum þegar Nicolas Anelka kom af varamannabekknum og hann var nálægt því að auka forystu Chelsea eftir hælsendingu Shauns Wright-Phillips en Cerny varði vel í marki Tottenham. Það var svo Wright-Phillips sjálfur sem gerði út um leikinn fyrir Chelsea með skoti frá vítateigslínunni eftir góðan undirbúning Joe Cole. Anelka var nálægt því að skora í lokin en skot hans endaði í markslánni og lokatölur urðu 2-0. Avram Grant, knattspyrnustjóri Chelsea, sá ástæðu til þess að

hrósa Anelka sérstaklega í leikslok. „Hann er það skynsamur leikmaður að hann áttaði strax á því hvernig við spilum og hvernig hann virkar best með liðinu,“ sagði Grant ánægður.

- óþ

**EITRAÐUR** Nicolas Anelka var ekki lengi að sýna af hverju Chelsea borgaði 15 milljónir punda fyrir hann í fyrradag.

NORDIC PHOTOS/GETTY




Arsenal og Liverpool töpuðu stigum

Arsenal náði aðeins jafntefli gegn Birmingham á heimavelli og Liverpool fjarlægist toppinn enn meira eftir jafntefli gegn Middlesbrough.

**FÓTBOLTI** Stórliðin Arsenal og Liverpool urðu að sætta sig við jafntefli í leikjum sínum í ensku úrvalsdeildinni í gær, Everton vann leik spútnikliðanna, Wigan vann fallslaginn og Aston Villa og West Ham sigruðu á heimavelli. Flestir bjuggust við öruggum heimasigri þegar Arsenal tók á móti fallbaráttuliðinu Birmingham á Emirates leikvanginum í gær en annað kom á daginn. Arsenal tók forystu í leiknum eftir rúmar tuttugu mínútur þegar Emmanuel Adebayor skoraði úr vítaspyrnu sem var dæmd eftir að Stephen Kelly hafði brotið á Eduardo da Silva, framherja Arsenal, í vítateignum. Arsenal var strax líklegt til þess að bæta við mörkum og stuttu síðar brenndu da Silva og William Gallas úr skalla-færum og staðan var enn 1-0 í hálfleik.

**Óvænt jafntefli** Í byrjun síðari hálfleiks náði Garry O'Connor, framherji Birmingham, svo að jafna leikinn þegar skalli hans hafði viðkomu af bjargarlausum Cesc Fabregas eftir hornspyrnu Sebastian Larsons, fyrrverandi leikmanns Arsenal. Það sem eftir var leiks pressaði Arsenal stíft, en allt kom fyrir ekki og óvænt jafntefli því niðurstaðan og Arsene Wenger, stjóri Arsenal, gat ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslok. „Þetta var mjög svekkjandi. Okkur var refsað fyrir að sofna á verðinum í föstu leikatriði og kannski vorum við of værukærir í dag og héldum að þetta yrði eitthvað auðvelt. Við töpuðum því tveimur stigum sem við áttum ekki að tapa,“ sagði Wenger svektur. Liverpool varð fyrir enn einu áfallinu í leit sinni við að halda í við topplið deildarinnar þegar liðið náði aðeins jafntefli gegn Middlesbrough á Riverside leikvanginum í gær. Heimamenn kom-



**VONSVIKINN** Cesc Fabregas var að vonum svektur með að ná aðeins jafntefli gegn Birmingham á heimavelli í gær. Arsenal missti ennfremur toppsætið í hendur Manchester United í gær.

NORDIC PHOTOS/GETTY

ust yfir þegar varnarmenn Liverpool náðu ekki að koma sendingu Stewarts Downing í burtu og boltinn barst þess í stað til George Boateng sem skoraði örugglega og það reyndist eina mark fyrri hálfleiks.

**Torres til bjargar** Fernando Torres kom Liverpool enn og aftur til bjargar með frábæru langskoti þegar um tuttugu mínútur voru eftir af leiktímanum en hvorugt liðið náði að skora á lokakaflanum og jafntefli því nið-

urstaðan. Rafael Benitez, stjóri Liverpool, var afar vonsvikinn með að hafa ekki tekið öll stigin. „Við getum ekki verið að hugsa um toppinn núna, heldur verðum við að einbeita okkur að næsta leik,“ sagði Benitez.

**Einvígi spútnikliðanna** Everton vann Manchester City 1-0 á heimavelli sínum Goodison Park í gær með marki varnarmannsins Jolean Lescott en bæði liðin hafa komið skemmtilega á óvart í deildinni í vetur.

Everton komst upp fyrir City með sigrinum.

**Fallbaráttuslagur** Wigan gerði góða ferð til Derby og lagði lánlausa heimamenn með marki Antoine Sibierski á lokamínútunum. West Ham og Aston Villa náðu bæði í þrjú stig á heimavelli þegar Fulham og Reading komu í heimsókn.Ívar Ingimarsson og Brynjar Björn voru báðir í byrjunarliði Reading.

omar@frettabladid.is

Englandsmeistarar Manchester United komust á topp ensku úrvalsdeildarinnar með stórsigri á Newcastle:

Flugeldasýning United í seinni hálfleik

**FÓTBOLTI** Manchester United komst á toppinn í ensku úrvalsdeildinni með því að slátra liði Newcastle 6-0 á Old Trafford í gærdag. Englandsmeistarar United sýndu allar sínar bestu hliðar gegn Newcastle og sóttu stíft strax frá fyrstu mínútu en fram-an af leik hafði Shay Given, markvörður Newcastle, betur og hélt hann marki sínu hreinu í fyrri hálfleik. Newcastle fékk sín færi í fyrri hálfleik og liðið náði meðal annars að skora mark sem virtist vera löglegt, en dómarinn Rob Styles dæmdi markið af. Flóðgáttir opnuðust í seinni hálfleik og United fór algjörlega á kostum. Fyrsta markið kom á

49. mínútu þegar maður leiksins, Cristiano Ronaldo, skoraði úr aukaspyrnu með skoti undir varnarvegg Newcastle sem hoppaði upp þegar Portúgalinn skaut að markinu. Carlos Tevéz bætti öðrum marki við fyrir United skömmu síðar eftir sendingu Ronaldos. Ronaldo og Tevéz skiptu svo um hlutverk í þriðja markinu sem var einkar glæsilegt. United liðið gjörsamlega rústaði vörn Newcastle og Tevéz átti lokasendinguna á Ronaldo sem afgreiddi boltann framhjá varnarlausum Given í markinu. Varnarmaðurinn Rio Ferdinand var næstur á blað hjá United þegar hann fékk sendingu frá Wayne Rooney á fjærstöng og sendi boltann við-

stöðulaust í markið þegar fimm mínútur voru eftir af leiknum. Newcastle liðið var heillum horfið þegar þar var komið við sögu og leikmenn liðsins biðu í ofvæni eftir því að dómarinn flautaði leikinn af. United var hins vegar hvergi nærri hætt og Ronaldo og Tevéz skoruðu eitt mark hvor á lokamínútunum. Til þess að fullkomna niðurlægingu Newcastle fékk Alan Smith, fyrrverandi leikmaður United, að líta rauða spjaldið í uppbótartíma fyrir að brúka kjaft við Styles.

**PRENNA** Cristiano Ronaldo fór á kostum með Manchester United og skoraði þrennu ásamt því að leggja upp eitt mark fyrir Carlos Tevéz.

NORDIC PHOTOS/GETTY





**ÚRSLITIN Í GÆR****N1 deild kvenna:**

Akureyri-Stjarnan	18-21
Gróttta-FH	36-25
Fylkir-Fram	11-22

**Mörk Fylkis:** Sunna Einarisdóttir 7, Natasa Damljanovic 2, Sunna Jónsdóttir 1, Ingibjörg Karlsdóttir 1.

**Mörk Fram:** Ásta Birna Gunnardóttir 6, Marthe Sördal 4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Guðrún Þóra Hálfhánsdóttir 3, Karen Knútsdóttir 2, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1, Sara Sigurðardóttir 1, Dagmar Sigurðardóttir 1, Pavla Nevarilova 1.

**Lýsingarbikar kvenna:**

Grindavík-KR	93-80
--------------	-------

**Stig Grindavíkur:** Tiffany Roberson 36, Joanna Skiba 18, Petrunella Skúladdóttir 11, Ingibjörg Jakobsdóttir 10, Ólöf Helga Pálsdóttir 8, Jovana Lilja Stefánsdóttir 7, Íris Sverrisdóttir 2.

**Stig KR:** Monique Martin 46, Sigrún Ámunda dóttir 15, Hildur Sigurðarsdóttir 15, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 4.

Valur-Keflavík	61-71
----------------	-------

**Stig Vals:** Signý Hermannsdóttir 19, Molly Peterman 17, Þórunn Bjarnadóttir 8, Berglind Ingvarsdóttir 7, Lovisa Guðmundsdóttir 4, Hafís Helgadóttir 3, Guðrún Baldursdóttir 2, Tinna Björk Sigmundsdóttir 1.

**Stig Keflavíkur:** Keshia Watson 24, Marrgét Kara Sturludóttir 14, Pálína Gunnlaugsdóttir 14, Susanne Biemer 11, Birna Valgarðsdóttir 6, Rann veig Randversdóttir 2.

**Lýsingarbikar karla:**

Fjölnir-Þór Þ.	87-52
----------------	-------

Leikið var í átta liða úrslitum Lýsingarbikars kvenna í gær þar sem Reykjavíkurlíðin Valur og KR eru úr leik:

# Keflavík og Grindavík inn í undanúrslit

**KÖRFUBOLTI** Suðurnesjaliðin Keflavík og Grindavík komust í gær í undanúrslit Lýsingarbikars kvenna þangað sem Keflavíkurlíðið er nú komið sjötta árið í röð.

Keflavík vann tíu stiga útisigur, 61-71, á Val í Vodafone-höllinni en Grindavík vann 13 stiga sigur á KR, 93-80, í Röstinni í Grindavík. Hinir tveir leikir átta liða úrslitanna fara fram í dag þegar Snæfell tekur á móti Fjölni og Haukar fá Hamar í heimsókn.

Keflavík vann Val 61-71 í baráttuleik að Hlíðarenda en gestirnir úr Keflavík höfðu frumkvæðið allan tímann og Valsliðið komst aldrei yfir. Keflavíkurkonur höfðu harm að hefna eftir tap fyrir Val í tvíframlengdum leik í Vodafone-höllinni á þriðjudagskvöldið og þær komu grimmar til leiks og komust í 4-17. Valsliðið skoraði 11 síðustu stig annars leikhauta og hélt sér síðan allan tímann inn í leiknum þótt Valskonur hafi aldrei náð að vinna upp þetta forskot Keflavíkur frá því í upphafi leiks. Keshia skoraði 17 af 24 stigum sínum í seinni hálfleik og sá til þess að Valsliðið komst aldrei of nærri.

Keshia Watson (24 stig, 7 stolnir,



**SKREFI Á UNÐAN** Margrét Kara Sturludóttir og félagar í Keflavík unnu góðan bikarsigur á Val í gær.

6 stoðsendingar) og Margrét Kara Sturludóttir (14 stig, 16 fráköst, 6 varin skot) áttu báðar mjög góðan leik í liði Keflavíkur og þá var Pálína Gunnlaugsdóttir mjög öflug í byrjun leiks en hún skoraði 8 af 14 stigum sínum á fyrstu sex mínútum leiksins. Signý Hermannsdóttir (19 stig, 13 fráköst, 6 varin skot) var í sérflokki hjá Val en Molly

Peterman (17 stig, 12 fráköst, 8 tapaðir) náði ekki að fylgja eftir stórleik sínum á þriðjudaginn.

**Tíu sigurleikir í röð hjá Grindavík**

Grindavíkurkonur eru einnig komnar í undanúrslit bikarsins eftir 93-80 sigur á KR á heimavelli sínum.

Þetta var tíundi sigurleikur liðs-

ins í röð í deild og bikar og enn á ný var það Tiffany Roberson sem fór mikinn inn í teig. Roberson var með 36 stig, 14 fráköst og 7 stoðsendingar í leiknum en hún hitti úr 13 af 25 skotum sínum í leiknum. Joanna Skiba (18 stig, 11 stoðsendingar) stjórnaði leik liðsins vel og þá átti Ingibjörg Jakobsdóttir frábæran fjórða leikhauta þar sem að hún skoraði öll 10 stig-in sín.

Grindavík var 37-29 yfir eftir fyrsta leikhlutann og 49-40 yfir í hálfleik en KR komst yfir, 62-63 fyrir lokaleikhlutann með góðum leik í þriðja leikhauta. Tvær þriggja stiga körfur í röð, frá Joönnu Skibu og Ingibjörgu Jakobsdóttir lögðu grunninn að sigrinum því með þeim komst Grindavík í 84-75 þegar ein og hálf mínúta var eftir.

Monique Martin var mætt á ný og skoraði 46 af 80 stigum KR-liðsins í leiknum en hún var komin með 19 stig strax eftir fyrsta leikhauta. Landsliðskonurnar Hildur Sigurðardóttir og Sigrún Ámunda-dóttir voru báðar með fimmtán stig en restin af liðinu skoraði aðeins 4 stig og þau gerði Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir.

- 66j

**Ævintýraleg Borg Evrópu - Páskar 2008**

Borgin er minjaskrá Unesco og einna best varðveitta borg Evrópu. Úrval veitingahúsa, verslana og kaffihúsa. Kastalar, hallir, gamlir markaðir, frábær þjónusta, ódýrt að versla og borða. Fjórugt næturlíf. Úrval skoðunarferða.

**Riga***Flogið frá*

14.-20.mars (5 nætur) Keflavík

kr. **76,294**

Setjum upp sérstakar ferðir fyrir fyrirtæki og hópa eftir óskum.

**Munið frábæru kennaratilboðin!**

Innifalið: Flug, skattar, \*\*\*\* hótél, morgunmat, rúta og fararstjórn.



**Trans - Atlantic**  
Sími 588 8900

Trans Atlantic skráir og í ferðum til Evrópu og Bandaríkjanna. Verð miðast við gengi í mars 8. janúar 2008

[www.transatlantic.is](http://www.transatlantic.is)

Þrír stórleikir fara fram í 8-liða úrslitum Lýsingarbikars karla í körfubolta í dag:

# Gaman að spila við Njarðvík

**KÖRFUBOLTI** Þrír stórleikir fara fram í 8-liða úrslitum Lýsingarbikars karla í körfubolta í dag. Njarðvík fær KR í heimsókn, Snæfell tekur á móti Keflavík og Skallagrímur leikur gegn ÍR. Fréttablaðið heyrði hljóðið í JJ Sola sem gekk í raðir KR á nýjan leik á dögnum og spurði hann meðal annars út í leik Njarðvíkur og KR.

Jeremiah Sola spilaði fyrsta leik sinn eftir endurkomuna í íslensku deildina fyrir KR í tapi liðsins gegn Grindavík á dögnum og var þá nýkominn til landsins.

„Það var erfitt að koma svona beint í leik og þetta var ekki góðu leikur hjá okkur. Ég er ekki í nógu góðu leikformi eins og er, en það fer vonandi batnandi. Ég á líka ennfremur eftir að læra

betur inn á nýju liðsfélaga mína í KR, þar sem það eru nokkur ný andlit frá því í fyrra,“ sagði Sola sem hlakkar mikið til þess að mæta Njarðvík.

„Mér finnst mjög gaman að spila við Njarðvík og á góðar minningar frá úrslitaviðureigninni gegn liðinu í fyrra. Það skemmir ekki fyrir að um bikarleik sé að ræða að þessu sinni og ég nýt þess að spila leiki þar sem allt er í húfi. Ég er stemningarleikmaður og nýt mín best í mikilvægum leikjum,“ sagði Sola.

- 6p

**ÁKVÆÐINN** J.J. Sola er sáttur með að vera kominn aftur í íslensku deildina og ætlar að láta til sín taka í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**BARÁTTA** FH liðið komst lítt áleiðis gegn öflugri Gróttuvörn á Seltjarnarnesi í gærdag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þrír leikir fóru fram í N1 deild kvenna í gærdag:

# Engin óvænt úrslit

**HANDBOLTI** Þrír leikir fóru fram í N1 deild kvenna í handbolta í gærdag. Fram tryggði stöðu sína á toppi deildarinnar með auðveldum sigri gegn Fylki, Stjarnan sótti tvö stig til Akureyrar og Gróttta hafði betur gegn FH.

Fram er komið með þriggja stiga forystu á toppi N1 deildar kvenna eftir 22-11 sigur gegn Fylki í Árbænum í gær. Fyrirliðinn Ásta Birna Gunnarsdóttir var atkvæðamest hjá Fram og skoraði

6 mörk, Marthe Sördal kom næst með 4 mörk og Þórey Rósa Stefánsdóttir og Guðrún Þóra Hálfhánsdóttir skorðu 3 mörk hvor. Hjá Fylki var Sunna María Einarisdóttir allt í öllu og skoraði 7 mörk.

Stjarnan og Gróttta styrktu stöðu sína í þriðja og fjórða sæti deildarinnar með góðum sigrum. Stjarnan gerði góða ferð norður til Akureyrar og vann 21-18 og Gróttta lagði svo FH á Seltjarnarnesi 36-25 í miklum markaleik.

- 6p

## Afrekssjóður ÍBR og SPRON

auglýsir eftir umsóknum

**Eftirfarandi er styrkhæft:**

- Þátttaka þjálfara í námskeiðum erlendis.
- Verkefni íþróttafólks á aldrinum 15 – 22 ára sem tengjast afreksíþróttum svo sem æfingabúðir, námskeið og ferðir á mót erlendis.

Félög eru sérstaklega hvött til að sækja um styrki til nýsköpunar á sviði afreksíþróttar.

**Umsókn þarf að fylgja eftirfarandi:**

- lýsing á verkefni
- afrekaskrá
- fjárhagsáætlun
- markmiðasetning

Umsóknum skal skila til ÍBR, Engjavegi 6, 104 Reykjavík eða á [ibr@ibr.is](mailto:ibr@ibr.is). Umsóknarfrestur vegna úthlutunar í febrúar rennur út 24. janúar n.k. Reglugerð sjóðsins er að finna á heimasíðu ÍBR [www.ibr.is](http://www.ibr.is).

**IPRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR**





## Allt sem þú þarft...

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.



...alla daga



> Winona Ryder

Eins og flestir vita er fyrrverandi kærasti Winonu Ryder enginn annar en Johnny Depp. Johnny Depp lét húðflúra nafnið hennar á sig sem hann síðan breytti í „wino forever“ eftir að þau hættu saman. Winona Ryder leikur í bíómyndinni The Crucible sem er sýnd kl. 22.55 á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR ER ÓVENJULEGA VENJULEG

Oflæti og þunglyndi

Stephen Fry er einn af mínum uppáhaldsleikurum. Allt frá því hann kom mér fyrst fyrir sjónir sem úrræðagóði og yfirvegaði þjónninn Jeeves í bresku gamanþáttunum Jeeves og Wooster, hefur hann komið mér bæði til að hlæja og gráta enda mikill karakterleikari á ferð.

Ólíkt þjóninum Jeeves er Fry þó langt í frá yfirvegaður og á mjög skrautlegt líf að baki. Hann þótti óstýrilátur drengur, var rekinn úr skóla fyrir þjófnað og almenna óþægð. Hann stal krítarkortum úr vösum vinafólks foreldra sinna og stakk af til London íklæddur nýkeyptum glæsiklæðnaði og saup dýrindis kokteila á betri börum borgarinnar. Hann varð fljótt vinsæll gamanleikari enda til í kjánalæti af ýmsum toga. Á þeim árum sem hann var hvað vinsælastur var hann þekktur fyrir að vera „alltaf í ði“ en hann notaði áfengi og kókaín í mikl-



STEPHEN FRY Leikari með geðhvarfasýki.

um mæli. Kannski var það ástæða þess að engan grunaði að Fry var í raun haldinn geðsjúkdómi. Hann var greindur með geðhvarfasýki árið 1995 eftir að hann reyndi að fremja sjálfsmorð eftir mikla geðlægd. Geðhvarfasýki lýsir sér í því að fólk sveiflast milli oflætis og mikils þunglyndis.

Stephen Fry og geðhvarfasýkin er heitið á mjög áhugaverðum heimildarþætti sem sýndur er í tveimur hlutum á Ríkissjónvarpinu. Fry ræðir í þáttunum við bæði frægt og venjulegt fólk um hvaða áhrif þessi sjúkdómur hefur haft á líf þess. Meðal þeirra stjarna sem koma fram í þættinum eru Hollywood-leikararnir Carrie Fisher og Richard Dreyfuss og bresku gamanleikararnir Tony Slattery og Jo Brand. Seinni hlutinn verður á dagskrá á morgun.

EKKI MISSA AF



► 20.00 Dýravinir SKJÁREINN



► 20.35 Pressa STÖÐ 2



► 20.20 Forbryðelsen SJÓNVARPIÐ



► 00.10 Stelpurnar SÍRKUS



► 00.15 Psycho STÖÐ 2 BÍÓ

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar, í nætur-garði, Róbert Bangsi, Kóala bræður, Land-ið mitt, Herkúles, Sígildar teiknimyndir, Finni kostur, Fræknir ferðalangar, Sigga ligga lá, Konráð og Baldur

10.50 Váboði (11:13) (Dark Oracle II) e.

11.20 Laugardagslögin Endursýndur frá laugardagskvöldi.

12.30 Silfur Egils

13.45 Matur um víða veröld

14.40 Prekmeistarinn

15.10 Mótókross

15.40 Landsleikur í handbolta Bein út-sending frá leik karlalandsliða Íslendinga og Tékká.

17.30 Táknmálsfréttir

17.40 Á flóttá

18.00 Stundin okkar.

18.30 Spaugstofan e.

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu Fólkið sem mætir í sjónvarpssal á það eitt sameiginlegt að vilja deila köflum úr lífs-reynslu sinni með áhorfendum.

► 20.20 Glæpurinn (13:20) (Forbrydel-sen) Ung stúlka er myrt og við rannsókn lögreglunnar fellur grunur á ýmsa.

21.20 Sunnudagsbíó - Bretar (1:2) (Britz) Bresk spennumynd í tveimur hlutum.

23.05 Silfur Egils e.

00.15 Sunnudagskvöld með Evu Maríu e.

00.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Love Rules

08.00 Svampur Sveinsson

10.00 Dear Frankie

12.00 The Brooke Ellison Story

14.00 Love Rules

16.00 Svampur Sveinsson

18.00 Dear Frankie

20.00 The Brooke Ellison Story

22.00 Walk the Line Hér er sagt frá lífs-baráttu söngvarans Johnny Cash. Aðalhlut-verk. Reese Witherspoon og Joaquin Pho-enix

► 00.15 Psycho

02.00 Young Adam

04.00 Walk the Line



07.00 Barney

07.25 Krakkarnir í næsta húsi

07.50 Pocoyo

08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo, Dexter's Laboratory og Ginger segir frá.

10.55 Tracey McBean

11.10 Tutenstein

11.35 A.T.O.M.

12.00 Hádegisfréttir

12.25 Nágrannar

12.45 Nágrannar

13.05 Nágrannar

13.25 Nágrannar

13.45 Nágrannar

14.10 Joey (3:22)

14.40 Phenomenon (2:5)

16.10 Logi í beinni

16.55 60 mínútur

17.45 Oprah

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.05 Mannamál Viðmælendur Sig-mundar Emis eru Hannes Hólmsteinn Giss-urason, Skúli Thoroddsen og Víglundur Þorsteinsson

20.00 Sjálfstætt fólk (Gylfi Ægisson)

► 20.35 Pressa (3:6) Ný rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Í þátta-röðinni fylgjumst við með Láru, nýgræðingi í blaðamennsku, sem tekur að sér að rann-saka dularfullt mannshvarf, sem brátt breyt-ist í morðrannsókn. 2007. Bönnuð börnum.

21.25 Damages (13:13) Glænýr og hörku-spennandi lögræðiþáttur með stórleikkon-unni Glenn Close í aðalhlutverki. Close er hér í hlutverki Patty Hewes, virts lögræð-ings sem lætur ekkert stöðva sig

22.10 Prison Break (7:22) (Fangelsis-flótti) Nýtt fangelsi og ný flóttatilraun.

22:55 The Crucible (Í deigluinni) Mynd-in er gerð eftir samnefndu leikriti Arthurs Millers. Fjallað er um hinar illræmdu noma-veiðar sem blossuðu upp í Salem í Massa-chusetts árið 1692. Aðalhlutverk: Daniel Day-Lewis, Winona Ryder, Joan Allen. Leik-stjóri: Nicholas Hytner.

00:55 Redemption: The Stan Tookie Williams story (Syndaaflausn)

04.05 Melvin and Howard

SYN besta sætið

08.45 Gillette World Sport 2007

09.15 Spænski boltinn

10.55 NFL deildin

12.55 Merrill Lynch Shootout

15.35 Tiger in the Park

16.25 Champions of the World

17.20 Spænski boltinn - Upphitun

17.50 Levante - Real Madrid Spænski boltinn Bein útsending frá leik Levante og Real Madrid í spænska boltanum.

19.50 King of Clubs (Konungar félagslið-anna) Vandaður þáttur sem fjallar um stór-liðin í heiminum í dag og hvernig þeim hefur tekist að halda sér í fremstu röð í öll þessi ár.

20.20 Utan vallar (Umræðuþáttur) Glæ-nýr vikulegur umræðuþáttur úr smíðju Sýnar þar sem íþróttafréttamenn stöðvarinnar taka á því helsta sem er að gerast hverju sinni í íþróttunum hér heima. Góðir gestir koma í heimsókn og málefni liðandi stundar eru krufin til mergia.

21.00 NFL - Upphitun Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL fótboltanum auk þess sem helstu tilþríf síðustu helgar eru sýnd.

► 21.30 Dallas Cowboys - New York Giants NFL deildin Bein útsending frá leik í úrslitakeppni NFL.

SYN2

09.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Arsenal og Birmingham sem fór fram laugardaginn 12. janúar.

11.00 Premier League World (Heimur úrvalsdeildarinnar)

11.30 PL Classic Matches

12.00 4 4 2 Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi.

13.20 Sunderland - Portsmouth Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

15.20 PL Classic Matches

15.55 Bolton - Blackburn Enska úr-valsdeildin Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

17.55 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. Utd og Newcastle

19.35 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik West Ham og Fulham

21.15 4 4 2

22.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Middlesbrough og Liverpool sem fór fram laugardaginn 12. janúar.

SKJÁREINN

10.50 Vörutorg

11.50 World Cup of Pool 2007 (10:31)

12.50 Professional Poker Tour (e)

14.15 Beyoncé. Live in Japan (e)

15.15 Charmed (e)

16.00 Canada's Next Top Model (e)

17.00 Queer Eye (e)

17.55 The Bachelor(e)

19.00 The Office (e)

19.30 30 Rock (e)

► 20.00 Dýravinir (11:14) Að þessu sinni er Guðrún á Flórída. Þar mun hún vinna í dýragarði og kynast alls kyns dýrum, meðal annars flum frá Asíu, 100 kílóa rísa-skjalbökum, kengúrur og skallaemi svo fátt eitt sé nefnt.

20.30 Ertu skarpari en skólakrakki? Nýr íslenskur spurningaþáttur fyrir alla fjöl-skylduna. Keppendur þurfa að glíma við spurningar sem teknar eru upp úr skólábók-um grunnskólakrakka og við hvert rétt svar klífur viðkomandi upp peningatré en í efsta þrepinu eru 2 milljónir króna. Keppandinn getur þrisvar „svindlað“ með aðstoð skóla-krakka til að svara spurningunum. Stjórnandi þáttarins er Gunnar Hansson.

21.30 H2O (2:2) Seinni hluti kanadísk-rar framhaldsmyndar. Þetta er pólitískur tryll-ir með Paul Gross (Due South) og Leslie Hope (24) í aðalhlutverkum. Kanadíski for-sætisráðherran deyr rétt áður en mikilvægar viðræður við bandarísku yfirvöld áttu að hefj-ast. Sonur hans snýr aftur heim til Kanada til að vera viðstaddur útför föður síns. Fyrr en varir er hann kominn á kaf í pólitík og endar í sæti föður síns. Hann kemst fljótt að því að dauði föður hans var ekkert slys og teng-ist áformum um að selja helstu auðlind Kanada, vatn. Þetta er spennandi saga sem tekur óvænta stefnu og leiðir áhorfandann inn í heim spillingar, svika og morðs.

23.00 C.S.I. New York (e)

00.00 C.S.I. Miami (e)

01.00 State of Mind (e)

02.00 Vörutorg

03.00 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á norðurlandi. Samantekt um umfjallanir vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE

ÞIÐ ÞEKKTUÐ ÞENNAN MANN,  
ÞIÐ ALLOFT SÁUÐ HANN

GYLFI ÆGISSON SÓTTUR HEIM  
SJÁLFSTÆTT FÓLK – Í KVÖLD KL. 20:00



skemmtilegri





Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.25

Damages – Lokapáttur

Magnað uppgjör er í vændum í lokapætti Damages. Patty Hewes hefur greitt tryggingagjaldið fyrir Ellen Parson og gerir nú allt sem í hennar valdi stendur til að sýna fram á sakleysi hennar, til þess eins að fá spóluna í hendur frá Ellen sem sýnir sekt Arthurs Frobisher. Hver reyndi að myrða Ellen, hvað verður um skaðabótakröfuna á hendur Frobisher og verður Ellen Parson sýknuð af morðinu á unnusta sínum? Damages hefur heldur betur slegið í gegn en þátturinn hlaut m.a. fjórar tilnefningar til Golden Globe verðlauna.



► VIÐ MÆLUM MED

Walk The Line

Stöð 2 Bíó kl. 22.00

Rómantísk og átakanleg Óskarsverðlaunamynd. Hér er sagt frá lífsbaráttu söngvarans Johnnys Cash og ástarsambandi hans við June Carter. Lífið fór ekki mjúkum höndum um Cash en Carter var alltaf til staðar fyrir hann. Aðalhlutverk: Reese Witherspoon, Joaquin Phoenix, Ginnifer Goodwin. Leikstjóri: James Mangold. 2005. Bönnuð börnum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.05 Morgunandakt	18.24 Auglýsingar
08.15 Ársól	18.26 Seiður og héglog
09.03 Lóðrétt eða lárétt	18.52 Dánarfregnir og augýsingar
10.15 Köld eru kvenna ráð	19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
11.00 Guðsþjónusta í Háteigskirkju	20.00 Leynifélagið
12.00 Hádegisútlarp	20.30 Brot af eilífðinni
12.20 Hádegisfréttir	21.10 Orð skulu standa
12.45 Veðurfregnir	22.12 Orð kvöldsins
13.00 Gárur	22.15 Til allra átta
14.00 Hvað er að heyra?	23.00 Andrarímur
15.00 Svípmýnd	00.07 Útlarpað á samtengdum rásum til morguns
16.10 Úr tónlistarlífinu	
18.00 Kvöldfréttir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

4 SÍRKUS

- 13.00 Hollyoaks
- 13.25 Hollyoaks
- 13.50 Hollyoaks
- 14.15 Hollyoaks
- 14.40 Hollyoaks
- 15.05 Hollywood Uncensored
- 15.30 Footballer's Wives - Extra Time
- 15.55 Footballer's Wives - Extra Time
- 16.20 George Lopez Show
- 16.40 Sjáðu - Ásgeir Kolbeins kynnir það sem er á döfinni í bíóheiminum.
- 17.05 American Dad 3
- 17.30 Special Unit 2 (SU2)
- 18.15 Johnny Zero Hörkuspennandi þáttur um fyrrverandi fanga sem er fastur á milli tveggja heima þegar bæði lögreglan og glæpagengið úr hverfinu reyna að fá hann til lífs við sig.
- 19.00 Damages - Maraþon
- 19.45 Damages
- 20.25 Damages
- 21.10 Damages
- 21.55 Damages
- 22.40 Damages
- 23.20 Damages
- 00.10 Stelpurnar Stelpurnar snúa nú aftur í fjórðu þáttaröðinni hlægilegri en nokkru sinni fyrr.
- 00.35 X-Files
- 01.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

11.00 Land of the Tiger 12.00 Wild Indonesia 13.00 A Week of Dressing Dangerously 13.30 Grumpy Old Women 14.00 Popcorn 15.00 My Hero 15.30 My Hero 16.00 My Dad's the Prime Minister 16.30 Mad About Alice 17.00 EastEnders 17.30 EastEnders 18.00 Secrets of the Ancients 18.50 The Human Mind 19.50 Fragments of Genius 20.50 Trouble at the Top 21.30 I'll Show Them Who's Boss 22.10 Boss Women 23.00 EastEnders 23.30 EastEnders 0.00 Secrets of the Ancients 1.00 The Human Mind 2.00 Boss Women

DR 1

11.25 OBS 11.30 SPAM 12.00 SKUM TV 12.15 Flemmings Helte De Luxe 12.35 Family Guy 13.00 DR Kirken 13.45 Sommer 14.45 HåndboldSøndag 16.30 Sigurd og Big Bandet 17.00 Når gorillaen pudser næse 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Sommer 20.00 21 Søndag 20.40 SøndagsSporten 20.50 En falden engel 22.00 Prøvindere: Små mirakler 22.55 Dødens Detektiver 23.15 Løvemad

NK1

11.30 Sport i dag 11.40 EM skøyter 2008 12.10 V-cup skiskyting 12.55 V-cup kombinert 13.25 V-cup alpint 13.50 EM skøyter 2008 14.10 V-cup skiskyting 14.55 EM skøyter 2008 15.45 V-cup hopp 16.15 Sport i dag 16.30 Åpen himmel 17.00 Kalle og Molo 17.20 Sola er en gul sjiraff 17.30 Newton 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Naturens former 19.45 Nordkalotten 365: Et år på tur med Lars Monsen 20.15 21 gram 22.15 Kveldsnytt 22.30 Keno 22.35 Puls 23.05 Juristane 23.50 Terjes sesongkort

Gefðu dýrmætasta efni í heimi



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

Njóttu dagsins - taktu flugið



Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á [flugfelag.is](http://flugfelag.is) þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

Njóttu dagins, taktu flugið og smelltu þér á [flugfelag.is](http://flugfelag.is)



HVAD SEGIR MAMMA?



„Ég hætti að elda fyrir hann þegar hann var fimmtán ára af því að það var aldrei neitt nógu heilbriggt fyrir hann, hann er svo fanatískur. Eina skiptið sem ég má elda er á aðfangadag. Hann er samt yndislegur drengur og mjög heilbrigður.“

Auður Jacobsen, móðir Garðars Ómars-sonar, eða Gaz-manns, sem massar sig nú upp fyrir Laugardagslögin ásamt öðrum meðlimum Club Mercedes.



FERSKUR FRÁ BARBADOS Egill Helgason var samt hálfpartinn í vinnunni.

## Sólbrenndur Egill snýr aftur

Jólafríðið er búið hjá Agli Helgasyni. Hann snýr aftur í Silfriði dag og svo er það Kiljan á miðvikudaginn. Þeir sem lesa bloggið hans hjá Eyjunni.is hafa séð að hann var í sólinni á Barbados, kom til Íslands um miðjan daginn í gær. Egill sló ekki slöku við þótt hann væri í fríi og tjáði sig um íslenskt dægurþras. „Jú, það var auðvitað hálf absúrd að vera að hugsa um íslenskt dægurþras þarna í sólinni, en ég var samt hálfpartinn í vinnunni og notaði bloggið til að fylgjast með,“ segir Egill.

Egill ætlaði upprunalega til Kúbu en fann ekkert flug svo Barbados varð fyrir valinu. Þetta var fyrsta ferð hans til Karíbahafsins en hann er kunnur fyrir áhuga sinn á grísku eyjunum. Egill segist enn vera hrifnari af þeim. „Mannlífið á grísku eyjunum er nú meira sjarmerandi, verð ég að segja. Ég hélt að á Barbados væri meira um efristéttar fólk, fólk í pólóskyrtum og svoleiðis, en það kom í ljós að 99 prósent fólks á Barbados eru alþýðlegt blökkufólk. Það gerði voða lítið fyrir mig á hótelinu að segjast vera sjónvarpsstjarna frá Íslandi.“

Egill segir að sama hvert hann fari um heiminn, hvergi sé hann óhultur fyrir Íslendingum. „Ég gekk í flasið á mínum gamla vinnufélaga Kristjáni Guy Burgess á hótelinu. Við áttum góða stund á ströndinni. Jú, ég er orðinn þokkalega brúnn og ég brann á öxlunum. Sólin er lúmsk þarna.“ -

38

FRÉTTABLAÐIÐ

13. janúar 2008 SUNNUDAGUR

HIN HLIÐIN BERGLIND HÄSLER LIÐSMAÐUR SKAKKAMANAGE

Vill verða gömul og hress kerling á Kanarí

**Hvað er að fréttu?** Bara allt frábært. Stelpa er á leiðinni til Japans í tónleikaferðalag með fullt af hressum og skemmtilegum krökkum. Auk þess er ég í óðaönn að skipuleggja hátíðina Látíð í bæ ásamt fræknum herramönnum.

**Augnlitur:** Þau eru græn og brún.

**Starf:** Blaðamaður og rokkari.

**Fjölskylduhagir:** Alveg stórkostlega vel gift og heppin með dóttur.

**Hvaðan ertu?** Seltjarnarnesi og Vesturbænum.

**Ertu hjátrúarfull?** Svona... Ég labba ekki undir stiga, en það er það eina.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:** Fréttir, Kastljós og Desperate Housewives.

**Uppáhaldsmatur:** Humar og svo er salatbarinn í 10/11 að koma sterkur inn.

**Fallegasti staðurinn:** Vestfirðir.

**iPod eða geislaspilari:** Plötuspilari og geislaspilari. Kann ekki á annað.

**Hvað er skemmtilegast?** Að takast á við skemmtileg verkefni og sjá þau klárast. Að vera heima með fjölskyldunni snemma á laugardagsmorgni og hanga með vinum seint að kvöldi.

**Hvað er leiðinlegast?** Að vera í vondu skapi.

**Helsti veikleiki:** Ég er skapstór.

**Helsti kostur:** Drifkraftur.

**Helsta afrek:** Hún Elísa mín og að hafa loksins komist í þennan fína dálk.

**Mestu vonbrigðin:** Þegar hljómborðinu mínu var stolið í Klink og Bank. Það heitir Yamaha SK 10 og ég lýsi hér með eftir því.

**Hver er draumurinn?** Að verða gömul og hress kelling á Kanarí. Fá börn og barnabörn í heimsókn annað slagið til að grilla almennilega í þeim.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Svavar Pétur á stórkostlega spretti og Friðrik Sólnes er svona maður sem bara klikkar ekki.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Dónar.

**Hvað er mikilvægast?** Að hlúa að gamla bænum og leyfa mollunum að blómstra í úthverfum.



TEITUR JÓNASSON: TILNEFNDUR TIL DÖNSKU BLAÐALJÓSMYNDARAVERÐLAUNANNA

# Íslenskur ljósmyndari lofaður

„Ég verð að viðurkenna að ég veit minnst um þetta sjálfur. Ég sendi bara inn myndir af því að allir hinir gerðu það,“ segir Teitur Jónasson, ljósmyndari á dagblaðinu Nyhedsavisen í Kaupmannahöfn. Teitur hefur verið tilnefndur til dönsku blaðaljósmyndaraverðlaunanna sem veitt verða í byrjun mars. Hann er einn sautján ljósmyndara í Danmörku sem hljóta tilnefningu sem hlýtur að teljast talsverð viðurkenning. Sér í lagi þar sem um 140 ljósmyndarar sendu inn myndir sínar.

„Þetta er náttúrulega bara tilnefning og ég veit ekkert hvað kemur út úr þessu, hvort ég fæ fyrstu eða önnur verðlaun eða í hvaða flokki það verður. Maður fær nefnilega ekki að vita um hvaða mynd er að ræða fyrr en við verðlaunaafhendinguna sjálfa í mars,“ segir Teitur sem sendi 25 myndir inn í keppnina. Alls bárust 3.400 myndir frá ljósmyndurum í Danmörku í keppnina sem er sambærileg við íslensku blaðaljósmyndaraverðlaunin að sögn Teits. Hann segir engan gæðamun á milli keppnanna í Danmörku og á Íslandi. Eini munurinn sé að markaðurinn sé miklu stærri í Danmörku. Keppt er í nokkrum flokkum, til að mynda Fréttamynd ársins, Fréttamynd ársins í Danmörku og Íþróttamynd ársins svo eitt-hvað sé nefnt.

Teitur er yfirmaður ljósmynda-deildar Nyhedsavisen. Sem slíkur stjórnar hann daglegum rekstri deildarinnar og gefst ekki mikill tími til að vera á vettvangi. „Það er nefnilega það fyndna við þetta, myndirnar sem ég sendi inn eru nánast einu myndirnar sem ég tók allt árið í fyrra,“ segir Teitur og hlær. „Maður hreyfði eiginlega ekki á sér rassgatið. Ég er eiginlega áhugaljósmyndari í skrifstofustarfi.“

hdm@frettabladid.is



TEITUR JÓNASSON Einn 17 ljósmyndara sem tilnefndir eru til dönsku blaðaljósmyndaraverðlaunanna. Teitur sést hér fyrir utan höfuðstöðvar Nyhedsavisen í Kaupmannahöfn.

LJÓSMYND/MARTIN SYLVEST



ÓEIRÐIR VEGNA UNGDÓMSHÚSS Allt fór í bál og brand þegar Ungdóms húsið var rífið snemma árs í fyrra. Teitur var í miðju átakanna allan tímann. Þessir mótmælendur virtist ekki þar hrifnir af nærveru fjölmiðlamanna.



ÓRÓI Í KRISTJANÍU Þessi íbúi í Kristjaníu fékk sér sigarettu og fylgdist í rólegheitum með látunum.

KLETTADÝFINGAR Í MEXÍKÓ Teitur náði þessari einstöku mynd af Kólumbíumanninum Eber Pava, heimsmeistara í klettadýfingum. Myndin er af sigurdýfu Pava sem kallaðist „Flying Reverse“. Keppnin fór fram í Acapulco í Mexíkó.



VELJUM LÍFIÐ



Félag bókhaldsstofa

Félag bókhaldsstofa heldur árlega janúarráðstefnu sína föstudaginn 18. janúar á Hótel Sögu í Reykjavík

Dagskrá ráðstefnunnar og skráningareyðublað er að finna á heimasíðu félagsins [www.fbo.is](http://www.fbo.is)

Móttaka skráningareyðublaða er hjá Guðmundi Loga Lárussyni [logi@beggjahagur.is](mailto:logi@beggjahagur.is)

Frekari upplýsingar gefur formaður félagsins Jóhanna Rögnvaldsdóttir í síma 847-9007

Stjórn Félags bókhaldsstofa

## Andri Snær og Eva María vinsæl

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni eru algengustu tvínefni gefin 0-4 ára börnum á Íslandi Eva María og Andri Snær. Í þessum aldursflokki eru nú 31 Eva María og 21 Andri Snær. Næstvinsælustu tvínefnin eru Anna María og Sara Líf (22 tilfelli af hvoru) og Sara Líf er í fjórða sæti, 14 slíkar á aldrinum 0-4 ára finnast nú á Íslandi. Sindri Snær og Tómas Orri koma á eftir Andra Snæ á vinsældalista Hagstofunnar með 18 tilfelli af hvoru nafni, og Gabríel Máni og Ísak Máni koma þar næst með 16 tilfelli af hvoru nafni.

Sé lítið á algengustu eiginöfn 0-4 ára barna kemur í ljós að Jón er enn á toppnum (201) en Aron sækir fast að Jóns-nafninu (180 tilfelli). Næstu nöfn á vinsældarlistanum eru Daniel (177), Alexander (129) og Arnar (127).



EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR OG ANDRI SNÆR MAGNASON Ekki er ósennilegt að þessi tvö eigi einhvern þátt í vinsældum nafnanna.

Í kvennaflokki er Söru-nafnið komið á toppinn (219) en Anna er í öðru sæti (198). Næst kemur Katrín (170), María (147) og Eva (142) er í fimmta sæti. Guðrúnar-nafnið,

sem lengi var vinsælasta kvenmannsnafn á Íslandi, er aftur á móti komið í sjötta sæti, 138 Guðrúnur eru nú á landinu á aldrinum 0-4 ára.



Sófi: 4ra sæta - Útsöluverð 59.200 kr.  
3ja sæta - Útsöluverð 49.600 kr.  
Stóll: Útsöluverð 34.000 kr.

Copra sófaborð:  
Útsöluverð 21.000 kr.

Wing-leðurhægindastóll:  
Útsöluverð 36.000 kr.

SPEGLAR  
50% afsláttur

Copra skenkur:  
Útsöluverð: 47.400 kr.

Copra Borðstofusett:  
Borð og 6 Dyon-stólar  
Útsöluverð: 79.800 kr.

Copra glerskápur:  
Útsöluverð: 58.800 kr.



Borðstofusett:  
Eikarborð 220cm og 6 Dyon-stólar  
Útsöluverð: 141.400 kr.


Glerskápur:  
Útsöluverð: 119.000 kr.

Sófi: 4ra sæta - Útsöluverð 111.300 kr.  
3ja sæta - Útsöluverð 89.600 kr.

Stóll: Útsöluverð 54.600 kr.

Duncan-stóll:  
Útsöluverð 33.600 kr.

Skemill:  
Útsöluverð 10.500 kr.



SMÁVARA  
50-70% afsláttur

# ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!

## Allt að 70% afsláttur

Opið laugardag kl. 10-17 og sunnudag kl. 13-17



BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á [www.tekk.is](http://www.tekk.is)





BAKPANKAR  
Jóns Arnar  
Marinóssonar

Billjónsdagbók  
13.01.2008

OMXI15 var 5.470,23 klukkan 10 þegar ég fyllti krús af vatni, hún var 5.468,6 þegar ég náði skjálfandi fingrum í eina kvíðastillandi upp úr töfluglasi, og gengið stóð í 5.466,27 þegar taflan sat föst í hálsinum á mér og ég kúgaðist yfir marmaravaskinum. „Gleymdu lánardrottnum,“ tautaði ég við sjálfan mig. „Hugsaðu um eitthvað fallegt. Hugsaðu um allt skattalega tapið sem þú átt í handraðanum. Hugsaðu um ávöxtunina til lengri tíma litið. Ekki fyllast neinum Gnúpverja-skrekki. Einblíndu heldur eins og hann í sparisjóðnum á hækkanði sól, á alla björtu tímuna sem eru framundan – ó vott a bjúttíful mornin – og ef það dugir ekki til að settla þig, taktu þá bara inn aðra kvíðastillandi.“

BADDI hringdi um ellefuleytið, hás af skelfingu, og sagðist vera 1.700 kúlur í mínus. Hann tryði því ekki að ég væri sú mannleysa að láta Sjálfsmínbanka senda á hann sex veðköll. Hann hefði haldið að ég væri sannur vinur. Ég sagði honum að taka inn kvíðastillandi. Vinátta hefði enga valútu þegar færi að nötra undir grúppum og menn væru að fara á fjármálataugum. Baddi hvæsti í símann að ég þjádíst af ógagnsæi og innra ósamræmi eins og dómnefndir um héraðsdómara. Ég varð að taka inn aðra kvíðastillandi.

PETTA er verstí dagur sem ég hef upplifað síðan ég fór að byggja upp nýtt, íslenskt samfélag. Mér leið eins og húsunum við Laugaveg 4 og 6. Eina stundina átti að tæta mig til grunna, aðra stundina átti að rífa mig upp með rótum og hina stundina átti að lofa mér að standa um aldur og ævi. Til að bæta tjóni ofan á tap var Elzbieta á þönum að taka til, lék við hvern sinn fingur og sönglaði eins og hún hefði ekki hugmynd um að allt í kringum hana voru milljarðamæringar að sjá fram á að þeir yrðu að sætta sig við næstu vikur að hafa árslaun sextíu pólskra verkamanna í tímakaup.

LOKS undir kvöld tók vísitalan fjörkipp upp á við. Við Mallí sátum með störu framan við skjáinn og saum hvernig milljarðarnir hlóðust aftur inn í eignasafnið okkar. En þá var ég búinn að taka inn svo margar kvíðastillandi að ég náði því ekki eiginlega að gleðjast yfir björtu framtíðinni sem blasti þarna við okkur eins og sparisjóðsstjóranum.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn  
13. janúar, 13. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	11.00	13.36	16.12
Akureyri	11.08	13.21	15.35

Heimild: Almanak Háskólans



Sala hefst á  
hádegi á morgun  
og lýkur á hádegi  
á miðvikudag!

6.375 kr.\*

London, Berlín og  
Kaupmannahöfn

» Fjöldi flugsæta til London, Berlínar og Kaupmannahafnar frá 15. janúar til 15. mars á frábæru tilboðsverði!

Sölutímabil: Hefst kl. 12.00 á hádegi 14. janúar og

lýkur kl. 12.00 á hádegi 16. janúar

Ferðatímabil: 15. janúar-15. mars 2008

Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar

Iceland Express   
með ánægju

\*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

www.icelandexpress.is